

RÍKISENDURSKOÐUN

**Stjórnsýsluendurskoðun hjá
Sjúkrahúsi Suðurnesja,
Sjúkrahúsi Suðurlands,
Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og
Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði**

Desember 1995

Efnisyfirlit

Inngangur	7
1. Helstu niðurstöður	9
2. Hlutverk og stjórnun sjúkrahúsanna	25
3. Starfsemi sjúkrahúsanna	29
3.1 Starfssvæði	29
3.2 Starfstengsl við aðrar stofnanir	32
3.3 Starfsemi	34
4. Rekstur sjúkrahúsanna	43
4.1 Afkoma sjúkrahúsa	43
4.2 Skrifstofuhald	50
4.3 Rekstur eldhúss	52
4.4 Umsjón og viðhald eigna	57
4.5 Rekstur þvottahúss	63
4.6 Ræsting	66
5. Heilbrigðisþjónusta á starfssvæði sjúkrahúsanna	69
5.1 Kostnaður við heilbrigðisþjónustu	69
5.2 Kostnaður á heimasjúkrahúsi	75
5.3 Öldrunarþjónusta í heimahéraði	89
5.4 Sérfræðiþjónusta utan spítala innan og utan héraðs	93
5.5 Sjúkrahúsþjónusta utan héraðs	98
5.6 Stofnanþjónusta innan héraðs og utan	100
5.7 Kostnaður við heilsugæslu	103
5.8 Lyfjakostnaður	107
6. Sjúkrahús Suðurnesja	111
6.1 Rekstrarform	111
6.2 Stjórnskipulag og stjórnun	112
6.3 Fjármál	115
6.4 Starfssvæði og starfstengsl við aðrar stofnanir	123
6.5 Starfsemi	128
6.6 Rekstur Sjúkrahúss Suðurnesja	145
7. Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði	171
7.1 Rekstrarform	171
7.2 Stjórnskipulag og stjórnun	172
7.3 Fjármál	175
7.4 Starfssvæði og starfstengsl við aðrar stofnanir	182
7.5 Starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði	186
7.6 Rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði	200
8. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað	219
8.1 Rekstrarform	219
8.2 Stjórnskipulag og stjórnun	220
8.3 Fjármál	223
8.4 Starfssvæði og starfstengsl við aðrar stofnanir	231
8.5 Starfsemi Fjórðungssjúkrahússins Neskaupstað	235
8.6 Rekstur Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar	247
9. Sjúkrahús Suðurlands	263

9.1 Rekstrarform.....	263
9.2 Stjórnskipulag og stjórnun.....	264
9.3 Fjármál.....	267
9.4 Starfsvæði og starfstengsl við aðrar stofnanir	274
9.5 Starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands	281
9.6 Rekstur Sjúkrahúss Suðurlands	295

Töflur

Tafla 3.1	Héraðshlutdeild sjúkrahúsa árið 1994.....	31
Tafla 3.2	Héraðshlutdeild sjúkrahúsa árið 1994.....	32
Tafla 3.3	Fjöldi aldraðra á starfssvæðum sjúkrahúsanna.....	33
Tafla 3.4	Heilsugæsluþjónusta á starfssvæði sjúkrahúsanna.....	33
Tafla 3.5	Þjónusta við aldraða árið 1994.....	34
Tafla 3.6	Starfsemi sjúkrahúsa árið 1994	37
Tafla 3.7	Fjöldi fastráðinna sérfræðinga árið 1994.....	38
Tafla 3.8	Fjöldi aðkomusérfræðinga árið 1994	38
Tafla 3.9	Starfsemi sjúkrahúsa árið 1994	39
Tafla 3.10	Starfsemi sjúkrahúsa árið 1994	40
Tafla 3.11	Kostnaður á legudag árið 1994.....	41
Tafla 3.12	Kostnaður á verk metin í einingum árið 1994	43
Tafla 4.1	Tekjur sjúkrahúsa árið 1994.....	45
Tafla 4.2	Rekstrarkostnaður sjúkrahúsa árið 1994.....	46
Tafla 4.3	Skipting launa starfsstéttum árið 1994	47
Tafla 4.4	Skipting launa eftir tegund árið 1994	48
Tafla 4.5	Rekstrarafkoma sjúkrahúsa árið 1994.....	51
Tafla 4.6	Skrifstofu- og upplýsingakostnaður árið 1994.....	52
Tafla 4.7	Starfsmenn og stöðugildi árið 1994.....	53
Tafla 4.8	Rekstur skrifstofu.....	53
Tafla 4.9	Kostnaður og tekjur af rekstri eldhúss	55
Tafla 4.10	Kostnaður og tekjur af rekstri eldhúss	56
Tafla 4.11	Tekjur og kostnaður vegna umsjóna og viðhalds.....	60
Tafla 4.12	Framlög og kostnaður vegna tækjakaupa árið 1994	61
Tafla 4.13	Eignir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva árið 1994	62
Tafla 4.14	Leigðar íbúðir árið 1994	62
Tafla 4.15	Leigutekjur árið 1994	63
Tafla 4.16	Umsjón og viðhald eigna og tækja.....	64
Tafla 4.17	Kostnaður og tekjur af þvottahúsi.....	66
Tafla 4.18	Rekstur þvotthúss	67
Tafla 4.19	Kostnaður við ræstingu.....	68
Tafla 4.20	Ræsting.....	69
Tafla 5.1	Kostnaður við heilbrigðisþjónustu á starfssvæði sjúkrahúsa.....	73
Tafla 5.2	Atvinnugreinaskipting	74
Tafla 5.3	Kostnaður á íbúa á starfssvæði sjúkrahúss.....	75
Tafla 5.4	Skipting ríma/legudaga eftir tegund legu á árinu 1994	77
Tafla 5.5	Skipting legudaga eftir lengd legu árið 1994.....	77
Tafla 5.6	Hlutfall legudaga í langlegu (>90 dagar) árin 1989-1991	78
Tafla 5.7	Kostnaður á legudag eftir tegund legu	79
Tafla 5.8	Einingafjöldi verka unnin á sjúkrahúsum	84
Tafla 5.9	Einingafjöldi lækniverka innan og utan sjúkrahúss	86
Tafla 5.10	Einingafjöldi verka unnin á sjúkrahúsinu	90
Tafla 5.11	Samanburður á kostnaði á einingu	90
Tafla 5.12	Samanburður á kostnaði á einingu.	91
Tafla 5.13	Heildarrými á stofnunum í heimahéruðum	92
Tafla 5.14	Hlutfall aldraðra á langlegustofnunum	93
Tafla 5.15	Gjöld á stofnunum í heimahéraði árið 1994.....	94

Tafla 5.16	Umfang og kostnaður vegna fastráðinna sérfræðinga í héraði.....	96
Tafla 5.17	Kostnaður við sérfræðipjónustu utan spítala utan héraðs.....	97
Tafla 5.18	Kostnaður við sérfræðilæknisþjónustu innan og utan héraðs.....	98
Tafla 5.19	Suðurnes.....	100
Tafla 5.20	Ísafjörður og nágrenni.....	101
Tafla 5.21	Neskaupstaður og nágrenni.....	101
Tafla 5.22	Suðurland.....	101
Tafla 5.23	Suðurnes.....	102
Tafla 5.24	Ísafjörður og nágrenni.....	103
Tafla 5.25	Neskaupstaður og nágrenni.....	103
Tafla 5.26	Suðurland.....	104
Tafla 5.27	Legudagar og kostnaður á íbúa.....	104
Tafla 5.28	Kostnaður vegna heilsugæslu.....	105
Tafla 5.29	Gjaldskrárflokkur slystofa á sjúkrahúsum.....	106
Tafla 5.30	Greiðslur fyrir verk unnin á heilsugæslustöðvum.....	106
Tafla 5.31	Fjöldi samskipta og einingafjöldi á heilsugæslustöðvunum.....	108
Tafla 5.32	Lyfjakostnaður í heimahéraði.....	110
Tafla 5.33	Kostnaður vegna heilsugæslu, sérfræðinga og lyfja.....	111
Tafla 6.1	Framlög ríkissjóðs á verðlagi hvers árs.....	118
Tafla 6.2	Greiðslur ríkissjóðs á verðlagi hvers árs.....	119
Tafla 6.3	Framlög ríkissjóðs á verðlagi ársins 1994.....	119
Tafla 6.4	Rekstur sjúkrahússins í Keflavík árin 1992 - 1994.....	120
Tafla 6.5	Launaútgjöld sjúkrahússins í Keflavík árin 1992 - 1994.....	122
Tafla 6.6	Laun eftir starfstéttum árin 1993 - 1994.....	123
Tafla 6.7	Eiginfjárstaða Sjúkrahúss Suðurnesja árin 1992 - 1994.....	125
Tafla 6.8	Íbúafjöldi á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja.....	126
Tafla 6.9	Legur á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja.....	126
Tafla 6.10	Fjöldi aldraðra á starfssvæði sjúkrahússins í Keflavík.....	127
Tafla 6.11	Rekstur heilsugæslustöðvar Suðurnesja árin 1992 - 1994.....	128
Tafla 6.12	Starfsemi Sjúkrahúss Suðurnesja.....	133
Tafla 6.13	Einingafjöldi verka unnin á Sjúkrahúsi Suðurnesja árið 1994.....	138
Tafla 6.14	Hjúkrun og aðhlyning árin 1992 - 1994.....	141
Tafla 6.15	Röntgenrannsóknir árin 1992 - 1994.....	143
Tafla 6.16	Rannsóknir árin 1992 - 1994.....	144
Tafla 6.17	Meðalkostnaður á legudag árin 1992 - 1994.....	144
Tafla 6.18	Aðgerðir á skurðstofu árin 1993 og 1994.....	145
Tafla 6.19	Mat á kostnaði við aukna starfsemi á skurðstofu.....	146
Tafla 6.20	Tekjur af auknum umsvifum á skurðstofu.....	147
Tafla 6.21	Upplýsingar um starfsmenn árin 1992 - 1994.....	148
Tafla 6.22	Skrifstofu- og upplýsingakostnaður árin 1992 - 1994.....	149
Tafla 6.23	Rekstur skrifstofu árin 1992 - 1994.....	149
Tafla 6.24	Kostnaður við rekstur eldhúss í Keflavík árin 1992 - 1994.....	153
Tafla 6.25	Rekstur eldhúss í Keflavík árin 1992 - 1994.....	154
Tafla 6.26	Kostnaður við rekstur eldhúss í Grindavík árin 1992 - 1994.....	156
Tafla 6.27	Rekstur eldhúss í Grindavík árin 1992 - 1994.....	157
Tafla 6.28	Framlög vegna viðhalds og leigutekjur árin 1992 - 1994.....	160
Tafla 6.29	Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds árin 1992 - 1994.....	161
Tafla 6.30	Framlög og kostnaður vegna tækjakaupa árin 1992 - 1994.....	162
Tafla 6.31	Eignir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar.....	163
Tafla 6.32	Umsjón og viðhald eigna og tækja.....	163
Tafla 6.33	Magn þvottar hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja árin 1992 - 1994.....	164
Tafla 6.34	Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994.....	166
Tafla 6.35	Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994.....	166
Tafla 6.36	Kostnaður og tekjur af saumastofu árin 1992 - 1994.....	167
Tafla 6.37	Magn þvottar hjá þvottahúsi í Víðihlíð árin 1993 - 1994.....	167
Tafla 6.38	Kostnaður og tekjur af þvottahúsi í Víðihlíð árin 1992-1994.....	168
Tafla 6.39	Rekstur þvottahúsa Sjúkrahúss Suðurnesja árin 1992 - 1994.....	168

Tafla 6.40	Kostnaður við ræstingu árin 1992 - 1994.....	170
Tafla 6.41	Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994.....	170
Tafla 6.42	Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994.....	171
Tafla 7.1	Framlög ríkissjóðs á verðlagi hvers árs	178
Tafla 7.2	Greiðslur ríkissjóðs á verðlagi hvers árs	179
Tafla 7.3	Framlög ríkissjóðs á verðlagi ársins 1994	179
Tafla 7.4	Rekstur sjúkrahússins á Ísafirði árin 1992 - 1994	180
Tafla 7.5	Launaútgjöld sjúkrahússins á Ísafirði árin 1992 - 1994.....	181
Tafla 7.6	Laun eftir starfstéttum árin 1993 - 1994.....	182
Tafla 7.7	Eiginfjárstaða sjúkrahússins á Ísafirði árin 1992 - 1994	183
Tafla 7.8	Íbúafjöldi á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði.....	184
Tafla 7.9	Legur á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði.....	185
Tafla 7.10	Fjöldi aldraðra á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði.....	185
Tafla 7.11	Rekstur heilsugæslustöðvar á Ísafirði árin 1992 - 1994	186
Tafla 7.12	Starfsemi sjúkrahússins á Ísafirði	191
Tafla 7.13	Einingafjöldi verka unnin á sjúkrahúsinu á Ísafirði árið 1994.....	195
Tafla 7.14	Hjúkrun og aðhlyning árin 1992 - 1994	198
Tafla 7.15	Röntgenrannsóknir árin 1992 - 1994.....	199
Tafla 7.16	Rannsóknir árin 1992 - 1994.....	200
Tafla 7.17	Meðalkostnaður á legudag árin 1992 - 1994.....	201
Tafla 7.18	Upplýsingar um starfmenn árin 1992 - 1994.....	203
Tafla 7.19	Skrifstofu- og upplýsingakostnaður árin 1992 - 1994.....	203
Tafla 7.20	Rekstur skrifstofu árin 1992 - 1994.....	204
Tafla 7.21	Kostnaður við rekstur eldhúss árin 1992 - 1994.....	207
Tafla 7.22	Rekstur eldhúss árin 1992 - 1994	208
Tafla 7.23	Framlög vegna viðhalds og leigutekjur árin 1992 - 1994	211
Tafla 7.24	Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds árin 1992 - 1994.....	211
Tafla 7.25	Framlög og kostnaður vegna tækjakaupa árin 1992 - 1994.....	212
Tafla 7.26	Eignir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar.....	213
Tafla 7.27	Leigðar íbúðir sjúkrahúss	213
Tafla 7.28	Leigutekjur	214
Tafla 7.29	Umsjón og viðhald eigna og tækja.....	214
Tafla 7.30	Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994.....	216
Tafla 7.31	Rekstur þvottahúss árin 1992 - 1994	216
Tafla 7.32	Kostnaður við ræstingu árin 1992 - 1994.....	218
Tafla 7.33	Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994.....	218
Tafla 8.1	Framlög ríkissjóðs á verðlagi hvers árs	226
Tafla 8.2	Framlög ríkissjóðs á verðlagi ársins 1994	226
Tafla 8.3	Greiðslur ríkissjóðs á verðlagi hvers árs	227
Tafla 8.4	Rekstur sjúkrahússins í Neskaupstað árin 1992 - 1994	227
Tafla 8.5	Launaútgjöld sjúkrahússins í Neskaupstað árin 1992 - 1994.....	229
Tafla 8.6	Laun eftir starfstéttum árin 1992 - 1994.....	229
Tafla 8.7	Eiginfjárstaða sjúkrahússins í Neskaupstað árin 1992-1994.....	232
Tafla 8.8	Íbúafjöldi á starfssvæði Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar.....	233
Tafla 8.9	Legur á starfssvæði Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar.....	234
Tafla 8.10	Fjöldi aldraðra í Neskaupstað	235
Tafla 8.11	Rekstur heilsugæslustöðvar Neskaupstaðar árin 1992-1994.....	235
Tafla 8.12	Starfsemi Fjórðungssjúkrahússins Neskaupstað.....	240
Tafla 8.13	Einingafjöldi verka á sjúkrahúsinu í Neskaupstað árið 1994.....	244
Tafla 8.14	Hjúkrun og aðhlyning árin 1992 - 1994	246
Tafla 8.15	Röntgenrannsóknir árin 1992 - 1994.....	247
Tafla 8.16	Rannsóknir árin 1992 - 1994.....	247
Tafla 8.17	Meðalkostnaður á legudag árin 1992 - 1994.....	248
Tafla 8.18	Upplýsingar um starfmenn árin 1992 - 1994.....	250
Tafla 8.19	Skrifstofukostnaður árin 1992 - 1994	250
Tafla 8.20	Rekstur skrifstofu árin 1992 - 1994.....	250
Tafla 8.21	Kostnaður við rekstur eldhúss árin 1992 - 1994.....	253
Tafla 8.22	Rekstur eldhúss árin 1992 - 1994	254
Tafla 8.23	Framlög vegna viðhalds og leigutekjur árin 1992 - 1994	256

Tafla 8.24	Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds árin 1992 - 1994	256
Tafla 8.25	Framlög og kostnaður vegna tækjakaupa árin 1992 - 1994.....	257
Tafla 8.26	Eignir sjúkrahúss	258
Tafla 8.27	Leigðar íbúðir sjúkrahúss.....	258
Tafla 8.28	Leigutekjur.....	259
Tafla 8.29	Umsjón og viðhald eigna og tækja	259
Tafla 8.30	Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994.....	261
Tafla 8.31	Rekstur þvottahúss árin 1992 - 1994	262
Tafla 8.32	Kostnaður við ræstingu árin 1992 - 1994.....	263
Tafla 8.33	Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994.....	263
Tafla 9.1	Skipting 15% eignaraðilar Sjúkrahúss Suðurlands	265
Tafla 9.2	Framlög ríkissjóðs á verðlagi hvers árs	270
Tafla 9.3	Greiðslur ríkissjóðs á verðlagi hvers árs.....	271
Tafla 9.4	Framlög ríkissjóðs á verðlagi ársins 1994	271
Tafla 9.5	Rekstur Sjúkrahúss Suðurlands árin 1992 - 1994.....	272
Tafla 9.6	Launaútgöld Sjúkrahúss Suðurlands árin 1992 - 1994	273
Tafla 9.7	Laun eftir starfstéttum árin 1992 - 1994.....	274
Tafla 9.8	Eiginfjárstaða Sjúkrahúss Suðurlands árin 1992 - 1994.....	275
Tafla 9.9	Íbúafjöldi á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands.....	276
Tafla 9.10	Legur á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands	277
Tafla 9.11	Fjöldi aldraðra á Selfossi og Suðurlandi	277
Tafla 9.12	Rekstur heilsugæslustöðvar Selfoss árin 1992 - 1994	278
Tafla 9.13	Rekstur meðferðaheimilisins að Sogni árin 1993 - 1994.....	281
Tafla 9.14	Starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands.....	285
Tafla 9.15	Einingafjöldi verka unnin á Sjúkrahúsi Suðurlands árið 1994	290
Tafla 9.16	Hjúkrun og aðhlyning árin 1992 - 1994.....	292
Tafla 9.17	Röntgenrannsóknir árin 1992 - 1994	293
Tafla 9.18	Rannsóknir árin 1992 - 1994.....	294
Tafla 9.19	Meðalkostnaður á legudag árin 1992 - 1994	295
Tafla 9.20	Upplýsingar um starfmenn árin 1992 - 1994.....	297
Tafla 9.21	Skrifstofu- og upplýsingakostnaður árin 1992 - 1994	298
Tafla 9.22	Rekstur skrifstofu árin 1992 - 1994	298
Tafla 9.23	Kostnaður við rekstur eldhúss árin 1992 - 1994	300
Tafla 9.24	Rekstur eldhúss árin 1992 - 1994	301
Tafla 9.25	Framlög vegna viðhalds og leigutekjur árin 1992 - 1994.....	303
Tafla 9.26	Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds árin 1992 - 1994	304
Tafla 9.27	Eignir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar	305
Tafla 9.28	Leigðar íbúðir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar	305
Tafla 9.29	Leigutekjur.....	305
Tafla 9.30	Umsjón og viðhald eigna og tækja	306
Tafla 9.31	Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994.....	307
Tafla 9.32	Rekstur þvottahúss árin 1992 - 1994.....	308
Tafla 9.33	Kostnaður við ræstingu árin 1992 - 1994.....	309
Tafla 9.34	Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994.....	309

Inngangur

Í 9. grein laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun segir að stofnunin geti framkvæmt stjórn-sýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjun. Í slíkri endurskoðun felst að könnuð er meðferð og nýting á ríkisfé og skal vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem miður fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

Á árinu 1995 ákvað Ríkisendurskoðun að gera stjórn-sýsluendurskoðun á fjórum sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Um er að ræða Sjúkrahús Suðurnesja, Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað og Sjúkrahús Suðurlands. Stjórn-sýsluendurskoðun þessi er framhald af hliðstæðri úttekt stofnunarinnar á Sjúkrahúsi Skagfirðinga, Sjúkrahúsinu á Húsavík og Sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum og kom skýrsla um efnið út í árslok 1994.

Markmið stjórn-sýsluendurskoðunarinnar var að gera raunhæfan samanburð á helstu lykilþáttum í rekstri sjúkrahúsa sem lýsandi eru fyrir starfsemi þeirra. Úttektin var framkvæmd með það að leiðarljósi að geta metið að einhverju marki þá starfsemi sem fram fer innan sjúkrahúsanna fjögurra. Ennfremur var borinn saman kostnaður og þjónusta á starfssvæðum þeirra eins og þau voru skilgreind af Ríkisendurskoðun.

Skýrslan er þannig uppbyggð að í fyrsta kafla er að finna niðurstöður skýrslunnar. Í öðrum kafla er fjallað um hlutverk og stjórnun sjúkrahúsanna. Þá er gerður samanburður annars vegar á starfsemi sjúkrahúsanna fjögurra og hins vegar á rekstri þeirra á árinu 1994. Loks er borinn saman kostnaður við heilbrigðisþjónustu á starfssvæði hvers sjúkrahúss. Í síðustu fjórum köflunum er fjallað um hvert sjúkrahús fyrir sig. Fjallað er um rekstrarform þeirra, stjórnskipulag og stjórnun svo og starfsemi, fjármál og rekstur yfir þriggja ára tímabil. Kaflarnir eru uppbyggðir á nákvæmlega sama hátt og því er að einhverju leyti um endurtekningar að ræða. Hver kafli getur á hinn bóginn staðið sjálfstæður án samhengis við hina kaflana.

1. Helstu niðurstöður

Hlutverk og stjórnun sjúkrahúsa

Að mati Ríkisendurskoðunar þurfa heilbrigðisyfirvöld að kveða á um verksvið og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í landinu, eins og tilgreint er í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, þannig að þeirri þjónustu er hverju sjúkrahúsi er ætlað að veita verði komið fyrir á sem hagkvæmastan hátt. Því þarf að móta heildstæða stefnu um uppbyggingu, starfsemi og rekstrarfyrirkomulag sjúkrahúsa landsins í framtíðinni.

Eins og fram kemur í lögum um heilbrigðisþjónustu er það hlutverk heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að marka þá stefnu sem fylgt er í heilbrigðismálum. Ramminn um starfsemi sjúkrahúsanna er síðan markaður í fjárlögum en reksturinn er í höndum stjórna sem eru að meirihluta til skipaðar fulltrúum sveitarstjórna sem kosta litlu til rekstrar sjúkrahúsanna. Að mati Ríkisendurskoðunar er æskilegt að ríkissjóður, þ.e. greiðandi þjónustunnar, hafi meiri áhrif í stjórn sjúkrahúsa en raun ber vitni. Þá er það álit Ríkisendurskoðunar að það geti veikt valdsvið framkvæmdastjórnar sjúkrahúss að fulltrúi starfsmanna sitji í stjórn þess.

Stjórn sjúkrahúss ber að gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsið og einstakar skipulagsheildir þess. Áætlanagerðin skal vera til fjögurra ára í senn en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánú samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra. Áætlanir þessar á að senda heilbrigðisráðum til samþykktar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til staðfestingar. Slíkar áætlanir sem að framan eru nefndar lágu ekki fyrir hjá stjórnnum sjúkrahúsanna fjögurra. Þó unnu yfirmenn Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði tillögur að framtíðaruppbyggingu þess sem samþykktar voru af stjórninni í lok árs 1994. Ríkisendurskoðun telur brýnt að þróunar- og rekstraráætlanir séu unnar reglulega af stjórnnum sjúkrahúsa og þær endurmetnar með reglubundnum hætti m.t.t. breyttra áherslna og þróunar í heilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu á ráðherra að setja yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og framkvæmdastjórum erindisbréf og setja nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sjúkrahússtjórna. Heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytið hefur hvorki sett þá reglugerð sem hér um ræðir né sett framkvæmdastjórum sjúkrahúsanna erindisbréf sem kveður á um starfssvið þeirra.

Hjá sjúkrahúsunum fjórum skorti nokkuð á að verksvið aðila væru skýr og staðfest skipurit af starfsemi stofnanna voru ekki fyrir hendi. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að samþykkt verði formleg skipurit fyrir stofnanirnar ásamt starfslýsingum helstu yfirmanna sem kveði skýrt á um ábyrgðar- og valdsvið hvers og eins. Ríkisendurskoðun bendir enn fremur á nauðsyn þess að einungis einn aðili sé ábyrgur fyrir rekstri sjúkrahússins gagnvart stjórn þess. Jafnframt er vakin athygli á mikilvægi þess að öðrum yfirmönnum sjúkrahússins verði gerð grein fyrir rekstrarlegri stöðu þeirrar starfsemi er þeir bera ábyrgð á.

Þá vill Ríkisendurskoðun brýna fyrir forráðamönnum sjúkrahúsanna að þeir leiti með formlegum hætti eftir samþykki stjórna fyrir veigameiri málum er varða starfsemi þeirra en misbrestur var á því hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja. Ennfremur er það óverjandi að stjórnendur sjúkrahúsa hefji framkvæmdir sem ekki er fjárheimild fyrir en slíkt gerðist bæði hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja og Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Afkoma sjúkrahúsa

Rekstrarhalli sjúkrahúsanna fjögurra nam 60,3 milljónum króna eða sem nemur 6,5% af tekjum á árinu 1994. Þá er ekki tekið tillit til 23,0 milljóna króna fjárveitingar á fjáráukalögum til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað til að mæta hallarekstri undan-ginginna ára.

Síðastliðin ár hefur hallarekstur sjúkrahúsa verið regla fremur en undantekning. Framlög til rekstrar sjúkrahúsa á árinu 1995 borin saman við kostnað þeirra árið 1994 sýndi fjárvöntun að fjárhæð 650 milljónir króna sem ná átti fram með niðurskurði á rekstri þeirra á árinu 1995. Að mati heilbrigðisyfirvalda nemur áætluð fjárvöntun sjúkrahúsa 400 milljónum króna á þessu ári sem sýnir að fyrirhugaður sparnaður samkvæmt fjárlögum nær ekki fram að ganga að öllu leyti.

Þrátt fyrir að kenna megi ómarkvissri stjórnun og ónægri aðhaldssemi að einhverju leyti um slæma afkomu sjúkrahúsa vega þau atriði ekki það þungt að þau skýri allan hallarekstur þeirra. Þó að hagræða megi í rekstri sjúkrahúsa telur Ríkisendurskoðun tímabært að stjórnvöld horfist í augu við þann kostnað sem því fylgir að reka starfsemi á borð við þá sem rekin er á sjúkrahúsum á landsbyggðinni eða taki ákvörðun um að þessari þjónustu sé betur fyrir komið annars staðar eða með öðrum hætti.

Ríkisendurskoðun ítrekar þá skoðun sína að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skilgreini hlutverk einstakra sjúkrahúsa, verksvið þeirra og ákvarði hvaða þjónustu þau eigi að veita. Fjárveitingar fjárlaga verði, í samræmi við þá stefnumörkun, miðaðar við þá starfsemi sem fram fer á viðkomandi sjúkrahúsi.

Á undanförunum þremur árum hefur orðið nokkur hækkun á rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna fjögurra. Á árinu 1992 námu heildargjöld þeirra að frádregnum sértekjum 759,9 milljónum króna en á árinu 1994 námu þau 851,9 milljónum króna. Síðastliðin þrjú ár hafa því heildargjöld þeirra að frádregnum sértekjum aukist um 12,1% að raunvirði. Á sama árabili var áformað að fjárframlög ríkisins ykjast um 1,7% á föstu verðlagi. Á árinu 1992 námu fjárveitingar ríkisjóðs 778,9 milljónum króna en 791,9 milljónum króna á árinu 1994. Þá er frátalin hin sérstaka fjárveiting til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

Útgjaldaþróun sjúkrahúsanna hefur þannig orðið talsvert önnur en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Að mati Ríkisendurskoðunar er skýringanna fyrst og fremst að leita í þremur þáttum. Í fyrsta lagi í auknum launagjöldum sjúkrahúsanna m.a í kjölfar kjarasamninga ríkisins við heilbrigðisstéttirnar. Í öðru lagi í aukinni starfsemi sjúkrahúsanna sem ekki var gert ráð fyrir í fjárveitingum fjárlaga hvort sem heimild var fyrir því að auka starfsemi þeirra eða ekki. Loks í þriðja lagi að farið hefur verið í viðhaldsframkvæmdir eða önnur verkefni á vegum yfirstjórnenda sjúkrahúss án nauðsynlegra heimilda.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram af hálfu forráðamanna sjúkrahúsanna að hækkarnir vegna kjarasamninga sem gerðir voru við heilbrigðisstéttirnar af hálfu ríkisins hafi ekki verið bættar að fullu í fjárveitingum til þeirra. Ríkisendurskoðun tekur undir þessa gagnrýni og beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að launabætur verði í fullu samræmi við gerða kjarasamninga. Að öðrum kosti er í raun verið að gera

sjúkrahúsunum að skera niður aðra starfsemi sína til að mæta samningsbundnum launagreiðslum.

Starfsemi sjúkrahúsa

Sjúkrahúsin fjögur eru rekin í starfstengslum við heilsugæslustöð staðarins og hafa stofnanirnar sameiginlega stjórn og framkvæmdastjóra. Á öllum þessum stöðum er heilugæslustöðin rekin í húsnæði sjúkrahússins þannig að samstarf og samrekstur er nokkur. Hins vegar hefur hvergi verið gerður samstarfssamningur á milli sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til stjórnenda sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva að gerðir verði skriflegir samstarfssamningar milli stofnananna sem kveði á um samstarf þeirra í milli og kostnaðarskiptingu. Þá telur Ríkisendurskoðun brýnt að komið verði á samræmdri kostnaðarskiptingu milli aðila hvarvetna þar sem sjúkrahús eru rekin í starfstengslum við heilsugæslustöðvar. Slík samræmd skipting kostnaðar leiðir til þess að samanburður milli sjúkrahúsa landsins verður raunhæfari en nú er.

Sjúkrahús Suðurlands er enn fremur rekið í starfstengslum við meðferðarheimilið að Sogni samkvæmt samningi frá 8. ágúst 1992. Að mati Ríkisendurskoðunar er augljóst hagræði fólgið í því fyrir meðferðarheimilið að Sogni að nýta sér þjónustu skrifstofu Sjúkrahúss Suðurlands með þeim hætti sem verið hefur. Sjúkrahús Suðurlands og meðferðarheimilið að Sogni eru hins vegar tvær sjálfstæðar stofnanir og hefur framkvæmdastjóri sjúkrahússins ekki ákvörðunarvald í málefnum meðferðarheimilisins. Ef það er vilji stjórnvalda að meðferðarheimilið að Sogni verði hluti af starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands telur Ríkisendurskoðun að starfsemi þess eigi að lúta stjórn sjúkrahússins og að reksturinn heyri alfarið undir vald- og ábyrgðarsvið framkvæmdastjóra þess. Það er hins vegar mat Ríkisendurskoðunar að meðferðarheimilið að Sogni eigi að falla undir starfsemi Ríkisspítala og vera rekið sem hluti af geðdeild þeirra. Með því móti nýtist meðferðarheimilinu sú sérfræðipækking sem til staðar er á geðdeild Landsspítalans auk þess sem rekstur þess fellur að öðru leyti að starfsemi Ríkisspítala.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað rekur 11 þjónusturými fyrir ellilífeyrisþega í húsnæði sínu. Þjónusturýmið á að fjármagna af daggjöldum vistmanna hvort sem þau eru greidd með tekjum þeirra eða af lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins í formi dvalaruppbóta. Rekstur þjónusturýmanna á að standa undir sér en ekki er vitað hvort svo er þar sem rekstri þeirra er ekki haldið aðskildum í bókhaldi

sjúkrahússins. Að mati Ríkisendurskoðunar ber að halda rekstri þjónusturýmanna aðskyldum frá starfsemi sjúkrahússins í bókhaldi stofnunarinnar.

Í septembermánuði á árinu 1992 hófst starfsemi hjúkrunardeildar Sjúkrahúss Suðurnesja í Grindavík. Kostnaður við starfsemi deildarinnar nam 13,8 milljónum króna á því ári en árið 1994 nam kostnaðurinn 51,6 milljónum króna. Ljóst er að rekstur hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð hefur reynst mun umfangsmeiri en upphaflega var gert ráð fyrir og áætlað var fyrir í fjárlögum. Samanburður á kostnaði á legudag við meðalkostnað hjúkrunarrýma á stofnunum fyrir aldraða sýnir að kostnaður Víðihlíðar er mun hærri en almennt tíðkast vegna reksturs hjúkrunarrýma. Þessi niðurstaða er í samræmi við fyrri athuganir Ríkisendurskoðunar sem sýna að kostnaður við rekstur hjúkrunarrýma inni á sjúkrahúsum er mun dýrari kostur en séu þau rekin sem sérstök eining. Þetta er þó háð stærð viðkomandi stofnunar. Ríkisendurskoðun telur í þessu sambandi eðlilegt að kannað verði hvort aðskilja eigi rekstur hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð frá starfsemi sjúkrahússins í Keflavík og hún verði rekið sem stofnun fyrir aldraða, jafnvel í tengslum við aðra öldrunarþjónustu á Suðurnesjum. Að öðrum kosti telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að greitt sé fyrir þessi rými á sama hátt og önnur hjúkrunarrými.

Á síðastliðnu ári var tekin sú ákvörðun af stjórnendum Sjúkrahúss Suðurnesja að fjölga dögum á skurðstofu sjúkrahússins um einn á viku. Á þeim degi var ætlunin að gera einungis aðgerðir á göngudeildar-sjúklingum og var markmiðið að þessi opnun stæði undir sér. Ríkisendurskoðun hefur reynt að meta kostnaðinn vegna þessarar auknu starfsemi og borið hann saman við auknar tekjur af starfseminni og er niðurstaðan sú að nokkur halli var á þessari starfsemi á árinu 1994. Ríkisendurskoðun gagnrýnir forstöðumenn sjúkrahússins í Keflavík fyrir að ráðast í að auka starfsemi sjúkrahússins án þess að heimild heilbrigðisráðuneytisins liggja fyrir og án þess að tryggja að nauðsynlegt fjármagn til þessarar starfsemi væri fyrir hendi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimilaði Sjúkrahúsi Suðurlands að ráða sérfræðing í kvensjúkdómum og fæðingahjálp til sjúkrahússins í ársbyrjun 1994 í stað skurðlæknis sem lét af störfum á því ári. Auk þess var þar ráðinn svæfingalæknir haustið 1993. Að mati ráðuneytisins hafði þessi breyting ekki í för með sér aukinn kostnað við starfsemi sjúkrahússins og voru fjárveitingar til þess óbreyttar á árinu 1994. Þó liggur það í augum uppi að fjöldi fæðinga á sjúkrahúsinu

hlýtur að aukast umtalsvert auk aðgerða á sviði sérfræðingsins. Með ráðningu svæfingalæknis varð ennfremur unnt að framkvæma fleiri og stærri aðgerðir. Aukning á starfsemi sjúkrahússins hefur óhjákvæmilega kostnað í för með sér og hefði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið átt að áætla fyrir honum við fjárlagagerð fyrir árið 1994 þar sem það heimilaði þessar breytingar á starfsemi sjúkrahússins.

Í Keflavík, í Neskaupstað og á Ísafirði er slysastofan rekin af sjúkrahúsinu en af heilsugæslustöðinni á Selfossi. Verulegur munur er á kostnaði ríkissjóðs vegna greiðslna fyrir læknisverk sem unnin eru á slysastofu rekinni af heilsugæslustöð annars vegar og sjúkrahúsi hins vegar. Að mati Ríkisendurskoðunar á heilbrigðisráðuneytið að hafa leiðbeinandi áhrif á þá stefnu sem fylgt er í þessum efnunum.

Starfsemi sjúkrahúsanna fjögurra tekur eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst mið af þeim sérfræðingum sem þar starfa. Ef horft er á fastráðna sérfræðinga er fjölbreytileiki þjónustunnar mestur hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja en þar eru starfandi sérfræðingar í átta sérgreinum. Sérgreinar fastráðinna lækna eru fimm hjá Sjúkrahúsi Suðurlands, þrjár hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupsstað og ein hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Til að auka fjölbreytni sérfræðiþjónustunnar hafa ennfremur verið gerðir samningar við sérfræðinga um reglulegar komur á sjúkrahúsin til að sinna sínum sérgreinum og er boðið upp á sex sérgreinar á Ísafirði, þrjár í Keflavík en tvær á hinum stöðunum.

Til að meta í hve miklum mæli íbúar á starfssvæðum sjúkrahúsanna nýttu sér þjónustu þeirra var reiknuð út héraðshlutdeild sjúkrahúsanna vegna skammtímalegu á árinu 1994. Héraðshlutdeild á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði var hæst eða 49,5%. Á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað var hlutdeildin 36,2% en nokkru lægri á starfssvæðum sjúkrahúsanna í Keflavík og á Selfossi eða 28,5% enda nálægðin við sjúkrastofnanir á höfuðborgarsvæðinu meiri þar.

Við mat á starfsemi sjúkrahúsanna fjögurra er fyrst og fremst hægt að líta á það starf sem framkvæmt er af þeim sérfræðingum sem þar starfa. Ríkisendurskoðun hefur metið umfang þeirrar vinnu sérfræðinganna sem hægt er að mæla og meta til eininga, þ.e.a.s. vinnu á skurðstofum, hvort sem er vegna sjúklinga innan eða utan spítala. Starf stöðdeilda þ.e. röntgendeildar og rannsóknastofu gefur ennfremur vísbendingu um umfang þeirrar starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsum. Sjúkrahúsþjónustan var umfangsmest á Sjúkrahúsi Suðurnesja. Þar voru

læknisverkin flest hvort sem var á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala auk þess sem þar var veitt viðamesta þjónusta stoðdeilda af sjúkrahúsunum fjórum. Minnst var umfangið hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Til að meta að einhverju marki álag hjá sjúkrahúsunum fjórum á lækna, við hjúkrun og umönnun og á stoðdeildum kannaði Ríkisendurskoðun fjölda verka á hvert stöðugildi eins og það var metið af stofnuninni. Fjöldi verka miðað við hvert metið stöðugildi var mestur hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja hvar sem borið var niður. Að jafnaði má segja að álagið á starfsfólkið þar sé hvað mest borið saman við hin þrjú sjúkrahúsin. Læknisverk á hvert metið stöðugildi eru þar 40% fleiri en á því sjúkrahúsi þar sem eru næst flest og rúmlega fimmfalt fleiri en þar sem læknisverkin eru fæst. Álag við hjúkrun og umönnun virðist þar mest og sama á við um starfsemi röntgen- og rannsóknastofu sé miðað við fjölda rannsókna þar. Minnst er umfangið á sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Gildir það jafnt um fjölda læknisverka metinna til eininga, fjölda sjúklinga á hvert stöðugildi við hjúkrun og umönnun og álag á röntgen- og rannsóknadeild. Rétt er að benda á að skráning virðist lélegri í Neskaupstað en á samanburðarsjúkrahúsunum.

Í annan stað fer starfsemi sjúkrahúsanna eftir því í hversu miklum mæli þau sinna öldrunarþjónustu inni á sjúkrahúsinu. Hlutfall langlegu af heildarlegudagafjölda var 67,5% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands, 52,0% hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, 49,5% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og 49,0% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Héraðshlutdeild sjúkrahúsanna, ef tekið er mið af skammtíma- og langtímalegu á árinu 1994, nam 59,2% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, 49,6% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands, 46,3% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og 43,0% hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja.

Ríkisendurskoðun lagði mat á kostnað sjúkrahúsanna fjögurra á legudag miðað við tegund legu fyrir árið 1994. Meðalkostnaður á legudag var langlægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 12.378 krónur. Kostnaðurinn nam 18.720 krónum hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, 21.068 krónum hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og 22.011 krónum hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Lágur meðalkostnaður Sjúkrahúss Suðurlands skýrist m.a. af því hve hátt hlutfall langlega er af heildarfjölda legudaga en sú lega er að jafnaði mun ódýrari en skammtímalega. Sama á við um sjúkrahúsið í Keflavík með tilkomu hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð. Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun ítreka þá skoðun sína að heilbrigðisýfirvöld ákvarði

hvaða skilyrði sjúkrahús eða dvalarheimili þurfi að uppfylla til þau geti rekið hjúkrunarrými og meti hvað slík hjúkrunarrými skuli kosta. Greiðslum fyrir hjúkrunarrými verði síðan hagað með sama hætti hvort sem um væri að ræða öldrunarstofnun eða almenna sjúkrastofnun.

Ef horft er á kostnað við aðra legu en langlegu var hann lægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 19.538 krónur. Kostnaðurinn við skammtímalegu nam 29.962 krónum hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, 32.789 krónum hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað og 34.840 krónum hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði. Að mati Ríkisendurskoðunar skýrist lágur kostnaður Sjúkrahúss Suðurlands í samanburði við hin þrjú sjúkrahús eftir að búið er að taka tillit til langlegu af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi er kostnaður vegna langlegu að einhverju marki ofmetinn. Í öðru lagi eru læknisverk sjúkrahússins á Selfossi nær helmingi færri en hjá því sjúkrahúsi sem er hvað sambærilegast þ.e. Sjúkrahúsi Suðurnesja. Í þriðja lagi virðist sem rekstri Sjúkrahúss Suðurlands sé að jafnaði hagkvæmar fyrirkomid en á hinum stöðunum og gildir þá einu hvaða þættir starfseminnar eru skoðaðir.

Ríkisendurskoðun lagði mat á kostnað við þá starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsunum og tengdist skammtímalegu annars vegar og öldrunarþjónustu hins vegar í samanburði við þau verk sem unnin eru inni á viðkomandi sjúkrahúsi. Í því skyni var innlögnum og legudögum gefnar ákveðnar einingar á sama hátt og læknisverkum. Ef litið er á kostnað á verk vegna skammtímalegu sem metin voru til eininga kemur í ljós að kostnaðurinn var lægstur hjá sjúkrahúsinu á Selfossi eða 320 krónur, 446 krónur hjá sjúkrahúsinu í Keflavík, 597 krónur hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði og hæstur hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað eða 605 krónur.

Af þessu má glögglega sjá að sjúkrahúsin falla í tvo flokka eftir stærð og umfangi þeirrar starfsemi er þar fer fram. Rekstur sjúkrastofnana eins og sjúkrahússins á Ísafirði og sjúkrahússins í Neskaupstað er eðli málsins samkvæmt óhagkvæmur. Því minna sem sjúkrahúsið er því verr nýtast þeir fjármunir og það starfsfólk sem þau hafa yfir að ráða. Nefna má sem dæmi að stoðdeildir sem og skurðstofur stærri sjúkrahúsanna ættu að nýtast betur þá daga sem þær eru opnar og vaktir hjúkrunarfræðinga í tengslum við þær. Í þessu sambandi má nefna að þeir fjármunir sem varið er til þeirrar starfsemi er fram fer á sjúkrahúsinu á Ísafirði, þ.e. þar sem unnin eru tiltölulega mörg læknisverk en legudagar eru hlutfallslega fáir í samanburði við hin sjúkrahúsin, nýtast ekki sem skyldi. Þannig má telja öruggt að fjölgun legurýma í kjölfar

opnunar nýrrar öldrunar- og endurhæfingadeildar muni leiða til lægri meðalkostnaðar á legudag þrátt fyrir að kostnaður muni hækka að einhverju marki vegna aukinnar starfsemi. Þá eru sjúkrahúsin á Ísafirði og í Neskaupstað þannig í sveit sett að þau verða að halda skurðstofum opnum allt árið um kring með tilheyrandi kostnaði.

Kostnaður sjúkrahúsanna fjögurra fer fyrst og fremst eftir stærð þeirra og hversu vel þau geta nýtt það fjárframlag sem þau hafa til ráðstöfunar. Að öðru leyti fer kostnaður þeirra eftir hlutfalli langlegu af heildarfjölda legudaga, að hvað miklu marki þau sinna eiginlegri sjúkrahúsvinnu og hve vel þau eru að öðru leyti rekin.

Rekstur þjónustudeilda

Kostnaður við skrifstofuhald sem hlutfall af veltu er sýnu lægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 2,25% og sýnir augljósa hagkvæmni þess að reka eina skrifstofu fyrir þrjár sjálfstæðar stofnanir. Kostnaður hinna þriggja skrifstofanna er nokkuð svipaður eða 3,20-3,45% af veltu. Þrátt fyrir stærð skrifstofu Sjúkrahúss Suðurnesja og það að hún sér um bókhald tveggja heilsugæslustöðva auk sjúkrahússins virðist hún ekki ná sömu hagkvæmni og skrifstofa Sjúkrahúss Suðurlands sem bendir til þess að hagræða þurfi í rekstri skrifstofunnar.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við veikleika innra eftirlits á skrifstofu Sjúkrahúss Suðurnesja en þar gegnir sami starfsmaður störfum bókara og gjaldkera. Slíku fyrirkomulagi er ekki hægt að una, enda fjöldi starfsmanna á skrifstofu nægur til að aðskilja þessi störf.

Ríkisendurskoðun bendir á að skilvirkni bókhalds er ekki sem skyldi hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Sjá þarf til þess að reikningar sem berast sjúkrahúsinu séu færðir strax til bókar og að bókhaldið sé uppfært með reglubundnum hætti. Að öðrum kosti gefur bókhaldið ekki rétta mynd af stöðu sjúkrahússins á hverjum tíma.

Ríkisendurskoðun bendir á nauðsyn þess að rekstraráætlanir séu gerðar fyrir sjúkrahúsin í heild sinni og einstakar rekstrareiningar innan þeirra en á það skorti hjá sjúkrahúsunum fjórum. Áætlunum ber að skipta niður á mánuði þannig að forstöðumenn sjúkrahúsanna svo og yfirmenn viðkomandi deilda geti fylgst með hvort að reksturinn sé í samræmi við áætlanir.

Nokkur munur er á meðalkostnaðarverði máltíða hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði þar sem hún er ódýrust eða 327 krónur og hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja þar sem hún er dýrust eða 418 krónur sem bendir til þess að talsvert óhagræði sé af því að reka tvö eldhús fyrir eina stofnun eins og raunin er hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja. Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun benda á að við samanburð á rekstri eldhúsanna tveggja hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja kom í ljós að rekstur eldhúss hjúkrunardeildar sjúkrahússins í Víðihlíð virðist vera mun hagkvæmari en rekstur eldhússins hjá sjúkrahúsinu í Keflavík.

Samanburður á tekjum af fæðissölu til ellilífeyrisþega hjá sjúkrahúsinu í Keflavík, sjúkrahúsinu á Ísafirði og sjúkrahúsinu í Neskaupstað sem hlutfall af heildarkostnaði við matargerð og fjölda útseldra máltíða í hlutfalli af heildarfjölda framleiddra máltíða sýndi að tekjur nægðu ekki fyrir kostnaði við matargerð. Af þessu er ljóst að verðlagning máltíða til ellilífeyrisþega hjá sjúkrahúsunum þremur er nokkuð undir kostnaðarverði og leggur Ríkisendurskoðun því til að verð þeirra verði hækkað til samræmis við raunverulegt kostnaðarverð.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna hjá sjúkrahúsunum fjórum sem hlutfall af hráefniskostnaði eru í öllum tilvikum lægri en þær ættu að vera en venjan er sú að starfsmenn greiði a.m.k. hráefniskostnað máltíðarinnar. Það er því mat Ríkisendurskoðunar að hækka þurfi verð á matarmiðum til starfsmanna svo að tekjur af þeim nægi til að greiða hráefniskostnað.

Kostnaður við umsjón og viðhald fasteigna að frádregnum framlögum ríkis og sveitarfélaga sem hlutfall af heildarkostnaði sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar var hæstur hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað eða 8,4% en lægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja og Sjúkrahúsi Suðurlands eða 4,2-4,8%. Sama kemur í ljós ef litið er á kostnað við umsjón og viðhald í samanburði við það rými er stofnanirnar hafa yfir að ráða fyrir starfsemi sína. Hár kostnaður Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað skýrist að stórum hluta af þeim framkvæmdum sem ráðist var í án þess að nauðsynlegar fjárheimildir lægju þar fyrir. Kostnaður vegna viðhaldsframkvæmda ársins 1994 nam 8,5 milljónum króna en fjárveitingar ríkis og sveitafélaga námu alls 2,9 milljónum króna. Að mati Ríkisendurskoðunar er ámælisvert að stjórnendur sjúkrahússins í Neskaupstað skuli hefja framkvæmdir sem ekki var fjárheimild fyrir ekki síst í ljósi slæmrar fjárhagsstöðu sjúkrahússins.

Viðhalds- og umsjónarkostnaður Sjúkrahúss Suðurnesja og Sjúkrahúss Suðurlands er lágur miðað við hin tvö sjúkrahúsini hvort sem horft er á hann sem hlutfall af veltu eða eftir stærð húsnæðis. Það bendir til þess að sú skipan mála sem þar er viðhöfð við eftirlit og umsjón með fasteignum og tækjum sé hagkvæm með tilliti til stærðar húsnæðisins enda þótt fyrirkomulag á umsjón og viðhaldi sé ólíkt.

Tækjakaup hjá sjúkrahúsunum í Keflavík, á Ísafirði og í Neskaupstað voru umfram framlög ríkis og sveitarfélaga á árinu 1994 og því fjármögnuð af almennu rekstrarfé sjúkrahúsanna.

Leigutekjur vegna íbúða sjúkrahúsanna og heilsugæslustöðvanna runnu á árinu 1994 í viðhaldssjóð heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytisins í samræmi við reglugerð nr. 480/1992. Byggingadeild ráðuneytisins endurúthlutaði síðan úr sjóðnum til sjúkrahúsanna í samræmi við viðhaldspörf á því húsnæði sem er í þeirra eigu. Ríkisendurskoðun ítrekar þá skoðun sína að eðlilegra sé að rekstur og viðhald á eignum sjúkrahúsanna sé alfarið í höndum stjórnenda þeirra eins og aðrir þættir í starfsemi þeirra þannig að heildarkostnaður við starfseminni liggi ljós fyrir.

Rekstur þvottahúss sjúkrahússins á Ísafirði nam 2,2% af heildagjöldum sjúkrahússins. Hlutfallið var 2,4% hjá sjúkrahúsunum í Neskaupstað og á Selfossi en 3,0% hjá sjúkrahúsinu í Keflavík. Sé horft á hvað rekstur þvottahússins kostar á hvern legudag að frádregnum tekjum af útseldri þjónustu var hann lægstur hjá sjúkrahúsinu á Selfossi eða 288 krónur. Þessi kostnaður nam 356 krónum á sjúkrahúsinu í Neskaupstað, 450 krónum á sjúkrahúsinu á Ísafirði og 518 krónum á sjúkrahúsinu í Keflavík. Raunhæfasti mælikvarðinn er aftur á móti kostnaður á hvert þvegið kíló af þvotti en upplýsingar um það eru ekki fyrir hendi hjá sjúkrahúsunum í Neskaupstað og á Selfossi. Hjá sjúkrahúsinu í Keflavík nam kostnaður við hvert kíló 144 krónum að meðtöldum kostnaði við saumastofu og 109 krónum á kíló hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Af þessum samanburði sést glögglega hvað fyrirkomulag við þvott er óhagkvæmt hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja. Afkastageta þvottahúsanna tveggja hjá sjúkrahúsi Suðurnesja er ekki fullnýtt við núverandi aðstæður. Það er mat Ríkisendurskoðunar að sjúkrahús Suðurnesja eigi að segja upp samningi sínum við Þvottahöllina hf. og þvo sjálft allan þvott í þvottahúsunum tveimur en með því móti yrði fjárfesting í vélum og mannafla fullnýtt. Að öðrum kosti kemur til greina að sjúkrahúsið

reki einungis eitt þvottahús sem sinni því sem þvottahúsin tvö annast og kaupi að annan þvott að því tilskyldu að gerður verði nýr samningur við Þvottahöllina hf.

Ríkisendurskoðun leggur til að allur þvottur sem þveginn er í þvottahúsum sjúkrahúsanna á Ísafirði, í Neskaupstað og á Selfossi verði viktaður fyrir hverja stofnun fyrir sig. Með því móti er starfsfólki gert kleyft að fylgjast með breytingum á magni frá einu tímabili til annars auk þess að fylgjast með breytingum á kostnaði við þvottinn þ.e. hvað kostar að þvo hvert kíló af þvotti. Þá er slík viktun forsenda þess að sá þvottur sem seldur er út til aðila utan sjúkrahússins sé verðlagður í samræmi við kostnað. Ríkisendurskoðun telur ennfremur eðlilegt að stjórnendur sjúkrahúsanna í Neskaupstað og á Selfossi kanni hver kostnaður er við að taka upp flokkunarkerfi á taui ásamt endurnýjun véla og meti hvort ávinningur verði af slíkri breytingu.

Hlutfall ræstingar af heildargjöldum sjúkrahúss er hæst hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði eða 5,2% en lægst hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja og sjúkrahúsinu í Neskaupstað eða 3,4%. Kostnaður á hvern ræstan fermetra er aftur á móti lægstur hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað en hæstur hjá sjúkrahúsinu í Keflavík. Rétt er að taka fram að húsnæðið í Keflavík er mjög þröngt og því erfiðara í þrifum en hjá hinum þremur sjúkrahúsunum. Hjá sjúkrahúsunum fjórum er nokkur kostnaður við hreinsun á bóni og aðrar stærri hreingerningar og er það í sumum tilfellum boðið út. Ríkisendurskoðun telur rétt að yfirstjórn sjúkrahúsanna kanni kostnað við frekari tækjakaup, hvort þau kuni að leiða til fækkunar stöðugilda og meti ávinning af slíkum breytingum að öðru leyti.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að yfirmönnum þjónustudeilda séu reglulega send yfirlit yfir rekstur sinna deilda. Á þann hátt er þeim gert kleift að fylgjast með reglubundnum hætti með kostnaði deildanna og hvað megi betur fara í rekstrinum auk þess sem kostnaðarvitund þeirra eykst og þeir verða þannig ábyrgari fyrir rekstri deildanna.

Að mati Ríkisendurskoðunar er veruleg þörf á að ársreikningagerð sjúkrahúsanna sé samræmd á þann hátt að hún geri samanburð á starfsemi þeirra raunhæfari en nú er. Samræma þarf framsetningu reikningsskilanna og þær upplýsingar sem fram eiga að koma í ársreikningi og skilgreina hvað skuli færast á hvern kostnaðarstað.

Heilbrigðisþjónusta á starfssvæði sjúkrahúsanna

Kostnaður við heilbrigðisþjónustu á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja var lægstur af samanburðarstöðunum eða 75,6 þúsund krónur á hvern íbúa. Á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands nam kostnaðurinn 78,6 þúsundum króna á íbúa og var næst lægstur. Samsvarandi kostnaður var mun hærri á minni svæðunum. Þannig nam kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Ísafirði og nágrenni 100,2 þúsundum króna á hvern íbúa og í Neskaupstað og nágrenni þar sem hann er hæstur var hann 114,5 þúsund krónur á hvern íbúa.

Kostnaður við sjúkrahúsþjónustu í heimahéraði var lægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 15,3 þúsund krónur á íbúa. Kostnaðurinn var litlu meiri hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja eða 17,6 þúsund krónur á íbúa. Kostnaður var mun hærri hjá minni sjúkrahúsunum eða 30,4 þúsund krónur hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og 34,4 þúsund krónur hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

Einingafjöldi þeirra verka sem unnin eru á skurðstofum sjúkrahúsanna fjögurra hvort sem um er að ræða sjúklinga innan eða utan spítala og var metinn af Ríkisendurskoðun reyndist mestur á Sjúkrahúsi Suðurnesja eða 122.621 eining. Á Sjúkrahúsi Suðurlands námu verkin 59.457 einingum, á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 33.965 einingum og 13.290 einingum á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Hluti þeirrar vinnu sem fram fer á sjúkrahúsunum verður ekki metin til eininga. Þá er ekki hægt að meta að fullu umfang verka sem unnin eru vegna sjúklinga utan spítala þar sem hluti þeirra er hvergi skráður. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að fyrir hendi sé aðgengileg skráning á öllum verkum sem unnin eru innan veggja sjúkrastofnana hvort heldur er á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Ennfremur þarf skráningin að vera unnin með samræmdum hætti um allt land. Því er nauðsynlegt að heilbrigðisráðuneytið sjái til þess að skráning af þessu tagi komist á og leiðbeini þeim sem hlut eiga að máli. Ríkisendurskoðun bendir á að áreiðanlegar upplýsingar um þá vinnu sem fram fer á sjúkrastofnunum, þar með talin vinna sem fram fer á skurð- og slystastofum, er ein af forsendum þess að hægt verði að móta stefnu í uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni.

Heilbrigðisráðuneytið setti í september 1992 sérstaka reglugerð um ferliverk. Með ferliverkum er átt við þá lækni meðferð sem sjúklingum er veitt á lækna- og sjúkrastofnum eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum. Endanlegur listi

yfir þau verk sem flokkast sem ferliverk liggur fyrir en hefur ekki verið lagður fram. Í 2. grein reglugerðarinnar segir að sjúklingum beri að greiða gjald í samræmi við reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og gildi þá einu þótt næturdvöl kunnri að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum. Reyndin er sú að sjúklingum hefur verið mismunað. Hluti þeirra sjúklinga sem gengst undir aðgerð sem flokkast sem ferliverk hefur borið nokkurn kostnað af þeim, þ.e. ef lækningar hafa farið eftir settum reglum. Ef á hinn bóginn sjúklingar eru lagðir inn á sjúkrahús í tengslum við aðgerðina hafa veruleg brögð verið að því að sjúklingshlutinn sé felldur niður. Ríkið ber þá allan kostnað af aðgerðinni auk kostnaðar vegna legu sjúklingsins, þar með talinn lyfjakostnað, sem sjúklingur utan spítala ber sjálfur. Virðist sem læknum sé nánast í sjálfsvald sett hvorn háttinn þeir hafa á. Að mati Ríkisendurskoðunar skortir hér samræmingu í rekstri sjúkrastofnana af hálfu heilbrigðisráðuneytisins. Sjúkrahús Suðurlands hefur eitt sjúkrahúsanna reynt að innheimta gjald fyrir a.m.k. hluta ferliverka.

Íbúar á starfssvæðum sjúkrahúsanna sækja í mismiklum mæli sjúkrahúsþjónustu sem og aðra heilbrigðisþjónustu út fyrir sitt hérað. Kostnaður við sjúkrahúslegu utan héraðs á íbúa á starfssvæðunum var lægstur hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði eða 19,5 þúsund krónur. Kostnaðurinn nam 24,9 þúsundum króna á hvern íbúa á Suðurnesjum og 25,1 þúsundi króna á íbúa á Suðurlandi. Langhæstur var kostnaðurinn á íbúa á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað eða 43,7 þúsund krónur.

Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun benda á nauðsyn þess að horft sé á kostnað við heilbrigðisþjónustuna í heild sinni þegar ákvarðanir um breytingar á einstökum útgjaldaliðum eru teknar. Þannig leiðir lækkun á einum kostnaðarlið oft til útgjaldaaukningar á öðrum stað.

Kostnaður við öldrunarþjónustu nam 9,2 þúsundum króna á íbúa á Suðurnesjum og var lægstur af stöðunum fjórum. Samsvarandi kostnaður nam 12,1 þúsundi króna á Suðurlandi, 14,2 þúsundum króna á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað og 15,6 þúsundum króna á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði. Samanlagður kostnaður við stofnanarþjónustu innan og utan héraðs á hvern íbúa var lægstur á Suðurnesjum eða 51,6 þúsund krónur. Kostnaðurinn nam 52,5 þúsundum króna á Suðurlandi, 69,4 þúsundum króna á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði og 89,0 þúsundum króna á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað þar sem þessi kostnaður er langhæstur. Í

Þessu sambandi má benda á að fjöldi legudaga á sjúkrahúsum og hjúkrunardeildum á hvern íbúa í Neskaupstað og nágrenni er 5,1 í samanburði við 3,2-3,9 legudaga á hinum svæðunum.

Kostnaður við heilsugæsluþjónustu var langlægstur á Suðurnesjum eða 7,7 þúsund krónur á íbúa. Þar er byggð þéttari en á samanburðarstöðunum auk þess sem heilsugæsluþjónustan lýtur einni stjórn. Á Suðurlandi nam kostnaðurinn 10,6 þúsundum króna á íbúa, 14,4 þúsundum króna á íbúa á Ísafirði og nágrenni og 14,6 þúsundum króna á íbúa í Neskaupstað og nágrenni. Mjög mikill munur kemur fram á kostnaði á íbúa á hinum einstöku heilsugæslustöðvum innan starfssvæða sjúkrahúsanna fjögurra eða frá rúmlega 7 þúsund krónum á íbúa til rúmlega 28 þúsund króna á íbúa. Ástæða mismunandi kostnaðar við heilsugæsluþjónustu er að hluta til fyrirkomulag slysastofu sem ýmist er sinnt af sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð. Þar við bætist að aðgengi að sérfræðingum er misjafnt.

Lyfjakostnaður á íbúa á starfsvæði sjúkrahúsanna var lægstur í Neskaupstað og nágrenni eða 9,2 þúsund krónur. Kostnaðurinn var áþekkur á Suðurlandi og Suðurnesjum eða um 12 þúsund krónur á íbúa. Á Ísafirði og nágrenni nam lyfjakostnaður 14,1 þúsundi króna á hvern íbúa.

Heildarkostnaður við þjónustu sérfræðinga innan og utan héraðs á hvern íbúa var lægstur í Neskaupstað og nágrenni eða 1,9 þúsund krónur. Í því sambandi má benda á að fjöldi legudaga á sjúkrastofnunum vegna sjúklinga á því svæði er meiri en á samanburðarstöðunum. Þá eru tíðari innlagnir á sjúkrahúsið í tengslum við aðgerðir sem að öllu jöfnu eru gerðar utanspítala á samanburðasjúkrahúsunum. Á Ísafirði og nágrenni var þessi kostnaður næstlægstur eða 2,3 þúsund krónur. Á Suðurlandi nam hann 3,1 þúsundi króna og 4,1 þúsundi króna á Suðurnesjum. Utanspítalaadgerðir eru algengari á Suðurnesjum en á samanburðar-sjúkrahúsunum og því er meiri kostnaður vegna aðgerða innifalinn í sérfræðilæknishjálpi vegna sjúklinga þaðan.

2. Hlutverk og stjórnun sjúkrahúsanna

Rekstur sjúkrahúsa fellur undir lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Í lögnum segir:

"Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tók á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Fjórði kafli laganna fjallar um sjúkrahús.

"Sjúkrahús eru í lögum þessum hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast."

Sjúkrahúsunum er skipt í átta flokka eftir tegund og þjónustu en þeir eru svæðissjúkrahús, deildasjúkrahús, almenn sjúkrahús, hjúkrunarheimili, endurhæfingarstofnanir, sjúkrasambýli, vinnu- og dvalarheimili og sjúkraheimili. Hver þessara tegunda af sjúkrahúsi er stuttlega skilgreind í lögnum eftir þeirri starfsemi sem þar á að fara fram. Sjúkrahús Suðurnesja og Suðurlands og Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og Neskaupstað flokkast sem almenn sjúkrahús. Almennt sjúkrahús tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahúsið hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Þessi skilgreining er afar almennt orðuð og segja má að starfsemi minni sjúkrahúsanna fari oft á tíðum eftir þeim sérfræðingum sem þar starfa.

Tilgreint er í lögnum um heilbrigðisþjónustu að ráðherra skuli setja reglugerð um nánari flokkun sjúkrahúsanna í landinu, í samræmi við ofangreinda flokkun, að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa og ákveði jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa sem fyrir eru. Auk þess er kveðið á um í lögnum að ráðherra setji reglugerð er fjalli um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þessar reglugerðir hafa ekki verið settar. Að mati Ríkisendurskoðunar þurfa heilbrigðisyfirvöld að kveða á um verksvið og

verkaskiptingu sjúkrahúsanna í landinu þannig að þeirri þjónustu er hverju sjúkrahúsi er ætlað að veita verði sem hagkvæmast fyrir komið. Þannig þarf að móta heildstæða stefnu um uppbyggingu, starfsemi og rekstrarfyrirkomulag sjúkrahúsa landsins í framtíðinni.

Í lögnum um heilbrigðisþjónustu er fjallað um stjórnskipulag sjúkrahúsa.

"Sjúkrahúsum skal stjórnað af fimm manna stjórnem sem ráðherra skipar. Starfsmannaráð sjúkrahúsa tilnefna einn mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá og ráðherra einn og skal hann vera búsettur á starfssvæði sjúkrahússins; er hann jafnframt formaður stjórnarinnar."

Eins og fram kemur í lögnum um heilbrigðisþjónustu er það hlutverk heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að marka þá stefnu sem fylgt er í heilbrigðismálum. Rammi starfsemi sjúkrahúsanna er síðan markaður í fjárlögum en reksturinn er í höndum stjórna sem er að meirihluta til skipuð fulltrúum sveitarstjórna sem kosta litlu til rekstrar sjúkrahúsanna. Að mati Ríkisendurskoðunar er það æskilegt að ríkissjóður, þ.e. greiðandi þjónustunnar, hafi meiri áhrif í stjórn sjúkrahúsa en raun ber vitni um. Þá er það álit Ríkisendurskoðunar að það geti veikt valdsvið stjórnar sjúkrahúss að fulltrúi starfsmanna sitji í henni. Með því móti er sá starfsmaður í raun orðinn ábyrgur fyrir daglegri yfirstjórn sjúkrahússins sem framkvæmdastjóri, yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri eiga að bera ábyrgð á hver á sínu sviði.

Í 30. grein laga um heilbrigðisþjónustu kemur fram að sjúkrahússtjórnin skuli gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsið og einstakar skipulagsheildir þess. Áætlanagerðin skal vera fjögur ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánun samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra. Áætlanir þessar eiga að vera sendar heilbrigðisráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar. Slíkar áætlanir sem að ofan eru nefndar lágu ekki fyrir hjá stjórnem sjúkrahúsanna fjögurra. Þó unnu yfirmenn Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði tillögur að framtíðaruppbyggingu þess sem samþykktar voru af stjórninni síðari hluta árs 1994. Ríkisendurskoðun telur brýnt að slíkar þróunar- og rekstraráætlanir, sem kveðið er á um í lögnum um heilbrigðisþjónustu, séu unnar reglulega af stjórn sjúkrahússins þar sem eldri áætlanir eru endurmetnar m.t.t. breyttra áherslna og framþróunar í heilbrigðisþjónustu.

Við almenn sjúkrahús skulu starfa yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri. Framkvæmdastjóri á að sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggja og samhæfa rekstur hennar, þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir sjúkrahúss og hjúkrunarforstjóri eru framkvæmdastjóra til ráðgjafar um slíkar áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir hvor á sínu sviði.

Ráðherra setur yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og framkvæmdastjórum erindisbréf og setur nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sjúkrahússtjórna. Reglugerð sem hér um ræðir hefur ekki verið sett og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki sett framkvæmdastjórum sjúkrahúsanna erindisbréf sem kveður á um starfssvið þeirra.

Hjá sjúkrahúsunum fjórum skorti nokkuð á að verksvið aðila væru skýr og staðfest skipurit af starfsemi stofnanna voru ekki fyrir hendi. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að samþykkt verði formleg skipurit af stofnununum ásamt starfslýsingum helstu yfirmanna sem kveði skýrt á um ábyrgðar- og valdsvið hvers og eins. Ríkisendurskoðun bendir enn fremur á nauðsyn þess að einungis einn aðili sé ábyrgur fyrir rekstri sjúkrahússins gagnvart stjórn þess. Stofnunin vill jafnframt vekja athygli á mikilvægi þess að öðrum yfirmönnum sjúkrahússins verði gerð grein fyrir rekstrarlegri stöðu þeirrar starfsemi er þeir bera ábyrgð á.

Þá vill Ríkisendurskoðun brýna fyrir forráðamönnum sjúkrahúsa að þeir leiti með formlegum hætti samþykki stjórnar fyrir veigameiri málum er varða starfsemi sjúkrahúsa. Þannig er ekki að sjá í fundagerðabókum stjórnar Sjúkrahúss Suðurnesja að samþykkt hafi verið heimild til tölvuvæðingar sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar né hver áætlaður kostnaður hennar hafi verið þótt þessi ákvörðun hafi verið rædd af þáverandi stjórn sjúkrahússins. Sama gildir um þá ákvörðun framkvæmdastjóra og yfirlæknis sjúkrahússins að fjölga aðgerðadögum um einn í viku hverri en samþykki fyrir þeirri ákvörðun er ekki að finna í fundagerðabókum né útreikningur á áætluðum kostnaði og tekjum við slíka aukningu á starfsemi sjúkrahússins.

Enn fremur telur Ríkisendurskoðun það óverjandi að stjórnendur sjúkrahúsa hefji framkvæmdir sem ekki er fjárheimild fyrir eins og raunin var hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja í framangreindum tilvikum og hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað vegna viðhaldsframkvæmda.

3. Starfsemi sjúkrahúsanna

3.1 Starfssvæði

Skipta má sjúkrahúsunum fjórum í tvo flokka eftir því starfssvæði er þeim er ætlað að þjóna.

Sjúkrahús Suðurnesja og Suðurlands þjóna fjölmennum svæðum og eru staðsett nokkuð nálægt höfuðborgarsvæðinu. Starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja telur 15.700 íbúa og tilheyra þeir flestir þéttbýli. Aðalatvinnugreinar á starfssvæði þess er þjónusta, sjávarútvegur og iðnaður. Á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands búa tæplega 16.000 íbúar og tilheyra þeir bæði þéttbýli og dreifbýli. Á því svæði er einkum stunduð þjónusta, landbúnaður og iðnaður.

Aftur á móti þjóna sjúkrahúsin á Ísafirði og í Neskaupstað nokkuð afmörkuðu svæði með einum stórum kaupstað með yfir helming íbúa þjónustusvæðisins annars vegar og íbúum nærliggjandi sveita hins vegar. Íbúafjöldi á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði er um 6.300 en 4.500 á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað. Á báðum þessum starfssvæðum er sjávarútvegur og þjónusta aðalatvinnugreinarnar.

Ríkisendurskoðun kannaði í hve miklum mæli íbúar á starfssvæðum sjúkrahúsanna nýttu sér þjónustu þeirra. Í því skyni var reiknuð út héraðshlutdeild sjúkrahúsanna fjögurra. Héraðshlutdeild vegna skammtímalegu, sem er lega með færri en 89 legudaga, sýnir hve hátt hlutfall af skammtímalegu íbúa svæðanna er á viðkomandi sjúkrahúsi. Var hún eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 3.1 Héraðshlutdeild sjúkrahúsa árið 1994

Héraðshlutdeild á þjónustusvæði	Neskaupstaður			
Legudagar í skammtímalegu	Keflavík	Ísafjörður	staður	Selfoss
Skammtímalegudagar í héraði	7.876	5.186	4.557	6.900
Skammtímalegudagar alls	27.651	10.471	12.599	24.193
Hlutfall skammtímalegud. í héraði	28,48%	49,51%	36,17%	28,52%
Skammtímalegud. í héraði á íbúa	0,5	0,8	1,0	0,4
Skammtímalegud. alls á íbúa	1,8	1,7	2,8	1,5

Legudagar skv. ársskýrslum sjúkrahúsa árið 1994

Héraðshlutdeild á þjónustusvæði sjúkrahússins á Ísafirði var hæst eða 49,5%. Á þjónustusvæði sjúkrahússins í Neskaupstað var hlutdeildin 36,2% en 28,5% hjá sjúkrahúsum í Keflavík og á Selfossi. Skýringanna á háu hlutfalli Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað má m.a. rekja til þess að innlagnir þar eru fleiri vegna aðgerða sem gerðar eru "ambúlant" þ.e. á sjúklingum utan spítala en hjá samanburðarsjúkrahúsum. Þar er enn fremur fjöldi legudaga á hvern íbúa hæstur hvort sem er á sjúkrahúsi staðarins eða á sjúkrahúsum utan héraðs. Lægri héraðshlutdeild Sjúkrahúss Suðurlands og Sjúkrahúss Suðurnesja skýrist að einhverju leyti af því hversu nálægt þau eru sjúkrastofnunum á höfuðborgarsvæðinu.

Ríkisendurskoðun kannaði enn fremur hver héraðshlutdeild sjúkrahúsanna fjögurra væri á þjónustusvæði þeirra ef bæði væri tekið tillit til legudaga í skammtíma- og langtímalegu og eru niðurstöður hennar eftirfarandi:

Tafla 3.2 Héraðshlutdeild sjúkrahúsa árið 1994

Héraðshlutdeild á þjónustusvæði Legudagar í skammt.- og langlegu	Keflavík	Ísa- fjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Skammt.- og langt.legud. í héraði	16.427	10.271	8.956	21.209
Skammt. og langtímalegud. alls	38.218	17.352	19.340	42.768
Hlutfall af legudögum í héraði	42,98%	59,19%	46,31%	49,59%

Legudagar skv. ársskýrslum sjúkrahúsa árið 1994.

Hlutfall legudaga í skammtíma- og langtímalegu er enn hæst hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði eða 59,2%. Þar á eftir kemur sjúkrahúsið á Selfossi með 49,6% enda hlutfall langlegu af heildarfjölda legudaga mjög hátt þar. Hlutfallið er 46,3% hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað og 43,0% hjá sjúkrahúsinu í Keflavík.

Í skýrslu starfshóps um heilbrigðismál um starfsemi sjúkrahúsa árin 1989-1991 var reiknuð út héraðshlutdeild sjúkrahúsa á árinu 1991. Þar kom fram að héraðshlutdeild Sjúkrahúss Suðurnesja var 35%, 42% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, 30% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og 32% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands.

Fjöldi aldraðra er eftirfarandi á stöðunum fjórum miðað við mannfjölda 1. desember 1992:

Tafla 3.3 Fjöldi aldraðra á starfssvæðum sjúkrahúsanna

Starfssvæði sjúkrahúsa	Fjöldi aldraðra			Aldurssamsetning		
	70-80	80+	Alls	70-80	80+	70+
Keflavík	532	239	15.491	3,4%	1,5%	5,0%
Ísafjörður	265	149	6.395	4,1%	2,3%	6,5%
Neskaupstaður	237	102	4.696	5,0%	2,2%	7,2%
Selfoss	821	468	15.803	5,2%	3,0%	8,2%

Keflavík hefur lægst hlutfall aldraðra af starfssvæðunum fjórum eða 5,0% en hlutfall aldraðra er að meðaltali hæst á Selfossi 8,2%. Hlutfallið er 7,2% á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað og 6,5% á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði. Hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda á landsvísu er að meðaltali 7,4%.

Sjúkrahúsin fjögur eru öll rekin í starfstengslum við heilsugæslustöðvar viðkomandi kaupstaðar. Sú heilsugæsluþjónusta sem veitt er á starfssvæði sjúkrahúsanna er eftirfarandi:

Tafla 3.4 Heilsugæsluþjónusta á starfssvæði sjúkrahúsanna

Tegund stöðvar	Fjöldi stöðva			
	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupst.	Selfoss
H2-stöðvar, a.m.k. 2 lækna	2	1	3	2
H1-stöðvar, a.m.k. 1 lækni	0	2	0	6
H-stöðvar, móttaka læknis	3	3	2	3

Umfangsmesta heilsugæsluþjónustan er veitt á starfssvæði sjúkrahússins á Selfossi enda það stærsta svæðið. Þar eru staðsettar 11 heilsugæslustöðvar. Fjöldi heilsugæslustöðva á starfssvæðum hinna sjúkrahúsanna þriggja er svipaður eða 5-6 stöðvar.

Sú stofnanþjónusta sem veitt er á starfssvæði sjúkrahúsanna fjögurra er afar mismunandi. Dvalarrými og hjúkrunarrými á þessum stofnunum að meðtöldum rýmum inni á sjúkrahúsunum er sem hér segir á starfssvæðum sjúkrahúsanna:

Tafla 3.5 Þjónusta við aldraða árið 1994

Starfssvæði sjúkrahúsa	Hjúkrunarrými		
	Dvalarrými	Öldrunarstofnun	Sjúkrastofnun
Sjúkrahús Suðurnesja	-	-	38
Starfssvæði alls	32	41	38
Fjórðungssjúkrahúsið, Ísafirði	-	-	16
Starfssvæði alls	11	12	16
Fjórðungssjúkrahúsið, Neskaupstað	11	-	12
Starfssvæði alls	27	15	12
Sjúkrahús Suðurlands	-	-	45
Starfssvæði alls	90	91	45

Á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands eru reknar 8 stofnanir fyrir aldraða enda er það með stærsta svæðið af sjúkrahúsunum fjórum. Á því svæði sem sjúkrahúsið á Ísafirði þjónar eru 4 öldrunarstofnanir þ.m.t. sjúkrahúsið á Bolungarvík og sjúkraskýlið á Þingeyri. Á Suðurnesjum eru 2 öldrunarstofnanir og loks eru á svæði sjúkrahússins í Neskaupstað 2 öldrunarstofnanir. Auk þess rekur sjúkrahúsið í Neskaupstað 11 dvalarrými fyrir aldraða inni á sjúkrahúsinu.

3.2 Starfstengsl við aðrar stofnanir

Í 12. grein laga nr. 97/1990 segir:

"Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur."

Sjúkrahúsin í Keflavík, á Ísafirði, Neskaupstað og Selfossi eru rekin í starfstengslum við heilsugæslustöð staðarins. Í öllum tilvikum er þar um að ræða svonefnda H2 stöð sem samkvæmt skilgreiningu heilbrigðislaganna er heilsugæslustöð þar sem starfa tveir lækningar hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru hjúkrunarfólki.

Yfirstjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar er sú sama að því leyti að þau hafa sameiginlega stjórn og framkvæmdastjóra. Á öllum þessum stöðum er heilsugæslustöðin rekin í húsnaði sjúkrahússins þannig að samstarf og samrekstur er nokkur.

Hvergi hefur verið gerður samstarfssamningur á milli sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar. Stofnanirnar hafa aðskilinn fjárhag og er að vissu marki nokkuð skýrt hvaða kostnaður fellur á hvora stofnun fyrir sig. Engu að síður eru nokkrir kostnaðarliðir sameiginlegir s.s. rekstur húsnæðis, opinber gjöld af húsnæði, móttaka og símavarsla og mötuneyti og er sameiginlegum kostnaði skipt á milli aðila eftir afar mismunandi og jafnvel óljósum reglum.

Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til stjórnenda sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva að gerðir verði skriflegir samstarfssamningar milli stofnananna sem kveði á um samstarf þeirra í milli svo og um kostnaðarskiptingu. Þá telur Ríkisendurskoðun brýnt að komið verði á samræmdri kostnaðarskiptingu milli aðila hvarvetna þar sem sjúkrahús eru rekin í starfstenglum við heilsugæslustöðvar. Slík samræmd skipting kostnaðar leiðir til þess að samanburður milli sjúkrahúsa landsins yrði raunhæfari en nú er.

Sjúkrahús Suðurlands er enn fremur rekið í starfstengslum við meðferðarheimilið að Sogni, meðferðastofnun fyrir ósakhæfa afbrotamenn, samkvæmt samningi frá 8. ágúst 1992. Samningurinn felur í sér ákvæði um rekstur og faglega ábyrgð, þjónustu og aðstöðu og kostnaðarskiptingu meðferðarheimilisins að Sogni. Samkomulagið milli sjúkrahússins og meðferðarheimilisins varðar aftur á móti einungis samvinnu í rekstri og millifærslu fjárframlaga.

Að mati Ríkisendurskoðunar er augljóst hagræði fólgið í því fyrir meðferðarheimilið að Sogni að nýta sér þjónustu skrifstofu Sjúkrahúss Suðurlands með þeim hætti sem verið hefur. Sjúkrahús Suðurlands og meðferðarheimilið að Sogni eru hins vegar tvær sjálfstæðar stofnanir og hefur framkvæmdastjóri sjúkrahússins ekki ákvörðunarvald í málefnum meðferðarheimilisins. Ef það er vilji stjórnvalda að meðferðarheimilið að Sogni verði hluti af starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands telur Ríkisendurskoðun að starfsemi þess eigi að lúta stjórn sjúkrahússins og að reksturinn heyri alfarið undir vald- og ábyrgðarsvið framkvæmdastjóra þess. Það er hins vegar mat Ríkisendurskoðunar að meðferðarheimilið að Sogni eigi að falla undir starfsemi Ríkisspítala og vera rekin sem hluti af geðdeild þeirra. Með því móti nýtist meðferðarheimilinu sú sérfræðiþekking sem til staðar er á geðdeild Landsspítalans auk þess sem rekstur þess fellur að öðru leyti að starfsemi Ríkisspítala.

Starfstengsl sjúkrahúsanna fjögurra við stofnanir aldraðra eru með sitt hverju mótinu. Þau felast einkum í því að sjúkrahúsið selur þeim

stofnunum er starfa í nágrenni við það fæði auk þess sem það þjónar ellilífeyrisþegum í heimahúsum á vegum félagsmálastofnunar viðkomandi bæjar. Sjúkrahúsið í Neskaupstað rekur að auki 11 þjónusturými á þriðju hæð sjúkrahússins. Þjónusturýmiin eiga að fjármagnast af daggjöldum vistmanna hvort sem þau eru greidd með þeirra tekjum eða frá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins í formi dvalaruppbóta. Rekstur þjónusturýmanna á að standa undir sér en ekki er vitað hvort svo er þar sem rekstri þeirra er ekki haldið aðskildum í bókhaldi sjúkrahússins. Að mati Ríkisendurskoðunar ber að halda rekstri þjónusturýmanna aðskyldum frá eiginlegri starfsemi sjúkrahússins í bókhaldi stofnunarinnar.

3.3 Starfsemi

Sjúkrahúsin fjögur flokkast öll sem almenn sjúkrahús samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

"Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahúsið hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum."

Sjúkrahúsin eru því samkvæmt lögnum ekki deildaskipt sjúkrahús að öðru leyti en því hvað varðar skiptingu í almenn sjúkrarúm og hjúkrunarrúm og sú er raunin hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og Neskaupstað.

Sjúkrahús Suðurnesja og Suðurlands eru hins vegar deildaskipt að einhverju leyti. Á sjúkrahúsi Suðurnesja eru þrjár deildir; almenn sjúkradeild, fæðinga- og kvensjúkdómadeild og hjúkrunardeild. Starfsemi sjúkrahúss Suðurlands fer fram í fjórum deildum; handlæknisdeild, lyflæknisdeild, fæðinga- og kvensjúkdómadeild og hjúkrunardeild.

Fjöldi rúma, legudagar og rúmanýting var eftirfarandi hjá sjúkrahúsunum fjórum árið 1994:

Tafla 3.6 Starfsemi sjúkrahúsa árið 1994

Starfsemi sjúkrahúsa	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupst.	Selfoss
Rúmafjöldi	58	30	33	61
Almenn sjúkrarúm	12	12	15	9
Fæðingakvensjúkdómarúm	8	3	6	7
Hjúkrunarrými	38	15	12	45
Þjónusturými	0	0	11	0
Legudagar	16.427	10.271	8.956	21.209
Langlega	8.551	5.085	4.399	14.309
Skammtímalega	7.876	5.186	4.557	6.900
Aðrir legudagar	1.587	620	4.199	1.029
Nýburar	1.587	620	274	1.029
Þjónusturými	0	0	3.925	0
Rúmanýting	88,1%	93,8%	72,2%	95,3%

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan eru umsvif sjúkrahúsanna fjögurra afar misjöfn sé tekið mið af fjölda rúma og legudaga. Fer það einkum eftir því hversu mikil öldrunarþjónusta er rekin inni á sjúkrahúsinu í formi hjúkrunarrýma. Á Sjúkrahúsi Suðurlands eru flest hjúkrunarrými og því flestir legudagar en á sjúkrahúsinu í Neskaupstað eru hins vegar fæst hjúkrunarrými og fæstir legudagar séu þjónusturými aldraðra frátalin.

Sú þjónusta sem fellur undir langlegu og tengist einkum öldruðum nam 67,5% af starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands, 52,0% af starfsemi Sjúkrahúss Suðurnesja, 49,5% af starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og 49,0% af starfsemi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað að frátöldum legudögum þjónusturýma.

Starfsemi sjúkrahúsanna markast einkum af þeim sérfræðingum sem þar starfa og fjölbreytileika þeirra sérgreina sem boðið er upp á á sjúkrahúsinu. Fjöldi fastráðinna sérfræðinga auk aðstoðarlækna og stöðugildi þeirra voru eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 3.7 Fjöldi fastráðinna sérfræðinga árið 1994

Tegund sérgreinar	Keflavík		Ísafjörður		Neskaupst.		Selfoss	
	Fj.	Stg.	Fj.	Stg.	Fj.	Stg.	Fj.	Stg.
Skurðlækningar	1	0,75	2	1,30			1	0,75
Lýtalækningar	1	0,50						
Bæklunarlækningar	1	0,25			1	1,00		
H.N.E.-lækningar	1	0,25						
Barnalækningar	1	0,10						
Lyflækningar					1	1,00	1	0,75
Kvensjúkd. og fæðingahjálp	2	1,00					1	0,75
Svæfingar	1	1,00			1	1,00	1	0,75
Röntgenlæknir*	1	0,40					1	0,50
Aðstoðarlæknar			4	1,00			1	1,00
Alls	9	4,25	6	2,30	3	3,00	6	4,50

* Röntgenlæknar eru verktakar, en eru metnir til stöðugildis af sjúkrahúsum

Eins og sést á ofangreindri töflu er framboð sérgreina afar mismunandi milli sjúkrahúsanna að því undanskyldu að öll hafa þau á að skipa sérfræðingi í handlækningum.

Til að auka fjölbreytni þjónustunnar hafa enn fremur verið gerðir samningar við lækna um reglulegar komur á viðkomandi sjúkrahús til að sinna sínum sérgreinum. Hafa margir þeirra aðgerðaaðstöðu á sjúkrahúsinu.

Tafla 3.8 Fjöldi aðkomusérfræðinga árið 1994

Tegund sérgreinar	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupst.	Selfoss
Lýtalækningar		1		1
Bæklunarlækningar			1	
H.N.E.-lækningar			1	1
Augnlækningar	1	1		
Lyflækningar		1		
Kvensjúkdómar			1	
Þvagfæraskurðlæknir	1			
Svæfingar		1		

Við mat á starfsemi sjúkrahúsanna fjögurra, þ.e. þeirri sjúkrahúspjónustu sem veitt er á hverjum stað, er fyrst og fremst hægt að líta á það starf sem framkvæmt er af þeim sérfræðingum sem þar starfa. Ríkisendurskoðun hefur metið umfang þeirrar vinnu sérfræðinganna sem hægt er að mæla og meta til eininga, þ.e. vinnu þeirra á skurðstofu, hvort sem er á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Starf þjónustudeilda þ.e. röntgendeildar og rannsóknastofu gefur enn fremur vísbendingu um umfang þeirrar starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsinu. Þá

vinnu hefur ekki verið hægt að meta til eininga og umfangið því aðeins mælt í fjölda verka.

Tafla 3.9 Starfsemi sjúkrahúsa árið 1994

Starfsemi sjúkarhúsa	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupst.	Selfoss
Fjöldi innlagna	1.175	810	647	1.191
Handlæknisverk innan spítala	37.640	9.851	11.566	22.260
Sýnatökur og speglanir í ein.	3.926	1.303	1.832	3.888
Aðgerðir/meðferðir í ein.	33.714	8.548	9.734	18.372
Svæfingar og deyfingar í ein.	-	-	-	-
Handlæknisverk utan spítala	84.981	22.689	1.724	37.197
Sýnatökur og speglanir í ein.	23.755	5.277	552	7.408
Aðgerðir/meðferðir í ein.	28.976	7.890	987	12.062
Svæfingar og deyfingar í ein.	32.250	9.522	185	17.727
Handlæknisverk alls í ein.	122.621	32.540	13.290	59.457
Fjöldi fæðinga	281	105	42	185
Rannsóknir	32.373	20.231	12.729	25.740
Skópúr	303	159	53	125
Röntgenskoðanir	4.198	3.081	1.193	3.808
Ómskoðanir	255	122	130	796

Sjúkrahúspjónustan er umfangsmest á Sjúkrahúsi Suðurnesja. Þar eru læknisverkin flest hvort sem er á innliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala auk þess sem þar er veitt viðamesta þjónusta stoðdeilda af sjúkrahúsunum fjórum. Minnst er umfangið hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Læknisverk metin til eininga nema einungis 11% af fjölda læknisverka hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja. Hins vegar er þar starfandi lyflæknir svo og hjá sjúkrahúsinu á Selfossi og eru læknisverk þeirra ekki nema að litlum hluta metin. Auk þess virðist skráning heldur lélegri í Neskaupstað en á samanburðarstöðunum. Læknisverk sjúkrahússins á Selfossi nema 48,5% af læknisverkum sjúkrahússins í Keflavík og hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði er hlutfallið 26,6%.

Til að meta að einhverju marki álag á sjúkrahúsunum hjá læknum, við hjúkrun og umönnun og á stoðdeildum kannaði Ríkisendurskoðun fjölda verka á hvert stöðugildi hjá sjúkrahúsunum fjórum. Miðað var við einingafjölda læknisverka á skurðstofu eins og þau voru metin af Ríkisendurskoðun og þau borin saman við stöðugildi sérfræðinga og aðstoðarlækna með ákveðnum leiðréttingum sem gerð er nánari grein fyrir

í kafla 5.2.2. Tekið skal fram að inni í einingafjölda læknaverka eru enn fremur verk unnin af aðkomusérfræðingum enda vinna þeirra einnig metin til stöðugildis sbr. kafla 5.5.2. Fjöldi inniliggjandi sjúklinga á dag var metinn út frá legudögum ársins og borinn saman við stöðugildi hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, sjúkraliða og annars starfsfólks við umönnun. Upplýsingar um hjúkrunarþyngd lágu ekki fyrir. Fjöldi rannsókna á röntgendeild og rannsóknadeild hvort sem um var að ræða á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala var borinn saman við stöðugildi meinatækna, röntgentækna og aðstoðarfólks á þessum deildum. Ekki var gerður greinarmunur á því hvers eðlis rannsóknin var.

Tafla 3.10 Starfsemi sjúkrahúsa árið 1994

Starfsemi sjúkrahúsa	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupst.	Selfoss
Stöðugildi lækna	3,8	1,9	2,2	2,5
Einingafjöldi handlæknisverka	122.621	32.540	13.290	59.457
Einingafjöldi á stöðugildi	33.269	17.126	6.041	23.783
Stöðugildi hjúkrunar	45,60	33,00	28,30	59,45
Legudagar	18.014	10.891	9.230	22.238
Fjöldi sjúklinga á stöðugildi	1,08	0,90	0,89	1,02
Stöðugildi á röntgendeild	1,95	1,60	1,50	2,45
Rannsóknir alls	4.198	3.081	1.193	3.808
Rannsóknir á stöðugildi	2.153	1.929	795	1.554
Stöðugildi á rannsóknadeild	2,50	2,00	1,80	2,80
Rannsóknir alls	32.373	20.231	12.729	25.740
Rannsóknir á stöðugildi	12.949	10.116	7.072	9.193

Fjöldi verka miðað við hvert setið stöðugildi er mestur hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja hvar sem borið er niður. Að jafnaði má segja að álagið á starfsfólkið þar sé hvað mest borið saman við hin þrjú sjúkrahúsin. Handlæknisverk á hvert stöðugildi eru þar 40% fleiri en á því sjúkrahúsi þar sem þau eru næst flest og rúmlega fimmfalt fleiri en þar sem læknisverkin eru fæst. Álag við hjúkrun og umönnun virðist þar mest og sama á við um starfsemi röntgen- og rannsóknastofu sé miðað við fjölda rannsókna þar.

Sjúkrahús Suðurlands kemur þar á eftir ef tekið er mið af fjölda læknisverka á metið stöðugildi og fjölda sjúklinga á hvert stöðugildi við hjúkrun og umönnun. Á því sjúkrahúsi er mest um langlegu en sjúklingar í slíkri legu þurfa að jafnaði mikla umönnun. Fjöldi inniliggjandi sjúklinga á dag borið saman við stöðugildi við hjúkrun og umönnun er svipaður hjá fjórðungssjúkrahúsunum tveimur. Álag á starfsfólk á

röntgen- og rannsóknadeild er nokkru meira hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði en á þeim tveimur sem næst koma á eftir. Minnst er umfangið hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Gildir það jafnt um fjölda læknisverka metinna til eininga, fjölda sjúklinga á hvert stöðugildi við hjúkrun og umönnun og álag á röntgen- og rannsóknadeild.

Hvað kostar svo að reka þá starfsemi sem fram fer hjá sjúkrahúsunum fjórum? Ríkisendurskoðun lagði mat á kostnað sjúkrahúsanna fjögurra á legudag miðað við tegund legu fyrir árið 1994 og kemur sá samanburður fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 3.11 Kostnaður á legudag árið 1994

Fjárhæðir í kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupst.	Selfoss
Meðalkostnaður á legudag	18.720	22.011	21.068	12.378
Langlega	8.926	8.926	8.926	8.926
Langlega Víðihlíð	8.165			
Önnur lega	29.962	34.840	32.789	19.538

Meðalkostnaður á legudag er langlægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 12.378 krónur. Kostnaðurinn nemur 18.720 krónum hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, 21.068 krónum hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og 22.011 krónum hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

Hlutfall langlegu hjá Sjúkrahúsi Suðurlands af heildarfjölda legudaga er mun hærra er hjá hinum sjúkrahúsunum þremur eða 70% í samanburði við 50% en sú lega er að jafnaði mun ódýrari en skammtímalega og skýrir að hluta lágan meðalkostnað þess. Sama á við um sjúkrahúsið í Keflavík með tilkomu hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð.

Kostnaður við rekstur hjúkrunarrýma inni á sjúkrahúsum er ekki metinn sérstaklega á sama hátt og rekstur hjúkrunarrýma inni á stofnunum fyrir aldraða. Kostnaður við rekstur hjúkrunarrýma á stofnunum fyrir aldraða er metinn af daggjaldanefnd og greiddur af daggjöldum en rekstur hjúkrunarrýma á sjúkrahúsum er innifalinn í fjárveitingum til sjúkrahússins án þess að vera metinn sérstaklega. Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun ítreka þá skoðun sína að heilbrigðisyfirvöld ákvarði hvaða skilyrði sjúkrahús eða dvalarheimili þurfi að uppfylla til þau geti rekið hjúkrunarrými og meti hvað slík hjúkrunarrými skuli kosta. Greiðslum fyrir hjúkrunarrými yrði síðan hagað með sama hætti hvort sem um væri að ræða öldrunarstofnun eða almenna sjúkrastofnun.

Ef horft er á kostnað við aðra legu en langlegu er hann enn lægstur hjá sjúkrahúsinu á Selfossi eða 19.538 krónur. Kostnaðurinn við skammtímalegu nemur 29.962 krónum hjá sjúkrahúsinu í Keflavík, 32.789 krónum hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað og 34.840 krónum hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Lágur kostnaður hjá sjúkrahúsinu á Selfossi í samanburði við hin þrjú sjúkrahúsini eftir að búið er að taka tillit til langlegu skýrist af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi er kostnaður vegna langlegu að einhverju marki ofmetinn. Þetta á sérstaklega við um sjúkrahúsið á Selfossi þar sem legudagar í langlegu eru þar flestir og nýting á hjúkrunarfólki því betri en hjá hinum sjúkrahúsunum. Tekið hefur verið tillit til þessa hjá sjúkrahúsinu í Keflavík en þar eru legudagar hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð metnir á raunkostnaði eða 8.165 krónur á legudag. Í öðru lagi eru læknisverk sjúkrahússins á Selfossi nær helmingi færri en hjá því sjúkrahúsi sem er hvað sambærilegast þ.e. sjúkrahúsinu í Keflavík. Það gefur því auga leið að kostnaður þar hlýtur að vera lægri þar sem hvert unnið verk á skurðstofu eykur kostnað sjúkrahússins. Í þriðja lagi virðist sem rekstri sjúkrahússins á Selfossi sé að jafnaði hagkvæmara fyrirkomið en á hinum stöðunum og gildir þá einu hvaða þættir starfseminnar eru skoðaðir.

Við samanburð á kostnaði sjúkrahúsanna fjögurra vegna annarrar starfsemi en langlegu verður að hafa í huga að í raun er um að ræða tvo flokka sjúkrahúsa m.v. umfang starfseminnar þ.e. sjúkrahúsið í Keflavík og á Selfossi annars vegar og á Ísafirði og Neskaupstað hins vegar. Rekstur sjúkrastofnana eins og Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað er eðli málsins samkvæmt óhagkvæmur. Í þessu sambandi má nefna að þeim fjármunum sem varið er til þeirrar starfsemi er fram fer á sjúkrahúsinu á Ísafirði, þ.e. tiltölulega mörg læknisverk en hlutfallslega fáir legudagar í samanburði við hin sjúkrahúsini, nýtast ekki sem skyldi. Þannig má telja öruggt að fjölgun legurýma í kjölfar opunar nýrrar öldrunar- og endurhæfingadeildar muni leiða til lægri meðalkostnaðar á legudag þrátt fyrir að kostnaður muni aukast að einhverju marki vegna aukinnar starfsemi.

Ríkisendurskoðun reyndi að leggja mat á kostnað við þá starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsunum og tengist skammtímalegu annars vegar og öldrunarþjónustu hins vegar í samanburði við þau verk sem unnin eru inni á viðkomandi sjúkrahúsi. Í því skyni var innlögnum og legudögum gefnar ákveðnar einingar á sama hátt og læknisverkum. Kemur sá samanburður fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 3.12 Kostnaður á verk metin í einingum árið 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupst.	Selfoss
Heildarkostnaður sjúkrahúss	307.510	226.070	188.451	262.535
Þ.a. öldrunarþjónusta	71.523	45.389	39.265	127.722
Þ.a. sjúkrahúsþjónusta	235.987	180.681	149.186	134.813
Verk í skammtímalegu í ein.	528.701	301.325	246.225	421.032
Kostnaður á einingu í kr.	446	600	606	320

Ef horft er á kostnað á verk vegna skammtímalegu metin í einingum kemur í ljós að kostnaðurinn er lægstur hjá sjúkrahúsinu á Selfossi eða 320 krónur, 446 krónur hjá sjúkrahúsinu í Keflavík, 600 krónur hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði og hæstur hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað eða 606 krónur. Þetta bendir til þess að því minna sem sjúkrahúsið er því verr nýtist þeir fjármunir og það starfsfólk sem þau hafa yfir að ráða. Nefna má sem dæmi að stoðdeildir sem og skurðstofur stærri sjúkrahúsanna ættu að nýtast betur þá daga sem þær eru opnar og vaktir hjúkrunarfræðinga í tengslum við þær. Þá eru fjórðungssjúkrahúsin þannig í sveit sett að þau verða að halda skurðstofum opnum allan sólarhringinn allt árið um kring með tilheyrandi kostnaði.

Draga má saman ástæður mismunandi kostnaðar sjúkrahúsanna fjögurra á eftirfarandi hátt:

- Stærð sjúkrahússins
- Hve hátt hlutfall langlega er af heildarfjölda legudaga viðkomandi sjúkrahúss.
- Að hvað miklu marki sjúkrahúsið sinnir eiginlegri sjúkrahúsvinnu m.v. einingafjölda læknisverka, hjúkrun og umönnun, umfang stoðdeildarvinnu o.þ.h.
- Hversu vel sjúkrahúsið getur nýtt það framlag sem það hefur til ráðstöfunar með þeim mannafla sem það hefur yfir að ráða.
- Hversu vel sjúkrahúsin eru að öðru leyti rekin en fjallað er um það í kaflanum hér á eftir.

Fjölmarginir aðrir þættir hafa enn fremur áhrif á þann kostnað sem hlýst af starfsemi sjúkrahúsanna og þá þjónustu sem þar er veitt. Má þar nefna þá stofnanþjónustu sem veitt er á starfssvæði sjúkrahúsins þ.e.

heilsugæslu- og öldrunarþjónustu, fjölbreytni þeirrar sérfræðiþjónustu sem stendur íbúum þess til boða og hversu mikið þeir leita sér þjónustu utan starfssvæðis. Í fimmta kafla þessarar skýrslu er fjallað nánar um þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er á starfssvæði þessara fjögurra sjúkrahúsa.

4. Rekstur sjúkrahúsanna

4.1 Afkoma sjúkrahúsa

Fjármagn til rekstrar sjúkrahúsanna fjögurra kemur einkum úr þremur áttum. Í fyrsta lagi er um að ræða bein framlög ríkissjóðs á fjárlögum til rekstrar viðkomandi sjúkrahúss. Í öðru lagi koma til framlög ríkissjóðs í gegnum lífeyris- og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins og loks í þriðja lagi er þar um að ræða kostnaðarpátttöku notenda þjónustunnar. Þá hafa sjúkrahúsin nokkrar sértekjur af starfsemi þjónustudeilda sinna s.s. eldhúss eða þvottahúss.

Fjármögnun á meiriháttar viðhalds- og stofnkostnaði greiðist af ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Þar kemur fram að hlutur ríkissjóðs skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað en framlag hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Meiriháttar viðhald og tækjakaup skal teljast stofnkostnaður en almennur viðhaldskostnaður greiðist sem rekstrarkostnaður. Samkvæmt heilbrigðislögunum skal heilbrigðisráðherra setja reglugerð með nánari skilgreiningu á hvað telst meiriháttar viðhaldskostnaður en slík reglugerð hefur ekki enn verið sett. Sjúkrahúsunum berst auk þess gjafafé sem einkum rennur til tækjakaupa.

Tafla 4.1 Tekjur sjúkrahúsa árið 1994

Tekjur 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík		Ísafjörður		Neskaupst.		Selfoss	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Rekstrartekjur								
Framlög ríkissjóðs	236.155	81,9	175.454	82,9	187.580	89,9	215.369	86,4
Rekstur	205.655	71,3	169.525	80,1	162.080	77,7	213.769	85,8
Viðhald og tæki	0	0,0	3.914	1,8	2.500	1,2	1.600	0,6
Annað	30.500	10,6	2.015	0,9	23.000	11,0	0	0,0
Framlög sveitarfélaga	1.123	0,4	408	0,2	441	0,2	0	0,0
Tekjur deilda	44.877	15,6	31.868	15,1	18.865	9,0	31.332	12,6
Aðrar tekjur	6.087	2,1	3.959	1,9	1.754	0,9	2.395	1,0
Rekstrartekjur alls	288.242	100,0	211.689	100,0	198.890	100,0	249.097	100,0

Bein framlög ríkisins á fjárlögum fjármagna að langstærstum hluta kostnað við rekstur sjúkrahúsanna þriggja eða sem svarar til milli 80-90% af heildartekjum sjúkrahúsanna. Tekjur stoðeilda s.s. rannsóknastofu og röntgendeildar, slyastofu og göngudeildar auk tekna þjónustudeilda s.s. eldhúss og þvottahúss nema á hinn bóginn milli 10-15% af rekstrartekjum sjúkrahúsanna.

Framlög fjárlaga byggja annars vegar á áætlun á launalið sjúkrahúsanna og hins vegar á áætlun á rekstrarlið þeirra. Launaáætlunin er miðuð út frá heimiluðum fjölda stöðugilda viðkomandi sjúkrahúss að viðbættu ákveðnu kostnaðarmati fyrir hverja starfsstétt sem fela á í sér launatengd gjöld, afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.fl. Rekstrargjöld sjúkrahúsa eru áætluð með hliðsjón af rekstrargjöldum síðastliðinna ára, auk þess sem taka á tillit til breyttra aðstæðna sjúkrahúsa ef um það er að ræða. Að mati Ríkisendurskoðunar eiga fjárveitingar á fjárlögum að miðast fyrst og fremst við þá þjónustu sem veitt er af viðkomandi sjúkrahúsi og heimiluð er af heilbrigðisfyrvöldum.

Starfsemi sjúkrahúsanna fjögurra er hagað með nokkuð mismunandi hætti eins og fram hefur komið hér að framan. Samanburður á niðurstöðu rekstrarreikninga sjúkrahúsanna lýsir að nokkru umfangi rekstrarins.

Tafla 4.2 Rekstrarkostnaður sjúkrahúsa árið 1994

Gjöld 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík		Ísafjörður		Neskaupst.		Selfoss	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Rekstrargjöld								
Laun og tengd gjöld	201.961	65,7	154.342	68,3	137.855	69,3	195.957	74,6
Vörukaup, almenn	26.108	8,5	25.777	11,4	19.718	9,9	28.963	11,0
Vörukaup, sérgreind	20.087	6,5	15.289	6,8	12.132	6,1	19.748	7,5
Þjónusta I	25.812	8,4	11.777	5,2	9.245	4,6	13.391	5,1
Þjónusta II	17.746	5,8	12.247	5,4	11.806	5,9	3.209	1,2
Opinb.og fjárm.gjöld	5.109	1,6	2.810	1,2	4.501	2,3	1.268	0,5
Áhalda- og tækjakaup	5.634	1,7	3.828	1,7	3.633	1,8	0	0,0
Óreglulegur kostnaður	5.053	1,8	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Rekstrargjöld alls	307.510	100,0	226.070	100,0	198.890	100,0	262.535	100,0

Eins og sést á töflunni hér að framan er rekstur Sjúkrahúss Suðurnesja viðamestur enda mesta starfsemin sem þar fer fram sé tekið mið af fjölda læknisverka. Minnstu umsvifin eru aftur á móti á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað en þar eru læknisverkin fæst. Þannig helst rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna fyrst og fremst í hendur við

þá eiginlegu sjúkrahúsvinnu sem þar fer fram en ekki eingöngu fjölda legudaga eða fjölda setinna stöðugilda.

Laun og launatengd gjöld er langstærsti hluti rekstrargjalda hjá sjúkrahúsum almennt. Af sjúkrahúsunum fjórum vega laun og tengd gjöld þyngst hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 74,6%. Hlutfallið er nokkuð lægra hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað eða 69,3%, litlu lægra hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði eða 68,3% og einna lægst hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja eða 65,7%.

Ríkisendurskoðun kannaði hver væri skipting launa annars vegar milli starfsstétta innan sjúkrahúsanna fjögurra og hins vegar milli launategunda. Upplýsinga var annars vegar aflað úr bókhalds- og áætlunarkerfi ríkisins og hins vegar úr bókhaldi viðkomandi sjúkrahúss. Upplýsingar kerfanna sýndu ekki alfarið sömu niðurstöðu og skýrist mismunurinn einkum af bókun á hlutdeild heilsugæslustöðvar í launakostnaði sjúkrahúss.

Skipting launa án launatengdra gjalda eftir starfsstétum innan sjúkrahúsanna fjögurra var eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 4.3 Skipting launa starfsstétum árið 1994

Gjöld 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík		Ísafjörður		Neskaupst.		Selfoss	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Læknar	22.269	12,9	19.615	14,3	20.325	16,8	18.022	10,2
Hjúkrunarfræðingar	36.113	21,0	32.625	23,8	27.965	23,2	37.812	21,5
Ljósmeður	15.532	9,0	7.229	5,3	4.275	3,5	12.688	7,2
Sjúkraliðar	35.773	20,8	15.168	11,0	21.408	17,7	40.622	23,1
Meinataeknar	5.642	3,3	4.911	3,6	3.310	2,7	5.691	3,2
Röntgentæknar	3.554	2,1	5.311	3,9	2.482	2,1	5.269	3,0
Sjúkraþjálfarar	161	0,1	2.670	2,0	4.164	3,5	0	0,0
Starfsstúlkur	7.620	4,4	9.453	6,9	8.133	6,7	18.815	10,7
Annað starfsfólk	45.347	26,4	40.109	29,2	28.716	23,8	37.054	21,1
Laun alls	172.011	100,0	137.091	100,0	120.778	100,0	175.973	100,0

Laun heilbrigðisstarfsfólks að meðtöldum launum starfsstúlkna eru milli 70-80% af launakostnaði án launatengdra gjalda hjá stofnunum fjórum. Hlutfallið er hæst hjá Sjúkrahúsi Suðurlands 78,9% en lægst hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði 70,8%. Laun annars starfsfólks er milli 20-30% af heildarlaunum sjúkrahúsanna.

Laun lækna eru hlutfallslega hæst af heildarlaunagjöldum hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað eða 16,8% en lægst hjá Sjúkrahúsi

Suðurlands 10,2%. Laun hjúkrunarfræðinga eru að jafnaði 22% af heildalaunum hjá sjúkrahúsum fjórum en hlutfall launa sjúkraliða annars vegar og launa starfsstúlkna hins vegar af heildarlaunum eru verulega mismunandi milli sjúkrahúsanna. Samtals er hlutfall launa sjúkraliða og starfsstúlkna allt frá 17,9% af heildarlaunum eins og á sjúkrahúsinu á Ísafirði upp í 33,8% eins og gerist hjá sjúkrahúsinu á Selfossi. Fer þetta hlutfall einkum eftir því hve mikilli öldrunarþjónustu er sinnt inni á sjúkrahúsinu.

Skipting launa eftir tegundum var eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 4.4 Skipting launa eftir tegund árið 1994

Gjöld 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík		Ísafjörður		Neskaupst.		Selfoss	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Föst laun	112.787	55,8	79.265	51,3	74.285	53,9	110.623	56,5
Yfirvinna	46.042	22,8	34.817	22,6	25.929	18,9	41.054	21,0
Álagsvinna	20.711	10,3	21.692	14,0	19.903	14,4	21.235	10,8
Önnur laun	139	0,1	2.255	1,5	2.821	2,0	265	0,1
Launatengd gjöld	22.282	11,0	16.313	10,6	14.917	10,8	22.779	11,6
Laun og tengd gjöld	201.961	100,0	154.342	100,0	137.855	100,0	195.956	100,0

Samsetning launa er nokkuð svipuð milli sjúkrahúsanna fjögurra. Að meðaltali er hlutfall dagvinnulauna um 55% af heildarlaunum þeirra. Hlutfallið er hæst hjá Sjúkrahúsi Suðurlands 56,5% en lægst hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 51,3%. Yfirvinnu- og álagsgreiðslur eru að jafnaði milli 30-35% af heildarlaunum hjá sjúkrahúsum fjórum. Eins og vænta mátti eru þau lægst hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 31,8% en hæst hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði eða 36,6%. Þessi niðurstaða er í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá sjúkrahúsum að svipaðri stærð og Ríkisendurskoðun hefur athugað. Hátt hlutfall dagvinnulauna hjá sjúkrahúsum í Keflavík og á Selfossi ætti að öðru jöfnu að þýða lægri launakostnað hjá þessum tveimur stofnunum í samanburði við hinar. Þessum stofnunum hefur gengið betur að manna í heimilaðar stöður hjúkrunarfræðinga og því er þar unnin minni yfirvinna. Þetta bendir enn fremur til þess að sjúkrahúsin á Ísafirði og Neskaupstað þurfi í ríkari mæli að beita yfirborgunum til að fá starfsfólk til starfa til frambúðar.

Laun og launatengd gjöld sjúkrahúsanna fjögurra hækkuðu alls um 53,0 milljónir króna milli árana 1992 og 1994 eða sem svarar til 11,5% að raunvirði. Hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja nam hækkunin 14,6%, 8,8% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands, 7,8% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og 0,3% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram af hálfu forráðamanna sjúkrahúsanna að hækkanir þeirra kjarasamninga sem gerðir voru við heilbrigðisstéttirnar af hálfu ríkisins hafa ekki verið bættar að fullu í fjárveitingum til þeirra. Ríkisendurskoðun tekur undir þá gagnrýni og beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að launabætur verði í fullu samræmi við gerða kjarasamninga. Að öðrum kosti er í raun verið að gera sjúkrahúsunum að skera niður aðra starfsemi sína til að mæta sammingsbundnum launagreiðslum.

Á undanförunum þremur árum hefur orðið nokkur aukning á rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna. Á árinu 1992 námu heildargjöld sjúkrahúsanna fjögurra 899,4 milljónum króna en á árinu 1994 námu þau 995,0 milljónum króna. Síðastliðin þrjú ár hafa því heildargjöld þeirra aukist um 10,6% að raunvirði. Aukningin nam 21,4% hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, 8,7% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, 4,3% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og 6,0% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands.

Sé tekið mið af heildargjöldum sjúkrahúsanna að frádregnum sértekjum þeirra jukust þau um 12,1% af raunvirði á þessu sama árabili. Gjöld að frádregnum sértekjum námu 759,9 milljónum króna á árinu 1992 en 851,9 milljónum króna á árinu 1994. Aukningin nam 29,2% hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, 9,3% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, 3,8% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og 5,4% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands. Að þessu má ráða að sértekjur eru lægri á árinu 1994 í samanburði við árið 1992. Á þetta sérstaklega við Sjúkrahús Suðurnesja og Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Á sama árabili var áformað að fjárframlög ríkisins ykjast um 1,7% á föstu verðlagi. Á árinu 1992 námu fjárveitingar ríkisjóðs 778,9 milljónum króna en 791,9 milljónum króna á árinu 1994. Þá er ekki tekið tillit til 23,0 milljóna króna fjárveitingar á fjárukalögum til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað til að mæta hallarekstri undangenginna ára. Fjárveitingar til Sjúkrahúss Suðurnesja jukust um 11,3% en drógust aftur móti saman hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði um 2,1% og hjá Sjúkrahúsi Suðurlands um 3,2%. Fjárveitingar til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað voru óbreyttar milli áranna 1992 og 1994 að frátalinni hinni sérstöku fjárveitingu.

Útgjaldaþróun sjúkrahúsanna hefur því orðið talsvert önnur en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Að mati Ríkisendurskoðunar er skýringanna fyrst og fremst að leita í eftirfarandi atriðum:

- Auknum launagjöldum sjúkrahúsanna m.a í kjölfar kjarasamninga ríkisins við stéttir heilbrigðiskerfisins.
- Aukinni starfsemi sjúkrahúsanna sem ekki var gert ráð fyrir í fjárveitingum fjárlaga hvort sem heimild var fyrir því að auka starfsemi þeirra eða ekki.
- Farið var í framkvæmdir vegna viðhalds eða annarra verkefna á vegum yfirstjórnenda sjúkrahúss án nauðsynlegra heimilda.

Á þremur þessara sjúkrahúsa má greina verulega aukningu starfsemi þeirra ef miðað er við þá eiginlegu sjúkrahúsvinnu er þar fer fram s.s. aðgerðir, rannsóknvinnu og skylda starfsemi. Aukning kostnaðar hjá sjúkrahúsunum skýrist því einkum af aukinni starfsemi þeirra. Þannig hafa framlög ríkisins ekki hækkað í takt við þessa aukningu í veittri þjónustu sjúkrahúsanna. Þó gefur ekkert í starfsemi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað tilefni til aukningar á útgjöldum þess.

Hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja var opnuð á árinu 1992 14 rúma hjúkrunardeild sem nú telur 28 rúm. Starfsemi deildarinnar hefur reynst mun dýrari en ráð var fyrir gert þótt fjárveitingar ársins 1994 rúmi rekstur hennar. Enn fremur ákváðu stjórnendur sjúkrahússins án heimilda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að fjölga dögum á skurðstofu um einn á viku. Á þeim degi var ætlunin að gera einungis aðgerðir á göngudeildarsjúklingum og var markmiðið að þessi opnun stæði undir sér. Eins og fram kemur síðar í þessari skýrslu er ljóst að sú er ekki raunin.

Hjá sjúkrahúsi Suðurlands var ráðinn sérfræðingur í nýrri sérgrein til sjúkrahússins, með heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, í stað sérfræðings í sérgrein sem fyrir er á sjúkrahúsinu. Greinileg aukning var á starfsemi á eiginlegri sjúkrahúsvinnu í kjölfar þeirrar ráðningar, sem sjá mátti fyrir. Aukning á starfsemi sjúkrahússins hefur kostnað í för með sér og að mati Ríkisendurskoðunar hefði verið eðlilegra að áætla fyrir honum í fjárlagagerð fyrir árið 1994.

Hins vegar vill Ríkisendurskoðun benda á að brögð eru að því að stjórnendur sjúkrahúsa ráðist í framkvæmdir án nauðsynlegra fjárheimilda af hálfu fjárveitingavaldsins og er það ámælisvert ekki síst í ljósi þess hve slæm fjárhagsstaða sjúkrahúsanna er.

Tafla 4.5 Rekstrarafkoma sjúkrahúsa árið 1994

Afkoma 1994	Keflavík		Ísafjörður		Neskaupst.		Selfoss	
Fjárhæðir í þ.kr.	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Rekstrarafkoma								
Rekstrarafkoma	-19.268	6,7	-14.381	6,8	-13.250	7,1	-13.438	5,4

Síðastliðin ár hefur hallarekstur sjúkrahúsa verið regla fremur en undantekning. Samanburður Ríkisendurskoðunar á framlögum til rekstrar sjúkrastofnana á árinu 1995 við kostnað þeirra árið 1994 sýndi fjárvöntun að fjárhæð 651 milljón króna sem ná átti fram með niðurskurði á rekstri þeirra á árinu 1995. Að mati heilbrigðisyrvalda nemur áætluð fjárvöntun sjúkrastofnana 400 milljónum króna á þessu ári sem sýnir það að fyrirhugaður sparnaður næst ekki fram að ganga að öllu leyti.

Þrátt fyrir að kenna megi ómarkvissri stjórnun og ónægri aðhaldssemi einhverju leyti um slæma afkomu sjúkrahúsa vega þau atriði ekki það þungt að þau skýri allan hallarekstur þeirra. Þrátt fyrir að hagræða megi í rekstri sjúkrahúsa telur Ríkisendurskoðun tímabært að stjórnvöld horfist í augu við það hvað kosti að reka slíka starfsemi sem veitt er af sjúkrahúsunum á landsbyggðinni eða taki þá ákvörðun að þessari þjónustu sé betur fyrirkommið annars staðar eða með öðrum hætti.

Ríkisendurskoðun ítrekar þá skoðun sína að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skilgreini hlutverk einstakra sjúkrahúsa, hvaða verksvið það eigi að hafa og ákvarða hvaða þjónustu það eigi að veita. Fjárveitingar fjárlaga verði þannig miðaðar við þá starfsemi sem fram fer á viðkomandi sjúkrahúsi.

Hér á eftir verða bornar saman þjónustudeildir sjúkrahúsanna fjögurra þ.e.a.s. skrifstofa, eldhús, umsjón og viðhald fasteigna, þvottahús og ræsting. Samanburðurinn varðar fyrst og fremst kostnaðinn við rekstur þeirra og er starfsemi deildanna að einhverju marki metin.

4.2 Skrifstofuhald

Skrifstofuhaldi er hagað með nokkuð svipuðum hætti hjá sjúkrahúsunum fjórum. Á öllum stöðunum er skrifstofuhald sameiginlegt fyrir sjúkrahús og þá heilsugæslustöð er það er í starfstengslum við. Auk þess annast Sjúkrahús Suðurnesja skrifstofuhald fyrir heilsugæslustöðvarnar í Grindavík, Sandgerði og Vogum og Sjúkrahús Suðurlands þjónustar meðferðarheimilið að Sogni.

Hlutverk skrifstofanna er að sjá um fjármálalegan rekstur stofnanna. Á hverri skrifstofu vinna framkvæmdastjóri, bókari og launafulltrúi og er skipting verkefna með nokkuð hefðbundnum hætti á milli þeirra. Framkvæmdastjórnir sjá um daglegan rekstur stofnanna, fjármálastjórn, áætlanagerð og allt fjármálalegt eftirlit með rekstrinum. Bókarar stofnanna sjá um færslu bókhaldsins, afstemmingar og rekstraruppgjör og launafulltrúarnir hafa umsjón með öllum launamálum ásamt ýmsum fleiri störfum. Auk þess eru til staðar skrifstofumaður og ritari á stærri skrifstofunum sem sjá þá um meðferð sértekna og aðra almenna skrifstofuvinnu.

Í meðfylgjandi töflu koma fram upplýsingar um kostnað við skrifstofuhald sjúkrahúsanna á árinu 1994.

Tafla 4.6 Skrifstofu- og upplýsingakostnaður árið 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Laun og launatengd gjöld	10.444	9.590	6.109	7.347
Annar skrifstofukostnaður	4.471	1.750	1.355	1.060
Tækjakaup	381	0	313	0
Skrifstofukostnaður	15.296	11.340	7.777	8.407

Launagjöld eru stærsti hluti kostnaðar við skrifstofuhald. Stöðugildi á skrifstofu eru 4,2 hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja og sitja þau sex starfsmenn. Þ.e. framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri, launafulltrúi, skrifstofumaður og tveir ritarar. Hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði eru 3,0 stöðugildi og sitja þau jafnmargir starfsmenn þ.e. framkvæmdstjóri, launafulltrúi og skrifstofumaður. Hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað starfa fjórir starfsmenn í 3,0 stöðugildum; framkvæmdastjóri, bókari, launafulltrúi og gjaldkeri. Fjórir starfsmenn; framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri, launafulltrúi og skrifstofumaður starfa á skrifstofu Sjúkrahúss Suðurlands í 3,0 stöðugildum.

Tafla 4.7 Starfsmenn og stöðugildi árið 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Setin stöðugildi á skrifstofu	4,2	3,0	3,0	3,0
Fjöldi starfsmanna á skrifstofu	6	3	4	4
Fjöldi starfsmanna stofnana	197	92	93	204
Setin stöðugildi stofnana	123,65	82,35	59,10	141,98

Verulegar mannabreytingar hafa orðið á skrifstofu Fjórðungs-sjúkrahússins á Ísafirði og skýrir það háan launakostnað skrifstofunnar en hár launakostnaður á skrifstofu sjúkrahússins á Selfossi er vegna þess að uppgjör á orlofi við fyrrverandi framkvæmdastjóra þess er þar innifalinn.

Annar skrifstofukostnaður felur í sér allan almennan skrifstofukostnað, kostnað við bókhaldsaðstoð, aðkeypta tölvuþjónustu og þess háttar kostnað. Hár kostnaður Sjúkrahúss Suðurnesja skýrist m.a. af kostnaði við úttekt ráðgjafafyrirtækis á skrifstofu og stjórnskipulagi sjúkrahússins. Nam þessi kostnaður 1.005 þúsundum króna og fellur undir annan skrifstofukostnað.

Við samanburð á kostnaði við skrifstofuhald hjá sjúkrahúsunum fjórum hefur verið tekið tillit til óreglulegra gjalda hjá skrifstofum sjúkrahúsanna í Keflavík, á Ísafirði og Selfossi auk þess sem eignakaup eru frátalin.

Tafla 4.8 Rekstur skrifstofu

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Skrifstofukostnaður	13.910	8.670	7.464	7.487
Velta sjúkrahúss	307.510	226.070	198.890	262.535
Velta heilsugæslu	101.838	45.240	17.264	35.444
Velta annarra stofnana	0	0	0	76.229
Velta alls	409.348	271.310	216.154	374.208
Skrifstofukostnaður í % af veltu	3,40%	3,20%	3,45%	2,25%

Kostnaður við skrifstofuhald sem hlutfall af veltu er sýnu lægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 2,25% og sýnir augljósa hagkvæmni þess að reka eina skrifstofu fyrir þrjár sjálfstæðar stofnanir. Kostnaður hinna þriggja skrifstofanna er nokkuð svipaður. Þrátt fyrir stærð skrifstofu Sjúkrahúss Suðurnesja og það að hún sér um bóhald tveggja heilsugæslustöðva auk sjúkrahússins virðist hún ekki ná sömu hagkvæmni

og skrifstofa sjúkrahúss Suðurlands sem bendir til þess að hagræða þurfi í rekstri skrifstofunnar.

Á öllum fjórum sjúkrahúsanna hefur kostnaður við skrifstofuhald sem hlutfall af veltu stofnanna farið lækkandi undanfarin þrjú ár. Þannig hefur hagkvæmni skrifstofuhaldsins aukist samfara auknum umsvifum viðkomandi sjúkrahúss eins og raunin er hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja og Sjúkrahúsi Suðurlands.

Það innra eftirlit sem skapast af aðskilnaði starfa bókara og gjaldkera er ekki fyrir hendi á skrifstofu Sjúkrahúss Suðurnesja. Þar gegnir sami starfsmaður störfum bókara og gjaldkera Ríkisendurskoðun getur ekki unað slíku fyrirkomulagi, sérstaklega í ljósi þess að fjöldi starfsmanna á skrifstofu er meiri en svo að þörf sé á því að þessi störf séu á einni hendi. Ber því að aðskilja þessi störf.

Ríkisendurskoðun bendir á að skilvirkni bókhalds er ekki sem skyldi hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Sjá þarf til þess að reikningar sem berast sjúkrahúsinu séu færðir strax til bókar og að bókhaldið sé uppfært með reglubundnum hætti. Að öðrum kosti gefur bókhaldið ekki rétta mynd af stöðu þess á hverjum tíma.

Nokkuð skortir á að rekstraráætlanir séu gerðar fyrir sjúkrahúsin í heild sinni eða einstakar rekstrareiningar innan þess. Ríkisendurskoðun bendir á nauðsyn þess að rekstraráætlanir séu gerðar fyrir sjúkrahúsin í heild og einstakar deildir þess og að þeim sé skipt niður á mánuði þannig að forsvarsmenn sjúkrahússins svo og yfirmenn viðkomandi deilda geti fylgst með hvort að reksturinn sé í samræmi við áætlanir.

4.3 Rekstur eldhúss

Á öllum fjórum sjúkrahúsunum er rekið eldhús sem sér um framleiðslu á fæði fyrir sjúklinga, starfsmenn og aðra utan sjúkrahússins er kaupa þjónustu þess. Hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja eru reyndar starfrækt tvö eldhús og er annað þeirra hjá sjúkrahúsinu í Keflavík en hitt í Víðihlíð, hjúkrunardeild sjúkrahússins í Grindavík.

Kostnaður við rekstur eldhúss hjá sjúkrahúsunum fjórum og tekjur af fæðissölu þeirra var eins og fram kemur í töflu 4.9 á árinu 1994. Kostnaður og tekjur af rekstri eldhúsanna tveggja hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja í Keflavík og Grindavík hefur verið sameinaður.

Tafla 4.9 Kostnaður og tekjur af rekstri eldhúss

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Tekjur:				
Starfsmannamötuneyti	3.398	2.200	1.429	2.570
Útselt fæði	4.889	4.521	544	3.157
Aðrar tekjur	0	334	0	23
Samtals	8.287	7.055	1.973	5.751
Kostnaður:				
Laun og launatengd gjöld	16.134	10.560	11.618	12.783
Hráefni	14.891	9.161	8.675	16.386
Annar kostnaður	1.564	1.525	1.049	3.124
Samtals	32.589	21.246	21.342	32.293
Gjöld umfram tekjur	24.302	14.191	19.369	26.542

Tekjur af fæðissölu koma annars vegar frá starfsmönnum og hins vegar frá félagsmálastofnun viðkomandi kaupstaðar eða bæjar vegna fæðissölu til ellilífeyrisþega en í mismiklum mæli þó. Hlutfallslega hæstu tekjurnar eru hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði eða 33,2% af kostnaði við matargerð. Hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja er hlutfallið 25,4%, 17,8% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands og 9,2% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Rekstrarfyrirkomulag eldhúsa er nokkuð svipað hjá sjúkrahúsunum fjórum. Framreitt er fyrir sjúklinga morgunmatur, heitur hádegisverður, miðdegiskaffi, kvöldverður og kvöldkaffi. Fyrir starfsmenn er einkum framreiddur morgun- og hádegisverður auk kvöldverðar fyrir það starfsfólk sem gengur kvöld- og næturvaktir. Eingöngu er selt út fæði til félagsmálastofnunar viðkomandi kaupstaðar til ellilífeyrisþega og er þar fyrst og fremst um að ræða heitan hádegisverð. Þó sér Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði auk þess alfarið um framleiðslu á fæði fyrir þjónustudeild öldrunarstofnunarinnar Hlífar.

Rekstrarkostnaður eldhúss helst að nokkru í hendur við umsvif þess við matargerð. Þannig er kostnaður við matargerð hjá sjúkrahúsinu í Keflavík og sjúkrahúsinu á Selfossi hæstur enda framleiddur mestur fjöldi máltíða á þessum sjúkrahúsu. Kostnaðurinn er mun lægri hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði og sjúkrahúsinu í Neskaupstað sem framleiða mun færri máltíðir en hin tvö fyrrnefndu.

Forstöðumaður eldhúss er matráðsmaður hjá þremur sjúkrahúsanna en hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað er ráðskona yfirmaður þess. Á flestum

stöðum eru gengnar tvær vaktir en vaktafyrirkomulag er að öðru leyti nokkuð mismunandi á milli sjúkrahúsanna. Í eldhúsi sjúkrahúss Suðurnesja gengur starfsfólkið einungis eina vakt en starfsfólk í býtibúri gengur tvær vaktir en það er ekki meðtalið í kostnaði við rekstur eldhússins. Launakostnaður sem hlutfall af heildarkostnaði við matargerð nam 54,4% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, 49,7% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, 49,5% hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja og 40,0% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands.

Innkaupum er hagað þannig að keypt er inn þar sem hagkvæmast þykir hverju sinni. Nokkuð er keypt í gegnum ríkiskaup en að öðru leyti er reynt að afla hagstæðra tilboða. Starfsfólk eldhússins á sjúkrahúsinu á Selfossi og sjúkrahúsinu í Neskaupstað vinnur sjálft þær kjötvörur sem þarf til matreiðslunnar en í eldhúsum sjúkrahúsanna í Keflavík og á Ísafirði eru kjötvörur keyptar fullunnar. Í eldhúsunum fjórum er sinnt öllum bakstri öðrum en brauðbakstri. Hráefniskostnaður sem hlutfall að heildarkostnaði við matargerð er hæstur hjá sjúkrahúsinu á Selfossi eða 50,7%. Hlutfallið er 45,7% hjá sjúkrahúsinu í Keflavík, 43,1% hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði og 40,6% hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Samanburður á rekstri eldhúsa sjúkrahúsanna fjögurra á árinu 1994 var eftirfarandi:

Tafla 4.10 Kostnaður og tekjur af rekstri eldhúss

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Velta sjúkrahúss	307.510	226.070	198.890	262.532
Rekstur eldhúss	24.302	14.191	19.393	26.542
Rekstur eldhúss í % af veltu	7,9%	6,3%	9,8%	10,1%
Legudagar almennir	16.427	10.271	12.881	21.209
Rekstur eldhúss á legudag	1.479	1.382	1.505	1.251
Setin stöðugildi í eldhúsi	10,23	6,37	7,5	8,54
Fjöldi máltíða á stöðugildi	7.625	10.203	6.916	9.621
Kostnaður við matargerð	32.589	21.246	21.342	32.293
Fjöldi máltíða	78.008	64.996	51.874	82.163
Meðalkostnaðarverð máltíðar	418	327	411	393

Tafla 4.10

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
--	----------	------------	--------------------	---------

Fæðissala til starfsmanna	3.398	2.200	1.429	2.570
Setin stöðugildi alls	123,65	82,35	59,10	114,19
Fæðissala á stöðugildi	27.481	26.715	24.179	22.506
Fæðissala í % af hráefnisk.	22,8%	24,0%	16,5%	15,7%

Rekstrarkostnaður eldhúss að frádregnum tekjum sem hlutfall af heildargjöldum sjúkrahúss er hæstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands 10,1% en lægstur hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 6,3%. Hlutfallið hefur verið nokkuð svipað hjá sjúkrahúsunum fjórum undanfarin þrjú ár

Ríkisendurskoðun kannaði hvert væri meðalkostnaðarverð máltíðar hjá sjúkrahúsunum fjórum. Upplýsingar lágu fyrir hjá sjúkrahúsinu á Selfossi og sjúkrahúsinu á Ísafirði um fjölda máltíða vegna sjúklinga og starfsmanna og eru þær upplýsingar notaðar. Hjá sjúkrahúsinu í Keflavík og sjúkrahúsinu í Neskaupstað var fjöldi máltíða vegna sjúklinga áætlaður þannig að miðað var við að fjöldi máltíða á legudag væru þrjár að undanskildum komudegi á sjúkrahús og legudögum nýbura. Fjöldi máltíða starfsmanna var áætlaður út frá innheimtum matarmiðum eða öðrum upplýsingum forstöðumanna eldhúsa. Á öllum sjúkrahúsunum fjórum lágu fyrir upplýsingar um fjölda útseldra máltíða. Miðað við þessar forsendur var meðalkostnaðarverð máltíðar lægst hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði eða 327 krónur, 393 krónur hjá sjúkrahúsinu á Selfossi og 411 krónur hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað og 418 krónur hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja.

Nokkur munur er á meðalkostnaðarverði máltíða hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði þar sem hún er ódýrust og hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja þar sem hún er dýrust sem bendir til þess að talsvert óhagræði sé af því að reka tvö eldhús fyrir eina stofnun. Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun benda á að við samanburð á rekstri eldhúsanna tveggja hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja kom í ljós að rekstur eldhússins í Víðihlíð virðist vera mun hagkvæmari en rekstur eldhússins hjá sjúkrahúsinu í Keflavík. Þannig er meðalkostnaðarverð máltíðar 449 krónur í eldhúsi sjúkrahússins í Keflavík en 352 krónur hjá eldhúsinu í Víðihlíð. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að eldhúsið í Víðihlíð framleiðir hlutfallslega mun fleiri máltíðir en eldhús sjúkrahússins í Keflavík.

Á öllum sjúkrahúsunum að undanskyldu sjúkrahúsinu í Keflavík hefur verið boðið upp á hlaðborð á morgnana fyrir starfsfólk. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að starfsfólki sjúkrahúsa verði boðið upp á einfaldan morgunverð eins og tíðkast annars staðar hjá ríkisstofnunum þar sem morgunverður er framreiddur. Slík tilhögun myndi minnka vinnu

starfsfólks eldhússins, lækka kostnað við matargerð og því leiða til aukinnar hagræðingar.

Samanburður á tekjum af fæðissölu til ellilífeyrisþega hjá sjúkrahúsinu í Keflavík, sjúkrahúsinu á Ísafirði og sjúkrahúsinu í Neskaupstað í hlutfalli af heildarkostnaði við matargerð og fjölda útseldra máltíða í hlutfalli af heildarfjölda framleiddra máltíða sýndi að tekjur nægðu ekki fyrir kostnaði við matargerð. Hlutfallið var einna lægst hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði en hæst hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja. Enn fremur var meðalkostnaðarverð máltíða í þessum tilvikum hærra en það verð sem máltíðin var seld út á. Af þessu er ljóst að verðlagning máltíða til ellilífeyrisþega hjá sjúkrahúsunum þremur er nokkuð undir kostnaðarverði og leggur Ríkisendurskoðun því til að verð þessara máltíða verði hækkað til samræmis við raunverulegt kostnaðarverð.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna hjá sjúkrahúsunum fjórum námu mun lægra hlutfalli en fjöldi framleiddra máltíða fyrir starfsmenn af heildarfjölda framleiddra máltíða. Verðlagning máltíða til starfsmanna er þannig talsvert niðurgreidd eins og tíðkast hjá stofnunum ríkisins en venjan er sú að starfsmenn greiði a.m.k. hráefniskostnað máltíðarinnar. Enn fremur voru tekjur af matarsölu til starfsmanna í hlutfalli af hráefniskostnaði í öllum tilvikum lægri en þær ættu að vera. Hlutfallið var lægst hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað en hæst hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði og er það í samræmi við það hversu vel gengur að innheimta matarmiða af starfsfólki. Það er því mat Ríkisendurskoðunar að hækka þurfi verð á matarmiðum til starfsmanna svo að tekjur af þeim nægi til að greiða hráefniskostnað. Í þessu sambandi vill stofnunin benda á að ef morgunverður starfsmanna væri einfaldaður myndi hráefniskostnaður væntanlega lækka nokkuð og því e.t.v. ekki þörf á að hækka verð á matarmiðum til starfsfólks.

Eldhús sjúkrahúsanna sjá um veitingar í tengslum við stjórnarfundir, móttökur, kynningar og viðlíka atburði og fellur kostnaðurinn í þeim tilvikum á eldhúsið. Hjá sjúkrahúsi Suðurlands og Ísafjarðar hefur kostnaður vegna risnu í flestum tilvikum verið færður á þá deild sem um hana biður en svo hefur ekki verið raunin hjá hinum sjúkrahúsunum tveimur. Að mati Ríkisendurskoðunar ber að færa allan kostnað vegna risnu á viðeigandi kostnaðarstaði í bókhald sjúkrahúsanna.

Ríkisendurskoðun leggur á það áherslu að yfirmönnum þjónustudeilda, eins og eldhússins, séu reglulega send yfirlit yfir rekstur sinna deilda. Á þann hátt er þeim gert kleift að fylgjast með reglubundnum hætti

með kostnaði deildanna og hvað megi betur fara í rekstrinum auk þess sem kostnaðarvitund þeirra eykst og þeir verða þannig ábyrgari fyrir rekstri deildarinnar.

4.4 Umsjón og viðhald eigna

Fyrirkomulag á umsjón og viðhaldi eigna og tækja sjúkrahúsanna og þeirra heilsugæslustöðva er þeim tengjast er afar misjafnt. Þannig er misjafnt að hve miklu leyti þessi málaflokkur hvílir á herðum framkvæmdastjóra og hvort umsjónarmennirnir vinna sjálfir þau verk er til falla hjá stofnunum eða kaupa þá þjónustu að.

Hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja hefur einn starfsmaður umsjón með húseignum og tækjum stofnananna. Umsjónarmaðurinn sér að nokkru leyti um viðhald á tækjum stofnanna en að öðru leyti hafa í samvinnu við verkfræðistofu verið gerðir verksamningar við iðnaðarmenn s.s. pípulagningarmann, smið, málara, dúklagningarmann og rafvirkja sem sjá um að vinna þau verk er til falla á þessu sviði hjá sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni. Framkvæmdastjóri fer með yfirumsjón og stjórn viðhaldsmála hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði en við daglega umsjón og rekstur á eignum og tækjum stofnanna vinna tveir starfsmenn og sjá þeir að mestu um þau verkefni er þarf að sinna. Sama gildir hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Hjá Sjúkrahúsi Suðurlands starfa tveir starfsmenn og bera þeir alfarið ábyrgð á umsjón og viðhaldi eigna og tækja sjúkrahússins og er lítil sem engin vinna keypt að.

Til umsjónarkostnaðar telst allur kostnaður vegna reksturs og viðhalds fasteigna, tækja og áhalda stofnanna svo og þeirra íbúða sem leigðar eru út í nafni þeirra starfsmanna hvort sem stofnanirnar leigja þær eða eiga. Tekjur sem færðar eru undir umsjón eru framlög ríkis og sveitarfélaga vegna viðhalds og leigutekjur af af útleigðum íbúðum til starfsmanna. Samanburður á tekjum og kostnaði vegna umsjónar og viðhalds var eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 4.11 Tekjur og kostnaður vegna umsjóna og viðhalds

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Tekjur:				
Framlög v/viðhalds	8.855	2.619	2.941	0
Tekjur af húsaleigu	62	2.557	748	0
Samtals	8.917	5.176	3.689	0
Kostnaður:				
Laun	3.145	4.745	2.952	4.640
Gjöld af húsaleigu	811	4.486	1.609	88
Rekstur, viðhald eigna og tækja	14.219	14.606	9.588	9.707
Meiriháttar viðhaldskostnaður	8.551	2.942	8.500	0
Samtals	26.726	26.799	22.649	14.435
Kostnaður umfram tekjur	17.809	21.623	18.960	14.435

Framlög vegna viðhalds hjá sjúkrahúsinu í Keflavík og sjúkrahúsinu á Ísafirði sem veitt voru á árinu 1993 hafa verið færð á þau ár sem verkin voru unnin í sama hlutfalli og kostnaðurinn var bókfærður vegna framkvæmdanna árin 1993 og 1994.

Hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja annast umsjónarmaðurinn eignir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar í Keflavík, skrifstofuhúsnæði og íbúðir í Keflavík, hjúkrunardeild sjúkrahússins í Grindavík og heilsugæslustöðvar í Grindavík, Garði, Sandgerði og Vogum. Hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði annast umsjónarmenn eignir sjúkrahúss og heilsugæslu á Ísafirði, 5 læknisbústaði á Ísafirði og heilsugæslustöðvar á Suðureyri og Súðavík. Hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað annast umsjónarmaður eignir sjúkrahúss, heilsugæslu og læknisbústað. Loks hafa umsjónarmenn Sjúkrahúss Suðurlands eftirlit með eignum sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar og íbúða á Selfossi, meðferðarheimilisins að Sogni og heilsugæslustöðva á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Hjá sjúkrahúsinu í Keflavík hefur verið unnið að þremur stórum viðhaldsverkefnum síðastliðin tvö ár. Í fyrsta lagi var unnið að viðhaldi sjúkrahússins að utan og nam kostnaður þess verks 13,3 milljónum króna. Í öðru lagi var unnið að viðhaldi kjallara skrifstofuhúsnæðisins og nam kostnaður vegna þess 1,1 milljón króna. Fjárveiting til þessara framkvæmda nam 13,5 milljónum króna af hálfu ríkisins og hlutur sveitarfélaga nam því 2,4 milljónum króna. Í þriðja lagi voru gerðar breytingar innanhúss vegna tölvuvæðingar sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar og nam kostnaður vegna þess 620 þúsundum króna.

Hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði var unnið að breytingum á hitakerfi stofnunarinnar sem leiða átti til lækkunar á orkukostnaði þeirra. Heildarkostnaður við verkið nam 3,5 milljónum króna en fjárveitingar ríkis og sveitarfélaga námu 3,1 milljón króna. Fóru framkvæmdir því 0,4 milljónir króna fram úr fjárveitingum og voru þannig fjármagnaðar af almennu rekstrarfé sjúkrahússins.

Hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað var unnið að utanhússviðgerðum á sjúkrahúsinu og nam kostnaður þeirra 2,0 milljónum króna. Kostnaður við gólfviðgerðir hjá sjúkrahúsinu nam 1,7 milljónum króna og kostnaður við viðgerðir og endurbætur á loftræstikerfi þess nam 1,3 milljónum króna. Loks nam kostnaður við endurbætur læknisbústaðar um 3,5 milljónum króna á árinu 1994. Þannig nam kostnaður við framkvæmdir ársins alls 8,5 milljónum króna á árinu 1994. Fjárveitingar ríkis og sveitafélaga námu alls 2,9 milljónum króna og voru einungis veittar til viðgerða á sjúkrahúsinu utanhúss. Aðrar framkvæmdir voru þannig greiddar af rekstrarfé sjúkrahússins. Að mati Ríkisendurskoðunar er það ámælisvert að stjórnendur sjúkrahússins skuli fara út í framkvæmdir sem ekki er fjárheimild fyrir.

Ekki var unnið að meiriháttar viðhaldsverkefnum hjá sjúkrahúsinu á Selfossi á árinu 1994. Á árunum þar á undan var aftur á móti unnið að klæðningu sjúkrahússins að utan. Nam kostnaður vegna þeirra alls 14,6 milljónum króna og fóru framkvæmdir nokkuð fram úr fjárheimildum.

Tækjakaup hjá sjúkrahúsunum fjórum voru eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 4.12 Framlög og kostnaður vegna tækjakaupa árið 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Framlög til tækjakaupa	-1.124	-3.529	0	0
Tækjakaup	5.634	3.828	3.633	0
Kaup umfram framlög	4.510	299	3.633	0

Eins og sést á töflunni hér að framan voru tækjakaup hjá sjúkrahúsunum í Keflavík, á Ísafirði og Neskaupstað umfram framlög ríkis og sveitarfélaga og því fjármögnuð af almennu rekstrarfé sjúkrahúsanna. Tækjakaup sjúkrahúsanna sem fjármögnuð eru af gjafafé því sem þeim berst fara ekki í gegnum rekstrarreikninga þeirra en staða reiknings vegna gjafafjár er færð í efnahagsreikning sjúkrahússins í árslok. Þannig

ráðstafaði sjúkrahúsið á Selfossi 8,8 milljónum króna af gjafafé sínu sem nam 9,1 milljón króna til tækjakaup á árinu 1994. Ástæða þessa er einkum sú að þeim fjármunum sem sjúkrahúsin fá er oft á tíðum ekki ráðstafað á sama ári og gjafaféð berst og skekkir það því rekstrarreikning stofnunarinnar á því ári. Þó er gjafafé haldið alfarið utan ársreiknings Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði þ.e. tekjur af gjafafé koma ekki fram í rekstrarreikningi og óráðstafað gjafafé er ekki tilgreint í efnahagsreikningi í árslok eins og vera ber að mati Ríkisendurskoðunar.

Sjúkrahúsin fjögur leigja út húsnæði fyrir það starfsfólk sem kemur þar til tímabundinna starfa, einkum hjúkrunarfræðinga og lækna. Sjúkrahúsin eiga ýmist það húsnæði sem þau leigja út eða leigja það á almennum markaði og endurleigja síðan til starfsmanna sinna.

Eignir sjúkrahúsanna fjögurra og þeirra heilsugæslustöðva er þau tengjast voru eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 4.13 Eignir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva árið 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Fjöldi íbúða	3	5	1	4
Fermetrafjöldi	173,2	920,7	267	244,1
Brunabótamat	8.116	66.964	16.048	20.130

Sjúkrahús Suðurnesja á þrjár íbúðir sem eru í sama húsnæði og skrifstofa þess. Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Ísafirði eiga fjögur raðhús og eitt einbýlishús, sjúkrahúsið í Neskaupstað á einn læknisbústað og sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Selfossi á fjórar íbúðir.

Fjöldi íbúða sem sjúkrahúsin leigðu, fermetrafjöldi og leigugjöld voru eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 4.14 Leigðar íbúðir árið 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Fjöldi leigðra íbúða	1	13	5	0
Fermetrafjöldi	60	990	455	0
Leigugjöld	200	4.486	1.609	88
Leigugjöld á m ² á mánuði í kr.	417	378	295	0

Afar mismunandi er hve margar íbúðir sjúkrahúsin leigja. Þannig leigði sjúkrahúsið á Ísafirði 13 íbúðir og sjúkrahúsið í Neskaupstað 5 íbúðir á meðan sjúkrahúsið í Keflavík leigði eina og sjúkrahúsið á Selfossi

enga. Á tveimur fyrrnefndu stöðunum hefur einnig gengið erfiðlega að ráða fólk til starfa til frambúðar í samanburði við stærri sjúkrahúsin og því meiri þörf að þeirra mati að stofnanirnar hafi íbúðir til ráðstöfunar fyrir það starfsfólk sem kemur tímabundið til starfa.

Sjúkrahúsin leigja síðan eigin íbúðir og endurleigja íbúðirnar, sem þau leigðu, til starfsfólks sem kemur til lengri dvalar. Fjöldi þeirra, stærð og leigutekjur voru eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 4.15 Leigutekjur árið 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Fjöldi útleigðra íbúða	1	13	6	0
Fermetrafjöldi	-	990	455	0
Leigutekjur	62	2.557	743	0
Leigutekjur á m ² á mánuði í kr.	-	215	136	0

Íbúðir Sjúkrahúss Suðurnesja eru ekki leigðar út að staðaldri. Þess í stað hafa nokkrir einstaklingar haft afnot af einstökum herbergjum og sameinast um eldhús. Greiddar eru 100 krónur fyrir nóttina og er það fyrir kostnaði við þvott á rúmfatnaði. Fyrir þær íbúðir sem sjúkrahúsið á Ísafirði leigir og endurleigir til starfsmanna greiða leigutakar u.þ.b. 60% af þeirri leigu er sjúkrahúsið þarf að greiða. Hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað greiða leigutakar að jafnaði um 50% af leigugjöldum sjúkrahússins fyrsta árið. Húsaleigan fer síðan stíglækkandi og eftir 18 mánuði greiðir viðkomandi fulla leigu. Engar íbúðir voru leigðar og endurleigðar af Sjúkrahúsi Suðurlands á árinu 1994. Árin tvö þar á undan leigði sjúkrahúsið nokkrar íbúðir sem það endurleigði nýjum starfsmönnum. Leigugjöldin voru niðurgreidd um 50% fyrstu fjóra mánuði leigutímans en eftir það greiddi starfsfólk leigu að fullu.

Leigutekjur vegna íbúða sjúkrahúsanna og heilsugæslustöðvanna runnu á árinu 1994 í viðhaldssjóð heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytisins í samræmi við reglugerð nr. 480/1992. Byggingadeild ráðuneytisins endurúthlutaði síðan úr sjóðnum til sjúkrahúsanna í samræmi við viðhaldsþörf á því húsnæði sem er í þeirra eigu. Ríkisendurskoðun vill ítreka þá skoðun sína að eðlilegra sé að rekstur og viðhald á eignum sjúkrahúsanna sé alfarið í höndum stjórnenda þeirra eins og aðrir þættir í starfsemi sjúkrahússins þannig að heildarkostnaður við starfsemi sjúkrahússins sé ljós.

Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds eigna og tækja að frátöldum framlögum til viðhaldsverkefna og tekjum og kostnaði vegna húsaleigu var eftirfarandi árið 1994:

Tafla 4.16 Umsjón og viðhald eigna og tækja

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Velta sjúkrahúss og heilsugæslu	409.692	271.310	216.154	297.976
Umsjónar- og viðhaldskostnaður	17.060	19.674	18.088	14.347
Umsjón og viðhald í % af veltu	4,2%	7,3%	8,4%	4,8%
Sjúkrahús, m ²	3.886	5.459	4.076	4.618
Heilsugæsla, m ²	1.697	678	-	-
Eigin íbúðir, m ²	-	-	-	-
Fermetrafjöldi alls	5.562	6.137	4.076	4.618
Umsjón og viðhald á m ² í kr.	3.067	3.206	4.440	3.107

Kostnaður við umsjón og viðhald fasteigna að frádregnum framlögum ríkis og sveitarfélaga í hlutfalli af heildarkostnaði sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar var hæstur hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað en lægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja. Hlutfallslega hár kostnaður sjúkrahússins í Neskaupstað skýrist að stórum hluta af þeim framkvæmdum sem ráðist var í án þess að nauðsynlegar fjárheimildir lægju fyrir. Framkvæmdir sjúkrahússins í Keflavík voru aftur á móti innan fjárheimilda og skýra að hluta lágan kostnað þess.

Ef horft á kostnað við umsjón og viðhald í samanburði við það rými er stofnanirnar hafa yfir að ráða fyrir starfsemi sína kemur sama niðurstaða fram og hér að ofan. Kostnaður á hvern fermetra húsnæðis sjúkrahúss og heilsugæslu er einna lægstur hjá sjúkrahúsinu í Keflavík eða 3.067 krónur. Litlu hærri er kostnaður sjúkrahúsanna á Selfossi eða 3.107 krónur og á sjúkrahúsinu á Ísafirði eða 3.206 krónur á hvern fermetra. Hæstur er hann hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað eða 4.440 krónur á fermetra.

Viðhalds- og umsjónarkostnaður Sjúkrahúss Suðurnesja og Sjúkrahúss Suðurlands er lágur miðað við hin tvö sjúkrahúsin hvort sem horft er á hann sem hlutfall af veltu eða eftir stærð húsnæðis. Það bendir til þess að sú skipan mála sem þar er viðhöfð við eftirlit og umsjón með fasteignum og tækjum sé hagkvæm með tilliti til stærðar húsnæðisins jafnvel þótt fyrirkomulag á umsjón og viðhaldi sé ólíkt.

4.5 Rekstur þvottahúss

Á öllum sjúkrahúsunum fjórum er rekið þvottahús sem annast þvotta fyrir sjúkrahúsið og þá heilsugæslustöð er það tengist. Auk þess sjá sjúkrahúsin í Keflavík, Neskaupstað og á Selfossi að einhverju marki um þvott fyrir aðra aðila utan þessara tveggja stofnanna.

Fyrirkomulag þessara mála er þó afar mismunandi. Þannig er sá þvottur sem til fellur við starfsemi sjúkrahúss Suðurnesja þveginn á þremur stöðum þ.e. á þvottahúsi sjúkrahússins í Keflavík, hjá öldrunardeildinni í Grindavík og hjá Þvottahöllinni hf. í Keflavík. Þvottahús sjúkrahússins á Ísafirði þvær eingöngu fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina en til skamms tíma þvoði það einnig fyrir þjónustudeild Hlífar á Ísafirði. Þvottahús sjúkrahússins í Neskaupstað er eina þvottahús bæjarins og hefur frá upphafi verið rekið sem einkonar bæjarþvottahús. Auk þess að annast þvotta fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina þvær það fyrir Breiðablik, íbúðir aldraðra, hótelið, apótekið, sundlaugina, íþróttahúsið, félagasamtök og einstaklinga. Þvottahús Sjúkrahúss Suðurlands annast þvotta fyrir sjúkrahúsið, heilsugæslustöðina og vistheimilið að Sogni.

Hjá þvottahúsum sjúkrahúsanna í Keflavík og á Ísafirði er óhreint tau flokkað á deildunum og það þvegið og pressað eftir því sem við á. Tauflokkunarkerfi er ekki til staðar hjá sjúkrahúsunum í Neskaupstað og á Selfossi. Starfsfólk á deildum sér um að koma með þvott af deildum og sækja hann aftur hjá þvottahúsi sjúkrahúsanna í Neskaupstað og á Selfossi en hjá þvottahúsum sjúkrahúsanna í Keflavík og á Ísafirði skila starfsmenn þvottahússins þvottinum á deildir. Starfrækt er saumastofa við öll þvottahúsin. Saumastofur sjúkrahúsanna í Keflavík, á Ísafirði og í Neskaupstað sauma nánast allt tau sem notað er á sjúkrahúsinu annað en handklæði, ungbarnafatnað, nærföt, sokka og bleiur. Saumastofa sjúkrahússins á Selfossi annast fyrst og fremst viðgerðir á líni og fatnaði.

Kostnaður við rekstur þvottahúsanna fjögurra og þær tekjur er þau hafa af sinni starfsemi var eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 4.17 Kostnaður og tekjur af þvottahúsi

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Laun	4.793	4.143	4.986	6.036
Annar kostnaður	1.547	788	610	667
Aðkeyptur þvottur	3.767	0	0	0
Tækjakaup	0	0	780	0
Samtals	10.107	4.931	6.376	6.703
Tekjur	-776	-30	-916	-295
Kostnaður af frádrægnum tekjum	9.331	4.901	5.460	6.408

Kostnaður þvottahúsa sjúkrahúsanna fjögurra er mjög mismunandi. Helst það annars vegar í hendur við þá starfsemi sem fram fer á viðkomandi sjúkrahúsi en skýrist hins vegar af mismunandi fyrirkomulagi við þvotta hjá þessum sjúkrahúsum. Aðkeyptur þvottur hjá sjúkrahúsi Suðurnesja nemur u.þ.b. 40% af kostnaði þess vegna þvotta og er hann allur keyptur af sama fyrirtæki, Þvottahöllinni hf. og þarf sá samningur endurskoðunar við að mati Ríkisendurskoðunar.

Eins og fram kemur í töflu 4.17 eru tekjur af starfsemi þvottahúsanna mismiklar eða frá því að nema 14,4% af kostnaði þess eins og hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað í 0,6% kostnaðar eins og hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði. Hlutfallið er 7,7% hjá sjúkrahúsi í Keflavík og 4,4% hjá sjúkrahúsinu á Selfossi.

Hjá þvottahúsi Sjúkrahúss Suðurnesja er mánaðarlega gerður sérstakur reikningur vegna þvotta fyrir þær heilsugæslustöðvar sem nýta sér þjónustu þvottahússins. Allur þvottur þvottahúss sjúkrahússins í Neskaupstað er seldur út í samræmi við verðskrá þvottahúsaeygenda en veittur er afsláttur ef magn er mikið. Hvorki er gerður reikningur vegna þvotta fyrir heilsugæslustöðina né elliheimilið. Þvottur er ekki viktaður en sá þvottur sem seldur er út er talinn í stykkjum. Þvottur hjá þvottahúsi Sjúkrahúss Suðurlands er ekki viktaður að undanskyldum þeim þvotti sem kemur frá Sogni. Skilað er uppgjóri um þvegið magn til skrifstofunnar á þriggja mánaða fresti og er þá útbúinn reikningur á Sogn. Á árinu 1994 greiddi Sogn 82,88 krónur fyrir hvert kíló af þvotti. Heilsugæslustöðin greiðir einnig fyrir þjónustuna og er sá kostnaður áætlaður og gjaldfærður í árslok. Þvottur fyrir heilsugæslustöð er í öllum tilvikum mjög lítill.

Tafla 4.18 Rekstur þvottahúss

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Velta sjúkrahúss	307.510	226.070	198.890	262.532
Rekstur þvottahúss	9.331	4.901	4.680	6.408
Rekstur þvottahúss í % af veltu	3,0%	2,2%	2,4%	2,4%
Stöðugildi í þvottahúsi	2,85	2,60	3,20	4,42
Stöðugildi í saumastofu	1,00	0,50	0,50	0,50
Stöðugildi alls	3,85	3,10	3,70	4,92
Legudagar alls	18.014	10.891	13.155	22.238
Rekstur þvottahúss á legudag	518	450	356	288
Pvegið magn í kg.	70.087	45.117	-	-
Kostnaður á þvegið magn	144	109	-	-

Rekstur þvottahúss sjúkrahússins á Ísafirði nam 2,2% af heildagjöldum sjúkrahússins. Hlutfallið var 2,4% hjá sjúkrahúsunum í Neskaupstað og Selfossi en 3,0% hjá sjúkrahúsinu í Keflavík. Sé horft á hvað rekstur þvottahússins kostar á hvern legudag að frádregnum tekjum af útseldri þjónustu var hann lægstur hjá sjúkrahúsinu á Selfossi eða 288 krónur, 356 krónur hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað, 450 krónur hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði og 518 krónur hjá sjúkrahúsinu í Keflavík.

Raunhæfasti mælikvarðinn er aftur á móti kostnaður á hvert þvegið kíló af þvotti en upplýsingar um það eru ekki fyrir hendi hjá sjúkrahúsunum í Neskaupstað og á Selfossi. Hjá sjúkrahúsinu í Keflavík nam kostnaður við hvert kíló 144 krónum að meðtöldum kostnaði við saumastofu en 119 krónum án þess kostnaðar. Hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði nam þessi kostnaður 109 krónum en ekki er hægt að sérgreina þar kostnað við saumastofu.

Af þessum samanburði sést glögglega hversu fyrirkomulagi við þvotta er illa fyrir komið hjá sjúkrahúsi Suðurnesja. Afkastageta þvottahúsanna tveggja hjá sjúkrahúsi Suðurnesja er ekki fullnýtt við núverandi aðstæður. Það er mat Ríkisendurskoðunar að sjúkrahús Suðurnesja eigi að segja upp samningi sínum við Þvottahöllina hf. og þvo sjálf allan þvott í þvottahúsunum tveimur en með því móti er sú fjárfesting sem til staðar er í vélum og mannafla fullnýtt. Hins vegar kemur til greina að sjúkrahúsið reki einungis eitt þvottahús sem sinni því sem þvottahúsin tvö sjá nú þegar um og kaupi annan þvott að því tilskyldu að gerður verði nýr samningur við Þvottahöllina hf.

Ríkisendurskoðun leggur til að allur þvottur sem þveginn er í þvottahúsum sjúkrahúsanna á Ísafirði, Neskaupstað og Selfossi verði viktaður fyrir hverja stofnun fyrir sig. Með því móti er starfsfólki gert kleyft að fylgjast með breytingum á magni frá einu tímabili til annars auk þess að fylgjast með breytingum á kostnaði við þvottinn þ.e. hvað kostar að þvo hvert kíló af þvotti. Þá er slík viktun forsenda þess að sá þvottur sem seldur er út til aðila utan sjúkrahússins sé verðlagður í samræmi við kostnað.

Ríkisendurskoðun telur enn fremur eðlilegt að stjórnendur sjúkrahúsanna í Neskaupstað og Selfossi kanni hver kostnaður er við að taka upp flokkunarkerfi á taui ásamt endurnýjun véla og meti hvort ávinningur verði af slíkri breytingu.

4.6 Ræsting

Fyrirkomulag við ræstingu er með nokkuð svipuðu sniði hjá sjúkrahúsunum fjórum. Ræstingastjóri er starfandi á hverju sjúkrahúsunum. Skipuleggur hann starfið, kennir starfsfólki rétt vinnubrögð og sér um kaup á þeim vörum er þarf til ræstinganna. Fjöldi starfsmanna og vaktafyrirkomulag er hins vegar með nokkuð misjöfnum hætti.

Kostnaður við ræstingar var eftirfarandi hjá sjúkrahúsunum fjórum árið 1994:

Tafla 4.19 Kostnaður við ræstingu

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Laun	9.157	11.048	6.514	8.125
Annar kostnaður	1.198	797	920	1.606
Tækjakaup	97	0	0	0
Samtals	10.452	11.845	7.434	9.731

Ekki lágu fyrir upplýsingar í bókhaldi Sjúkrahúss Suðurnesja um annan kostnað við ræstingu en launakostnað hjá hjúkrunardeildinni í Grindavík og er sá kostnaður því áætlaður.

Hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja er unnið eftir 12 ára gamalli vinnulýsingu. Hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði er ræst samkvæmt uppmælingu og er unnið samkvæmt starfslýsingu um hvað eigi að gera og hvenær.

Vinna við ræstingar hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað var mæld upp, fyrir u.þ.b. 15 árum síðan, þegar moppukerfi við ræstingar var tekið upp. Hjá sjúkrahúsinu á Selfossi hefur vinna við ræstingar ekki verið mæld upp. Starfsmenn við ræstingar á heilsugæslustöðvunum vinna yfirleitt í tímamældri ákvæðisvinnu.

Tafla 4.20 Ræsting

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Velta sjúkrahúss	307.510	226.070	216.154	262.532
Kostnaður við ræstingu	10.452	11.845	7.434	9.731
Ræsting í % af veltu	3,4%	5,2%	3,4%	3,7%
Stöðugildi við ræstingu	6,90	7,25	4,50	5,97
Ræstir m ² á sjúkrahúsi.	3.691	4.351	4.000	4.135
Kostnaður við ræstingu á m ²	2.832	2.722	1.859	2.353

Hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, sjúkrahúsinu á Ísafirði og sjúkrahúsinu í Neskaupstað hefur kostnaður við ræstingu farið verulega lækkandi undanfarin þrjú ár en hjá sjúkrahúsinu á Selfossi hefur kostnaður aukist nokkuð. Sé horft á hlutfall ræstingar af heildargjöldum sjúkrahúss er það hæst hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði en lægst hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja og sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Kostnaður á hvern ræstan fermetra er aftur á móti lægstur hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað en hæstur hjá sjúkrahúsinu í Keflavík. Rétt er að taka fram að húsnæði starfseminnar í Keflavík er mjög þröngt og því erfiðara í þrifum en hin þrjú sjúkrahúsin. Þá er stór hluti af húsnæðis sjúkrahússins á Ísafirði eða um 950 m² geymslurými sem ræst er aðra hverja viku. Ef það rými er metið sambærilegt við annað rými í þrifum verður kostnaður við ræstingu hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði 3.388 krónur á hvern fermetra.

Á öllum sjúkrahúsunum fjórum er nokkur kostnaður við hreinsun á bóni og aðrar stærri hreingerningar og er það í sumum tilfellum boðið út. Ríkisendurskoðun telur rétt að yfirstjórn sjúkrahúsanna kanni kostnað við frekari tækjakaup, hvort þau kunni að leiða til fækkunar stöðugilda og meti ávinning af slíkum breytingum að öðru leyti.

5. Heilbrigðisþjónusta á starfsvæði sjúkrahúsanna

5.1 Kostnaður við heilbrigðisþjónustu

Í kaflanum hér á eftir verður kostnaður við heilbrigðisþjónustu á þjónustusvæði sjúkrahúss Suðurnesja og Suðurlands og Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og Neskaupstað borinn saman.

Við mat á heildarkostnaði þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er íbúum á starfssvæði sjúkrahúsanna var í fyrsta lagi tekið mið af kostnaði við þá sjúkrahúsþjónustu sem veitt er á hverjum stað og fjallað hefur verið um hér að framan. Í öðru lagi var metinn sá kostnaður við aðra stofnanþjónustu á viðkomandi starfssvæði þ.e. kostnaður við öldrunarþjónustu og heilsugæslu. Í þriðja lagi var metinn kostnaður við þá sérfræðiþjónustu sem veitt er íbúum á starfssvæðinu utan spítala en innan starfssvæðis. Í fjórða lagi var reynt að meta þann lyfjakostnað er tilheyrir íbúum hvers starfssvæðis. Í fimmta lagi var tekið tillit til legudaga þeirra íbúa sem eiga lögheimili á samanburðarsvæðunum á sjúkrahúsum utan heimahéraðs. Skipting legudaga þeirra á deildir liggur fyrir á stærstu sjúkrahúsunum en annars staðar var fyrst og fremst um að ræða skiptingu milli skammtíma- og langtímalegu. Gert var ráð fyrir að kostnaður á legudag samsvaraði kostnaði á legudag á hinum ýmsu deildum Ríkisspítala. Jafnframt var gengið út frá meðalkostnaði á legudag á Reykjalundi enda margir sjúklingar vistaðir þar. Loks í sjötta lagi var metinn kostnaður við þá sérfræðiþjónustu sem veitt er íbúum á starfssvæðinu utan spítala og utan starfssvæðis.

Ekki var hægt að gera öllum kostnaði heilbrigðisþjónustunnar skil þar sem upplýsingar um hann voru ekki fyrir hendi. Á þetta við um kostnað við tannlæknaþjónustu og ýmsan annan kostnað Tryggingastofnunar ríkisins sem ekki er skráður á þann veg að hægt sé að afla upplýsinga um sjúklinga á ákveðnum stöðum. Þetta á t.d. við um ferðakostnað sjúklinga. Ríkisendurskoðun gat engu að síður skipt 72% af gjöldum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins niður á svæði og hefur verið tekið tillit til þess kostnaðar er tilheyrir viðkomandi starfssvæðum.

Hluti þeirrar vinnu sem fram fer á sjúkrahúsunum verður ekki metinn til eininga. Þá er ekki hægt að meta að fullu umfang verka sem unnin eru vegna sjúklinga utan spítala þar sem hluti þeirra er hvergi skráður. Það stafar af því að Tryggingastofnun ríkisins samþykkir ekki til greiðslu hluta þeirra verka sem unnin eru en liggja utan sérgreina sérfræðinga sjúkrahúsanna. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að fyrir hendi sé aðgengileg skráning á öllum verkum sem unnin eru innan veggja sjúkrastofnana hvort heldur er á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Enn fremur þarf skráningin að vera unnin með samræmdum hætti um allt land. Nauðsynlegt er því að heilbrigðisráðuneytið sjái til þess að skráning af þessu tagi komist á og leiðbeini þeim sem hluta eiga að máli. Ríkisendurskoðun bendir á að áreiðanlegar upplýsingar um þá vinnu sem fram fer á sjúkrastofnunum, þar með talin vinna sem fram fer á skurð- og slysastofum, er ein af forsendum þess að hægt verði að móta stefnu í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í framtíðinni.

Kostnaður vegna lyfja er ekki skráður á kennitölu sjúklinga eða heimilisföng og því ekki hægt að fá fram upplýsingar um heildarkostnað vegna lyfjanotkunar á þjónustusvæðum sjúkrahúsanna. Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins og sjúklinga vegna lyfja sem keypt eru út á lyfseðla sem framvísað er á starfssvæðunum liggur þó fyrir. Ríkisendurskoðun vill enn fremur benda á að skráning lyfjakostnaðar er með þeim hætti að ekki er vitað hvernig ávísanir á lyf skiptast á milli heilsugæslulækna og sérfræðinga. Að mati Ríkisendurskoðunar er það ein af forsendum þess að hægt sé að minnka kostnað vegna lyfjanotkunar að vitneskja fáiast um á hvaða lyf er ávísað og hverjir ávísa á þau.

Í töflu 5.1 er leitast við að draga saman helstu útgjaldaliði heilbrigðisþjónustu á starfssvæði sjúkrahúsanna fjögurra. Skýringar við einstaka liði koma fram í fylgiskjali 5.1 með skýrslu þessari.

Tafla 5.1 Kostnaður við heilbrigðisþjónustu á starfssvæði sjúkrahúsa

Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísa- fjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Fjöldi íbúa 31/12 1994	15.656	6.289	4.518	15.988
Fjöldi gr. stöðugilda lækna á sjúkrah.	4,25	2,3	3,0	4,5
Fjöldi gr. stöðugilda lækna í heilsug.1)	6,95	4,0	1,5	3,75
Stöðug. annarra heilsug.lækna á svæðinu	1,0	2,0	3,0	8,0
Fjöldi legudaga á sjúkrahúsi	16.427	10.271	8.956	21.209
Fjöldi legud. utanhéraðsj. á sjúkrahúsi	1.121	287	1.830	1.129
Tegund þjónustu				
Laun og launatengd gjöld sjúkrahúss	201.961	154.342	137.855	195.957
Lyf og tengd efni sjúkrahúss	9.638	5.470	6.344	13.613
Önnur gjöld sjúkrahúss	95.911	66.258	54.691	52.965
Gjöld sjúkrahúss samtals	307.510	226.070	198.890	262.535
Öldrunarstofnanir í heimahéraði án lyfja	138.784	95.696	53.703	183.287
Lyf og tengd efni á öldrunarstofnunum	5.253	2.251	2.202	9.795
Rekstrarkostnaður öldrunarstofnana alls	144.037	97.947	55.905	193.082
Gjöld á stofnunum í heimahéraði alls	451.547	324.017	254.795	455.617
Rekstur heilsugæslu án lyfjakostnaðar	98.974	79.758	55.493	130.314
Lyf og tengd efni heilsugæslu	1.872	2.057	790	3.085
Hlutur T.R. v/læknisk. í heilsugæslu	19.114	8.235	9.266	34.142
Hlutur sjúklinga í heilsugæsluþjónustu 2)	670	251	512	2.107
Gjöld í heimah. án sérfræðiþj. og lyfja	572.177	414.318	320.856	625.265
Sérfræðiþj. í heimahéraði, hlutur T.R.	7.485	833	0	2.770
Hlutur sjúklinga í sérfr.þj. í heimahéraði	9.203	679	0	1.807
Gjöld í heimahéraði án lyfjk. apóteka	588.863	415.830	320.856	629.842
Lyfjakostn. gr. T.R. til apóteka í heimah.	123.463	59.824	29.164	129.746
Hluti sjúklinga í lyfjakostnaði í heimah. 3)	65.463	28.804	12.499	68.038
Gjöld í heimahéraði alls	777.789	504.458	362.519	827.626
Sjúkrahúspjónusta utan héraðs 4)	389.229	122.653	197.289	401.077
Gj. í heimah.+stofnanþj. utan héraðs	1.167.018	627.111	559.808	1.228.703
Sérfræðiþj. utan héraðs, kostnaður T.R.	28.333	7.026	4.798	26.391
Hlutur sjúklinga í sérfr.þj. utan héraðs 5)	19.828	5.878	3.729	18.828
Kostn. við heilbrigðisþjónustu samt.	1.215.179	640.015	568.335	1.273.922
Kostnaður án legudaga utanhéraðssj.	1.183.169	630.016	517.297	1.256.236
Kostn. á íbúa (án legud. utanhéraðssj.)	75,6	100,2	114,5	78,6
Rúmanýting sjúkrah. (án þjón.rýma)	88,1	93,8	72,2	95,3

Kostnaður við heilbrigðisþjónustu á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja var lægstur af samanburðarstöðunum eða 75,6 þúsundir króna á hvern íbúa. Næstlægstur var kostnaðurinn á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands eða 78,6 þúsundir króna á íbúa. Samsvarandi kostnaður var mun hærri á minni svæðunum. Þannig nam kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Ísafirði og nágrenni 100,2 þúsundum króna á hvern íbúa og í Neskaupstað og nágrenni þar sem hann er hæstur var hann 114,5 þúsund krónur á hvern íbúa.

Töluverður mismunur kemur fram á einstökum kostnaðarliðum í héruðunum enda íbúafjöldi mismikill. Íbúar eru fæstir á starfssvæði Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar eða aðeins 28,3% af íbúafjölda á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands þar sem þeir eru flestir. Aldursdreifingin er einnig misjöfn sem og stærð héraðanna og dreifing íbúanna um þau. Héruðin sinna að mismiklu leyti utanhéraðssjúklingum bæði á sjúkrahúsunum og eins á heilsugæstustöðvunum t.d. eykst fólksfjöldi verulega á sumrin á Suðurlandi vegna fjölda sumarbústaða þar.

Aðalatvinnugreinar eru breytilegar milli staðanna fjögurra. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ársverka eftir atvinnugreinum á árinu 1991 samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun. Nýrri upplýsingar lágu ekki fyrir við gerð skýrslunnar en samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun er ekki gert ráð fyrir stórvægilegum breytingum til ársins 1994.

Tafla 5.2 Atvinnugreinaskipting

Ársverk Sveitarfélag*	Land- búnaður	Sjávar- útvegur	Iðnaður	Þjónusta	Samtals
Keflavík	44	1.718	1.698	3.880	7.340
Ísafjörður	152	1.267	495	1.324	3.238
Neskaupstaður	90	971	285	964	2.310
Selfoss	1.999	766	1.870	3.327	7.962

*Allir hreppar tilheyrandi upptökusvæðum sjúkrahúsanna eins og það er skilgreint í skýrslunni

Ársverk eru flest á starfssvæði sjúkrahúss Suðurlands en fæst á starfssvæði Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað. Þjónusta er helsti atvinnuvegur allra svæðanna ef Neskaupstaður og nágrenni er undanskilinn en þar eru ársverk í sjávarútvegi örlítið fleiri. Fiskveiðar og fiskvinnsla taka til sín um 42% allra ársverka í Neskaupstað og nágrenni. Samsvarandi fyrir Ísafjörð og nágrenni er 39,1%, 23,5% á Suðurnesjum og aðeins 9,9% á Suðurlandi. Landbúnaður er lítil á öllum svæðunum nema á Suðurlandi en þar er hann annar stærsti atvinnuvegurinn og tekur til sín 25,1% allra ársverka á svæðinu.

Til að meta hve mikið einstakir útgjaldaliðir vega í heildarkostnaði við heilbrigðisþjónustu var kannaður kostnaður þeirra á hvern íbúa á starfsvæði sjúkrahúsanna og kemur hann fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 5.3 Kostnaður á íbúa á starfssvæði sjúkrahúss

Kostnaður á íbúa	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupstaður	Selfoss
Fjárhæðir í þ.kr.				
Sjúkrahúsþjónusta innan héraðs	17,6	34,4	32,7	15,3
Sjúkrahúsþjónusta utan héraðs	24,9	19,5	43,7	25,1
Sjúkrahúsþjónusta alls	42,5	53,9	76,4	40,4
Öldrunarþjónusta	9,2	15,6	12,4	12,1
Lyfjakostnaður innan héraðs	12,1	14,1	9,2	12,4
Heilsugæsluþjónusta	7,7	14,4	14,6	10,6
Sérfræðiþjónusta innan héraðs	1,1	0,2	0,0	0,3
Sérfræðiþjónusta utan héraðs	3,1	2,1	1,9	2,8
Sérfræðiþjónusta alls	4,1	2,3	1,9	3,1
Heilbrigðisþjónusta alls	75,6	100,2	114,5	78,6

Kostnaður við sjúkrahúsþjónustu í heimahéraði var lægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands eða 15,3 þúsund krónur á íbúa. Kostnaðurinn var litlu meiri hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja eða 17,6 þúsund krónur á íbúa. Kostnaður var mun hærri hjá minni sjúkrahúsunum eða 32,7 þúsund krónur hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og 34,4 þúsund krónur hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

Íbúar á starfssvæðum sjúkrahúsanna sækja í mismiklum mæli sjúkrahúsþjónustu sem og aðra heilbrigðisþjónustu út fyrir sitt hérað. Kostnaður við sjúkrahúslegu utan héraðs á íbúa á starfssvæðunum var þannig lægstur hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði eða 19,5 þúsund krónur. Kostnaðurinn nam 24,9 þúsundum króna á hvern íbúa á Suðurnesjum og 25,1 þúsundum króna á íbúa á Suðurlandi. Langhæstur var kostnaðurinn á íbúa á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað eða 43,7 þúsund krónur.

Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun benda á nauðsyn þess að horft sé á kostnað við heilbrigðisþjónustuna í heild sinni þegar ákvarðanir um breytingar á einstökum útgjaldaliðum eru teknar. Þannig virðist lækkun á einum kostnaðarlið oft leiða til útgjaldaaukningar á öðrum stað.

Kostnaður við öldrunarþjónustu nam 9,2 þúsundum króna á íbúa á Suðurnesjum og var lægstur af stöðunum fjórum. Samsvarandi kostnaður

nam 12,1 þúsundum króna á Suðurlandi, 12,4 þúsundum króna á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað og 15,6 þúsundum króna á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði. Þannig var kostnaður við stofnanáþjónustu innan og utan héraðs lægstur á Suðurnesjum eða 51,6 þúsundir króna á íbúa. Kostnaðurinn nam 52,5 þúsundum króna á Suðurlandi, 69,4 þúsundum króna á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði og 89,0 þúsundum króna á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað þar sem þessi kostnaður er langhæstur. Í þessu sambandi má benda á að fjöldi legudaga á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum á hvern íbúa í Neskaupstað og nágrenni er 5,1 í samanburði við 3,2-3,9 legudaga á hinum svæðunum.

Lyfjakostnaður á íbúa á starfssvæði sjúkrahúsanna var lægstur í Neskaupstað og nágrenni eða 9,2 þúsundir krónur. Kostnaðurinn var áþekkur á Suðurlandi og Suðurnesjum eða um 12 þúsundir króna á íbúa. Á Ísafirði og nágrenni nam lyfjakostnaður 14,1 þúsundi króna á hvern íbúa.

Kostnaður við heilsugæsluþjónustu á hvern íbúa var langlægstur á Suðurnesjum eða 7,7 þúsundir króna. Ástæður eru væntanlega nokkrar en fyrst og fremst þær að á Suðurnesjum er í raun aðeins um eina yfirstjórn heilsugæslustöðvanna að ræða auk þess sem svæðið er þéttbýlast. Enn fremur sækir fólk í meira mæli þjónustu til sérfræðinga en á samanburðarsvæðunum enda hægara um vik. Á Suðurlandi nam kostnaðurinn 10,6 þúsundum króna, 14,4 þúsundum króna á Ísafirði og nágrenni og 14,6 þúsundum króna í Neskaupstað og nágrenni. Mjög mikill mismunur kemur fram á kostnaði á íbúa á hinum einstöku heilsugæslustöðvum á starfssvæði sjúkrahúsanna eða frá rúmlega 7 þúsund krónum til rúmlega 28 þúsund króna. Ástæða mismunandi kostnaðar við heilsugæsluþjónustu eru að hluta til fyrirkomulag slysastofu sem ýmist er sinnt af sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð.

Heildarkostnaður við þjónustu sérfræðinga innan og utan héraðs var lægstur í Neskaupstað 1,9 þúsund krónur. Á Ísafirði og nágrenni var þessi kostnaður næstlægstur eða 2,3 þúsund krónur. Á Suðurlandi nam hann 3,1 þúsundi króna og 4,1 þúsundi króna á Suðurnesjum.

5.2 Kostnaður á heimasjúkrahúsi

5.2.1 Kostnaður á legudag

Kostnaður við sjúkrahúspjónustu á hvern íbúa á starfssvæði sjúkrahúsanna er mismikill eins og tafla 5.3 ber með sér enda starfsemi sjúkrahúsanna afar mismunandi eins og fram kom í fjórða kafla hér að framan. Þannig er fjöldi rúma á sjúkrahúsunum mismunandi auk þess sem skráning á skiptingu legudaga milli langlegu og annarrar legu er ekki fyrir hendi á öllum sjúkrahúsunum enda er tæpast hægt að segja að sjúkrahúsin séu deildaskipt.

Tafla 5.4 Skipting rúma/legudaga eftir tegund legu á árinu 1994

Sjúkrahús	Rúmafjöldi			Legudagafjöldi		
	Þjónustu-rúm	Lang-lega	Önnur legu	Lang-lega	Önnur legu	Samtals legu
Keflavík		38	20	8.551	7.876	16.427
Ísafjörður		15	15	5.085	5.186	10.271
Neskaupstaður	11	12	22	4.399	4.557	8.956
Selfoss		45	16	14.309	6.900	21.209

Til þess að freista þess að vera með sambærilegar upplýsingar milli sjúkrahúsanna var brugðið á það ráð að nota skráðar upplýsingar um legur og legudagafjölda úr ársskýrslum sjúkrahúsanna 1994. Upplýsingarnar eru skráðar á tölvudeild Ríkisspítalanna upp úr gögnum sem sjúkrahúsin senda. Langlega hefur þannig verið skilgreind sem legu sem varir lengur en 89 daga.

Tafla 5.5 Skipting legudaga eftir lengd legu árið 1994

Lengd legu	Keflavík	hlutf.	Ísafj.	hlutf.	Nesk.st.	hlutf.	Selfoss	hlutf.
	fj. legud.	legud.	fj. legud.	legud.	fj. legud.	legud.	fj. legud.	legud.
1-7 dag.	3.314	20,2%	2.112	20,6%	1.387	15,5%	3.190	15,0%
8-14 dag.	1.265	7,8%	1.099	10,7%	886	9,8%	1.430	6,8%
15-29 dag.	1.308	7,9%	897	8,7%	1.253	14,0%	1.173	5,5%
30-89 dag.	1.989	12,1%	1.078	10,5%	1.051	11,7%	1.107	5,2%
>90 dagar*	8.551	52,0%	5.085	49,5%	4.399	49,0%	14.309	67,5%
Samtals	16.427	100,0%	10.271	100,0%	8.956	100%	21.209	100,0%

*Legu í Víðihlíð hefur öll verið skilgreind sem langlega þ.e. >90 dagar

Öll sjúkrahúsin eiga það sameiginlegt að nokkur hluti legudaganna er vegna sjúklinga sem hafa verið meðhöndlaðir á einhverju stærri sjúkrahúsi en verið sendir á heimaslóðir til áframhaldandi legu.

Hlutfall raunverulegrar skammtímalegu þ.e. 13 dagar eða minna, er hæst á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði eða liðlega 31% sem samsvarar um 3.200 legudögum. Hlutfall skammtímalegu er litlu lægra á Sjúkrahúsi Suðurnesja eða 28% og samsvarar það 4.579 legudögum. Legudagafjöldi í skammtímalegu er tæplega 3.300 á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað eða um 25% allra legudaga og 4.600 á Sjúkrahúsi Suðurlands eða nálægt 22% allra legudaga.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að svo virðist sem innlagnir í tengslum við aðgerðir séu nokkuð algengari í Neskaupstað en almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu og á samanburðarsjúkrahúsunum. Ástæða þess er vafalítið einkum sú að rúmafjöldi er nokkru meiri en þörf er á, miðað við þá starfsemi sem þar fer nú fram. Þá eru þeir sérfræðingar sem starfa við sjúkrahúsið ekki á samningi við Tryggingastofnun ríkisins sem veldur því að aðgerðir eru frekar gerðar á inniliggjandi sjúklingum en utan spítala. Þetta á raunar einnig við um kvensjúkdómalækni Sjúkrahúss Suðurlands og hans sjúklinga. Á hinn bóginn eru háls-, nef- og eyrnaaðgerðir hlutfallslega fæstar á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og skammtímalega s.s. vegna hálskirtlatöku því minni en á samanburðarsjúkrahúsunum.

Í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins um starfsemi sjúkrahúsa 1989-1991 voru sjúklingar flokkaðir eftir lengd legu. Þar kemur fram að ef legudagafjöldi í legu er 30-89 dagar eru taldar líkur á langlegu og líklega sé um langlegu að ræða þegar legudagafjöldi fer yfir 90 daga. Út frá upplýsingum í þeirri skýrslu var hlutfall legudaga sem fara yfir 90 daga markið kannað árin 1989-1991 til samanburðar. Í eftirfarandi töflu sést þetta hlutfall.

Tafla 5.6 Hlutfall legudaga í langlegu (>90 dagar) árin 1989-1991

	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupstaður	Selfoss
1989	42,5	69,4	64,6	63,9
1990	35,4	68,2	71,2	66,0
1991	37,1	64,4	71,7	66,5

Skýrsla heilbrigðisráðuneytisins

Hlutfall langlegu, eins og hún er skilgreind í þessari skýrslu, hefur hækkað hjá sjúkrahúsinu í Keflavík ef tekið er mið af skýrslu heilbrigðisráðuneytisins enda var á árinu 1992 tekin í notkun hjúkrunardeild í Víðihlíð í Grindavík. Hlutfall langlegu hefur hins vegar minnkað á Ísafirði en stendur nánast í stað á Selfossi. Hlutfall langlegu í Neskaupstað samkvæmt þessum tveimur töflum er ekki samanburðarhæft. Er ástæðan sú að í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins eru legudagar á

þjónusturýmum taldir með í heildarlegudagafjölda. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru hvorki taldir með legudagar á þjónusturýmum né legudagar nýbura.

Ríkisendurskoðun lagði mat á kostnað á legudag án þjónusturýma eftir tegund legu árið 1994 eins og fram kemur í töflu 5.7. Rétt er að benda á að þar er gengið út frá öllum rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna. Kostnaður vegna reksturs rannsóknar- og röntgenstofa er þannig færður að fullu sem kostnaður sjúkrahúsanna en í raun er mestur hluti rannsókna, eða milli 70% og 80%, tilkominn vegna tilvísana frá heilsugæslulæknum og tilheyrir því óbeint heilsugæslunni á svæðunum. Enn fremur er í skýrslunni gengið úr frá öllum kostnaði við rekstur heilsugæslu og kostnaði Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu sérfræðinga í héraði. Þar sem sjúkrahúsin hafa sértekjur af því að selja heilsugæslustöðvunum rannsóknarþjónustu m.a. vegna ungbarnaeftirlits og skapa nokkrum sérfræðingunum aðstöðu á skurðstofu fyrir utanspítalaadgerðir er að hluta til um tvífarðan kostnað að ræða vegna skurðstofa og rannsóknarstofa. Sjúkrahúsin hafa hins vegar ekki öll sundurliðað þessar tekjur nógu nákvæmlega til þess að hægt sé að færa þær til lækkunar kostnaði. Sem dæmi má engu að síður nefna að sértekjur Sjúkrahúss Suðurnesja vegna sölu á rannsóknarþjónustu til heilsugæslunnar og Garðvangs námu 2.072 þúsund krónum á árinu 1994 og aðstöðugjöld lækna vegna skurðstofunnar námu 4.350 þúsund krónum sama ár. Ef þessar tekjur væru færðar til lækkunar kostnaði Sjúkrahúss Suðurnesja myndi meðalkostnaður á legudag lækka um liðlega 400 krónur.

Tafla 5.7 Kostnaður á legudag eftir tegund legu

Fjárhæðir í kr.	Keflavík	Ísa- fjörður	Neskaup- staður	Selfoss	Ríkis- spítalar
Meðalkostnaður	18.720	22.011	21.068	12.378	24.487
Langlega*	8.926	8.926	8.926	8.926	8.926
Langlega Víðihlíð	8.165				
Önnur lega	29.962	34.840	32.789	19.538	35.458
Önnur lega án tækjakostn.	29.248	34.102	31.991	19.538	

* Samsvarar framreiknuðum kostnaði á öldrunardeild Ríkisspítala á árinu 1991

Meðalkostnaður á legudag er langlægstur á sjúkrahúsinu á Selfossi eða aðeins um 56% af meðalkostnaði á Ísafirði þar sem hann er hæstur. Í því sambandi má benda á að bæði þessi sjúkrahús hafa mun betri rúmanýtingu en hin sjúkrahúsin tvö. Langlega er hins vegar mun meiri á Selfossi en á samanburðarstöðunum eða hátt í 70% á móti u.þ.b. 50% og er sú lega að jafnaði mun ódýrari en skammtímalegan.

Meðalkostnaður á legudag á Ríkisspítölum að langlegu meðtalinni nam 24.487 krónum á árinu 1994. Kostnaðurinn er reiknaður á sama hátt og hjá sjúkrahúsunum fjórum þ.e. sértekjur eru ekki færðar til lækkunar á heildarkostnaði sjúkrahússins. Meðalkostnaður á legudag á samanburðarsjúkrahúsunum verður því að teljast hár, ef undan er skilið sjúkrahús Suðurlands, ekki síst með tilliti til þess að nálægt helmingur legudaganna er vegna langlegu eins og fram kemur í töflu 5.5.

Til að meta hver væri kostnaður við almenna sjúkrahúslegu var reynt að einangra kostnað vegna langlegu. Kostnaður á legudag á öldrunardeild Ríkisspítalanna á árinu 1993, á verðlagi 1994, nam 12.901 krónum. Þá er kostnaður vegna dagdeildar innifalinn en legudagafjöldi vegna þeirrar deildar hins vegar ekki meðtalinn. Raunverulegur kostnaður á öldrunardeild Ríkisspítala á legudag er því nokkru lægri en liggur ekki fyrir. Því var notast við kostnað á öldrunardeild Ríkisspítalanna á árinu 1991 framreiknaðan til ársins 1994 eins og raunar var gert í fyrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjúkrahús á landsbyggðinni. Í þeirri tölu er kostnaður við dagdeild innifalinn og "legudagar" dagdeildarsjúklinga meðtaldir eins og um venjulega sjúklinga væri að ræða. Ástæða þess að notast er við þessa tölu er sú að sýnt þykir að kostnaður við legudag á hjúkrunardeildum þeirra sjúkrahúsa sem hér um ræðir sé tæpast meiri en hér er gengið út frá. Í því sambandi er í fyrsta lagi bent á það sem áður hefur komið fram að meðalkostnaður á legudag í Víðihlíð er tæplega 8.200 krónur enda þótt stofnunin reki eigið þvottahús og eldhús. Í öðru lagi námu greiðslur daggjaldanefndar vegna hjúkrunarrýma á vistheimilum frá 5.000 - 6.000 krónum á sólahring að jafnaði á árinu 1994 og ættu þær greiðslur að endurspegla nokkurn veginn kostnað á hjúkrunarrýmum.

Kostnaður á legudag vegna annarrar legu en langlegu er langlægstur á Sjúkrahúsi Suðurlands eða 19.538 krónur á legudag og er hann aðeins um 56% af samsvarandi kostnaði á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði þar sem hann er hæstur. Kostnaður við aðra legu en langlegu reiknaður með fyrrgreindum hætti nam 29.962 krónum á legudag á Sjúkrahúsi Suðurnesja en á því sjúkrahúsi eru gerðar mun fleiri aðgerðir en á samanburðarsjúkrahúsunum hvort heldur um er að ræða innan eða utan spítala. Enn fremur er hlutfall utanspítalaaðgerða nokkuð hátt þar. Kostnaður við aðra legu nam 34.840 krónum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og 32.789 krónum hjá Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað

Meðalkostnaður Ríkisspítala á legudag vegna annarrar legu en langlegu nam 35.458 krónum á árinu 1994. Öldrunardeild, vistheimili og geðdeild hafa hér verið skilgreind sem langlega og hefur kostnaður

Þessara deilda verið færður til lækkunar á kostnaði Ríkisspítala við útreikning á meðalkostnað vegna annarrar legu. Kostnaður á almennan legudag er því hár á þessum þremur sjúkrahúsum þegar tekið er tillit til þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Í þessu sambandi skal bent á að hluti skammtímalegu á sjúkrahúsunum fjórum er vegna sjúklinga sem gengist hafa undir aðgerðir á stærri sjúkrahúsunum og mestur kostnaður vegna þeirra sjúklinga er því borinn af því sjúkrahúsi þar sem aðgerðin er gerð. Ekki verður þó fram hjá því litið að litlar rekstrareiningar eru að öllu jöfnu óhagkvæmari en þær stóru. Enn fremur hafa sjúkrahúsin á Ísafirði og Neskaupstað ekki getað lokað skurðstofum hluta úr ári eins og gert hefur verið bæði á sjúkrahúsi Suðurlands og Suðurnesja vegna þess hvar þau eru í sveit sett.

Keflavík

Rúmafjöldi sjúkrahússins er 58 að meðtöldum 28 rúmunum í Víðihlíð. Af þessum 58 rúmunum er um 66% vegna langlegusjúklinga. Legudagar langlegusjúklinga voru 8.551 á árinu 1994. Á sama tíma voru legudagar vegna annarrar legu 7.876. Meðalkostnaður á legudag nemur því 18.720 krónum. Ef gengið er út frá því að kostnaður á legudag í langlegu á sjúkrahúsinu sjálfu samsvari 8.926 krónum á dag en stuðst við bókfærðan kostnað vegna Víðihlíðar nemur heildarkostnaður vegna langlegu 71.523 þúsundum króna á árinu 1994. Meðalkostnaður á legudag vegna annarrar legu verður því 29.962 krónur. Meðalkostnaður annarra legudaga minnkar í 29.248 krónur ef áhald- og tækjakaup ársins eru undanskilin.

Á árinu 1994 voru 1.121 legudagur af samtals 16.427 vegna utan-héraðssjúklinga og voru 75 vegna á langlegu. Kostnaður vegna þessara legudaga nam samkvæmt framansögðu 32.010 þúsundum króna.

Ísafjörður

Rúmafjöldi sjúkrahússins er 30 og skiptist þannig að rúm fyrir langlegusjúklinga eru 15 en rúm fyrir aðra sjúklinga eru 15. Heildarfjöldi legudaga var 10.271 á árinu 1994. Heildarrekstrarkostnaður sjúkrahússins nam 226.070 þúsundum króna og er því meðalkostnaður á legudag 22.011 krónur. Legudagafjöldi vegna langlegu var 5.085 og 5.186 vegna annarrar legu. Ef gengið er út frá því að kostnaður við langlegu samsvari 8.926 krónum á legudaga á árinu 1994, nemur heildarkostnaður langlegu 45.389 þúsundum króna. Þá standa eftir 180.681 þúsundir króna sem deilast á

aðra legudaga. Kostnaður á legudag fyrir almenna legu að sængurlegu meðtalinni verður því 34.840 krónur. Kostnaður á legudag minnkar í 34.102 ef áhalda- og tækjakaup ársins eru undanskilin.

Á árinu 1993 voru 287 legudagar á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði vegna utanhéraðssjúklinga og var eingöngu um skammtímalegu að ræða. Kostnaður vegna þessara sjúklinga nemur samkvæmt framansögðu 9.999 þúsundum króna.

Neskaupstaður

Rúmafjöldi sjúkrahússins er 34 og þar af eru rúm fyrir langlegu-sjúklinga 12 eða u.þ.b. 35% allra rúma. Að auki er heimild fyrir 11 þjónusturýmum sem kostuð eru með daggjöldum og voru þau að jafnaði öll nýtt á árinu 1994. Heildarfjöldi legudaga, að frátöldum legudögum vegna þjónusturýma, var 8.956 á árinu 1994, þar af vegna langlegu 4.399. Fjöldi legudaga þjónusturýma var 3.925 á árinu 1994 og var daggjald á þessum þjónusturýmum u.þ.b. 2.600 krónur. Ef gengið er út frá því að daggjaldið endurspegli raunverulegan kostnað á legudag er heildarkostnaður vegna þjónusturýmanna 10.205 þúsund krónur á árinu 1994. Kostnaður vegna skráðra legudaga á sjúkrahúsinu minnkar því samsvarandi eða í 188.685 þúsund krónur. Meðalkostnaður á legudag er því 21.068 krónur. Ef gengið er út frá að kostnaður á legudag í langlegu samsvari 8.926 krónum yrði heildarkostnaður við langlegu í Neskaupstað 39.265 þúsundir króna og meðalkostnaður annarra legudaga því 32.789 krónur. Meðalkostnaður annarra legudaga minnkar í 31.991 krónur ef áhalda- og tækjakaup ársins eru undanskilin.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað hefur mun hærra hlutfall sjúklinga úr öðrum héruðum en hin sjúkrahúsin þrjú enda starfssvæði sjúkrahússins skilgreint þröngt. Á árinu 1994 voru 1.830 legudagar af samtals 8.956 eða um 20% vegna utanhéraðssjúklinga. Þar af voru 376 legudagar vegna langlegu en 1.454 vegna annarrar legu. Kostnaður vegna þessara legudaga nemur samkvæmt framansögðu 51.008 þúsundum króna.

Selfoss

Rúmafjöldi er mestur hjá sjúkrahúsinu á Selfossi eða 61 og er þá vistheimilið að Sogni undanskilið en þar eru 7 rými. Af þessu 61 rými er um 74% vegna langlegusjúklinga sem samsvarar 14.309 legudögum á árinu 1994. Á sama tíma voru legudagar vegna annarrar legu 6.900.

Meðalkostnaður á legudag nemur því 12.378 krónum sem er mun lægri fjárhæð en á samanburðarsjúkrahúsunum. Ef notast er við sömu reikniaðferð og á samanburðarsjúkrahúsunum og gengið út frá því að kostnaður á legudag í langlegu samsvari 8.926 krónum á dag nemur heildarkostnaður vegna langlegu 127.722 þúsundum króna á árinu 1994. Meðalkostnaður á legudag vegna annarrar legu verður því 19.538 krónur. Kostnaður vegna tækjakaupa var enginn á árinu 1994.

Á árinu 1994 voru 1.129 legudagar af samtals 21.209 vegna utan-héraðssjúklinga eða um 5,3%. Þar af voru legudagar langlegusjúklinga 412 en legudagar vegna annarrar legu 717. Kostnaður vegna þessara legudaga nam samkvæmt framansögðu 17.686 þúsundum króna.

5.2.2 Samanburður á vinnu innan sjúkrahúsanna

Ríkisendurskoðun lagði mat á þau lækni verk sem unnin voru á skurðstofu sjúkrahúsanna. Í fylgiskjali nr. 1 með skýrslunni er tekin saman skipting á þeim lækni verkum þ.e. aðgerðum/meðferðum og rannsóknum sem gerðar hafa verið á sjúkrahúsunum á árinu 1994. Meðferðarnúmerin eru tekin upp úr ársskýrslum sjúkrahúsanna sem skráðar eru á Ríkisspítölunum upp úr gögnum sem sjúkrahúsin senda. Samantektin tekur aðeins til vinnu sem skráð verður með þessum hætti og því er hluti þeirrar vinnu sem á sér stað inni á sjúkrahúsum ekki meðtalinn. Á þetta m.a. við um verulegan hluta af vinnu lyflækna en við sjúkrahúsið í Neskaupstað er 1 stöðugildi lyflækni og 0,75 við sjúkrahúsið á Selfossi.

Meðferðanúmerin (verkin) hafa verið metin til eininga og hefur að verulegu leyti verið stuðst við gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins vegna sérfræðilækniþjónustu. Einingafjöldi verka sem ekki eru til í þeirri gjaldskrá hefur verið áætlaður. Í nokkrum tilvikum hafa tvö eða fleiri meðferðarnúmer verið sett saman í eitt. Rétt er að benda á að einingafjöldi endurspeglar ekki einungis umfang verkanna heldur er einnig verið að meta kostnað vegna tækja. Þetta á m.a. við um rannsóknir ýmis konar, sem eru hátt metnar til eininga.

Umfang verka sem unnin eru utan spítala er ekki hægt að meta að fullu þar sem hluti þeirra er hvergi skráður. Ástæðan er sú að sérfræðingar fá ekki greitt fyrir hluta af þeirri vinnu sem þeir inna af hendi ef vinnan fellur utan við þeirra sérgrein. Þetta er einna mest áberandi um almenna skurðlækna sem sinna gjarnan því sem til fellur ekki síst kvenlækningum þar sem kvensjúkdómalæknar eru ekki til staðar. Njóti læknar ekki

aðstoðar svæfingalæknis fá þeir greitt 60% af taxta svæfingarlæknis fyrir deyfingar.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að fyrir hendi sé aðgengileg skráning á öllum verkum sem unnin eru innan veggja sjúkrastofnana hvort heldur er á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Enn fremur þarf skráningin að vera unnin með samræmdum hætti um allt land. Nauðsynlegt er því að heilbrigðisráðuneytið sjái til þess að skráning af þessu tagi komist á og leiðbeini þeim sem hlut eiga að máli. Ríkisendurskoðun bendir á að áreiðanlegar upplýsingar um þá vinnu sem fram fer á sjúkrastofnunum, þar á meðal skurð- og slysastofum, er ein af forsendum þess að hægt sé að marka stefnu í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í framtíðinni.

Í töflu 5.8 er að finna samantekt á því sem fram kemur í fylgiskjölum nr. 5.2 og 5.3 þ.e. umfang þeirrar vinnu sem hægt er að mæla og innt er af hendi fyrst og fremst á skurðstofum sjúkrahúsanna vegna sjúklunga innan spítala. Þá er til samanburðar einnig sett í töfluna, umfang utanspítalaþjónustu sérfræðinganna þ.e. þeirrar þjónustu sem þeir veita á skurð- eða skiptistofum og eru einingar vegna viðtala ekki meðtaldar. Um er að ræða töku vefjasýna, speglanir og aðrar aðferðir til sjúkdómsgreininga á árinu 1994 og aðgerðir og meðferðir eins og þær hafa verið skráðar í fyrrgreindum ársskýrslum og á reikningum sérfræðinga til Tryggingastofnunar ríkisins.

Tafla 5.8 Einingafjöldi verka unnin á sjúkrahúsunum

Aðgerðir/Einingar	Keflavík		Ísafjörður		Neskaupstaður		Selfoss	
	Innan spítala	Utan spítala	Innan spítala	Utan spítala	Innan spítala	Utan spítala	Innan spítala	Utan spítala
Sýnat./speglanir	3.926	23.755	1.303	6.702	1.832	552	3.888	7.408
Aðg./meðferðir	33.714	28.976	8.548	7.890	9.734	987	18.372	12.062
Svæf./deyfingar *		32.250		9.522		185		17.727
Samtals	37.640	84.981	9.851	24.114	11.566	1.724	22.260	37.197

* Svæfingar og deyfingar á inniliggjandinn sjúklingum hafa ekki verið metnar til eininga þar sem upplýsingar eru ekki fyrir hendi á öllum stöðum

Í kaflanum hér á eftir er þessu til viðbótar gerð grein fyrir fjölda rannsókn- og röntgenskoðana fyrir hvert sjúkrahús fyrir sig. Þá hafa fæðingar sem slíkar ekki verið metnar til eininga nema að því marki sem um inngríp í tengslum við þær er að ræða.

Við samanburð á einingafjölda vegna vinnu utan spítala verður að hafa í huga að svæfingalæknir er starfandi á Sjúkrahúsi Suðurlands og Suðurnesja. Á sjúkrahúsinu í Neskaupstað sér einn læknanna um

svæfingar. Hann er ekki á samningi við Tryggingastofnun ríkisins frekar en aðrir læknar í Neskaupstað og því fá svæfingar þar ekki talningu. Hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði sér svæfingahjúkrunarfræðingur sem jafnframt er hjúkrunarframkvæmdastjóri um svæfingar en skurðlæknarnir sjá oftast sjálfir um deyfingar sem þá eru metnar til færri eininga.

Rannsóknir, s.s. sýnatökur og speglanir, eru langflestar á Sjúkrahúsi Suðurnesja og eru um 37% eininganna vegna kviðarholsspeglana. Samtals voru á árinu 1994 gerðar þar 135 kviðarholsspeglanir þar af 89 utan spítala. Í því sambandi er rétt að benda á að kvensjúkdómadeild sjúkrahúsins er nokkuð umsvifamikil og voru t.d. um 17% allra legudaga á þeirri deild vegna utanhéraðssjúklinga á árinu 1994. Á Sjúkrahúsi Suðurlands voru gerðar 32 kviðarholsspeglanir á sama tíma allar á inniliggjandi sjúklingum enda kvensjúkdómalæknir staðarins ekki á samningi við Tryggingastofnun. Á sjúkrahúsinu á Ísafirði voru gerðar 22 kviðarholsspeglanir, þar af 3 á inniliggjandi sjúklingum, en engin á sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Skeifugarnarspeglun er einnig nokkuð algeng rannsókn á öllum sjúkrahúsunum nema í Neskaupstað en engin slík aðgerð er skráð þar á árinu 1994. Á Ísafirði voru gerðar 77 skeifugarnarspeglanir allar á utanspítalásjúklingum, 44 á Selfossi og 37 í Keflavík einnig allar á utanspítalásjúklingum.

Aðgerðir eru flestar á Sjúkrahúsi Suðurnesja, hvort heldur er innan eða utan spítala. Einingafjöldi vegna þessara aðgerða var um 63 þúsund á árinu 1994 og eru einingar vegna svæfinga og deyfinga ekki meðtaldar. Um 46% aðgerðanna voru vegna utanspítalásjúklinga. Samanlagður einingafjöldi vegna aðgerða sem gerðar voru á Sjúkrahúsi Suðurlands á árinu 1994 var um 30 þúsund einingar og voru 40% þeirra gerðar án þess að innlögn fylgdi í kjölfarið. Aðgerðafjöldi á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði samsvaraði rúmlega 16 þúsund einingum, þar af um 48% án innlagnar og tæplega 11 þúsund einingum á Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað, þar af aðeins um 9% án innlagnar.

Háls-, nef- og eyrnaaðgerðir ýmiss konar eru algengar á öllum stöðunum enda þótt þær séu hlutfallslega fæstar í Neskaupstað. Það vekur raunar athygli að kverkeittunám utan spítala er mun algengara á Sjúkrahúsi Suðurlands en á samanburðarstöðunum eða yfir 50% allra tilvika. Taka nefkokskirtla er eingöngu gerð á sjúklingum utan spítala á öllum sjúkrahúsunum ef undan eru skilin tvö tilvik á Ísafirði.

Þá er verulegur munur á hvernig aðgerðin legháls víkkaður og leg skafið er meðhöndluð milli þessara fjögurra sjúkrahúsa. Flestar eru þessar

aðgerðir á Sjúkrahúsi Suðurnesja eða 81 talsins. Þar af eru rúmlega 80% gerðar utan spítala. Á Sjúkrahúsi Suðurlands eru aðgerðirnar 79 og engar gerðar utan spítala. Á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði eru 17 af 24 aðgerðum eða 71% gerð utan spítala en aðeins 21 á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, allar utan spítala.

Allar þessar aðgerðir, þ.e. kok- og kverkeittunám og „legháls víkkaður og leg skafið“ hafa verið skilgreindar sem ferliverk hjá heilbrigðisráðuneyti.

Á sjúkrahúsinu í Keflavík hafa verið gerðar nokkuð margar lýtaaðgerðir sem að sjúklingar hafa greitt fyrir alfarið sjálfir. Í þeim tilvikum þar sem innlögn hefur fylgt í kjölfarið hefur einnig verið greitt fyrir legudagana a.m.k. þegar erlendir ríkisborgarar hafa átt í hlut.

Tafla 5.9 Einingafjöldi læknisverka innan og utan sjúkrahúss

Einingafjöldi læknisverka	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupst.	Selfoss
Einingafjöldi innan sjúkrahúss	37.640	9.851	11.566	22.260
Einingafjöldi utan sjúkrahúss	84.981	24.114	1.724	37.197
Einingafjöldi alls	122.621	33.965	13.290	59.457
Stöðugildi sérfræðinga	3,8	1,9	2,2	2,5
Ein. innan sjúkrahúss á stöðug.	9.905	5.185	5.257	8.904
Ein. utan sjúkrahúss á stöðug.	22.363	12.691	784	14.879
Ein. alls á stöðugildi	32.268	17.876	6.041	23.783

Stöðugildi sérfræðinga í töflu 5.9 eru ekki í samræmi við setin stöðugildi sérfræðinga á sjúkrahúsunum. Í samráði við lækna á hverjum stað var reynt að meta stöðugildi fastráðinna sérfræðinga, aðstoðarlækna, verktaka og aðkomusérfræðinga með tilliti til þátts þeirra í einingum vegna handlækisverka á sjúkrahúsunum. Þannig voru stöðugildi fastráðinna skurðlækna, bæklunarlækna, lýtalækna, kvenlækna og háls-, nef- og eyrnalækna metin til samræmis við setin stöðugildi. Stöðugildi svæfingalækna voru lækkuð um 25% enda vinna þeirra í tengslum við aðgerðir á innliggjandi sjúklingum ekki metin. Stöðugildi lyflækna voru metin á 25% vegna hluts þeirra í sýnatökum og speglunum en einingar vegna þeirra verka eru taldar með í heildareiningafjölda. Stöðugildi aðstoðarlækna voru metin á 20% og vinna verktaka og aðkomusérfræðinga sem gera aðgerðir á skurðstofum sjúkrahúsanna var metin sem 10% stöðugildi fyrir hvern og einn.

Fjöldi reiknaðra eininga á Sjúkrahúsi Suðurnesja vegna inniliggjandi sjúklinga var 37.640 þúsund á árinu 1994. Reiknuð stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 3,8 og því 9.905 einingar á hvert stöðugildi. Ef einnig er tekið tillit til eininga vegna utanspítalasjúklinga, en án svæfinga er einingafjöldi á hvert stöðugildi 23.782. Ef tekið er tillit til eininga vegna svæfinga á utanspítalasjúklingum er einingafjöldinn á hvert stöðugildi 32.268.

Einingafjöldi á Sjúkrahúsi Suðurlands var vegna inniliggjandi sjúklinga var 22.260. Reiknuð stöðugildi lækna við sjúkrahúsið voru 2,5. Einingar á hver stöðugildi eru því 8.904. Ef einnig er tekið tillit til eininga vegna utanspítalasjúklinga, en án svæfinga er einingafjöldi á hvert stöðugildi 16.692. Ef tekið er tillit til eininga vegna svæfinga á utanspítalasjúklingum er einingafjöldinn á hvert stöðugildi 23.783.

Einingafjöldi á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði vegna inniliggjandi sjúklinga var 9.851. Reiknuð stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 1,9. Einingar á hvert stöðugildi lækna eru því 5.185. Ef einnig er tekið tillit til eininga vegna utanspítalasjúklinga, en án svæfinga er einingafjöldi á hvert stöðugildi 12.865. Ef tekið er tillit til eininga vegna svæfinga á utanspítalasjúklingum er einingafjöldinn á hvert stöðugildi 17.876.

Fjöldi eininga á Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað vegna inniliggjandi sjúklinga var 11.566 þúsund á árinu 1994. Reiknuð stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 2,2 og því 5.257 einingar á hvert stöðugildi. Ef einnig er tekið tillit til eininga vegna utanspítalasjúklinga, en án svæfinga er einingafjöldi á hvert stöðugildi 5.957. Ef tekið er tillit til eininga vegna svæfinga á utanspítalasjúklingum er einingafjöldinn á hvert stöðugildi 6.041.

Öll sjúkrahúsin hafa gert samninga við sjálfstætt starfandi sérfræðinga um aðgerðaáðstöðu við sjúkrahúsin. Samningarnir eru um marga mismunandi bæði hvað varðar sérgreinar og gjaldtöku sjúkrahúsanna af viðkomandi sérfræðingum. Enn fremur er misjafnt hversu oft sérfræðingarnir koma og ógerningur að meta vinnuframlag þeirra til stöðugildis.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði hafa verið gerðir samningar við bæklunarlækni, kvensjúkdómalækni og háls-, nef- og eyrnalækni og hafa allir áðstöðu til aðgerða á sjúkrahúsinu. Enn fremur hefur verið gerður samningur við sérfræðing í lyflækningum og hjartasjúkdómum. Á sjúkrahúsinu í Neskaupstað var á árinu 1994 gerður samningur við háls-,

nef- og eyrnalækni og sambærilegur samningur við kvensjúkdómalækni á árinu 1995. Sjúkrahús Suðurlands hefur gert verktakasamninga við háls-, nef- og eyrnalækni og sérfræðing í lýtalækningum og fær hvor um sig aðstöðu til aðgerða einu sinni í mánuði. Sjúkrahús Suðurnesja hefur sérstöðu að því leyti að þar hafa verið ráðnir til starfa 8 sérfræðingar í samtals 3,85 stöðugildi. Um er að ræða tvo skurðlækna, tvo kvensjúkdómalækna, bæklunarlækni, háls-, nef- og eyrnalækni, barnalækni og svæfingalækni sem er eini sérfræðingurinn í 100% stöðu. Auk þess hefur verið gerður verktakasamningur við röntgenlækni sem samsvarar 40% stöðugildi. Þörfin fyrir utanaðkomandi sérfræðinga er því ekki jafnmikil og á samanburðarstöðunum. Þó hefur verið gerður munnlegur samningur við annan lýtalækni og augnlækni um aðgerðaaðstöðu á skurðstofum spítalans. Breiddin í sérfræðipjónustunni sem sjúkrahúsið veitir reglubundið er því mun meiri en á samanburðarsjúkrahúsunum.

Heilbrigðisráðuneytið setti í september 1992 reglugerð um ferliverk. Með ferliverkum er átt við þá læknismeðferð sem sjúklingum er veitt á læknastofum eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum. Í 2. grein reglugerðarinnar segir að sjúklingum beri að greiða gjald í samræmi við reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og gildi þá einu þótt næturdvöl kunní að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum. Ferliverk eru hins vegar ekki gjaldskyld í þessu sambandi þegar þau eru veitt sjúklingi sem liggur á sjúkrahúsi af öðrum orsökum.

Hugsunin að baki ferliverka er sú að sjúklingar, sem þurfa að gangast undir minni háttar aðgerðir, taki þátt í kostnaði við þær eftir ákveðnum reglum og eigi jafnt yfir alla að ganga. Ef aðgerðin er gerð utan spítala gengur sjúklingshlutinn beint til viðkomandi sérfræðings. Tryggingastofnun ríkisins greiðir mismuninn á sjúklingshluta og heildarupphæð reiknings. Sérfræðingurinn framkvæmir aðgerðirnar ýmist á eigin stofu eða í húsnaði spítalans og innir þá af hendi þóknun fyrir aðstöðuna eftir samkomulagi. Víðast hefur þetta aðstöðugjald verið 40% af heildarupphæð reiknings. Þegar þessar aðgerðir eru gerðar af sérfræðingunum í vinnutíma þeirra sem sjúkrahúslæknar á sjúklingshlutinn að ganga beint til sjúkrahússins sem sértekjur og ber að lækka fjárframlög til stofnunarinnar samsvarandi því. Á sjúkrahúsunum ber að skrá sérstaklega öll ferliverk sem unnin eru.

Sjúkrahús Suðurlands reyndi eitt þessara sjúkrahúsa að innheimta gjald fyrir a.m.k. hluta ferliverka, þ.e. háls- og nefkirtlatökur enda þótt

innlögn fylgdi í kjölfarið. Sjúklingurinn greiddi um 8.000 krónur fyrir aðgerðina þ.e. samanlagt fyrir vinnu svæfingalæknis og háls-, nef- og eyrnalæknis og gekk þessi greiðsla til spítalans. Sérfræðingarnir sendu síðan reikning til Tryggingastofnunar ríkisins vegna þess sem eftir stóð. Sjúkrahúsið fékk reglulega afrit af reikningunum og gerði endanlega upp við læknana. Læknarnir greiða 40% af heildarupphæð reiknings í aðstöðugjald og því skulduðu þeir yfirleitt sjúkrahúsinu nokkra upphæð þegar upp var staðið. Frá þessu var horfið þegar í ljós kom að sjúklingar gátu fengið þessar aðgerðir annar staðar m.a. á Borgarspítala án endurgjalds. Því er fyrirkomulag við háls- og nefkirtlatökur þannig nú á Sjúkrahúsi Suðurlands, að aðgerðirnar eru gerðar á "inniliggjandi" sjúklingum, sjúklingurinn borgar ekkert og læknirinn er í vinnu hjá sjúkrahúsinu og gerir því reikning fyrir aðgerðinni. Kostnaður sjúkrahússins er því meiri en áður þar sem sjúklingar eru frekar inniliggjandi í tengslum við aðgerðina og sjúkrahúsið greiðir lækninum í stað þess að fá greitt frá honum auk þess fasta kostnaðar sem tilheyrir skurðstofunum við aðgerðir sem þessar. Ekki hefur verið tekið tillit til þess í fjárlögum að "starfsemi sjúkrahússins" hefur aukist.

Listi yfir þau verk sem eiga að flokkast sem ferliverk er fullmótaður en hefur ekki verið lagður fram af hálfu heilbrigðisráðuneytisins. Kann það að nokkru leyti að skýra að ekki hefur verið gengið strangt eftir að reglum sé fylgt. Engu að síður liggur verulegur hluti verkanna ljós fyrir. Því geta sjúklingar sem gangast undir aðgerðir sem flokkast sem ferliverk þurft að bera verulegan kostnað, þ.e. fari læknar eftir settum reglum. Ef sjúklingar eru á hinn bóginn lagðir inn á sjúkrahús í tengslum við aðgerðina hafa veruleg brögð verið að því að sjúklingshlutinn sé felldur niður. Ríkið ber þá allan kostnað af aðgerðinni auk kostnaðar vegna legu sjúklingsins, þar með talinn lyfjakostnað, sem utanspítalásjúklingur ber sjálfur. Virðist sem læknum hafi fram að þessu nánast verið í sjálfsvald sett hvorn háttinn þeir hafa á. Hér skortir því samræmingu í rekstri sjúkrastofnana af hálfu heilbrigðisráðuneytisins að mati Ríkisendurskoðunar.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1996 er fyrirhugað er að 1. janúar 1996 taki gildi ný reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um framkvæmd ferliverka. Tæmandi listi yfir þau verk sem munu flokkast sem ferliverk mun væntanlega liggja fyrir á sama tíma.

Sú vinna sem innt er af hendi á skurðstofum sjúkrahúsanna er einungis hluti þeirrar starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsunum. Til þess að Ríkisendurskoðun gæti metið umfang starfseminnar í heild sinni var

legum, þ.e. innlögnum og legudögum, gefið ákveðið vægi. Þannig var ákvarðað að hver innlögn og hver legudagur jafngildi 45 einingum. Þessar einingar voru síðan lagðar við reiknaðar einingar vegna læknisverka á sjúkrahúsunum.

Tafla 5.10 Einingafjöldi verka unnin á sjúkrahúsinu

Aðgerðir/Einingar	Keflavík		Ísafjörður		Neskaups. Neskaupst.		Selfoss	
	Innan spítala	Utan spítala	Innan spítala	Utan spítala	Innan spítala	Utan spítala	Innan spítala	Utan spítala
Sýnat./speglanir	3.926	23.755	1.303	6.702	1.832	552	3.888	7.408
Aðg./meðferðir	33.714	28.976	8.548	7.890	9.734	987	18.372	12.062
Svæf./deyfingar		32.250		9.522		185		17.727
Einingar skv. skýrslum	37.640	84.981	9.851	24.114	11.566	1.724	22.260	37.197
Einingar v/lega	54.405		36.270		29.115		53.550	
Einingar vegna legud.	739.215		508.316		403.020		954.405	
Samtals	831.260	84.981	508.316	24.114	443.701	1.244	1.030.215	37.197

Ef gengið er út frá því að einingafjöldinn hér að framan lýsi að einhverju marki umfangi starfseminnar og þeim deilt í heildarkostnað við rekstur sjúkrahúsanna að undanskyldum kostnaði við þjónusturými í Neskaupstað fást eftirfarandi gildi fyrir kostnað á einingu.

Tafla 5.11 Samanburður á kostnaði á einingu

Sjúkrahús	Einingar samtals	Heildarkostn. Þ.kr.	Kostn. á ein. Kr.
Sjúkrahús Suðurnesja	916.241	307.510	336
Sjúkrahúsið Ísafirði	532.430	226.070	425
Sjúkrahúsið Neskaupstað	445.425	188.451	423
Sjúkrahús Suðurlands	1.067.412	262.535	246

Kostnaður á einingu er lægstur á Sjúkrahúsi Suðurlands en hæstur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði enda legudagar flestir á Sjúkrahúsi Suðurlands. Ef kostnaður vegna öldrunarþjónustunnar er á hinn bóginn tekinn frá sem og einingar vegna langtímalegu verður kostnaður á einingu eins og fram kemur í töflu 5.12.

Tafla 5.12 Samanburður á kostnaði á einingu.

Sjúkrahús	Einingar samtals	Þar af aðgerðir	Heildarkostn. Þ.kr.	Kostn. á ein. Kr.
Sjúkrahús Suðurnesja	528.701	122.621	235.987	446
Sjúkrahúsið Ísafirði	302.750	33.965	180.681	597
Sjúkrahúsið Neskaupstað	246.225	13.290	149.186	605

Sjúkrahús Suðurlands	421.032	59.457	134.813	320
----------------------	---------	--------	---------	-----

Kostnaður á einingu er enn lægstur hjá Sjúkrahúsi Suðurlands jafnvel þótt fjöldi eininga sé mestur á Sjúkrahúsi Suðurnesja. Í því sambandi verður að taka tillit til þess að einingar vegna aðgerða eru 23,2% af öllum einingum hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja en einungis 14,1% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands. Kostnaðurinn á einingu er hæstur hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað og litlu lægri hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði. Hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði eru einingar vegna aðgerða 11,2% af heildareiningafjölda en einungis 5,4 % hjá sjúkrahúsinu í Neskaupstað.

5.3 Öldrunarþjónusta í heimahéraði

Sú öldrunarþjónusta sem veitt er á starfssvæðum sjúkrahúsanna fjögurra er afar mismunandi enda svæðin misstór og íbúafjöldi þeirra breytilegur. Í töflunni hér á eftir er samantekt á þjónusturýmum og hjúkrunarrýmum á starfssvæðum sjúkrahúsanna fjögurra. Öldrunarstofnanir á þjónustusvæðum þessara sjúkrahúsa bjóða ekki upp á dagvistun fyrir aldraða.

Tafla 5.13 Heildarrými á stofnunum í heimahéruðum

Rúmafjöldi	Þjónusturými	Langlega	Önnur lega
Sjúkrahús Suðurnesja		10	20
Víðihlíð, Grindavík ¹⁾		28	
Hlévangur, Keflavík	32		
Garðvangur, Garði		41	
Samtals Suðurnes	32	79	20
Fjórðungshúsið Ísafirði		15	15
Hlíf, Ísafirði	11		
Öldrunarbúð Önfirðinga, Flateyri		5	
Sjúkraskýlið Þingeyri ²⁾		7	
Sjúkrahús Bolungarvíkur		18	
Samtals Ísafjörður og nágrenni	11	45	15
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	11	12	22
Hulduhlíð, Eskifirði	3	15	
Uppsali, Fáskrúðsfirði	13		
Samtals Neskaupst. og nágrenni	27	27	22
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi		19	16
Ljósheimar, Selfossi		26	
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	8	12	
Hjallatún, Vík í Mýrdal	5	10	
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	30		
Lundur, Hellu	18	12	
Blesastaðir, Skeiðahreppi ³⁾	0		
Kumbaravogur, Stokkseyri ⁴⁾	10	12	
Sólvellir, Eyrarbakka	11		
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði ⁵⁾	8	0	
Samtals Suðurland	90	91	16

Fjöldi þjónusturýma og langlegurýma er breytilegur eftir svæðunum enda aldraðir mishátt hlutfall af heildaríbúafjölda. Á Suðurlandi eru aldraðir, þ.e. 70 ára og eldri, 8,2% íbúanna og hlutfallslega fleiri en á

¹⁾ Rýmin í Grindavík í árslok 1994.

²⁾ Aðeins 3 sjúklingar voru vistaðir í sjúkraskýlinu Þingeyri á árinu 1994 v/aðgerða.

³⁾ Á Blesastöðum eru 12 rými en engir vistmenn af upptökusvæði sjúkrahúss Suðurlands.

⁴⁾ Á Kumbaravogi eru 34 þjónusturými og 40 langlegurými. Um 30% rýmanna er vegna fólks af upptökusvæði sjúkrahúss Suðurlands og eru því einungis þau talin hér.

⁵⁾ Á Ási/Ásbyrgi eru 120 þjónusturými og 72 langlegurými. Um 35% nýting var á þjónusturýmum á árinu 1994. Þar af nýtti fólk af upptökusvæði sjúkrahúss Suðurlands um 8% sem samsvarar um 8 rýmum og því einungis þau talin hér. Langlegan er fyrst og fremst vegna fólks af geðdeild Landspítalans.

samanburðarstöðunum. Þjónusturými á svæðinu eru 90 sem samsvarar því að 6,9% allra íbúa 70 ára og eldri búi í þjónusturými. Langlegurými á upptökusvæðinu eru 91 talsins sem samsvarar því að 7,0% allra 70 ára og eldri séu vistaðir á langlegustofnun. Á hinn bóginn eru í næsta nágrenni Sjúkrahúss Suðurlands raðhús og blokkir sem eru alfarið í eigu ellilífeyrisþega. Þetta fólk fær heimilisaðstoð og heimahjúkrun ef þörf er á auk þess sem það getur fengið keyptan mat hjá sjúkrahúsinu. Félagsmálastofnun Selfossbæjar sér um að koma matnum til fólksins en einnig er boðið upp á að það neyti matarins í borðsal sjúkrahússins. Stefnt er að því að aldraðir verði eins lengi á eigin heimili og nokkur kostur er en flytjist síðan á langlegudeild sjúkrahússins þegar hjúkrunarþyngdin er orðin veruleg.

Fjöldi aldraðra á þjónustusvæði Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað er 7,2% af heildar íbúafjölda. Þjónusturými og langlegurými á svæðinu eru jafnmörg eða 27 talsins sem samsvarar því að 8,3% aldraðra vistist í þjónstu- eða langlegurými.

Fjöldi aldraðra á þjónustusvæði Fjórðungssjúkrahúss Ísafjarðar er 6,5% af heildaríbúafjölda. Þjónusturými eru 11 og langlegurými 46. Þetta samsvarar því að 2,7% aldraðra séu vistaðir í þjónusturými og 11,3% í langlegurými.

Aldraðir er fæstir á þjónustusvæði sjúkrahúss Suðurnesja eða 5% heildaríbúafjölda. Fjöldi þjónusturýma er 32 sem samsvarar því að 4,2% aldraðra séu vistaðir í þjónusturými en 10,1% í langlegurými.

Þessi hlutföll geta bent til þess að ekki sé samræmi í mati á þjónustuþörfinni á samanburðarstöðunum.

Tafla 5.14 Hlutfall aldraðra á langlegustofnunum

Hlutfall íbúa > 70	Suðurnes		Ísafjörður		Neskaupstaður		Suðurland	
	Þjón. rými	Hjúkr. rými	Þjón. rými	Hjúkr. rými	Þjón. rými	Hjúkr. rými	Þjón. rými	Hjúkr. rými
Suðurnes 5,0%	4,2%	10,1%						
Ísafjörður 6,5%			2,7%	11,3%				
Neskaupst. 7,2%					8,3%	8,3%		
Suðurland 8,2%							6,9%	7,0%

Langlegurými eru hlutfallslega fæst á Suðurlandi. Að vísu hefur svæðið sérstöðu að því leyti að landbúnaður er annar stærsti atvinnuvegurinn og viðvera fólks á heimilum því önnur en gerist og gengur með útivinnandi fólk. Má ætla að öldruðum sé við slíkar aðstæður gert kleift að búa lengur í eigin húsnæði gjarnan í skjóli kynslóðaskipta.

Rétt er að benda á að reglum um lögheimili hefur nýverið verið breytt þannig að einstaklingar sem vistast til frambúðar á langlegustofnun teljast eiga lögheimili á viðkomandi stofnun. Því eru væntanlega einhverjir einstaklingar af þeim svæðum sem hér eru til skoðunar vistaðir á langlegustofnunum utan heimahéraðs s.s. á Hrafnistu í Hafnarfirði og Reykjavík.

Ríkisendurskoðun kannaði hver væri kostnaður við stofnanafjónustu þ.e. sjúkrahús- og öldrunarþjónustu á hvern íbúa á starfssvæði sjúkrahúsanna fjögurra að meðtöldum kostnaði vegna utanhéraðssjúklinga og án þess kostnaðar.

Tafla 5.15 Gjöld á stofnunum í heimahéraði árið 1994

Gjöld á stofnunum í heimahéraði Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísa- fjörður	Neskaup- staður	Selfoss
Sjúkrahús innan héraðs	307.510	226.070	198.890	262.535
Öldrunarstofnanir innan héraðs	144.037	97.947	55.905	193.082
Stofnanir alls innan héraðs	451.547	324.017	254.795	455.617
Gjöld alls án kostnaðar v/utanh.sjúkl.	419.537	314.018	203.764	437.931
Gjöld í héraði á íbúa	26,8	49,9	45,1	27,4
Rúmanýting á sjúkrahúsi	88,1%	93,8%	72,2%	95,3%

Kostnaðurinn við stofnanir í heimahéraði er hæstur á Ísafirði og nágrenni eða 49,9 þúsund krónur á íbúa. Í því sambandi má benda á að stofnanir fyrir aldraða á Flateyri og Þingeyri eru litlar og því hlutfallslega mjög dýrar í rekstri í samanburði við aðrar öldrunarstofnanir. Enn fremur sækir fólk frá Ísafirði og nágrenni hlutfallslega minnsta sjúkrahúsþjónustu út fyrir sitt heimahérað. Kostnaður á íbúa er næst hæstur í Neskaupstað og nágrenni 45,1 þúsund krónur en mun lægri á Suðurlandi og Suðurnesjum þar sem hann er áþekkur eða um 27 þúsund krónur á íbúa.

Ef skoðuð er rúmanýting á sjúkrahúsunum kemur í ljós að nýtingin er verst á Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað. Nýtingin er liðlega 88% á Sjúkrahúsi Suðurnesja þ.e. fyrir sjúkrahúsið sem heild en vel yfir 90% á Sjúkrahúsi Suðurlands og Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði. Þessi gildi eiga við árið 1994 en vorið 1995 var ný álma með 25 rúmum tekin í notkun við Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði. Rúmanýtingin er reiknuð út með eftirfarandi hætti:

legudagafjöldi/fjöldi rúma*365

Ekki hefur verið tekið tillit til þess að í legudagafjölda eru komu- og brottfaradagar meðtaldir. Þá er rúmanýtingin auðvitað mismunandi eftir deildum þar sem deildaskipting eða a.m.k. vísir að deildaskiptingu er á annað borð fyrir hendi. Þannig er t.d. nýtingin á almennri deild sjúkrahúss Suðurnesja, reiknað með fyrrgreindum hætti, 91% og á fæðingardeildinni um 97%. Nýtingarhlutfallið á öldrunardeildinni Víðihlíð er hins vegar lélegra eða 82% og dregur það meðaltalið niður.

Léleg rúmanýting getur bent til þess að rúmin séu töluvert fleiri en þörf er á eins og raunin virðist vera á sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Enn fremur skal á það bent að hér er nýtingin fyrir hjúkrunardeild sjúkrahússins í Keflavík í Víðihlíð miðuð við að 14 rými hafi verið til staðar fyrrihluta ársins 1994 en 28 rými seinni helming ársins. Nokkurn tíma tók hins vegar að skipa í plássin og voru þau fyrst fullskipuð í maí 1995. Þá kemur fyrir að flyta þarf öldrunarsjúklinga af hjúkrunardeildum til innan sjúkrahúss eða jafnvel á önnur sjúkrahús og verða plássin ekki nýtt á meðan. Að auki hafa sjúkrahúsin lagt mismikla áherslu á aðgerðir án innlagnar sjúklinga og heimilað hvíldarinnlagnir í mismiklum mæli. Hvorutveggja hefur áhrif á rúmanýtingu.

5.4 Sérfræðiþjónusta utan spítala innan og utan héraðs

Ríkisendurskoðun lagði mat á kostnað við þá sérfræðiþjónustu sem veitt er íbúum á starfssvæðum sjúkrahúsanna annars vegar í heimahéraði og hins vegar utan héraðs.

Til að meta sérfræðiþjónustu í heimahéraði var í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins og Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar fundinn kostnaður við allar komur sjúklinga til sérfræðinga sem hafa fastráðningu við sjúkrahúsin fjögur. Gengið var út frá greiðslum Tryggingastofnunar til sérfræðinganna að frádregnum afslætti en að viðbættum sjóðagjöldum. Tryggingastofnun skráir einnig kostnaðarhlutdeild sjúklinga og var gengið út frá þeirri fjárhæð. Auk kostnaðar var gerður samanburður á þeim aðgerðum/meðferðum sem sinnt er í hverju umdæmi fyrir sig samkvæmt sömu reikningum. Í fylgiskjölum nr. 5.2 og 5.3 með skýrslunni kemur fram skipting aðgerða/meðferða innan og utan spítala á árinu 1994 eftir tegundum.

Verulegur munur kemur fram í kostnaði við þá sérfræðiþjónustu sem fram fer á vegum fastráðinna sérfræðinga á hverjum stað fyrir sig. Er ástæðan fyrst og fremst sú að svæðin eru misstór og breiddin í þeirri sérfræðiþjónustu sem hægt er að bjóða upp á að staðaldri því breytileg. Ennfremur er tækjakostur sjúkrahúsanna til að veita sérfræðiþjónustu mismunandi.

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður vegna þjónustu fastráðinna sérfræðinga í heimahéraði á árinu 1994. Um er að ræða heildarkostnað vegna þjónustu sérfræðinganna, þ.e. hlut Tryggingastofnunar ríkisins og hlut sjúklinga samkvæmt skráningu sömu stofnunar. Enn fremur er tilteknar þær einingar sem læknisverk sérfræðinganna voru metin á.

Tafla 5.16 Umfang og kostnaður vegna fastráðinna sérfræðinga í héraði

Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík		Ísafjörður		Neskaupst.		Selfoss	
	Þ.kr.	Ein.	Þ.kr.	Ein.	Þ.kr.	Ein.	Þ.kr.	Ein.
Lyflæknar							1.949	14.820
Skurðlæknar 1)	4.545	35.188	1.512	11.489			1.674	12.734
Svæfingalæknar 2)	1.721	13.024					954	7.256
Kvensjúkdómal.	6.271	48.170						
Aðrir	4.151	32.209						
Samtals	16.688	128.591	1.512	11.489	0	0	4.577	34.810

1. Með skurðlæknum í Keflavík eru taldir bæklunarlæknar og lýtalæknar
2. Svæfingalæknar aðstoða einnig við aðgerðir sem utanaðkomandi sérfræðingar gera á skurðstofum spítalanna og ekki eru meðtaldar hér.

Verulegur munur kemur fram í skráðri þjónustu sérfræðinga í héraði. Fastráðnir sérfræðingar við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað senda samkvæmt ofanskráðu ekki reikninga til Tryggingastofnunar ríkisins enda ekki á samningi við stofnunina. Þetta á raunar við um nokkuð marga sérfræðinga ekki síst á landsbyggðinni. Í því sambandi er rétt að benda að sérfræðingarnir í Neskaupstað sinna a.m.k. að einhverju marki sérgrein sinni í starfi sínu sem heimilislæknar og færast því kostnaðurinn hjá heilsugæslustöðinni.

Til skamms tíma hefur aðeins einn sérfræðingur verið fastráðinn við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og er hann skurðlæknir. Haustið 1994 fékkst annar skurðlæknir til starfa en sá lét af störfum fyrri hluta árs 1995.

Við Sjúkrahús Suðurlands starfa lyflæknir, skurðlæknir og kvensjúkdómalæknir og svæfingalæknir allir í 75% stöðu. Enn fremur er fyrir hendi ein staða aðstoðarlækni auk þess sem gerður hefur verið verktakasamningur við heilsugæslulækni á staðnum sem hefur sérhæft sig

í röntgengreiningu. Er vinnuframlag hans talið samsvara um hálfu stöðugildi.

Við Sjúkrahús Suðurnesja starfa eins og áður hefur komið fram 8 sérfræðingar í 3,85% stöðugildum og 6 mismunandi sérgreinum. Mun meiri breidd er í því framboði á sérfræðiþjónustu sem veitt er að jafnaði en á samanburðarstöðunum. Illa gekk að fá svæfingalækni til starfa í Keflavík og var starfinu sinnt af ýmsum læknum u.þ.b. helming ársins. Einingar vegna vinnu þeirra flokkast með vinnu sérfræðinga utan héraðs. Nokkrir sérfræðinganna eru aðeins í hlutastarfi við sjúkrahúsið og vinna jafnframt á stór-Reykjavíkursvæðinu. Vinna þeirra er tekin með hér að því marki sem verið er að sinna íbúum af þjónustusvæði sjúkrahússins.

Ríkisendurskoðun lagði á sama hátt og hér að framan mat á kostnað vegna allra heimsókna sjúklinga, af þjónustusvæði sjúkrahúsanna fjögurra, til sérfræðinga á einkastofum utan heimahéraðs.

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaðarskiptingin á milli hinna ýmsu sérgreina vegna sérfræðiþjónustu íbúa á starfssvæðum sjúkrahúsanna fjögurra:

Tafla 5.17 Kostnaður við sérfræðiþjónustu utan spítala utan héraðs

Tegund sérgreinar	Keflavík				Heildar-			
	Ísafj.	Nesk.	Selfoss	Keflavík	Ísafirði	Neskaupstað	Selfossi	
	í %	í %	í %	911-912	421-427	721-724	811-837	
1 Augnlæknar	16,0	24,0	24,0	17,9	7.703.007	2.690.957	2.044.512	8.079.565
2 Barnalæknar	5,0	4,5	4,5	5,1	2.415.828	582.862	383.936	2.315.799
3 Bækluaræknar	6,9	3,2	4,7	4,5	3.328.338	416.097	404.022	2.027.467
4 Geðlæknar	8,3	1,3	1,6	5,5	4.001.646	173.076	132.426	2.508.889
6 HNE-læknar	2,7	15,4	13,3	8,4	1.306.946	1.984.790	1.132.335	3.778.531
7 Húðlæknar	6,2	3,1	5,1	3,0	2.964.258	399.518	433.328	1.376.022
8 Kvenlæknar	2,0	4,5	5,9	4,8	985.284	580.922	499.072	2.173.582
9 Lyflæknar	17,3	10,9	16,1	14,4	8.330.229	1.401.373	1.369.379	6.525.733
10 Orkulæknar	0,3	0,1	0,0	0,7	162.402	7.160		331.279
11 Rannsóknarlæknar	7,1	3,9	6,2	6,7	3.420.724	506.380	525.727	3.007.603
12 Röntgenlæknar	1,0	0,3	1,7	1,4	459.773	33.368	143.557	652.675
13 Skurðlæknar	6,2	3,1	4,9	4,1	2.974.269	406.168	420.777	1.870.093
14 Svæfingalæknar	10,1	20,3	6,6	10,9	4.879.696	2.613.233	564.864	4.941.624
15 Krabbameinslæknar	2,1	1,5	0,6	2,0	1.004.507	193.453	52.785	894.884
16 Taugalæknar	2,8	1,9	2,1	2,6	1.327.453	246.659	177.979	1.194.788
18 Þvagfæralæknar	3,5	1,2	1,9	2,5	1.664.845	156.833	158.041	1.121.638
19 Öldrunarlæknar	0,1		0,1	0,1	28.173		7.718	49.963
20 Lýtalæknar	2,5	4,0	0,9	5,2	1.200.819	511.371	75.503	2.368.929
Óskilgreint					3.125		1.755	
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	48.161.322	12.904.220	8.527.717	45.219.065

Greinilegt er að notkun á sérfræðiþjónustu utan héraðs er mismikil og virðist aðgengi ráða þar miklu. Þannig er heildarkostnaður, þ.e. kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins og hluti sjúklinga, vegna þessarar þjónustu hæstur á Suðurnesjum eða um 48,2 milljónir króna sem

samsvarar um 3.000 krónum á hvern íbúa. Kostnaðurinn er næsthæstur á Suðurlandi um 45,2 milljónir króna sem samsvarar um 2.800 krónum á hvern íbúa. Á Ísafirði og nágrenni er heildarkostnaðurinn 12,9 milljónir króna og samsvarar það um 2.100 krónum á hvern íbúa. Lægstur er kostnaðurinn í Neskaupstað og nágrenni 8,5 milljónir króna sem jafngildir um 1.900 krónum á hvern íbúa. Ekki liggur fyrir í hverju þjónusta innan hvernar sérgreinar er fólgin. Því getur verið mikil breidd í þjónustunni sem veitt er allt frá einföldum skoðunum til tiltölulega flókinna aðgerða eða meðferða.

Heildarkostnaður þ.e. sérfræðikostnaður innan og utan héraðs í hverri sérgrein fyrir sig var eftirfarandi:

Tafla 5.18 Kostnaður við sérfræðilæknisþjónustu innan og utan héraðs

Tegund sérgreinar	Heildar- kostnaður Keflavík 911-912	Kostn. á íbúa Keflav. Keflav.	Heildar- kostnaður Ísafirði 421-427	Kostn. á íbúa Ísaf. Ísaf.	Heildar- kostnaður Neskaupstað 721-724	Kostn. á íbúa Nesk. Nesk.	Heildar- kostnaður Selfossi 811-837	Kostn. á íbúa Self. Self.
Augnlæknar	7.703.007	492	2.690.957	428	2.044.512	453	8.079.565	505
Barnalæknar	3.896.854	249	582.862	93	383.936	85	2.315.799	145
Bæklunarlæknar	5.111.542	326	416.097	66	404.022	89	2.027.467	127
Geðlæknar	4.001.646	256	173.076	28	132.426	29	2.508.889	157
HNE-læknar	3.977.417	254	1.984.790	316	1.132.335	251	3.778.531	236
Húðlæknar	2.964.258	189	399.518	64	433.328	96	1.376.022	86
Kvenlæknar	7.256.695	464	580.922	92	499.072	110	2.173.582	136
Lyflæknar	8.330.229	532	1.401.373	223	1.369.379	303	8.474.464	530
Orkulæknar	162.402	10	7.160	1		0	331.279	21
Rannsóknarlækn.	3.420.724	218	506.380	81	525.727	116	3.007.603	188
Röntgenlæknar	459.773	29	33.368	5	143.557	32	652.675	41
Skurðlæknar	5.381.423	344	1.917.699	305	420.777	93	3.544.305	222
Svæfingalæknar	6.600.378	422	2.613.233	416	564.864	125	5.895.295	369
Krabbameinsl.	1.004.507	64	193.453	31	52.785	12	894.884	56
Taugalæknar	1.327.453	85	246.659	39	177.979	39	1.194.788	75
Þvagfæralæknar	1.664.845	106	156.833	25	158.041	35	1.121.638	70
Öldrunarlæknar	28.173	2			7.718	2	49.963	3
Lýtalæknar	1.555.101	99	511.371	81	75.503	17	2.368.929	148
Óskilgreint	3.125	0			1.755	0		
Samtals	64.849.552	4.142	14.415.751	2.292	8.527.717	1.887	49.795.679	3.115

Kostnaður vegna þjónustu augnlækna er nokkuð mikill og áþekkur í öllum umdæmum þ.e. 428 til 505 krónur á íbúa. Komur til háls-, nef- og eyrnalækna eru einnig algengar og kostnaður vegna þeirra nokkuð áþekkur. Mestur er kostnaðurinn á Ísafirði eða 316 krónur á íbúa en minnstur á Suðurlandi 236 krónur á íbúa. Þessar greinar sérfræðiþjónustu eru oft veittar í heimahéraði af sérfræðingum sem koma með nokkuð reglulegu millibili og er aðgengi að sérfræðingunum því yfirleitt nokkuð gott. Aldursdreifing er mismunandi á stöðunum og er þar einnig að finna hluta af skýringunni á mismikilli þjónustu í hinum ýmsu greinum. Þá er enn fremur vakin athygli á því að mismikil þjónusta milli svæða en innan sömu sérgreinar getur stafað af því að sjúklingum er í mismiklu mæli beint inn á sjúkrahús til aðgerða.

Athygli vekur hve kostnaður vegna þjónustu kvensjúkdómalækna er mikill vegna sjúklinga af Suðurnesjum. Nemur kostnaðurinn þar 464 krónum á hvern íbúa. Á hinum samanburðarstöðunum er hann áþekkur eða 92-136 krónur á íbúa. Hluti skýringarinnar er sá að aðgengi að sérfræðingum í greininni er gott. Enn fremur er meðalaldur lægri á Suðurnesjum en á samanburðarsvæðunum og m.a. fæðingar fleiri. Kvensjúkdómalæknir er einnig starfandi við Sjúkrahús Suðurlands en sá er ekki á samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Ber enda ekki á öðru en innlagnir í tengslum við kvensjúkdómaaðgerðir séu algengari þar en t.d. á Sjúkrahúsi Suðurnesja. Þá leita sjúklingar á þeim stöðum þar sem ekki eru starfandi sérfræðingar s.s. í kvensjúkdómum til heilsugæslulækna sem m.a. kemur fram í hærri kostnaði við heilsugæsluna á viðkomandi stöðum. Sjúklingar leita enn fremur til annarra starfandi sérfræðinga á svæðunum, s.s. til skurðlækna. Eins og áður hefur komið fram hefur Tryggingastofnun ríkisins gert athugasemdir við reikninga frá sérfræðingum sem sinna vandamálum utan sérgreina sinna og fást reikningarnir iðulega ekki greiddir. Því er ekki til staðar tæmandi skráning vegna þeirrar þjónustu sem veitt er í héruðum og kostnaður eða a.m.k. umfang vinnu í raun vantalið.

Kostnaður vegna lyflækna er breytilegur milli svæðanna. Þannig er kostnaðurinn á Ísafirði aðeins liðlega 40% af samsvarandi kostnaði á Suðurlandi og Suðurnesjum þar sem hann er áþekkur eða um 530 krónur á íbúa. Í því sambandi má benda á að einn af heilsugæslulæknunum á Ísafirði er sérfræðingur í lyflækningum.

Kostnaður vegna utanspítalþjónustu skurðlækna og svæfingalækna er töluverður í öllum héruðunum nema Neskaupstað enda innlagnir í Neskaupstað í tengslum við aðgerðir algengari en á samanburðarstöðunum. Kostnaður vegna skurðlæknaþjónustu er mestur á Suðurnesjum eða 344 krónur á íbúa og litlu lægri á Ísafirði eða 305 krónur á íbúa. Reyndar þarf að horfa á samanlagðan kostnað vegna skurðlækna og lýtalækna þar sem lýtalæknar vinna að verulegu leyti sem almennir skurðlæknar ekki síst þegar um afleysingastörf er að ræða. Sé þetta gert er kostnaðurinn enn hæstur á Suðurnesjum eða 443 krónur á íbúa, 386 krónur á Ísafirði og 370 á Suðurlandi. Samanlagður kostnaður í Neskaupstað er 110 krónur á íbúa.

Kostnaður vegna svæfingalækna helst nokkuð í hendur við kostnað við skurðlækningar. Kostnaðurinn var mestur á Suðurnesjum eða 422

kónur á íbúa og litlu lægri á Ísafirði eða 416 krónur á íbúa. Samsvarandi kostnaður var 369 krónur á Suðurlandi og 125 krónur í Neskaupstað.

5.5 Sjúkrahúspjónusta utan héraðs

Við að meta sjúkrahúspjónustu utan héraðs var gengið út frá skráningu sjúklinga af þjónustusvæðum sjúkrahúsanna fjögurra á deildir stóru sjúkrahúsanna þ.e. Ríkisspítala, Borgarspítala, Landakots og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Að auki voru teknir saman allir legudagar sjúklinga frá þessum svæðum á öðrum sjúkrahúsum samkvæmt skráningu í ársskýrslum frá tölvudeild Ríkisspítalanna. Legudagar sjúklinga af umræddum þjónustusvæðum voru teknir saman og flokkaðir eftir helstu deildum og kemur skiptingin fram í töflum 5.18-5.21. Við áætlun á kostnaði á legudag er gengið út frá kostnaðarskiptingu Ríkisspítalanna en þar hefur öllum sameiginlegum kostnaði verið skipt á legudeildir. Ríkisspítalar áætla kostnað vegna þjónustu stoðdeilda þar sem ekki verður komið við raunverulegri skiptingu. Legudögum sjúklinganna á minni sjúkrastofnunum hefur einungis verið skipt á milli langlegu og annarar legu. Legudagafjöldi á Reykjalundi er sýndur sérstaklega enda legudagar margir og meðalkostnaður á legudag lægri en á Ríkisspítölum.

Tafla 5.19 Suðurnes

Legudeildir	RSP	Borg.sp.	Landak.	Akureyri	Aðrir Legud. samtals	Kostn. á RSP	Kostn. í þús. kr.
Lyflækningadeild	1246	1092	86		2424	28.162	68.265
Handlækningadeild	1122	1228	152	5	2507	28.347	71.066
Barnadeild	1423		426	10	1859	18.904	35.143
Kvensjúkdómadeild	693			6	699	23.027	16.096
Geðdeild	2480	964			3444	15.754	54.257
Öldrunardeildir/Vistheimili	1950	66			2016	11.250	22.680
Aðrar deildir*	1533	1471	214		206	3424	22.891
Reykjalundur					5418	5418	8.000
	10447	4821	878	21	5624	21791	389.229

Tafla 5.20 Ísafjörður og nágrenni

Legudeildir	RSP Borg.sp.	Landak.	Akureyri	Aðrir Legud. samtals	Kostn. á RSP	Kostn. í þús. kr.		
Lyflækningadeild	267	83	14	4	368	28.162	10.364	
Handlækningadeild	459	248	46	7	760	28.347	21.544	
Barnadeild	433		94	21	548	18.904	10.359	
Kvensjúkdómadeild	589			30	619	23.027	14.254	
Geðdeild	579	46		440	1065	15.754	16.778	
Öldrunardeildir/Vistheimili	1751			42	1793	11.250	20.171	
Aðrar deildir*	488	239	113		84	924	22.891	21.151
Reykjalundur				1004	1004	8.000	8.032	
	4566	616	267	544	1088	7081	122.653	

Tafla 5.21 Neskaupstaður og nágrenni

Legudeildir	RSP Borg.sp.	Landak.	Akureyri	Aðrir Legud. samtals	Kostn. á RSP	Kostn. í þús. kr.		
Lyflækningadeild	742	156	26	27	951	28.162	26.782	
Handlækningadeild	1371	218	39	102	1730	28.347	49.040	
Barnadeild	819		125		944	18.904	17.845	
Kvensjúkdómadeild	973			10	983	23.027	22.636	
Geðdeild	544	24		53	621	15.754	9.783	
Öldrunardeildir/Vistheimili	1846			33	463	2342	11.250	26.348
Aðrar deildir*	643	645	135		78	1501	22.891	34.359
Reykjalundur				1312	1312	8.000	10.496	
	6938	1043	325	225	1853	10384	197.289	

Tafla 5.22 Suðurland

Legudagar	RSP Borg.sp.	Landak.	Akureyri	Aðrir Legud. samtals	Kostn. á RSP	Kostn. í þús. kr.		
Lyflækningadeild	1279	976	148	31	2434	28.162	68.546	
Handlækningadeild	1266	1295	245	17	2823	28.347	80.024	
Barnadeild	1573		411		1984	18.904	37.506	
Kvensjúkdómadeild	1080			9	1089	23.027	25.076	
Geðdeild	2534	418			2952	15.754	46.506	
Öldrunardeildir/Vistheimili	3341		464		461	4266	11.250	47.993
Aðrar deildir*	1627	1178	115		259	3179	22.891	72.770
Reykjalundur				1312	1312	8.000	10.496	
	12700	3867	1383	57	3552	21559	401.077	

*Á Landakoti standa aðrar deildir fyrir augndeild spítalans.

Notkun á sjúkrahúspjónustu utan héraðs er áþekk á svæðunum öllum ef undan er skilinn Neskaupstaður og nágrenni. Sjúklingar þaðan lágu að meðaltali 2,3 legudaga á sjúkrahúsum utan héraðs á árinu 1994. Samsvarandi fyrir fólk frá Ísafirði og nágrenni er 1,1 legudagur og 1,4 legudagar fyrir fólk frá Suðurlandi. Fólk frá Suðurnesjum liggur einnig að meðaltali 1,4 legudaga á sjúkrahúsum utan héraðs og skýrist það m.a. af mjög mörgum legudögum á Reykjalundi m.a. vegna þess að ekki er starfrækt endurhæfingardeild við sjúkrahúsið í Keflavík.

Eins og fram kemur í töflunum hér að framan er sú sjúkrahúspjónusta sem leitað er eftir utan heimasjúkrahúss breytileg enda sérhæfingin á svæðunum mismunandi. Þannig eru legudagar á

kvensjúkdómadeildum utan héraðs áberandi fæstir vegna sjúklinga frá Suðurnesjum.

Þá vekur athygli að legudagafjöldi á lyflækningadeildum utan héraðs er álíka mikill vegna fólks frá Suðurlandi og Suðurnesjum eða liðlega 15 dagar á hverja 100 íbúa að meðaltali, enda þótt lyflæknir starfi við sjúkrahús Suðurlands en enginn á sjúkrahúsi Suðurnesja. Lyflæknir er í fullu starfi við heilsugæslustöðina á Ísafirði og gegnir jafnframt 25% stöðu lyflæknis við sjúkrahúsið. Liggja sjúklingar þaðan hlutfallslega minnst á lyflækningadeildum eða aðeins 5,9 daga á hverja 100 íbúa að meðaltali. Meðallegutími á lyfjadeildum utan héraðs er hæstur fyrir sjúklinga frá Neskaupstað og nágrenni eða að meðaltali 21 dagur fyrir hverja 100 íbúa.

Fjöldi legudaga á öldrunardeildum og vistheimilum er hlutfallslega mestur vegna sjúklinga frá Neskaupstað og nágrenni. Í litlum samfélögum þarf ekki nema nokkra einstaklinga sem vistast til frambúðar á slíkum stofnunum en með lögheimili í heimahéraði til þess að samانبurður skekkist.

5.6 Stofnanþjónusta innan héraðs og utan

Legudagar á sjúkrahúsi Suðurnesja voru 16.427 á árinu 1994. Þar af voru legudagar vegna annarra en heimamanna 1.121. Legudagar sjúklinga af starfssvæði sjúkrahússins á öðrum sjúkrahúsum innanlands voru 21.791 dagar. Legudagar íbúanna á sjúkrahúsum voru því 37.097 eða 2,4 dagar á hvern íbúa. Legudagar á hjúkrunardeildum utan sjúkrahúsa voru 13.301. Meðallegudagafjöldi á sjúkrahúsum og hjúkrunardeildum var því 3,2 á hvern íbúa þjónustusvæðisins.

Tafla 5.23 Suðurnes

Suðurnes, samantekt	Fjöldi legudaga	Kostnaður í þ.kr.
Sjúkrahúsþjónusta innan héraðs	16.427	307.510
Legudagar utanhéraðs sjúklinga	-1.121	-32.010
Legud. á öldrunarstofnun (hjúkrunardeild)	13.301	104.273
Sjúkrahúsþjónusta utan héraðs	21.791	389.229
Legudagar alls	50.398	
Kostn. v/stofnanþjón. (án þjónusturýma)		769.002
Fjöldi legudaga á íbúa	3.2	
Kostnaður á íbúa		49.1
Kostnaður á íbúa (þjónusturými meðtalin)		51,6

Legudagar á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði voru 10.271. Þar af voru legudagar vegna annarra en heimamanna 287. Legudagar sjúklinga af starfssvæði sjúkrahússins á öðrum sjúkrahúsum voru 7.081. Legudagafjöldi á sjúkrahúsum á íbúa var því 2,7. Legudagar á hjúkrunardeildum utan sjúkrahúsa voru 7.697. Meðallegudagafjöldi á sjúkrahúsum og hjúkrunardeildum var því 3,9 á hvern íbúa upptökusvæðisins.

Tafla 5.24 Ísafjörður og nágrenni

Ísafjörður, samantekt	Fjöldi legudaga	Kostnaður í þ.kr.
Sjúkrahúsþjónusta innan héraðs	10.271	226.070
Legudagar utanhéraðs sjúklinga	-287	-9.999
Legud. á öldrunarstofnun (hjúkrunardeild)	7.697	70.769
Sjúkrahúsþjónusta utan héraðs	7.081	122.653
Legudagar alls	24.762	
Kostn. v/stofnanþjónustu (án þjónusturýma)		409.493
Fjöldi legudaga á íbúa	3,9	
Kostnaður á íbúa		65,1
Kostn. á íbúa (þjónusturými meðtalin)		69,4

Legudagar á Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað voru 8.956 á árinu 1994. Þar af voru legudagar vegna annarra en heimamanna 1.830. Legudagar sjúklinga af starfssvæði sjúkrahússins á öðrum sjúkrahúsum innanlands voru 10.211 dagar. Legudagar þessara sömu íbúa á sjúkrahúsum voru því 17.337 eða 3,8 dagar á hvern íbúa. Legudagar á hjúkrunardeildum utan sjúkrahúsa voru 5.471. Meðallegudagafjöldi á sjúkrahúsum og hjúkrunardeildum var því 5,1 á hvern íbúa upptökusvæðisins.

Tafla 5.25 Neskaupstaður og nágrenni

Neskaupstaður, samantekt	Fjöldi legudaga	Kostnaður í þ.kr.
Sjúkrahúsþjónusta innan héraðs (án þjónustur.)	8.956	188.451
Legudagar utanhéraðs sjúklinga	-1.830	-51.031
Legud. á öldrunarstofnun (hjúkrunardeild)	5.471	39.690
Sjúkrahúsþj. utan héraðs	10.211	197.289
Legudagar alls	17.337	
Kostn. v/stofnanþj. (án þjónusturýma)		374.399
Fjöldi legudaga á íbúa	5,1	
Kostnaður á íbúa		82,9
Kostnaður á íbúa (þjónusturými meðtalin)		89,0

Legudagar á Sjúkrahúsi Suðurlands voru 21.209 á árinu 1994. Þar af voru legudagar vegna annarra en heimamanna 1.129. Legudagar sjúklinga af starfssvæði sjúkrahússins á öðrum sjúkrahúsum innanlands voru 21.559 dagar. Heildarlegudagar íbúanna á sjúkrahúsum voru því 41.639 eða 2,6 dagar á hvern íbúa. Legudagar á hjúkrunardeildum utan sjúkrahúsa voru 13.749. Meðallegudagafjöldi á sjúkrahúsum og hjúkrunardeildum var því 3,5 á hvern íbúa upptökusvæðisins.

Tafla 5.26 Suðurland

Suðurland, samantekt	Fjöldi legudaga	Kostnaður í þ.kr.
Sjúkrahúspjónusta innan héraðs	21.209	262.535
Legudagar utanhéraðs sjúklinga	-1.129	-17.686
Legud. á öldrunarstofnun (hjúkrunardeild)	13.749	95.032
Sjúkrahúspj. utan héraðs	21.559	401.077
Legudagar alls	55.388	
Kostn. v/stofnanþj. (án þjónusturýma)		740.958
Fjöldi legudaga á íbúa	3,5	
Kostnaður á íbúa		46,3
Kostnaður á íbúa (þjónusturými meðtalin)		52,5

Niðurstöður ofangreindrar samantektar á stöðunum fjórum má draga saman í eftirfarandi töflu:

Tafla 5.27 Legudagar og kostnaður á íbúa

Fjárhæðir í þ.kr.	Keflavík	Ísafjörður	Neskaupstaður	Selfoss
Stofnanþjónusta				
Legudagar á íbúa, án þjónusturýma	3,2	3,9	5,1	3,5
Kostnaður v/stofnanþjónustu á íbúa	49,1	65,1	82,9	46,3
Kostnaður v/stofnanþjónustu á íbúa með þjónusturýmum	51,6	69,4	89,0	52,5

Kostnaður á íbúa vegna sjúkrahúspjónustu innan héraðs og utan að meðtalinni öldrunarþjónustu er mestur í Neskaupstað og nágrenni og er hann um 70% hærri en á Suðurlandi og á Suðurnesjum þar sem hann er áþekkur eða um 52 þúsund krónur á íbúa. Kostnaðurinn á Ísafirði er um 33% hærri en á Suðurlandi og Suðurnesjum. Hvað Suðurland varðar endurspeglar mismunurinn fyrst og fremst lágan kostnað vegna sjúkrahúspjónustu í heimahéraði. Hvað Suðurnes varðar er utanspítalaþjónusta umfangsmeiri en á samanburðarstöðunum sem skilar sér í lægri kostnaði á stofnunum auk þess sem kostnaður á heimasjúkrahúsi er lægri en á Ísafirði og Neskaupstað.

5.7 Kostnaður við heilsugæslu

Rekstur heilsugæslunnar hefur ekki verið kannaður nema að því marki sem hann snýr að rekstri sjúkrahúsanna. Teknar hafa verið saman ástæður heimsóknna sjúklinga til heilsugæslulækna á árinu 1994 samkvæmt upplýsingum sem fram koma á reikningum þeirra til Tryggingastofnunar ríkisins.

Kostnaður við rekstur heilsugæslustöðvanna á hverjum stað fyrir sig var eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 5.28 Kostnaður vegna heilsugæslu

Fjárh. í þ.kr.	Suðurnes	Ísafjörður og nágrenni	Neskaupstaður og nágrenni	Suðurland
Heilsugæsla	120.630	90.301	66.061	169.648
Kostnaður á íbúa	7,7	14,4	14,6	10,6

Kostnaður á íbúa er áþekkur á Ísafirði og nágrenni og Neskaupstað og nágrenni og er hann u.þ.b. 90% hærri en á Suðurnesjum þar sem hann er lægstur. Ástæður eru væntanlega nokkrar en fyrst og fremst þær að á Suðurnesjum er í raun aðeins um eina yfirstjórn heilsugæslustöðvanna að ræða auk þess sem svæðið er þéttbýlast. Enn fremur sækir fólk í meira mæli þjónustu til sérfræðinga enda hægara um vik.

Töluverður mismunur kemur fram í skipulagningu heilsugæslustöðvanna. Þannig er slysastofa í sumum tilvikum rekin af heilsugæslustöðvunum og í öðrum tilvikum af sjúkrahúsunum. Þjónustan er ýmist veitt af heilsugæslulæknunum eða sérfræðingum sjúkrahúsanna. Gjaldskráin er breytileg eftir því hvort innheimt er í nafni sjúkrahúss eða heilsugæslustöðvar.

Gjaldskrárflokkar slysastofa sem reknar eru af sjúkrahúsunum eru þrír. Í fyrsta flokki eru endurteknar heimsóknir til skiptingar á umbúðum eða sprautugjafir. Í annan flokk fara aðgerðir á smásárum án sauma, skipting á meiri háttar umbúðum o.fl. Í þriðja flokk fellur allt annað sem upp kemur og á heima á slysastofu. Gjaldskráin á að endurspegla þann kostnað sem fellur á sjúkrahúsið vegna notkunarinnar og felur m.a. í sér greiðslur fyrir lyf, umbúðir og læknishjálp. Í töflu 5.29 sést hver gjaldskráin var síðari hluta ársins 1993.

Tafla 5.29 Gjaldskrárflokkur slystofa á sjúkrahúsum

Flokkur Í kr.	Hluti Tryggingastofnunar	Hluti sjúklings	Heildargjald
1. flokkur	0	800	800
2. flokkur	378	1452	1830
3. flokkur	900	1800	2700

Sjúklingur tekur því verulegan þátt í kostnaði við komu á slystofuna þ.e.a.s. ef um fullborgandi einstakling er að ræða. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða þriðjung af almennu gjaldi.

Á Ísafirði er slystofa rekin af sjúkrahúsinu en sinnt af heilsugæslulæknum í vinnutíma þeirra sem aðstoðarlæknar við sjúkrahúsið. Í Keflavík og í Neskaupstað er slystofan einnig rekin af sjúkrahúsinu en er sinnt af sérféðingum sjúkrahússins. Á Selfossi er slystofan rekin af heilsugæslustöðinni.

Ef slystofan er rekin af heilsugæslunni greiðir Tryggingastofnun ríkisins heilsugæslustöðvum 30% af framangreindum slystofutaxta sjúkrahúsanna. Til viðbótar greiðir hún viðkomandi lækni það læknisverk sem unnið hefur verið. Þar við bætist hluti sjúklings sem er 600 krónur ef um almennt gjald er að ræða eða 200 krónur ef elli- eða örorkulífeyrisþegi á í hlut.

Heildarkostnaðar ásamt hlutdeild Tryggingastofnunar ef innheimt er í nafni heilsugæslustöðvar fyrir algengasta verk í hverjum flokki kemur fram í eftirfarandi töflu. Fjöldi eininga fyrir verk heilsugæslulæknanna er þó misjafnt innan hvers flokks og er því kostnaður Tryggingastofnunar að sama skapi misjafn.

Tafla 5.30 Greiðslur fyrir verk unnin á heilsugæslustöðvum

Flokkur Í kr.	Gr. T.R. til heilsugæslu	Gr. T.R. til læknis	Gr. sjúklings heilsugæslu	Heildargreiðslur
1. flokkur	240	816	600	1.656
2. flokkur	549	850	600	1.999
3. flokkur	810	1.123	600	2.533

Ríkisendurskoðun kannaði ekki hvort hagkvæmara væri að hafa slystofu á sjúkrahúsi eða á heilsugæslustöð. Leiða má að því líkur að starfsfólk nýtist betur ef slystofa er rekin af sjúkrahúsi í stað heilsugæslu. Á hinn bóginn er eðlilegra að stjórnunarleg ábyrgð á rekstri slystofunnar sé hjá heilsugæslustöð þegar heilsugæslulæknarnir sinna þjónustunni sem þar fer fram.

Talsverður munur kemur fram í kostnaði við rekstur heilsugæslustöðva á svæðunum fjórum. Heildarkostnaður í Neskaupstað og nágrenni nam liðlega 66 milljónum króna. Er kostnaður á íbúa hæstur þar eða um 14.600 krónur. Á svæðinu eru reknar 3 heilsugæslustöðvar og 2 útstöðvar.

Heildarkostnaðurinn á Ísafirði og nágrenni nam 90.3 milljónum króna og er kostnaður á íbúa því litlu lægri eða um 14.400 krónur. Á svæðinu eru starfræktar 4 heilsugæslustöðvar auk 3 útstöðva. Aðstaða á þessum stöðum er um margt áþekkt. Svæðin eru ekki stór en erfið yfirferðar að vetrarlagi.

Heildarkostnaður vegna þjónustu heilsugæslustöðva á Suðurlandi nam 169.6 milljónum króna og er kostnaður á íbúa því mun lægri en á Ísafirði og Neskaupstað eða um 10.600 krónur. Í þessu sambandi er rétt að ítreka það sem áður hefur komið fram að hvergi á landinu er sumarbústaðabyggð jafn mikil og á Suðurlandi. Má reikna með, að íbúafjöldi svæðisins því sem næst tvöfaldist yfir hásumartímam á ákveðnum svæðum s.s. Grímsnesi og í uppsveitum Árnessýslu. Raunverulegur kostnaður á íbúa svæðisins er því nokkru lægri en hér kemur fram. Svæðið er mun stærra að flatarmáli en samanburðarstaðirnir enda eru þar reknar 8 heilsugæslustöðvar og 1 útstöð að auki.

Heildarkostnaður við heilsugæslu á Suðurnesjum nam 120,6 milljónum króna og er lang lægstur á íbúa eða 7.700 krónur. Kostnaðurinn á hvern íbúa samsvarar þannig aðeins um 53% af kostnaðinum í Neskaupstað og Ísafirði. Þetta er eina svæðið sem nánast eingöngu samanstendur af þéttbýli. Heilsugæslustöðvar eru 2 og útstöðvar 3 og lúta þær einni stjórn. Ástæða minni kostnaðar við rekstur heilsugæslustöðva á svæðinu er væntanlega einnig auðveldara aðgengi sjúklinga að sérfræðingum auk þess sem slysastofunni er alfarið sinnt af sérfræðingum sjúkrahússins eins og áður hefur komið fram.

Í fylgiskjali nr. 5.4 með skýrslunni eru teknar saman ástæður fyrir komum á heilsugæslustöðvarnar samkvæmt upplýsingum sem unnar eru upp úr reikningum heilsugæslulæknanna til Tryggingastofnunar ríkisins. Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá samantekt á fjölda samskipta og einingafjölda þeim tengdum.

Tafla 5.31 Fjöldi samskipta og einingafjöldi á heilsugæslustöðvunum

Suðurnes	Ísafjörður/nágr.	Neskaupst./ nágr.	Suðurland
----------	------------------	-------------------	-----------

	Sams.	Ein.	Sams.	Ein.	Sams.	Ein.	Sams.	Ein.
Viðtöl	30.024	495.945	14.107	215.495	11.734	197.308	43.522	745.495
Aukaverk	34.004	528.900	17.093	240.940	16.134	234.509	60.765	889.099
	64.028	1.024.845	31.200	456.435	27.868	431.817	104.289	1.634.594
Viðtöl/ íbúa	1,9		2,2		2,6		2,7	

Verulegur munur kemur eðlilega fram í fjölda samskipta og í fjölda aukaverka þar sem slystastofan er rekin af heilsugæslustöðinni á Selfossi en sjúkrahúsinu í Keflavík, á Ísafirði og í Neskaupstað. Í Keflavík, á Ísafirði og í Neskaupstað sinna vakthafandi sérfræðingar eða aðstoðarlæknar á sjúkrahúsinu slystastofunni í vinnutíma sínum á sjúkrahúsinu og innheimt er í nafni sjúkrahússins. Því fá því verkin ekki skráningu af sömu ástæðu.

Heildarfjöldi viðtala og vitjana er liðlega 30 þúsund á Suðurnesjum sem jafngildir 1,9 komu á íbúa. Samsvarandi fyrir Ísafjörð og nágrenni eru 2,2 komur. Komur á íbúa eru 2,6 í Neskaupstað og nágrenni og 2,7 á Suðurlandi.

Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði vegna slystastofu námu 787 þúsund krónum á árinu 1994 og sambærilegar greiðslur til heilsugæslustöðva á starfsvæði sjúkrahússins 353 þúsund krónum. Greiðslur til Sjúkrahúss Suðurnesja námu á sama tíma 1.806 þúsund krónum. Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna slystastofa á Suðurlandi, þ.e. 30% af taxta sjúkrahúsa, námu 3.497 þúsundum króna á árinu 1994. Sambærilegar greiðslur vegna reksturs slystastofa á starfsvæði Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, nánar tiltekið á Eskifirði og Fáskrúðsfirði, námu 955 þúsundum króna. Engar greiðslur voru á hinn bóginn inntar af hendi til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands unnu 4,4% landsmanna við landbúnað á árinu 1994. Á sama tíma unnu 4,7% við fiskveiðar og 17,5% við iðnað, þar af 6,9% við fiskiðnað. Slysatryggingar greiðast samkvæmt ákveðnum skilyrðum þeim einstaklingum sem verða fyrir slysum. Slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins innir bæturnar af hendi og hafa sjómenn að öllu jöfnu verið helstu þiggjendur bóta. Samkvæmt rekstrarreikningi slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1994 var hlutfall bótagreiðslna hæst til sjómanna eða 35% allra bótagreiðslna. Bótagreiðslur til stjórnenda bifreiða og annarra ökutækja voru næsthæstar eða 28,5%. Bótagreiðslur til bænda voru aðeins 3,4% á sama tíma. Bótagreiðslur til annarra launþega,

þ.e. að meðtöldum launþegum í fiskvinnslu, námu 20,9%. Má af því ráða að vinna við fiskveiðar sé áhættumeiri en önnur vinna sem getur skýrt að nokkru leyti hærri kostnað vegna lækniþjónustu á þeim stöðum þar sem útgerð er mikil eins og raunin er á Ísafirði og Neskaupstað.

Svæðið sem heilsugæslustöðvarnar sinna er mjög mismunandi að stærð. Byggðin er þéttust á Suðurnesjum og má segja að nær eingöngu sé þar um að ræða þéttbýli. Svæðið nær yfir 1.000 m² og samanstendur að mestu leyti af einu stóru bæjarfélagi. Íbúar á Suðurlandi eru álíka margir en svæðið er að öðru leyti algjör andstaða Suðurnesja. Svæðið er stórt 25.000 m² og samanstendur af tveimur bæjarfélögum, nokkrum þéttbýliskjörnum og að verulegu leyti af strjállygum byggð. Staðhættir eru nokkuð áþekkir á Ísafirði og Neskaupstað, þ.e. eitt bæjarfélag, nokkrir þéttbýliskjarnar og að einhverju marki strjálbýli. Svæðin eru álíka stór um 4.000 m² og nokkuð erfið yfirferðar á veturna.

5.8 Lyfjakostnaður

Tryggingastofnun ríkisins heldur ekki utan um kostnað vegna þeirra lyfja sem neytt er í hverju héraði fyrir sig þar sem lyfseðlar frá apótekum eru ekki skráðir hjá stofnuninni á kennitölu sjúklings. Heildarupphæð reikninga vegna lyfseðla frá hverri og einni lyfjaverslun er hins vegar skráð. Má ætla að í flestum lyfjaverslunum á landsbyggðinni sé fyrst og fremst um að ræða lyfseðla frá læknum starfandi í viðkomandi héraði enda þótt það sé ekki einhlítt. Því vantar í samanburðinn hér að framan kostnað vegna lyfja sem ávísað er af læknum utan héraðs, í tengslum við komur sjúklinga til þeirra, og framvísað er í öðrum lyfjaverslunum.

Hluttur sjúklinga í lyfjakostnaði hefur verið mismunandi á undanfórnum árum. Tryggingastofnun tekur mismikinn þátt í kostnaði eftir því um hvaða lyf er að ræða og í nokkrum tilvikum alls engan. Á það m.a. við um flest sýklalyf. Apótekarafélagið gerði könnun á hlutdeild einstaklinga í lyfjakostnaði á árinu 1994. Samkvæmt henni var hluttur ellilífeyrisþega um 17% að jafnaði en hluttur annarra um 37% heildarkostnaðar. Til að ákvarða hlut sjúklinga í lyfjakostnaði var haft samband við stærstu lyfsölu á hverju svæði fyrir sig og fengust þar upplýsingar um hlutdeild sjúklinga á árinu 1994. Var gengið út frá því að hluttur sjúklings væri hlutfallslega sá sami í öðrum lyfsölum á svæðinu.

Tafla 5.32 Lyfjakostnaður í heimahéraði

Fjárhæðir í þ.kr. Suðurnes Ísafj./nágr. Nesk.st/nágr. Suðurland

Endurgr. Tryggingast. til apóteka	123.463	59.824	29.164	129.746
Hluti sjúklinga í lyfjakostnaði	65.463	28.804	12.499	68.038
Lyfjakostnaður innan héraðs	188.926	88.628	41.663	197.926

Lyfjakostnaður á íbúa innan héraðs	12,1	14,1	9,2	12,8
------------------------------------	------	------	-----	------

Nokkur munur kemur fram í lyfjakostnaði milli þessara fjögurra staða. Á því eru vafalítið ýmsar skýringar. Lyfjakostnaður er mestur á Ísafirði og nágrenni eða um 53% hærri en í Neskaupstað þar sem hann er langminnstur. Vekur athygli að munurinn skuli vera svo mikill milli þessara staða sem um margt eru annars áþekkir. Þannig er ekki verulegur munur á íbúafjölda eða staðháttum auk þess sem sjávarútvegur og fiskvinnsla er tekur til sín álíka stórt hlutfall vinnandi fólks á svæðinu eða um 40%. Lyfjakostnaður er næst minnstur á Suðurnesjum eða 12,1 þúsund krónur á íbúa og litlu meiri á Suðurlandi eða 12,8 þúsund krónur á íbúa. Aðgengi sjúklinga að lyfjaafgreiðslum er nokkuð áþekkt á þeim stöðum sem hér eru til skoðunar. Þó er munurinn á aðgengi mestur á milli þeira svæða sem hafa áþekkastan kostnað á íbúa þ.e. Suðurlands og Suðurnesja. Suðurland er lang stærsta svæðið og strjálbýli verulegt. Byggðin er hinsvegar þéttust á Suðurnesjum.

Þar sem skráning lyfjakostnaðar er þeim annmörkum háð sem áður er getið um er ekki vitað hvernig ávísanir á lyf skiptast á milli heilsugæslulækna og sérfræðinga. Almennt virðist álitið að lyfjanotkun hér á landi sé mikil. Það hlýtur að vera forsenda þess að hægt sé að takast á við þann vanda að vitneskja fái um hverjir ávísa á lyfin og jafnframt hvaða lyf ávísað er á.

Samanlagður kostnaður vegna heilsugæslu, sérfræðinga og lyfja var eftirfarandi á árinu 1994:

Tafla 5.33 Kostnaður vegna heilsugæslu, sérfræðinga og lyfja

Fjárhæðir í þ.kr.	Suðurnes	Ísafj./nágr.	Neskst./nágr.	Suðurland
Heilsugæsla	120.630	90.301	66.061	169.648
Sérfræðingar innan héraðs	16.686	1.512	0	4.577
Sérfræðingar utan héraðs	48.161	12.904	8.527	45.219
Lyfjakostnaður	188.926	88.628	41.663	197.784
Kostnaður samtals	374.403	193.345	116.251	417.228
Kostnaður á íbúa	23,9	30,8	25,7	26,1

Samanlagður kostnaður vegna heilsugæslu, sérfræðilæknishjálpar og lyfjanotkunar var minnstur á íbúa á Suðurnesjum eða 23,9 þúsund krónur. Hafa verður í huga að innifalið í sérfræðilæknishjálpar er verulegur fjöldi aðgerða sem til skamms tíma var sinnt inni á sjúkrahúsum en eru nú gerðar utan spítala. Utanspítalaaðgerðir eru algengari á Suðurnesjum en á samanburðarsjúkrahúsum og því er meiri kostnaður vegna aðgerða innifalinn í heildarkostnaði þar. Samanlagður kostnaður var mestur á Ísafirði og nágrenni eða um 30,8 þúsund krónur á íbúa. Samsvarandi fyrir Neskaupstað og nágrenni var 25,7 þúsund krónur á íbúa og 26,1 þúsund krónur á íbúa á Suðurlandi.

6. Sjúkrahús Suðurnesja

6.1 Rekstrarform

Sjúkrahús Suðurnesja í Keflavík er sameign ríkissjóðs, Keflavíkur, Njarðvíkur, og Hafnahrepps sem nú er sameinað sveitarfélag og Grindavíkur, Sandgerðis, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps. Ríkissjóður er 85% eignaraðili að sjúkrahúsinu en sveitarfélögin eiga sameiginlega 15% eignarhlut í því. Talið er að eignarhlutur sveitarfélaganna skiptist eftir íbúafjölda þeirra.

Eignaraðild fer eftir fjármögnun á byggingu sjúkrahúsa samkvæmt lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Ákvæði þessara laga eru að meginhluta til samhljóða. Í þeim kemur fram að framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga skuli nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað en hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðagjalda. Hvorugur aðili á kröfu á hinn fyrir greiðslu á leigu fyrir eign eða eignarhluta. Þá er kveðið á um að meiriháttar viðhald og tækjakaup teljist stofnkostnaður en almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

Rekstur sjúkrahússins er að meginhluta til borinn af ríkissjóði með framlögum af fjárlögum. Auk þess hefur sjúkrahúsið talsverðar sértekjur og berst nokkuð af gjafafé.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 flokkast Sjúkrahús Suðurnesja í Keflavík sem almennt sjúkrahús og starfar það sem slíkt. Samkvæmt skilgreiningu laganna er þar um að ræða sjúkrahús sem tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Við sjúkrahúsið í Keflavík starfa nú átta sérfræðingar í sex sérgreinum þ.e. skurðlæknir, tveir kvensjúkdómalæknar, lýtalæknir sem starfar sem skurðlæknir, bæklunarlæknir, háls-, nef- og eyrnalæknir, svæfingalæknir og barnalæknir.

Sjúkrahúsið er rekið í starfstengslum við heilsugæslustöðina í Keflavík. Þar er um að ræða svonefnda H2 stöð sem samkvæmt skilgreiningu laga nr. 97/1990 er heilsugæslustöð þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru hjúkrunarfólki. Við heilsugæslustöðina í Keflavík starfa sex heilsugæslulæknar, barnalæknir auk tveggja kvensjúkdómalækna.

6.2 Stjórnskipulag og stjórnun

Stjórnunarleg ábyrgð á rekstri Sjúkrahúss Suðurnesja í Keflavík er í höndum stjórnar sem í eiga sæti fimm menn skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stjórnin er þannig skipuð að hlutaðeigandi sveitarfélög tilnefna þrjá fulltrúa, starfsmannaráð sjúkrahússins tilnefnir einn og ráðherra skipar einn án tilnefningar, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar. Tveir fulltrúar sveitarfélaga í starfandi stjórn sjúkrahússins eru tilnefndir af hinu nýja sameinaða sveitarfélagi en einn er tilnefndur af Vatnsleysustrandarhreppi.

Auk þess að bera stjórnunarlega ábyrgð á rekstri sjúkrahússins er stjórninni ætlað að gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsið og einstaka skipulagsheildir þess. Áætlanirnar skulu gerðar a.m.k. fjögur ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnar í nánú samstarfi við forstöðumenn deilda. Áætlanirnar eiga að vera sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar. Slíkar áætlanir sem að ofan eru nefndar lágu ekki fyrir hjá sjúkrahúsinu í Keflavík og hafa ekki verið unnar af fráfaraði eða núverandi stjórn sjúkrahússins.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að slíkar þróunar- og rekstraráætlanir, sem kveðið er á um í lögum um heilbrigðisþjónustu, séu unnar reglulega af stjórn sjúkrahússins þar sem eldri áætlanir eru endurmetnar m.t.t. breyttra áherslna og framþróunar í heilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu ræður stjórn sjúkrahússins starfslið þess. Í raun ráða yfirmenn fagdeilda sitt starfslið en framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn. Yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri sem starfa skulu við sjúkrahúsið eru ráðnir af sjúkrahússtjórninni að fenginni umsögn sérstakra fagnefnda sem starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 97/1990.


Sameiginleg stjórn og framkvæmdastjóri er fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðvarnar. Yfirstjórn sjúkrahússins og heilsugæslustöðvanna þ.e. stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar,

alls þrettán manns, sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Auk þess hefur stjórnin sérstakan fundarritara. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri undirbúa fundi stjórnar og útbúa dagskrá. Á stjórnarfundum eru tekin fyrir stærri málefni sjúkrahússins s.s. ráðning yfirmanna, launa- og samningamál, námsleyfi, meiriháttar samningagerð auk þess sem fjallað er um rekstrarstöðu sjúkrahússins. Framkvæmdastjóri leggur með reglubundnum hætti fyrir stjórnina reikningsyfirlit yfir stöðu sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar. Núverandi stjórn sjúkrahússins var skipuð haustið 1994. Helstu verkefni starfandi stjórnar hafa varðað fjárhagsvanda sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar, sérkjarasamninga hjúkrunarfræðinga við sjúkrahúsið, samning um byggingu D-álmú og fleiri slík málefni.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sér framkvæmdastjóri um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhæfir rekstur hennar, þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn sjúkrahússins á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri bera ábyrgð á sínum fagsviðum og skulu vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um áætlanagerð, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir á sínu sviði.

Ríkisendurskoðun vill brýna fyrir forráðamönnum sjúkrahússins að þeir leiti með formlegum hætti samþykki stjórnar fyrir veigameiri ákvörðunum er varða starfsemi sjúkrahússins en misbrestur hefur verið á því hin síðari ár. Þannig er ekki að sjá í fundagerðabókum stjórnar að samþykkt hafi verið heimild til tölvuvæðingar sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar né hver áætlaður kostnaður hennar hafi verið þótt ákvörðunin hafi verið rædd á stjórnarfundum. Sama gildir um þá ákvörðun framkvæmdastjóra og yfirlæknis sjúkrahússins að fjölga aðgerðadögum um einn í viku hverri en samþykki fyrir þeirri ákvörðun er ekki að finna í fundagerðabókum né útreikninga á áætluðum kostnaði og tekjum við slíka aukningu á starfsemi sjúkrahússins þótt málið hafi verið á borði stjórnar.

Núverandi skipulagi Sjúkrahúss Suðurnesja er best lýst með eftirfarandi mynd:



Frankvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar og hefur umsjón með öllu er snýr að fjármálum þessara tveggja stofnana. Yfirlæknar bera ábyrgð á læknisfræðilegri meðhöndlun og hjúkrunarforstjóri sér um það er lýtur að almennri hjúkrun þ.m.t. mannhald, vaktaskipulag og stjórnun hjúkrunarfólks. Verkaskipting milli framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra Sjúkrahúss Suðurnesja virðist hins vegar ekki vera að öllu leyti nægilega skýr hvað varðar daglega stjórnun hinna einstöku þjónustudeilda sjúkrahússins. Þannig er nokkuð á reiki hver beri ábyrgð og hafi umsjón með deild eins og þvottahúsi.

Fráfarandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fengu fyrirtækið Rekstur og ráðgjöf hf. til að fara yfir stjórnskipulag sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar og gera tillögur að skipuriti fyrir stofnanirnar tvær. Fyrirtækið skilaði tillögum sínum í marsmánuði 1994. Þær hafa ekki verið samþykktar af stjórn sjúkrahússins en hafa verið sendar heilbrigðisráðuneyti til umsagnar. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að samþykkt verði formlegt skipurit af stofnuninni ásamt starfslýsingum helstu yfirmanna sem kveði skýrt á um ábyrgðar- og valdsvið hvers og eins. Ríkisendurskoðun bendir ennfremur á nauðsyn þess að einungis

einn aðili verði gerður ábyrgur fyrir rekstri sjúkrahússins gagnvart stjórn þess. Stofnunin vill hins vegar vekja athygli á mikilvægi þess að öðrum yfirmönnum sjúkrahússins verði gerð grein fyrir rekstrarlegri stöðu þeirrar starfsemi er þeir bera ábyrgð á.

Samkvæmt lögum skal lækna ráð starfa við sjúkrahúsið og vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins. Slíkt lækna ráð er starfandi við sjúkrahúsið í Keflavík og er það sameiginlegt fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina. Núverandi formaður lækna ráðsins er einn af læknum heilsugæslustöðvarinnar. Lækna ráðið hefur verið lítið virkt.

Ekki er starfandi tækjakaupnefnd við sjúkrahúsið. Tillögur um tækjakaup í tengslum við árlega fjárlagagerð og innkomið gjafafé eru unnar af framkvæmdastjóra í samvinnu við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra.

Starfsmannaráð er starfandi við sjúkrahúsið og fræðslunefnd á vegum þess.

6.3 Fjármál

Rekstur Sjúkrahúss Suðurnesja í Keflavík er að meginhluta til fjármagnaður með framlögum af fjárlögum. Áætlanir fjárlaga byggja annars vegar á áætlun á launalið sjúkrahúsanna og hins vegar á áætlun rekstrargjalda. Launaáætlanir sjúkrahúsa eru byggðar á heimiluðum stöðugildum fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu ákveðnu kostnaðarmati fyrir hverja starfsstétt sem fela á í sér launatengd gjöld, afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.fl. Rekstrargjöld sjúkrahúsa eru áætluð með hliðsjón af rekstrargjöldum síðastliðinna ára, auk þess sem taka á tillit til breyttra aðstæðna sjúkrahúsa ef um það er að ræða.

Fjárveitingar til meiriháttar viðhalds og tækjakaupa falla undir sérstakan fjárlagalið og sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um skiptingu þess fjár. Framlag til stofnkostnaðar þ.e. til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er ennfremur sérstakur fjárlagaliður og er því fé sem þar er til ráðstöfunar skipt af Fjárlaganefnd Alþingis. Hluttur ríkissjóðs í fjármögnun af hvorutveggja þessara kostnaðarliða er 85% en hluttur sveitarfélaga 15%.

Á undanförunum þremur árum hafa fjárveitingar fjárlaga og fjárheimildir sjúkrahússins í Keflavík litið svo út:

Tafla 6.1 Framlög ríkissjóðs á verðlagi hvers árs

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjárlög	168.600	207.100	203.700
Fjárheimild til rekstrar	177.725	223.699	211.154
Fjárheimild til tækjakaupa	750	3.000	0
Fjárheimild til óskipts viðhalds	1.766	13.500	0
Fjárheimild ríkissjóðs til reglubundins rekstrar	180.241	240.199	211.154
Fjárveiting til stofnkostnaðar, sérgreind	0	0	20.000
Fjárheimild ríkissjóðs alls	180.241	240.199	231.154

Á árinu 1993 fékk sjúkrahúsið 13,5 milljóna króna fjárveitingu til óskipts viðhalds. Framlagið var að meginhluta ætlað til viðhalds á sjúkrahúsinu utanhúss eða 12,5 milljónir króna en 1,0 milljón króna var ætluð til framkvæmda á kjallara í skrifstofuhúsnæði sjúkrahússins að Mánagötu 19. Vegna þessar framkvæmda voru gjaldfærðar 6,4 milljónir króna á árinu 1993 en 7,9 milljónir króna á árinu 1994. Kostnaður er þannig 1,7 milljónir króna innan fjárheimilda sé tekið tillit til 15% hlutar sveitarfélaga í framkvæmdunum.

Á árinu 1994 fékk sjúkrahúsið 20,0 milljóna króna fjárveitingu til framkvæmda við D-álmú sjúkrahússins í Keflavík. Samningur um byggingu 1. áfanga D-álmunnar milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og sveitarfélaga á Suðurnesjum var undirritaður í aprílmánuði 1995 og er heildarkostnaður áætlaður 335 milljónir króna, þar af 130 milljónir króna við 1. áfanga. Fyrirhugað er að D-álma verði tveggja hæða bygging auk kjallara. Á efri hæð verður 26 rúma deild en á neðri hæð verður endurhæfing, viðbót við heilsugæslu auk sameiginlegs rýmis. Áætlað er að kostnaður vegna starfsemi hinnar nýju deildar verði um 85 milljónir króna og er þá gert ráð fyrir að 33 stöðugildi þurfi til að manna deildina.

Fjárveitingin til framkvæmda við D-álmuna er ekki færð á sjúkrahúsið. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til sérstakra verkefna og sá kostnaður sem af þeim hlýst sé færður á viðkomandi sjúkrahús. Með því móti er hægt að sjá hverjar eru heildarfjárveitingar ríkissjóðs til sjúkrahússins og hver sé hinn raunverulegi kostnaður af starfsemi þess.

Greiðslur ríkissjóðs til rekstrar, tækjakaupa og viðhalds auk sérstakra greiðslna sem færðar hafa verið á Sjúkrahús Suðurnesja hafa verið eftirfarandi árin 1992 - 1994.

Tafla 6.2 Greiðslur ríkissjóðs á verðlagi hvers árs

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Greitt til rekstrar	190.725	221.099	205.655
Sérstakar greiðslur	0	0	5.500
Greiðslustaða vegna rekstrar	190.725	221.099	211.155
Greiðslur til viðhalds og tækjakaupa og	2.516	11.500	0
Greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra	0	0	25.000
Greiðslustaða alls	193.241	232.599	236.155

Á árinu 1994 var sjúkrahúsinu veitt 5,5 milljóna króna fjárveiting á fjáráukalögum vegna skaðabóta sem sjúkrahúsið var dæmt til að greiða. Þá var sjúkrahúsinu veitt fjárveiting úr Framkvæmdasjóði aldraðra að fjárhæð 25,0 milljónir króna vegna reksturs Víðihlíðar.

Tafla 6.3 Framlög ríkissjóðs á verðlagi ársins 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjárheimild til rekstrar	185.800	227.086	211.154
Fjárheimild til tækjakaupa	784	3.045	0
Fjárheimild til óskipts viðhalds	1.846	13.704	0
Fjárheimild ríkissjóðs til reglubundins rekstrar	188.430	243.836	211.154
Fjárveiting til stofnkostnaðar, sérgreind	0	0	20.000
Fjárheimild ríkissjóðs alls	188.430	243.836	231.154

Framlög til rekstrar sjúkrahússins hafa aukist að raunvirði um 25,4 milljónir króna á árinu 1994 í samanburði við árið 1992 sé miðað við hækkun launa hjá ríkisstofnunum og vísitölu framfærslukostnaðar eða um 13,6% að raunvirði. Á árinu 1992 hófst starfsemi hjúkrunardeildar í Víðihlíð, sem kölluð er G-deild, og skýrir það að hluta til hækkun framlaga til rekstrar sjúkrahússins. Kostnaður við starfsemina nam 13,8 milljónum króna á árinu 1992 en starfsemi deildarinnar hófst í septembermánuði þess árs. Á árinu 1993 nam rekstur deildarinnar 50,4 milljónum króna og 51,6 milljónum króna árið 1994. Samkvæmt mati endurskoðanda sjúkrahússins fór rekstur Víðihlíðar 13,3 milljónum króna fram úr áætlunum fjárlaga að teknu tilliti til fjárveitinga á fjáráukalögum á árinu 1993. Árið 1994 voru veittar 31,3 milljónir króna á fjárlögum til reksturs Víðihlíðar auk 25,0 milljóna króna framlags úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Reksturinn var því 4,5 milljónir króna innan fjárheimilda það ár.

Ljóst er að rekstur hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð hefur reynst mun umfangsmeiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Á fyrri hluta ársins 1994 voru 14 hjúkrunarrými í Víðihlíð en á síðari hluta þess voru

hjúkrunarrými 28. Legudagar voru 6.325 og kostnaður á legudag því um 8.200 krónur. Í skýrslu Hagsýslu ríkisins um stofnanir fyrir aldraða var meðalkostnaður hjúkrunarrýma á stofnunum fyrir aldraða 5.961 króna á árinu 1992 sem svarar til 6.232 króna á verðlagi ársins 1994. Í samanburði við það er kostnaður Víðihlíðar á hvern legudag mun hærri en almennt tíðkast um rekstur hjúkrunarrýma.

Þessi niðurstaða er samræmi við fyrri athuganir Ríkisendurskoðunar en eins og fram kemur í skýrslu stofnunarinnar um stjórnsýsluendurskoðun á sjúkrahúsi Skagfirðinga, Húsavíkur og Vestmannaeyja sýnir samanburður við hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum að kostnaður við rekstur hjúkrunarrýma er mun dýrari inni á þessum þremur sjúkrahúsum en þar gerist. Ríkisendurskoðun telur í þessu sambandi eðlilegt að kannað sé hvort aðskilja eigi rekstur hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð frá starfsemi sjúkrahússins í Keflavík og það verði rekið sem stofnun fyrir aldraða. Að öðrum kosti verði greitt fyrir þessi rými á sama hátt og önnur hjúkrunarrými.

Síðastliðið ár var sjúkrahúsið í Keflavík rekið með verulegum halla eða sem nemur 6,7% af heildartekjum sjúkrahússins. Árin tvö þar á undan voru hins vegar hallalaus.

Tafla 6.4 Rekstur sjúkrahússins í Keflavík árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992		1993		1994	
Fjárhæðir í þ.kr.	þ.kr.	%	þ.kr.	%	þ.kr.	%
Rekstrartekjur						
Framlög ríkissjóðs, rekstur	196.255	73,2	225.462	74,0	205.655	71,3
Framlög ríkissjóðs, viðhald, tæki	2.630	1,0	16.750	5,5	0	0,0
Framlög ríkissjóðs, annað	13.591	5,1	6.091	2,0	30.500	10,6
Framlög sveitarfélaga	464	0,2	2.956	1,0	1.123	0,4
Tekjur deilda	44.722	16,7	46.439	15,3	44.877	15,6
Aðrar tekjur	10.386	3,9	6.818	2,2	6.087	2,1
	268.049	100,0	304.515	100,0	288.242	100,0

Tafla 6.4

Verðlag ársins 1994	1992		1993		1994	
Fjárhæðir í þ.kr.	þ.kr.	%	þ.kr.	%	þ.kr.	%
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	176.310	69,6	201.893	66,8	201.961	65,7
Vörukaup, almenn	23.317	9,2	27.873	9,2	26.108	8,5
Vörukaup, sérgreind	16.150	6,4	21.695	7,2	20.087	6,5
Þjónusta I	14.901	5,9	22.665	7,5	25.812	8,4
Þjónusta II	15.595	6,2	18.764	6,2	17.746	5,8
Áhættutap og bætur	0	0,0	422	0,1	5.053	1,6
Trygg., op.gjöld og fjárm.gjöld	5.432	2,1	3.980	1,3	5.109	1,7
Áhalda- og tækjakaup	1.630	0,6	4.902	1,6	5.634	1,8
	253.335	100,0	302.194	100,0	307.510	100,0
Rekstrarafkoma (-tap) ársins	14.714		2.321		-19.268	

Eins og fram kemur á töflu 6.4 hér að framan hafa framlög ríkissjóðs til sjúkrahússins í Keflavík aukist um 23,7 milljónir króna milli árana 1992 og 1994 eða sem svarar til 11,1% að raunvirði.

Sértekjur sjúkrahússins hafa lækkað um 4,1 milljón króna á þessu árabili sem nemur 7,5% að raunvirði. Tekjur deilda á árinu 1994 eru svo til óbreyttar milli árana 1992 og 1994 en þær hækkuðu um 155 þúsundir króna eða 0,3% að raunvirði. Tekjur vegna rannsókna hafa aukist um 1,2 milljónir króna að raunvirði á síðastliðnum þremur árum enda jukust rannsóknir töluvert á milli þessara ára. Tekjur röntgendeildar lækkuðu aftur á móti um 1,4 milljónir króna þrátt fyrir aukinn fjölda rannsókna sem skýrist af breyttum taxta Tryggingastofnunar ríkisins. Þá lækkuðu tekjur slysastofu ennfremur um 1,4 milljónir króna. Tekjur af fæðissölu jukust hins vegar um 1,1 milljón króna á síðastliðnum þremur árum. Aðrar tekjur hafa lækkað um 4,3 milljónir króna sem skýrist einkum af því að á árinu 1992 fékk sjúkrahúsið efri hæð Mánagötu 3 að gjöf sem það seldi á 3,1 milljón króna á verðlagi ársins 1994. Aðstöðugjöld sérfræðinga hækkuðu hins vegar lítillega á árinu 1994 eða um 234 þúsundir króna frá árinu 1992.

Heildargjöld sjúkrahússins í Keflavík hafa hækkað um 54,2 milljónir króna milli árana 1992 og 1994 eða sem svarar til 21,4% að raunvirði. Hækkun launa og launatengdra gjalda nam 25,6 milljónum króna eða 14,5% að raunvirði en önnur rekstrargjöld hækkuðu um 28,5 milljónir króna eða sem svarar til 37,0% að raunvirði. Hækkun heildargjalda sjúkrahússins skýrist að hluta af rekstri hjúkrunar-deildarinnar í Víðihlíð í Grindavík en starfsemi hennar hófst í september

árið 1992. Kostnaður við starfsemi hennar nam 14,6 milljónum króna á árinu 1992 á verðlagi ársins 1994 en 51,6 milljónum króna á árinu 1994 og hefur kostnaðurinn því aukist um 37,2 milljónir króna á þessu árabili. Þar af jukust launagjöld um 29,0 milljónir króna eða úr 9,8 milljónum króna í 38,8 milljónir króna.

Launaútgjöld sjúkrahússins skiptust þannig á árunum 1992-1994 eftir tegund launa:

Tafla 6.5 Launaútgjöld sjúkrahússins í Keflavík árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Föst vinna	92.346	111.912	113.659
Yfirvinna	40.202	47.824	46.397
Álagsvinna	19.442	21.394	20.871
Önnur laun	2.231	43	140
Laun alls	154.221	181.173	181.067
Launatengd gjöld	22.089	20.720	22.454
Millifært á heilsugæslustöð Suðurnesja	0	0	-1.560
Laun og launatengd gjöld	176.310	201.893	201.961

Meginhækkun launagjalda kemur fram á föstum launum og yfirvinnu. Föst laun hafa hækkað um 21,3 milljónir króna milli árana 1992 og 1994 eða sem nemur 23,0%. Fjölgun setinna stöðugilda nam 1,85 á þessu árabili en þá er miðað við stöðu 1. desember ár hvert en Víðihlíð var tekin í notkun í september 1992. Fjölgun heimilaðra stöðugilda nam 29,25 milli árana 1992 og 1994. Yfirvinnugreiðslur hækkuðu um 6,2 milljónir króna eða 15,4% að raunvirði síðastliðin þrjú ár og vaktaálagsgreiðslur um 1,4 milljónir króna eða 7,4% að raunvirði. Samtals hækkuðu launagjöld sjúkrahússins um 26,8 milljónir króna eða 17,4% að raunvirði milli árana 1992 og 1994 en launatengd gjöld hækkuðu um 0,4 milljónir króna eða 1,7% á sama árabili.

Litlar breytingar hafa orðið á launagjöldum sjúkrahússins milli árana 1993 og 1994 en upplýsingar lágu ekki fyrir á tölvutæku formi hjá sjúkrahúsinu vegna ársins 1992. Laun heilbrigðisstéttanna þ.e. lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, ljósmæðra, meina- og röntgentækna hafa hækkað um 0,6 milljónir króna milli árana 1993 og 1994 eða sem nemur 0,5% að raunvirði. Laun starfsstúlkna lækkuðu um 0,3 milljónir króna eða 3,9% og hækkun launa hjá öðru starfsfólki var sáralítill.

Sé horft á hækkun launa út frá starfsstéttum hefur hækkun dagvinnulauna, eftirvinnu, álagsgreiðslna auk orlofs án launatengdra gjalda verið eftirfarandi síðastliðin tvö ár:

Tafla 6.6 Laun eftir starfsstéttum árin 1993 - 1994

Verðlag ársins 1994	1993	1994	Mism.
Fjárhæðir í þ.kr.			
Læknar	23.706	22.269	-1.437
Hjúkrunarfræðingar	36.269	36.113	-156
Ljósmeður	15.557	15.532	-25
Sjúkraliðar	34.523	35.773	1.250
Meinataeknar	4.912	5.642	730
Röntgentæknar	3.316	3.554	238
Laun heilbrigðisstétta	118.283	118.883	600
Starfsstúlkur	7.932	7.620	-312
Annað starfsfólk	45.455	45.508	53
Önnur laun	53.387	53.128	-259
Laun alls	171.670	172.011	341

Á árinu 1993 gerðu forráðamenn sjúkrahússins starfslokasamning við fyrrverandi framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem fólst í því að honum voru greidd laun í sex mánuði. Kostnaður sjúkrahússins vegna hans nam 1,2 milljónum króna. Ekki hefur fengist fjárveiting til greiðslu þessa kostnaðar.

Eins og fram kom hér að framan hækkuðu rekstrargjöld sjúkrahússins um 28,5 milljónir króna eða sem svarar til 37,0% að raunvirði milli árána 1992 og 1994. Breyting á öðrum rekstrargjöldum sjúkrahússins kemur einkum fram á liðnum þjónusta I sem hækkar um 10,9 milljónir króna en þar er m.a. um að ræða kaup á sérfræðiþjónustu og ferða- og aksturskostnað. Kostnaður við sérgreind vörukaup hækkaði um 3,9 milljónir króna en þar má finna kostnað við lyf og tengd efni, einnota lækninga- og hjúkrunarvörur o.þ.h. og haldast þessir kostnaðarliðir í hendur við þá starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsinu. Aðrir liðir annarra rekstrargjalda hækkuðu alls um 13,7 milljónir króna á árinu 1994 miðað við árið 1992 sem skýrist einkum af greiðslu skaðabóta að fjárhæð 5,0 milljónir króna, auknum eignakaupum um 4,0 milljónir króna og auknum vaxtagjöldum að fjárhæð 1,1 milljón króna.

Halli á rekstri sjúkrahússins nam þannig 19,3 milljónum króna á árinu 1994 eins og fram kemur í töflu 6.4. og má rekja hann til nokkurra þátta. Í fyrsta lagi má nefna tölvuvæðingu sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar en kostnaður við hana nam alls 12,8 milljónum

króna. Þar af voru færðar 3,4 milljónir króna hjá sjúkrahúsinu. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimilaði 3,0 milljóna króna fjárveitingu til verkefnisins á árinu 1994 og kostnaður hefur því farið langt umfram heimildir á þessu ári. Í öðru lagi má nefna viðhaldsframkvæmdir á sjúkrahúsinu utanhúss og framkvæmdir við kjallara að Mánagötu 9 en kostnaður vegna þessa nam 7,9 milljónum króna á árinu 1994 en viðhaldsféð var tekjufært á árinu 1993. Í þriðja lagi nam aukinn launakostnaður í kjölfar kjarasamninga ríkisins við hjúkrunarfræðinga og annarra starfsstétta 3,8 milljónum króna, þar af vegna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra 2,3 milljónir króna og fengust 1,7 milljónir króna bættar vegna þeirra samninga. Í fjórða lagi voru greiddar 1,8 milljónir króna til Reksturs og ráðgjafar hf. vegna úttektar á þvottahúsi, eldhúsi og skrifstofu en ekki lá fyrir heimild til þess verkefnis. Áður hafði fyrirtækið tekið út rekstur Víðihlíðar, hjúkrunardeildar sjúkrahússins og fengið greitt fyrir þá úttekt um 1,0 milljón króna en fyrir því lá heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Þá námu vaxtagjöld sjúkrahússins að frádregnum vaxtatekjum 4,9 milljónum króna en ekki er gert ráð fyrir greiðslu vaxta í fjárveitingum til stofnunarinnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta og þess að rekstur Víðihlíðar var 4,5 milljónir króna innan fjárheimilda nam halli sjúkrahússins 4,5 milljónum króna. Eins og áður hefur komið fram var tekin sú ákvörðun á síðastliðnu ári að fjölga dögum á skurðstofu sjúkrahússins um einn. Á þeim degi var ætlunin að gera einungis aðgerðir á göngudeildarsjúklingum og var markmiðið að þessi opnun stæði undir sér. Eins og fram kemur síðar í þessari skýrslu hefur Ríkisendurskoðun reynt að meta kostnað vegna þessarar auknu starfsemi auk þeirra tekna sem henni var ætlað að skila og sýnir athugun stofnunarinnar að kostnaður er umfram tekjur.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir forstöðumenn sjúkrahússins í Keflavík fyrir að ráðast í að auka starfsemi sjúkrahússins án þess að heimild heilbrigðisráðuneytisins liggi fyrir og án þess að tryggja að nauðsynlegt fjármagn til þessarar starfsemi væri fyrir hendi.

Eiginfjárstaða sjúkrahússins hefur verið neikvæð síðastliðin þrjú ár.

Tafla 6.7 Eiginfjárstaða Sjúkrahúss Suðurnesja árin 1992 - 1994

Verðlag hvers árs	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Veltufjármunir	20.663	25.499	20.772
Aðrar eignir	2.767	1.429	0
Eignir alls	23.430	26.928	20.772
Skammtímaskuldir	32.470	35.251	48.998
Langtímaskuldir	2.590	1.335	0
Eigið fé	-11.630	-9.658	-28.226
Skuldir og eigið fé alls	23.430	26.928	20.772

Skuldir sjúkrahússins í Keflavík voru 28,2 milljónum króna hærri en eignir þess í árslok 1994 og hefur eiginfjárstaða þess versnað um 18,6 milljónir króna frá ársbyrjun. Ríkisendurskoðun vekur athygli á skammtímaskuldum stofnunarinnar, en þær námu 17,0% af tekjum ársins 1994, og miklum vaxtakostnaði vegna þeirra sem nam 5,1 milljón króna á því ári.

Sjúkrahúsbyggingin er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi en fasteignamat húss og lóðar við þ.e. A- og B-byggingar nam 78,0 milljónum króna í árslok 1994. Fasteignamat Víðihlíðar í Grindavík nam 56,3 milljónum króna í árslok 1994 og skrifstofuhúsnaðis auk íbúða við Mánagötu 9 nam 10,5 milljónum króna.

6.4 Starfssvæði og starfstengsl við aðrar stofnanir

6.4.1 Starfssvæði

Sjúkrahúsi Suðurnesja í Keflavík er ætlað að þjóna íbúum Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafnahrepps sem nú tilheyra einu sveitarfélagi auk íbúa Grindavíkur, Sandgerðis, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandahrepps. Íbúafjöldi svæðisins var 15.656 manns í desembermánuði 1994. Af þeim voru 10.347 íbúar í hinu nýja sameinaða sveitarfélagi eða rúm 66% af íbúafjölda svæðisins.

Á fylgiskjali 6.1 má sjá dreifingu íbúa um einstök sveitarfélög. Landfræðilega nær svæðið yfir um 1.000 ferkílómetra svæði þar af um 70 ferkílómetrar í byggð samkvæmt upplýsingum Tölfræðihandbókarinnar.

Tafla 6.8 Íbúafjöldi á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja

Mannfjöldi 1. desember	1992	1993	1994
Sameinað sveitarfélag	10.181	10.280	10.347
Önnur sveitarfélög	5.306	5.268	5.309
Samtals	15.487	15.548	15.656

Starfssvæði heilsugæslustöðvar Suðurnesja í Keflavík tekur yfir Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Hafnarhrepp, Miðneshrepp, Gerðahrepp og Vatnsleysustrandahrepp. Auk þess heyra heilsugæslustöðvarnar í Sandgerði, Gerðum og Vogum stjórnunarlega undir heilsugæslustöð Suðurnesja en þar er um að ræða svokallaðra H-stöðvar þar sem starfandi eru hjúkrunarfræðingar ásamt öðru starfslíði og hafa heilsugæslulæknar þar reglulega móttöku sjúklinga.

Í Grindavík er síðan starfrækt H2-stöð eins og í Keflavík og er starfssvæði hennar Grindavíkurkaupstaður. Stjórn heilsugæslustöðvar Suðurnesja fer einnig með stjórn heilsugæslustöðvar Grindavíkur.

Í skýrslu vinnuhóps um skipan sjúkrahúsmála sem gefin var út í nóvembermánuði 1993 er fjallað um sjúkrahús og hjúkrunarrými í landinu og gerðar tillögur um stærð og hlutverk þessara stofnana einkum utan höfuðborgarsvæðisins. Skýrslan fjallar um almennar legudeildir sjúkrahúsa svo og hjúkrunar- og dvalarheimili og sýnir notkun á þjónustu einstakra sjúkrahúsa eftir héruðum þ.e. lögheimili sjúklings. Skilgreint var hvert væri aðalupptökusvæði sjúkrahúsa og hvert væri heildarupptökusvæði þess. Aðalupptökusvæði Sjúkrahúss Suðurnesja var skilgreint á sama hátt og umdæmi heilsugæslustöðvarinnar í Keflavík með um 13.000 íbúa en heildarupptökusvæðið var skilgreint á sama hátt og starfssvæði sjúkrahússins í Keflavík með um 15.400 íbúa.

Upplýsingar um íbúa og fjöldi lega á Sjúkrahúsi Suðurnesja voru eftirfarandi:

Tafla 6.9 Legur á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja

Legur 1991	Íbúar	Legur sjúkrahúss	Legur alls	Héraðs-hlutdeild
Keflavík	7.572	454	1.218	37%
Grindavík	2.170	65	336	19%
Njarðvík	2.494	153	395	39%
Gullbringusýsla	3.119	182	509	36%
	15.355	854	2.458	35%

Á árinu 1991 var héraðshlutdeild Sjúkrahúss Suðurnesja um 37% í Keflavík sem sýnir hve stórt hlutfall af öllum legum íbúa Keflavíkur er á

sjúkrahúsinu. Sjúkrahúsið er því ekki aðalsjúkrahús Keflvíkinga. Héraðshlutdeild sjúkrahússins er 39% af legum íbúa Njarðvíkur, 36% af legum íbúa Gullbringusýslu en 19% í Grindavík.

Sé öllum legum á Sjúkrahúsi Suðurnesja skipt eftir því frá hvaða landssvæði sjúklingarnir koma, þ.e. lögheimili þeirra, sést að 46% eru frá Keflavík, 18% frá Gullbringusýslu, 15% frá Njarðvík og 7% frá Grindavík. Um 6% af legum eru þannig vegna sjúklinga sem koma frá öðrum landssvæðum.

Fjöldi aldraðra var eftirfarandi á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja miðað við mannfjölda 1. desember 1992:

Tafla 6.10 Fjöldi aldraðra á starfssvæði sjúkrahússins í Keflavík

Staður	Fjöldi aldraðra			Aldurssamsetning		
	70-80	80+	Alls	70-80	80+	70+
Keflavík og nágrenni	475	212	13.307	3,6%	1,6%	5,2%
Grindavík	57	27	2.184	2,6%	1,2%	3,8%
Samtals	532	239	15.491	3,4%	1,5%	5,0%

Fjöldi íbúa á aldrinum 70 til 80 ára á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja í Keflavík er 3,4% af íbúafjölda svæðisins og fjöldi áttæðra og eldri eru 1,6% íbúa þess. Aldraðir íbúar nema þannig 5,0% af heildaríbúafjölda starfssvæðisins sem er töluvert fyrir neðan landsmeðaltal en það er 7,4%.

Á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja eru starfrækt tvö hjúkrunar- og/eða elliheimili auk Víðihlíðar, hjúkrunardeildar sjúkrahússins í Grindavík og hjúkrunardeildar sjúkrahússins í Keflavík. Þau eru staðsett í Keflavík og í Garði.

Á fylgiskjali 6.2 með skýrslu þessari má sjá yfirlit yfir þá stofnanarþjónustu, þ.e. sjúkrahús-, heilsugæslu- og öldrunarþjónustu, sem veitt er á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurnesja.

6.4.2 Starfstengsl við aðrar stofnanir

Heilsugæslustöð Suðurnesja hóf starfsemi sína árið 1975 í leiguhúsnæði en árið 1984 var starfsemi stöðvarinnar flutt í húsnæði Sjúkrahúss Suðurnesja. Íbúar er heyrðu undir stöðina á árinu 1994 voru 13.512. En undir heilsugæslustöð Grindavíkur heyrðu 2.144 íbúar.

Þjónusta stöðvarinnar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu felur m.a. í sér:

- Almenna lækniþjónustu, hjúkrunarþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir
- Lækningarannsóknir
- Sérfræðilega lækniþjónustu, tannlækningar, endurhæfingu
- Hjúkrun í heimahúsum
- Heilsuvernd

Tafla 6.11 Rekstur heilsugæslustöðvar Suðurnesja árin 1992 - 1994

Fjárhæðir í þ.kr. á verðlagi ársins 1994	1992	1993	1994
Sértekjur	-22.039	-18.934	-20.224
Launagjöld	58.772	61.965	67.447
Önnur rekstrargjöld	45.581	49.547	34.391
Samtals	82.314	92.578	81.614

Við heilsugæslustöðina í Keflavík starfa sex heilsugæslulæknar hver um sig í 1,0 stöðu, tveir kvensjúkdómalæknar hvor í 0,25 stöðu og barnalæknir í 0,45 stöðu. Heilsugæslulæknarnir eru með reglulega móttöku í Sandgerði, Garði og Vogum. Starfsmenn heilsugæslunnar voru 66 í árslok 1994 í 33,55 stöðugildum. Heimiluð stöðugildi voru 30,25 á árinu 1994. Heilsugæslustöðin í Grindavík er rekin í starfstengslum við heilsugæslustöð Suðurnesja og eru reikningsskil þeirra sameiginleg. Þar starfar heilsugæslulæknir í 1,0 stöðu, tveir hjúkrunarfræðingar í 1,5 stöðum auk annars starfsfólks alls í 2,37 stöðugildum.

Heilsugæslustöðin er rekin í starfstengslum við sjúkrahúsið eins og kveðið er á um í 12. grein laga um heilbrigðisþjónustu þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvoru tveggja. Starfsemi heilsugæslunnar fer fram í C-álmum sem tengd er sjúkrahúsinu en þar er ennfremur sameiginlegt anddyri stofnananna auk aðstöðu fyrir ritara. Skrifstofa, fundaraðstaða, mötuneyti og búningsherbergi starfsfólks eru samnýtt fyrir báðar stofnanirnar.

Samningur um kostnaðarskiptingu milli sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar hefur ekki verið fyrir hendi síðastliðin þrjú ár. Hvor stofnun um sig greiðir fasteignagjöld af þeirri byggingu sem hún er staðsett í. Sjúkrahúsið hefur þó ekki greitt leigu fyrir sinn hluta aðstöðunnar á heilsugæslustöðinni. Hins vegar hefur sjúkrahúsið fram til þessa greitt allan kostnað vegna rafmagnsnotkunar sinnar og heilsugæslunnar og var litið á það sem hæfilega greiðslu fyrir leigu á

aðstöðu sjúkrahússins í byggingu heilsugæslustöðvarinnar. Mánaðarlega er gerður reikningur á heilsugæslustöðina vegna hitunarkostnaðar. Öðrum sameiginlegum kostnaði vegna húsnæðisins þ.e. húsvörslu og umsjón með fasteignum, þrifum og viðhaldskostnaði er skipt þannig að heilsugæslan greiðir umsjónarmanni 30 tíma í yfirvinnu vegna starfa hans en viðhaldskostnaði er skipt ef þurfa þykir. Sjúkrahúsið selur heilsugæslustöðinni hreinlætisvörur vegna þrifa en hvor stofnun um sig greiðir launakostnað síns ræstingafólks.

Framkvæmdastjóri er sameiginlegur fyrir fyrir báðar stofnanirnar og sama gildir um starfslið á skrifstofu. Launum þessara aðila er þó ekki skipt milli stofnananna að öðru leyti en því að heilsugæslustöðin greiðir 1,0 stöðugildi skrifstofumanns á skrifstofu. Tölvukostnaði svo og kostnaði við aðkeypta bókhaldsaðstoð hefur verið skipt milli stofnanna og sjúkrahúsið selur heilsugæslunni ritföng eins og þurfa þykir. Samkvæmt ákvörðum framkvæmdastjóra verður skrifstofukostnaði skipt í hlutfalli við fjárveitingar til stofnanna á fjárlögum frá með næstu áramótum. Sínavakt og móttökuritarar eru á launum hjá hvorri stofnun fyrir sig en símakostnaði er skipt þannig að sjúkrahúsið greiðir 67% þess kostnaðar og heilsugæslan 33%.

Þvottahúsið sem rekið er af sjúkrahúsinu annast þvotta fyrir heilsugæsluna vegna sloppa, handklæða o.þ.h. Árlega er gerður reikningur og kostnaður vegna þessa áætlaður. Þá sér sjúkrahúsið um sótthreinsun fyrir heilsugæsluna og eru reikningar vegna þessara þátta í samræmi við notkun.

Frá og með ársbyrjun 1995 var kostnaðarskiptingunni breytt og hún færð nær því sem raun er. Þannig er kostnaði vegna rafmagns nú skipt eftir notkun í samræmi við stöðu mælis og 25% af skrifstofukostnaði þ.e. öðrum en launum er færður á heilsugæslustöðina.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að samningi milli sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar sem kveði á um samstarf og skiptingu kostnaðar á milli þessara stofnanna verði komið á skriflegt form. Þannig telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að heilsugæslustöðin greiði þann kostnað sem tengist rekstri og viðhaldi byggingarinnar í hlutfalli við það rými sem hún nýtir af heildarrými stofnananna tveggja. Öðrum kostnaði ber að skipta eftir því sem við á. Gera þarf grein fyrir forsendum kostnaðarskiptingarinnar.

6.5 Starfsemi

6.5.1 Starfssvið

Sjúkrahús Suðurnesja, sem þá hét sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, var vígt árið 1954 og hófst starfsemi þess það ár í því húsnæði sem nú er kölluð A-álma. Árið 1981 var tekin í notkun efri hæð sjúkrahússins svokölluð B-álma og á árinu 1985 var vígð viðbygging við sjúkrahúsið, C-álma, þar sem m.a. heilsugæslustöð Suðurnesja rekur starfsemi sína. Á árinu 1992 hófst síðan starfsemi G-deildar hjúkrunardeildar sjúkrahússins í Víðihlíð í Grindavík. Núverandi starfsemi sjúkrahússins fer því fram í tveimur bæjarfélögum. Eins og áður hefur komið fram hefur fengist framkvæmdaleyfi til byggingar D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja í Keflavík og er áætlað að framkvæmdum við hana verði lokið árið 1997.

Sjúkrahús Suðurnesja flokkast sem almennt sjúkrahús samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

"Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahúsið hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum."

Sjúkrahúsið er því samkvæmt lögnum ekki deildaskipt sjúkrahús að öðru leyti en því hvað varðar skiptingu í almenna sjúklinga og langlegusjúklinga.

Starfsemi Sjúkrahúss Suðurnesja fer fram í þremur deildum. A-deild er almenn sjúkradeild auk þess sem þar dvelja langlegusjúklingar. Að auki er þar tekið við sjúklingum til hvíldarinnlagnar. Á deildinni eru 22 rúm og eru um 10 þeirra nýtt vegna langlegusjúklinga. Innlagnir á deildina voru 595 á árinu 1994 og legudagar 7.287. F-deild er 8 rúma fæðinga- og kvensjúkdómadeild. Á deildinni er sinnt fæðingum, meðferðakvillum og kvensjúkdómaaðgerðum auk þess sem göngudeildþjónusta er töluverð vegna fósturhjartsláttarrita, brjóstavandamála, saumataka, blóðprufa á nýburum og 5. dags skoðunar hjá þeim konum er fara fyrir heim eftir barnsburð. Innlagnir á deildina voru 542, fæðingar voru 279, legudagar 2.849, legudagar nýbura 1.587 og göngudeildþjónustu var sinnt í 516 skipti. G-deild er 28 rúma hjúkrunardeild. Innlagnir sjúklinga voru 38 og legudagar 6.352.

Við Sjúkrahús Suðurnesja starfa nú átta læknar í 3,85 stöðugildum. Sérfræðingur í handlæknisfræði er í 0,75 stöðu og gegnir hann stöðu yfirlæknis við sjúkrahússins. Tveir sérfræðingar eru í kvensjúkdómum í 0,50 stöðu hvor og gegnir annar þeirra stöðu yfirlæknis fæðinga- og kvensjúkdómadeildar. Auk þeirra starfa við sjúkrahúsið lýtalæknir í 0,5 stöðum sem starfar sem skurðlæknir, svæfingalæknir í 1,0 stöðu, bæklunarlæknir í 0,25 stöðu, háls-, nef- og eyrnalæknir í 0,25 stöðu og barnalæknir í 10% stöðu. Sérfræðingar sjúkrahússins hafa allir móttöku á sjúkrahúsinu. Ennfremur hefur verið gerður verktakasamningur við röntgenlækni sem svarar til 0,40 stöðu við sjúkrahúsið. Auk þeirra hefur þvagfæraskurðlæknir, sérfræðingur í lýtalækningum og sérfræðingur í augnlækningum gert munnlegan samning við sjúkrahúsið um aðgerðaaðstöðu án þess að vera ráðnir við sjúkrahúsið.

Skurðstofur sjúkrahússins eru tvær og fimm aðgerðadagar í viku hverri. Aðgerðir eru framkvæmdar af sérfræðingum í almennum skurðlækningum, bæklunarlækningum, háls-, nef-, og eyrnalækningum, kvensjúkdómum og fæðingahjálpar og svæfingum. Slysastofan er rekin af sjúkrahúsinu og sinnt af sérfræðingum þess.

Tveir læknar á sjúkrahúsinu þ.e. yfirlæknir sjúkrahússins og yfirlæknir fæðinga- og kvensjúkdómadeildar sinna vistmönnum Víðihlíðar í Grindavík hvor um sig hálfan dag í viku hverri. Þar sem sjúklingar eru innritaðir á sjúkrahúsinu hafa þeir ekki aðgang að heimilislækni. Því þarf annað hvort að flytja þá með sjúkrabíl til Keflavíkur eða senda lækni frá sjúkrahúsinu til þeirra ef einhver veikindi koma upp á sem hjúkrunarfræðingar ráða ekki við eða koma upp utan vinnutíma hjúkrunarfræðinga eða vitjana lækna. Eins og áður hefur komið fram er það eðlilegra, að mati Ríkisendurskoðunar, að tengslin við sjúkrahúsið væru rofin og heimilislæknir á staðnum sinnti þörfum vistmanna. Þeir yrðu síðan sendir á sjúkrahús ef þörf væri á slíku. Rétt er að vekja athygli á því að yfirlæknir heilsugæslustöðvar Grindavíkur er öldrunarlæknir og því virðist eðlilegra að semja við hann um vitjanir til vistmanna í Víðihlíð í stað þess að senda sérfræðinga frá sjúkrahúsinu í Keflavík.

Á sjúkrahúsinu er þannig fyrst og fremst sinnt störfum innan almennra skurðlækninga, bæklunarlækninga og kvensjúkdóma auk fæðingahjálpar. Ekki er starfandi lyflæknir við sjúkrahúsið. Sjúkrahúsið getur því ekki verið skilgreint sem deildasjúkrahús samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Í áður nefndum tillögum vinnuhóps um heilbrigðismál um skipan sjúkrahúsamála er lagt til að Sjúkrahúsi Suðurnesja verði falið

svæðisbundið hlutverk og er megináhersla lögð á starfsemi kvensjúkdóma- og fæðingadeildarinnar og á ferliþjónustu sérfræðinga. Slíkt sjúkrahús er nefnt í tillögum vinnuhópsins sem svæðissjúkrahús sem er nokkuð á skjön við skilgreiningu laganna um heilbrigðisþjónustu á því sjúkrahúsi sem er eftirfarandi:

"Svæðissjúkrahús. Sjúkrahús sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða flestum greinum læknisfræðinnar sem viðurkenndar eru hérlendis og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknadeildum til að annast þetta hlutverk."

Samkvæmt orðanna hljóðan gætu einungis stærstu sjúkrahús þessa lands fallið undir ofangreinda skilgreiningu. Ríkisendurskoðun bendir því á að notkun þessa orðs um starfsemi Sjúkrahúss Suðurnesja á sér ekki stoð í lögum. Í því sambandi ítrekar stofnunin þá skoðun sína sem fram kemur í skýrslu hennar um stjórnsýsluendurskoðun á sjúkrahúsi Skagfirðinga, Húsavíkur og Vestmannaeyja að æskilegt sé að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið flokki sjúkrahúsin í landinu eftir tegund og þjónustu þeirri er þau veita þannig að stjórnendum sjúkrahúsa sé gert ljóst hvers konar starfsemi eigi að fara þar fram. Fjárveitingar fjárlaga verði, í samræmi við þá stefnumörkun, miðaðar við þá þjónustu sem veitt er.

6.5.2 Starfsemi

Starfsemi sjúkrahúsa á landsbyggðinni fer eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst eftir þeim sérfræðingum er þar starfa. Í annan stað tekur starfsemi þeirra mið að því í hve miklum mæli það sinnir öldrunarþjónustu inni á sjúkrahúsinu þ.e. langlegusjúklingum í hjúkrunar-rýmum.

Síðastliðið ár var hlutfall langlegu þ.e. legu er varir meira en 90 daga 52% hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja í Keflavík samkvæmt athugun Ríkisendurskoðunar. Á árunum 1989-1991 var hlutfallið að jafnaði 38,3% samkvæmt skýrslu heilbrigðisráðuneytisins um starfsemi sjúkrahúsa 1989-1991. Aukið hlutfall langlegu skýrist af opnun Víðihlíðar, 28 rúma hjúkrunardeildar sjúkrahússins í Grindavík.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu þættir í starfsemi Sjúkrahúss Suðurnesja undanfarin þrjú ár.

Tafla 6.12 Starfsemi Sjúkrahúss Suðurnesja

	1992	1993	1994
--	------	------	------

Rúmafjöldi í notkun	30	44	58
Langlega	15	29	38
Önnur lega	15	15	20
Sjúklingafjöldi yfir árið	1.062	1.107	1.175
Legudagar almennir	10.180	9.966	10.108
Legudagar almennir, Víðihlíð	1.247	5.040	6.319
Legudagar nýbura	1.874	1.680	1.587
Legudagar alls	13.301	16.686	18.014
Skurðaðgerðir	1.029	931	1.053
Inniliggjandi sjúklingar	369	366	425
Utanspítala sjúklingar	660	565	628
Fæðingar	303	281	279
Aðgerðir á fæðingastofu	248	367	404
Röntgenskoðanir	4.022	4.020	4.453
Þ.a. ómskoðanir	226	287	255
Rannsóknir	29.542	30.294	32.373
Skópíur	307	270	303
Inniliggjandi sjúklingar	33	47	48
Utanspítala sjúklingar	274	223	255
Slysastofa móttaka sjúkrahúss	2.901	3.001	2.985
Slysastofa, endurkomur	940	1.010	813

Sjúklingum hefur fjölgað um 113 frá árinu 1992 til ársins 1994 eða sem nemur 10,6%. Legudögum hefur að sama skapi fjölgað um 4.713 daga eða um 35,4%. Aukning legudaga skýrist einkum af opnun hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð en legudögum þar hefur fjölgað úr 1.247 í 6.319 milli ára 1992 og 1994. Að þeim frátöldum fækkaði legudögum um 359 á þessu árabili. Fjöldi aðgerða hefur aukist um 24. Aðgerðum á inniliggjandi sjúklingum hefur fjölgað um 56 en fækkað á ambúlant sjúklingum um 32. Skópíum hefur fækkað á sama árabili um 4.

Rannsóknir á röntgendeild hafa aukist um 431. Rannsóknnum á inniliggjandi sjúklingum hefur fjölgað um 39 og á utanspítalasjúklingum um 405 en fækkað vegna mæðra- og ungbarnaeftirlits um 13. Rannsóknnum á rannsóknadeild hefur fjölgað um 2.831 ef tekið er mið af síðustu þremur árum. Rannsóknnum á inniliggjandi sjúklingum hefur fjölgað um 372 og á utanspítalasjúklingum um 3.128 en fækkað vegna mæðra- og ungbarnaeftirlits um 669.

Fæðingar á sjúkrahúsinu hafa verið um 280 síðastliðin tvö ár en þær voru ríflega 300 árið 1992. Legudögum nýbura hefur að sama skapi fækkað úr 1.874 í 1.587 á síðastliðnum þremur árum. Aðgerðum á fæðingastofu hefur fjölgað um 156 frá árinu 1992 en þær voru 404 á síðastliðnu ári.

Í skýrslu starfshóps um skipan sjúkrahússmála komu fram nokkrar upplýsingar um fæðingar á Sjúkrahúsi Suðurnesja í Keflavík. Á árinu 1991 fæddust 268 börn á sjúkrahúsinu. Mæður 119 þeirra voru með lögheimili í Keflavík, 32 mæður áttu lögheimili í Njarðvík, 34 í Grindavík, 58 í Gullbringusýslu en 25 komu annars staðar frá. Þannig voru rúm 44% af fæðingum í Keflavík vegna mæðra með lögheimili þar, 48% komu frá öðrum stöðum innan starfssvæðis sjúkrahússins en rúm 9% komu frá stöðum utan starfssvæðis þess.

Alls fæddust 135 börn á árinu 1991 með lögheimili í Keflavík. Af þessum 135 börnum fæddust 119 á Sjúkrahúsi Suðurnesja en 16 á öðrum sjúkrahúsum. Í Njarðvík fæddust 39 börn, þar af 32 á Sjúkrahúsi Suðurnesja. Héraðshlutfall í Keflavík er 88,1%, 82,0% í Njarðvík og 82,8% annars staðar af starfssvæði sjúkrahússins. Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis fæðingadeildarinnar var héraðshlutdeild sjúkrahússins 91,2% á árinu 1994.

Á árinu 1994 voru 2.985 tilvik á slysastofu móttækin af sjúkrahúsinu og er það svipað árunum tveimur þar á undan. Endurkomur á slysastofu voru um 800 og eru þær nokkuð færri en árin þar á undan.

Á Sjúkrahúsi Suðurnesja starfa að meðaltali 130 manns og hefur svo verið undanfarin þrjú ár eins og sjá má á fylgiskjali 6.3. Heimiluð stöðugildi voru 99,25 árinu 1994 og hefur fjölgað um 29,5 frá árinu 1992. Setin stöðugildi voru 90,1 á árinu 1994 og hefur fjölgað um 1,85 frá árinu 1992.

6.5.3 Læknar

Stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 3,85 og sinna þeim 8 læknar eins og fram kom í kaflanum hér að framan. Skurðlæknar eru tveir. Annar þeirra er í 75% stöðu og er hann yfirlæknir stofnunarinnar. Hinn skurðlæknirinn er jafnframt lýtalæknir og er hann í 50% stöðu. Fæðingalæknar eru tveir, hvor um sig í 50% stöðu og er annar þeirra yfirlæknir fæðingadeildarinnar. Svæfingalæknir er í 100% stöðu.

Ennfremur eru ráðnir við sjúkrahúsið bæklunarlæknir í 25% stöðu, hálsnef- og eyrnalækir í 25% stöðu og barnalæknir í 10% stöðu og sinnir sá ungbarnaeftirliti á fæðingadeildinni. Enginn aðstoðarlæknir er við sjúkrahúsið.

Gerðir hafa verið starfssamningar við alla sérfræðinga sem ráðnir hafa verið til sjúkrahússins. Núverandi samningar við sérfræðingana eru frá því í árslok 1990 og eru þeir um flest samhljóðandi. Í þeim kemur m.a. fram að skurðlæknarnir tveir leysa hvor annan af í fríum og sama gera fæðingalæknarnir sem þá eru í 75% stöðuhlutfalli vari fjarvera hins lengur en eina viku.

Önnur helstu atriði starfssamningsins eru eftirfarandi:

- Læknarnir hafa heimild til að sinna einkasjúklingum í húsakynnum sjúkrahússins, utan venjubundins vinnutíma síns hjá sjúkrahúsinu. Gert er ráð fyrir að læknarnir hafi 1 til 2 daga á viku til ráðstöfunar á skurðstofu bæði vegna innlagnarsjúklinga og ambúlant aðgerða.
- Læknarnir skulu skipta með sér vöktum eftir samkomulagi innbyrðis. Reyndin hefur orðið sú að tekið hefur verið mið af starfshlutfalli við ákvörðun á vaktskyldu. Allir sérfræðingarnir aðrir en barnalæknirinn ganga vaktir á sjúkrahúsinu og slysastofunni.
- Greiðslufyrirkomulag vakta hefur verið þannig að fyrir hverja vakt, frá kl. 16:00 til kl. 08:00 mánudaga til föstudaga, eru greiddir 8 yfirvinnutímar og 8 gæsluvaktatímar. Innifalin er öll yfirvinna og útköll á deildum frá kl. 16:00 til kl. 24:00. Komi til útkalls frá kl. 00:00 til 08:00, skal það greitt sérstaklega, eins og samningur kveður á um. Laugardaga og sunnudaga eru greiddir 12 tímar í yfirvinnu og 12 tímar sem gæsluvakt fyrir hvern dag og felur það í sér alla yfirvinna og útköll frá 08:00 til kl. 20:00. Komi til útkalls frá 20:00 til 08:00 skal það greitt sérstaklega.
- Læknar sjúkrahússins tóku frá 1. febrúar 1990 að sér öll slys. Slys er ytri eða innri áverkki, skurðsár, brot, tognun o.fl. enda hafi sjúklingur komið innan 24 klst. frá því að áverkki átti sér stað, svo fremi sem aðstæður hafa ekki hamlað för hans.
- Læknarnir raða nákvæmlega niður hver sinnir slysum og endurkomum ef þörf krefur frá kl. 08:00 til kl. 16:00, mánudaga til föstudaga og er viðkomandi þá ætíð laus til að sinna tilfallandi slysum þ.e. er á

staðnum og ekki á skurðstofu. Læknir á vakt sinnir jafnframt öllum slysum á vaktinni.

- Ekki er greitt sérstaklega fyrir slys frá kl. 08:00 til kl. 16:00 mánudaga til föstudaga en ráðinn hefur verið hjúkrunarfræðingur á slysstofu í fullt starf.
- Bifreiðastyrkur skal greiddur samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna.
- Greitt skal fastagjald af einum heimasíma.

Auk þess hafa verið gerðir sérstakir samningar við alla sérfræðingana um greiðslu aðstöðugjalds fyrir aðstöðu til móttöku sjúklinga. Sérfræðingarnir greiða gjald fyrir hvert viðtal sjúklings. Gengur greiðslan ýmist til sjúkrahússins eða heilsugæslunnar allt eftir því hvar í byggingunni sérfræðingurinn hefur aðstöðu. Gjaldið er breytilegt frá einum sérfræðingi til annars og jafngildir frá 1,5 einingum til 3 eininga samkvæmt samningum um sérfræðilæknishjálp milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins. Einingafjöldinn er breytilegur þar sem greiðslur Tryggingastofnunar fyrir viðtöl eru breytilegar milli sérgreina. Fæðingalæknarnir greiða 2 einingar vegna hvefarr komu og gengur greiðslan til heilsugæslustöðvarinnar. Þeir eru einu sérfræðingarnir sem hafa aðstoðarstúlku á stofu og greiða þeir alfarið launakostnað vegna hennar.

Fyrir skurðaðgerðir á utanspítalasjúklingum greiðir skurðlæknir og svæfingalæknir, þegar það á við, 40% aðstöðugjald. Aðstöðugjaldið reiknast af heildarupphæð reiknings til Tryggingastofnunar. Fyrir aðstöðugjöld, samkvæmt framansögðu, fá lækarnir afnot af læknastofu og skurðstofu ásamt símaþjónustu, spjaldskrárþjónustu, ritarþjónustu, og ræstingu á stofu. Innheimta á hluta sjúklings í kostnaði er innifalin í þessari þjónustu.

Á undanförunum árum hefur gengið illa að fá svæfingalækna í fast starf við sjúkrahúsið og hafa læknar frá Landakoti gjarnan hlaupið í skarðið þegar svo hefur borið undir. Á árinu 1987, þegar reynt hafði verið að fá svæfingalækni til starfa um nokkurt skeið, var gerður samningur um greiðslur til svæfingalækna vegna vinnu í skemmri tíma. Er sá samningur enn í gildi. Samkvæmt honum fá svæfingalæknarnir yfirlæknislaun þann tíma sem þeir starfa en að auki greidda dagpeninga og ferðir og námu þær greiðslur tæplega 1,3 milljónum króna frá janúar

til ágústloka 1994. Í byrjun september var ráðinn svæfingalæknir til sjúkrahússins í fullt starf sem er búsettur á Suðurnesjum.

Auk fastráðinna sérfræðinga við sjúkrahúsið hafa nokkrir aðrir sérfræðingar aðstöðu til móttöku sjúklinga og aðgerða ýmist í húsakynnum sjúkrahússins eða heilsugæslunnar og greiða þeir allir 3 einingar á komu nema geðlæknir sem greiðir 4 einingar. Aðstöðugjald vegna aðgerða er sambærilegt við það sem fastráðnir sérfræðingar greiða.

Eins og fram kom í samningum við sérfræðinga sjúkrahússins er starfshlutfall þeirra mishátt. Skurðlæknarnir tveir skiptast á um að sjá um daglega vinnu á handlækningadeildinni og kvensjúkdómalæknarnir hafa sama hátt á hjá fæðinga- og kvensjúkdómadeildinni.

Yfirlæknir sjúkrahússins og yfirlæknir fæðingadeildarinnar sinna yfirleitt vöktum a.m.k. 1,5 daga í viku en annars hefur verið tekið mið af starfshlutfalli við skiptingu vakta. Slysastofan, sem rekin er af sjúkrahúsinu, er opin allan sólarhringinn og fylgir vaktinni á sjúkrahúsinu enda hafa læknar heilsugæslunnar of mikið að gera til að geta sinnt henni. Við slysastofuna starfar hjúkrunarfræðingur frá kl. 8:00 til kl. 16:00 en hjúkrunarfræðingar á deildum sinna bakvakt á kvöld- og næturvöktun og um helgar. Vakthafandi læknir sér að öðru leyti um slysamóttökuna.

Fram til ársins 1994 var skurðstofan í notkun fjóra daga vikunnar. Í byrjun árs 1994 var föstudegi bætt við að undangengnum minni háttar kostnaðarútreikningum og eru nú gerðar aðgerðir alla virka daga. Á föstudögum er, að sögn starfsfólks, fyrst og fremst sinnt utanspítalasjúklingum og sjúklingum á vegum varnarliðsins. Sjúklingar á vegum varnarliðsins greiða að fullu fyrir þá þjónustu sem þeir fá á sjúkrahúsinu bæði fyrir aðgerð og legudaga.

Biðlisti eftir aðgerð er nokkrar vikur. Svæðið sem sjúkrahúsið á að sinna er mannmargt og að auki er talsvert um aðgerðir á sjúklingum utan svæðis. Ekki hefur verið innheimt gjald af sjúklingum ef þeir eru lagðir inn í kjölfar aðgerðar þótt um ferliverk sé að ræða. Enginn sjúkrapjálfari hefur fengist til starfa við sjúkrahúsið. Mikil þörf er hins vegar á endurhæfingu, þar sem margt fólk er sent til legu á sjúkrahúsinu eftir stærri aðgerðir á sjúkrahúsum á Reykjavíkursvæðinu.

Fastráðnir læknar hafa yfirleitt 1 til 1,5 daga til aðgerða á viku. Þeir aðkomusérfræðingar sem hafa aðstöðu í sjúkrahúsinu nýta skurðstofuna einnig þessa daga eftir því sem aðstæður leyfa. Skurðstofan

er lokuð um helgar og 12 vikur yfir árið, 8 vikur yfir sumartímamann, 2 vikur um jól og páska. Fæðingadeildinni er hins vegar haldið gangandi árið um kring. Ef slys eða fæðing, sem talið er að krefjist aðgerðar, ber upp á þeim tíma er sjúklingunum beint til Reykjavíkur.

Ríkisendurskoðun hefur metið umfang þeirrar vinnu sérfræðinganna sem hægt er að mæla og meta til eininga hvort sem er á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Umfang aðgerða/meðferða á inniliggjandi sjúklingum er fengið úr ársskýrslum sjúkrahússins sem skráð er hjá Ríkisspítölum upp úr gögnum sem sjúkrahúsið sendir. Umfang aðgerða á utanspítalasjúklingum er unnið upp úr reikningum sérfræðinganna til Tryggingastofnunar ríkisins og liggur því einingafjöldi þeirra verka fyrir. Við mat á einingafjölda vegna aðgerða á inniliggjandi sjúklingum hefur að verulegu leyti verið stuðst við samning Tryggingastofnunar við sjálfstætt starfandi lækna. Einingafjöldi verka sem ekki er til í þeirri gjaldskrá hefur verið metinn.

Sundurliðun læknisverkanna og einingafjöldi þeirra eru sýndar í fylgiskjali 5.2 og 5.3 en helstu niðurstöður koma fram í eftirfarandi töflu fyrir árið 1994:

Tafla 6.13 Einingafjöldi verka unnin á Sjúkrahúsi Suðurnesja árið 1994

Aðgerðir árið 1994	Sjúklingar innan sjúkrahúss	Sjúklingar utan sjúkrahúss	Samtals
Sýnatökur/speglanir	3.926	23.755	27.681
Aðgerðir/meðferðir	33.714	28.976	62.690
Svæfingar/deyfingar	0	32.250	32.250
Samtals	37.640	84.981	122.621

Ríkisendurskoðun hefur metið þau læknisverk sem mælanleg eru til 122.621 eininga. Um 58% verkanna eru gerð ambúlant þ.e. á sjúklingum sem fara heim að aðgerð lokinni. Þá eru einingar vegna svæfinga ekki meðtaldar. Sýnatökur og speglanir eru 22,6% af þeim læknisverkum sem metin voru. Ef horft er á fjölda eininga á stöðugildi fastráðinna sérfræðinga sést glögglega að álag á þá er mun meira en á samanburðarsjúkrahúsunum. Er þá ekki frekar en á hinum stöðunum tekið tillit til annara starfa er þeir þurfa að sinna innan sjúkrahússins.

6.5.4 Hjúkrun

Núverandi hjúkrunarforstjóri hefur starfað sem slíkur síðastliðin tvö ár en hefur að baki langan starfsferil sem hjúkrunarfræðingur við

stofnunina. Hjúkrunarforstjóri er ráðinn í 100% starf við sjúkrahúsið. Þar af er hún hálfan dag í viku í Víðihlíð og oftast ef með þarf.

Vinna hjúkrunarforstjóra er ekki síst fólgin í því að hafa umsjón með mannahaldi. Á hennar snærum eru ráðningar á öllu fólki sem tengjast aðhlyningu sjúkra. Ræstingastjóri ræður ræstingafólk til starfa í samráði við hjúkrunarforstjóra. Sjúkrahúsið rekur saumastofu og þvottahús og hefur hjúkrunarforstjóri fylgst með vinnunni þar, en ekki liggur fyrir hvort mannráðningar í þessum deildum heyra undir hana þar sem samþykkt skipurit vantar.

Hjúkrunarforstjóri sér um innkaup á hjúkrunarvörlager og minniháttar tækjum. Hún hefur einkum nýtt sér samninga Ríkiskaupa en keypt af birgðastöð Landspítalans ef svo ber undir. Þar fyrir utan ber hún alltaf saman verð frá heildsölum. Lyfja- og hjúkrunarvörlager hefur minnkað nokkuð á deildunum að undanfögnu. Enn eru þó talsverðir fjármunir bundnir vegna þess og ekki auðvelt að lækka þann kostnað sem hlýst af lagerhaldi þar sem heildsalar liggja ekki alltaf með vörurnar. Því verður ákveðinn lager alltaf að vera til staðar.

Einu sinni í viku er lagerdagur hjá hjúkrunarforstjóra. Þá er afgreitt af hjúkrunarvörlager á deildir eftir pöntunum. Þegar reikningar vegna hjúkrunarvara berast hjúkrunarforstjóra er þeim skipt upp á milli deilda eftir áætlaðri notkun. Í birgðabókhaldi hjúkrunarforstjóra eru reikningar útbúnir á hverja einstaka deild vegna úttekta en þeir hafa fram til þessa ekki verið sendir skrifstofunni. Stefnt er að því að upplýsingar úr birgðabókhaldi hjúkrunarforstjóra verði mánaðarlega sendir skrifstofu þannig að hægt sé að færa þá í samræmi við raunverulega notkun á deildum.

Lyfjafræðingur var til skamms tíma ráðinn í 40% starf við sjúkrahúsið. Hann annast innkaup og afgreiðslu á lyfjum og er kostnaður vegna lyfja uppfærður á deildir mánaðarlega í samræmi við notkun. Lyfjafræðingurinn sinnir nú starfinu sem verktaki en er álíka mikið á staðnum og áður og alltaf aðgengilegur. Hjúkrunarforstjóri hefur aðgang að lyfjabúri en leysir lyfjafræðinginn ekki af.

Hjúkrunarforstjóri skipuleggur og hefur umsjón með hjúkrun á þremur deildum þ.e. A-deild, almennri deild með 22 rúmum, F-deild, fæðinga- og kvensjúkdómadeild með 8 rúmum og G-deild, hjúkrunardeild með 28 rúmum.

Hjúkrunarfræðingar vinna allir á 8 tíma vöktum. Á A-deild voru stöðugildi hjúkrunarfræðinga 6,1 í árslok 1994 og stöðugildi sjúkraliða voru 12,5 að nemum meðtöldum. Einn deildarritari er ráðinn við A- og F-deildina í 60% starf. Meðalnýting á almennu deildinni var 91% á árinu 1994. Milli 60% og 70% allra innlagna á almennu deildina er vegna aðgerðasjúklinga og fyrir kemur að sjúklingar verða að liggja á göngum vegna þrengsla.

Ljósmeður vinna á 8 tíma vöktum virka daga en 12 tíma vöktum um helgar. Sjúkraliðar á F-deildinni vinna alltaf 8 tíma vaktir. Stöðugildi ljósmeðra við F-deildina voru 5,7 í árslok 1994 og stöðugildi sjúkraliða 1,9. Stöðugildi ljósmeðra eru ekki fullmönnuð. Þrjár ljósmeður hafa ekki hjúkrunarmenntun en aðrar eru einnig hjúkrunarfræðingar. Allar ljósmeðurnar, að deildarstjóra undanskildum, eru í hlutastarfi.

Reynt hefur verið markvisst að stytta legutíma sængurkvenna vegna mikillar aðsóknar að fæðingadeildinni. Sængurkonur mega fara heim eftir 36 tíma en flestar liggja þó lengur. Legutími sængurkvenna hefur styst nokkuð á undanförunum árum eða úr 6,1 degi á árinu 1993 í 5,65 daga á árinu 1994. Á sama tíma hefur legudögum almennra sjúklinga á sjúkrahúsinu fækkað úr 9,7 dögum í 8,7 daga. Meðalnýting rúma á deildinni var 97% á árinu 1994. Talsverður hluti af vinnutíma ljósmeðranna er fólgin í því að sinna þeim brjóstavandamálum sem koma upp hjá konunum eftir að þær koma heim af fæðingadeildinni. Þessi vandamál koma upp hvort sem konan liggur inni eða ekki en í raun er búið að útskrifa hana. Því ætti að greiða fyrir þjónustuna eða jafnvel að beina konunum til heilsugæslunnar.

Á G-deild voru stöðugildi hjúkrunarfræðinga 3,1 í árslok 1994, stöðugildi sjúkraliða voru 8,0 og ófaglærðra 6,2. Hjúkrunarfræðingar sinna eingöngu morgunvöktum. Meðalnýting rúma var 82% árið 1994.

Að undanförunu hefur gengið illa að manna stöður hjúkrunarfræðinga en nokkuð vel að manna stöður sjúkraliða og ljósmeðra. Nokkuð margir starfsmenn eru nú í barneignarfríi og koma aftur til starfa upp úr áramótum 1995 - 1996. Vegna skorts á hjúkrunarfræðingum er alltaf öðru hvoru þörf á að fá fólk á aukavaktir. Að mati hjúkrunarforstjóra er ástæða til að ætla að ef allur kostnaður sjúkrahússins vegna þessa lægi fyrir og deildarstjórar vissu nákvæmlega hvað það kostar að kalla út aukavakt t.d. vegna veikinda eða hvað hálf aukavakt kostar í stað heillar yrði vinnuhagræðing meiri. Ekki liggur fyrir mat á hjúkrunarþyngd hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja.

Tafla 6.14 Hjúkrun og aðhlyning árin 1992 - 1994

Stöðugildi	1992	1993	1994
Hjúkrunarfræðingar	14,60	14,50	14,60
Ljósmaður	7,10	7,50	5,80
Sjúkraliðar	20,45	16,50	19,80
Starfsstúlkur sjúkradeilda	4,25	4,25	5,40
Hjúkrun og aðhlyning alls	46,40	42,75	45,60
Rúmafjöldi	30	44	58
Legudagar	13.301	16.686	18.014
Fjöldi inniliggjandi sjúklinga á dag	36,4	45,7	49,4
Fjöldi sjúklinga á stöðugildi	0,78	1,07	1,08

Ríkisendurskoðun kannaði hve margir inniliggjandi sjúklingar m.v. legudaga voru á hverjum degi ársins fyrir hvert setið stöðugildi við hjúkrun og aðhlyningu. Eins og fram kemur á töflunni hér að framan er u.þ.b. einn sjúklingur á hvert stöðugildi síðastliðin tvö ár. Taka verður tillit til þess að legudagur er skráður bæði við komu og brottför sjúklings.

6.5.5 Skurðstofa

Tveir skurðhjúkrunarfræðingar eru ráðnir á skurðstofuna og eru báðir alltaf á bakvakt virka daga. Ef til útkalls kemur er það greitt sérstaklega. Einn svæfingahjúkrunarfræðingur starfar við sjúkrahúsið og hefur hann samskonar vaktaskyldu. Engin bakvakt er um helgar þar sem skurðstofur eru þá lokaðar.

Eins og komið hefur fram var dögum á skurðstofu fjölgað um einn í maíbyrjun 1994. Í upphafi var meiningin að á föstudögum yrðu aðeins framkvæmdar aðgerðir sem sjúklingarnir borguðu sjálfir að hluta eða öllu leyti og því ráðgert að kostnaðurinn vegna opunarinnar færi ekki fram úr þeim tekjum sem þannig fengjust.

Vegna föstudagsvinnunnar á skurðstofunni þurfti að auka við starfshlutfall þess starfsfólks sem þar vinnur. Þannig voru eftirtaldar breytingar gerðar á starfshlutfalli starfsmanna á skurðstofu:

2 skurðhjúkrunarfræðingar	úr 80% starfi	í 100% starf
1 svæfingahjúkrunarfræðingur	úr 80% starfi	í 100% starf
1 hjúkrunarfræðingur á uppvöknun	úr 80% starfi	í 100% starf
1 starfsstúlka á skurðstofu	úr 40% starfi	í 50% starf

Starfshlutfall sjúkraliða sem aðstoðar á skurðstofu er óbreytt, þ.e. 50%. Tvær starfsstúlkur sem sjá um sótthreinsun og þökkun voru í 60% starfi og fóru í 70% starf. Vegna breytingarinnar er einnig þörf á bakvakt skurðhjúkrunarfræðinga sem og svæfingahjúkrunarfræðingsins frá kl. 16 á föstudögum til kl. 20 sama dag. Báðir skurðhjúkrunarfræðingarnir eru á vakt í einu enda talið að ef til útkalls komi nægi ekki einn hjúkrunarfræðingur.

Í kjölfar föstudagsopnunarinnar varð ennfremur heldur meira álag á legudeildum. Í stað þess að bæta við starfsfólki var sjúkraliða skipt út fyrir hjúkrunarfræðing á kvöldvakt aðgerðadaginn. Álag vegna innskrifta, skýrslutöku o.þ.h. jókst að sama skapi.

Eins og fram kemur hér að framan er ljóst að kostnaðaraukning af föstudagsopnun skurðstofu nokkur og reynir Ríkisendurskoðun að meta þann kostnað í kafla 6.5.8 síðar í þessari skýrslu.

6.5.6 Röntgen

Tveir röntgentæknar vinna á röntgendeildinni og er annar þeirra í 50% starfi og hinn í 70% starfi. Vinnunni er hagað þannig að þeir eru að mestu til skiptis á staðnum en vinna þó saman nokkra morgna í viku. Ein starfsstúlka er í 75% starfi.

Bakvaktir eru greiddar frá kl. 15:30 til kl. 24:00 alla virka daga og frá kl. 8:00 til kl. 24:00 um helgar. Ef til útkalls kemur á bakvaktinni eru greiddir 2 tímar. Bakvaktageiðslur falla ekki niður á meðan. Ef til útkalls kemur að nóttu til eru greiddir 4 tímar. Útköll á bakvöktum eru mismikil en yfirleitt eru aldrei færri en þrjú útköll um helgar. Yfirvinna er ekki mikil á deildinni. Að mati starfsfólks er um 75% af vinnunni á röntgendeildinni vegna heilsugæslunnar.

Ríkisendurskoðun kannaði fjölda rannsókna á hvert setið stöðugildi á röntgendeild árin 1992-1994 í því skyni að fá vísbendingu um vinnuálag á deildinni. Rannsóknir eru vegna innliggjandi sjúklinga, sjúklinga utan spítala og mæðra- og ungbarnaeftirlits. Ekki er gerður greinarmunur á því hvers eðlis rannsóknin er.

Tafla 6.15 Röntgenrannsóknir árin 1992 - 1994

	1992	1993	1994
Röntgentæknar, stöðugildi	1,00	1,00	1,20
Aðstoð, stöðugildi	0,75	0,75	0,75

Röntgendeild, stöðugildi	1,75	1,75	1,95
Rannsóknir, inniliggjandi sjúklingar	245	232	279
Rannsóknir, sjúklingar utan spítala	3.510	3.491	3.891
Rannsóknir, mæðra- og ungbarnaeftirlit	41	10	28
	3.796	3.733	4.198
Rannsóknir á stöðugildi	2.169	2.133	2.153

Eins og ofangreind tafla sýnir hefur fjöldi rannsókna á hvert setið stöðugildi verið svipaður síðastliðin þrjú ár. Samhliða því að rannsóknum hefur fjölgað undanfarin þrjú ár hefur stöðugildum fjölgað um 0,2.

6.5.7 Rannsókn

Á rannsóknarstofu vinna tveir meinatæknar hvor um sig í 100% starfi. Þær skiptast á að taka bakvaktir. Bakvöktum er hagað með sama hætti og á röntgendeildinni.

Aðstoðarstúlka er í 50% starfi. Starf hennar er aðallega fólgið í skráningu og skriffinsku ýmiss konar. Mikið álag er á starfsfólkið en yfirvinna er engu að síður lítil virka daga. Hins vegar eru alltaf nokkur útköll um helgar. Að mati meinatæknanna er um 85% vinnunnar á rannsóknarstofunni vegna heilsugæslustöðvarinnar. Eininganótur eru útbúnar vegna þeirra verka og sendar til skrifstofu.

Földi rannsókna vegna inniliggjandi sjúklinga, sjúklinga utan spítala og mæðra- og ungbarnaeftirlits á hvert setið stöðugildi á rannsóknastofu var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 6.16 Rannsóknir árin 1992 - 1994

	1992	1993	1994
Meinatæknar, stöðugildi	2,00	2,00	2,00
Aðstoð, stöðugildi	1,00	0,50	0,50
Rannsóknadeild, stöðugildi	3,00	2,50	2,50
Rannsóknir, inniliggjandi sjúklingar	3.366	3.082	3.738
Rannsóknir, sjúklingar utan spítala	24.650	26.326	27.778
Rannsóknir, mæðra- og ungbarnaeftirlit	1.526	886	857
	29.542	30.294	32.373
Rannsóknir á stöðugildi	9.847	12.118	12.949

Eins og ofangreind tafla sýnir hefur álag á rannsóknastofu aukist verulega á hvert setið stöðugildi á undanförunum þremur árum. Á þessu þriggja ára tímabili hefur rannsóknum fjölgað talsvert eða um 9,5% en stöðugildum hefur aftur á móti fækkað um 0,5.

6.5.8 Mat á starfsemi

Verulegur halli var á rekstri Sjúkrahúss Suðurnesja á árinu 1994 og má rekja hann til nokkurra þátta eins og fram hefur komið í fyrr í þessari skýrslu. Ríkisendurskoðun kannaði hver væri meðalkostnaður á legudag hjá sjúkrahúsinu í Keflavík síðastliðin þrjú ár.

Tafla 6.17 Meðalkostnaður á legudag árin 1992 - 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Heildarkostnaður sjúkrahúss	253.335	302.194	307.510
Þ.a. rekstur Víðihlíðar	14.388	51.130	51.606
Legudagar almennir	11.427	15.006	16.427
Þ.a. legudagar Víðihlíðar	1.247	5.040	6.319
Meðalkostnaður á legudag í kr.	22.170	20.138	18.720
Meðalkostnaður á legudag í Víðihlíð í kr.	11.538	10.145	8.165
Meðalkostnaður á legudag hjá sjúkrahúsi í kr.	23.472	25.192	25.317

Á árinu 1994 var meðalkostnaður Sjúkrahúss Suðurnesja á hvern almennan legudag 18.720 krónur. Í fimmta kafla hér að framan er þessum kostnaði skipt eftir því hvort um langlegu eða skammtímalegu er um að ræða. Kostnaður á hvern legudag hefur lækkað töluvert frá árinu 1992 eða sem svarar til 15,6% að raunvirði sem skýrist af því að þó svo kostnaður sjúkrahússins hafi aukist um 21,4% að raunvirði hefur legudögum að sama skapi fjölgað um 43,8% vegna opunar hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð.

Í samanburði við önnur sjúkrahús á landsbyggðinni sem Ríkisendurskoðun hefur tekið til athugunar þ.e. sjúkrahúsin á Sauðárkróki, Húsavík og Vestmannaeyjum auk sjúkrahúsanna í þessari skýrslu, er meðalkostnaður sjúkrahússins í Keflavík á hvern legudag u.þ.b. 85% af því þar sem hann er hæstur en tæplega 60% hærri en þar sem hann er lægstur. Hlutfall langlegu þ.e. legu sem er meira en 90 dagar nemur 52% af heildarlegudögum sjúkrahússins en sú lega er að jafnaði ódýrari en langlega. Ef litið er á kostnað annarrar legu en legu á hjúkrunardeild Víðihlíðar nemur hann 25.317 krónum á hvern legudag og hefur hækkað nokkuð frá árinu 1992 eða um 7,9%.

Í byrjun maí var farið að gera aðgerðir á föstudögum en fram að því hafði skurðstofan verið opin fjóra daga vikunnar og þeir dagar fullnýttir. Var fyrirhugað að sinna fyrst og fremst utanspítala sjúklingum og áttu greiðslur frá þeim og aðstöðugjöld lækna að standa undir kostnaði við opnunina en útreikningar lágu ekki fyrir.

Umfang starfseminnar á skurðstofu sjúkrahússins á milli árána 1993 og 1994 var eftirfarandi:

Tafla 6.18 Aðgerðir á skurðstofu árin 1993 og 1994

Aðgerðir	1993	1994	Breyting í ein.	Breyting í %
Sýnatökur/speglanir				
Innan sjúkrarhúss	1.900	3.926	2.026	106,6
Utan sjúkrahúss	22.485	23.597	1.112	4,9
Samtals	24.385	27.523	3.138	12,9
Aðgerðir/Meðferðir				
Innan sjúkrahúss	29.721	33.714	3.993	13,4
Utan sjúkrahúss	25.852	28.976	3.124	12,1
Samtals	55.573	62.690	7.117	12,8
Samtals einingar	79.958	90.213	10.255	12,8

Samkvæmt skráningum hafa umssvif á skurðstofu aukist á milli árána 1993 og 1994 um 10.255 einingar eða um 12,8% sem verður að teljast umtalsverð aukning. Á hitt ber að líta að aukingin á milli árána 1992 og 1994 er mun minni eða aðeins 6,5% enda fækkaði aðgerðum á árinu 1993.

Ríkisendurskoðun hefur reynt að meta kostnað sem beint tengist aukinni starfsemi á sjúkrahúsinu. Fyrir liggur að í kjölfar ákvörðunarinnar var starfshlutfall beggja skurðhjúkrunarfræðinganna aukið úr 80% í 100%. Sama gildi um starfshlutfall svæfingahjúkrunarfræðings og hjúkrunarfræðings á uppvöknun. Báðir skurðhjúkrunarfræðingarnir og svæfingahjúkrunarfræðingurinn fá að auki greiddar bakvaktir frá kl. 16 til kl. 20 aðgerðadaginn. Ennfremur var starfshlutfall þriggja starfsstúlkna aukið um samtals 30% og skipt út sjúkraliða fyrir hjúkrunarfræðing á kvöldvakt aðgerðadaginn. Gert er ráð fyrir föstum launum í 8 mánuði þ.e. frá því að föstudagsopnunin átti sér stað. Þá er gert ráð fyrir 27 viðbótaraðgerðadögum enda skurðstofur lokaðar í 6 vikur yfir sumartímann og 2 vikur um júl.

Tafla 6.19 Mat á kostnaði við aukna starfsemi á skurðstofu

Starfsstétt	Laun	Starfs-	Tímabil	Samtals
-------------	------	---------	---------	---------

hlutfall				
Hjúkrunarfr. dagv.	130.000	80%	8 mánuðir	832.000
Hjúkrunarfr. bakv.	12 x 220		27 dagar	71.280
Starfsstúlkur	70.000	30%	8 mánuðir	168.000
Laun				1.071.280
Launatengd gjöld, 12,4%				133.267
Laun og launatengd gjöld				<u>1.204.547</u>

Þannig liggur fyrir að aukin umsvif á skurðstofu hafa haft í för með sér aukinn kostnað vegna launa og launatengdra gjalda að upphæð 1.205 þúsund krónur.

Kostnaðaraukning vegna úttektar skurðstofunnar af hjúkrunarvörulager í tengslum við föstudagsopnun liggur ekki fyrir. Þó er ljóst að heildarúttekt skurðstofunnar af hjúkrunarvörulager nam 1.712 þúsundum króna á árinu 1993 en 2.510 þúsundum króna á árinu 1994 sem er hækkun um tæplega 800 þúsund krónur. Skráning er ekki að öllu leyti sambærileg bæði árin og ennfremur er vitað að töluverð kostnaðaraukning varð vegna breytinga á einnota áhöldum og tækjum ekki síst í tengslum við kviðsjárspeglanir. Því er ekki unnt að ákvarða nákvæmlega kostnað þessa þáttar en ljóst er að úttekt á hjúkrunarvörulager fyrir þessar aðgerðir felst einkum í saumi o.þ.h.

Í töflu 6.20 er yfirlit yfir þær auknu tekjur sem hægt er að rekja til aukinna umsvifa á skurðstofunni á árinu 1994.

Tafla 6.20 Tekjur af auknum umsvifum á skurðstofu

Tekjur	1993	1994	Breyting í þ.kr.	Breyting í %
Aðstöðugjöld lækna	4.824	4.988	164	
Ótekjufært aðstöðugjald		300	300	
Aðstöðugjald lækna samtals	4.824	5.288	464	9,6%
Ótekjufærðar tekjur legudeilda		200	200	
Samtals tekjur v/læknisverka	4.824	5.488	664	13,8

Eins og fram kemur hefur aðstöðugjald lækna hækkað um 464 þúsund krónur frá árinu 1994. Það liggur því ljóst fyrir að hækkun tekna milli árana 1993 og 1994 dugir engan veginn fyrir þeim auknu útgjöldum sem aukin opnunartími skurðstofu hefur í för með sér og vantar yfir 500 þúsund upp á að þær dugi fyrir auknum launagjöldum. Þó benda upplýsingar sjúkrahússins til þess að tekjur vegna aðstöðugjalda þeirra sérfræðinga sem nýta sér skurðstofuna á föstudögum muni duga fyrir

kostnaðaraukningu sjúkrahússins vegna föstudagsopnunarinnar á síðari hluta ársins 1995. Á hinn bóginn er ekki fyrir hendi undirritaður samningur við alla þá sérfræðinga sem hafa aðgerðaaðstöðu á föstudögum og er það ámælisvert að mati Ríkisendurskoðunar.

6.6 Rekstur Sjúkrahúss Suðurnesja

6.6.1 Skrifstofa

Á sameiginlegri skrifstofu sjúkrahúss, heilsugæslustöðvar Suðurnesja og heilsugæslustöðvar Grindavíkur starfa sex starfsmenn. Framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og ritari eru í fullu starfi en launafulltrúi, ritari og skrifstofumaður eru í hluta starfi.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með rekstri stofnananna, annast meiriháttar fjármál og gerð fjárlagatillagna.

Skrifstofustjóri er staðgengill framkvæmdastjóra. Hann vinnur öll hefðbundin störf vegna fjárhagsbókhaldsins, annast rekstraruppgjör stofnanna og afstemmingar á viðskiptareikningum. Fært er í BÁR-ET kerfi. Skrifstofustjóri yfirfer enn fremur reikninga stofnananna og greiðir þá. Þeir sem sjá um innkaup kvitta fyrir móttöku vöru eða þjónustu á afrit reikninga og yfirfara afgreiðsluseðla. Allir reikningar sem berast skrifstofunni fara til uppáskriftar hjá viðkomandi yfirmanni, sem í flestum tilfellum er hjúkrunarforstjóri og ber hann afrit saman við frumrit reiknings áður en að þeir eru samþykktir til greiðslu. Skrifstofustjóri er auk þess fundarritari á fundum sjúkrahússtjórnar.

Launafulltrúinn er í 90% starfi og hefur umsjón með launamálum stofnananna. Launafulltrúinn sér einkum um launabókhaldið og uppgjör launa. Tölvukerfið H-laun er notað við útreikning launanna. Fastráðnir starfsmenn sjúkrahúss og heilsugæslu eru að jafnaði um 200 en um 230 með lausráðnu fólki þó talsvert fleiri yfir sumartímenn. Launafulltrúinn sér enn fremur um innheimtu aðstöðugjalda frá sérfræðingum. Óinnheimtir reikningar vegna aðstöðugjalds sérfræðinga námu 883 þúsundum króna í árslok 1994.

Tafla 6.21 Upplýsingar um starfsmenn árin 1992 - 1994

Starfsmannamál	1992	1993	1994
Stöðugildi á skrifstofu	3,9	3,9	4,9
Fjöldi starfsmanna allra stofnana	194	191	197
Setin stöðugildi allra stofnana	121,11	115,88	123,65

Ritari í 100% starfi sér um almenna afgreiðslu á skrifstofu, vélritun, flokkun póstis auk þess sem hann leysir launafulltrúa af. Ritari í 50% starfi sér um merkingu og færslu fjárhagsbókhaldsins.

Skrifstofumaður í 50% starfi hefur umsjón með sértekjum stofnananna þ.e. innheimtu reikninga frá Tryggingastofnun og uppgjör komugjalda á heilsugæslustöðina. Auk þess sér hann um skráningu og útskrift reikninga vegna matarsölu frá sjúkrahúsinu til bæjarins og vegna annarra sértekna sjúkrahússins s.s. vegna stoðdeilda. Vanskil sértekna hafa verið nokkur síðast liðin ár. Þannig námu óinnheimtir reikningar vegna komugjalda 2,9 milljónum króna í árslok 1994 og tilheyrir þriðjungur upphæðarinnar heilsugæslustöðinni en tveir þriðjuhlutar sjúkrahúsinu að mestu leyti vegna slyssastofunnar.

Tafla 6.22 Skrifstofu- og upplýsingakostnaður árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Laun	10.104	9.986	10.444
Aðkeypt bókhaldsaðstoð	413	1.354	1.449
Aðkeypt tölvuþjónusta	539	438	42
Annar skrifstofukostnaður	3.794	4.036	3.361
Skrifstofu- og upplýsingakostnaður	14.850	15.814	15.296

Skrifstofu- og upplýsingakostnaður hefur aukist um 446 þúsundir króna á árinu 1994 í samanburði við árið 1992 eða sem svarar til 3,0% að raunvirði. Kostnaður við aðkeypta bókhaldsaðstoð hefur aukist um 1.036 þúsundir króna og má m.a. rekja það til þeirra framkvæmdastjóraskipta sem urðu á árinu 1992. Fyrrverandi framkvæmdastjóri sjúkrahússins hafði séð um afstemingar á bókhaldi og verkefni tengd því sem nú eru á hendi skrifstofustjóra sjúkrahússins. Í því sambandi komu upp nokkrir erfiðleikar varðandi bókhald stofnunarinnar og var vegna þess þörf á bókhaldsaðstoð endurskoðanda sjúkrahússins. Nokkur kostnaður varð vegna tölvuvæðingar sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar svo og úttekta fyrirtækisins Reksturs og ráðgjafar hf. á nokkrum deildum stofnunarinnar og fellur sá kostnaður undir annan skrifstofukostnað.

Tafla 6.23 Rekstur skrifstofu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Skrifstofukostnaður	14.850	15.814	15.296

Velta sjúkrahúss	253.335	302.194	307.510
Velta heilsugæslu	104.353	111.512	101.838
Velta alls	357.688	413.706	409.348
Skrifstofukostnaður í % af veltu	4,15%	3,82%	3,74%

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan hefur kostnaður við skrifstofuhald sem hlutfall af veltu stofnanna farið lækkandi undanfarin þrjú ár. Þannig hefur hagkvæmni skrifstofuhaldsins aukist samfara auknum umsvifum sjúkrahússins með tilkomu hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð.

Það innra eftirlit á skrifstofu sem skapast af aðskilnaði starfa gjaldkera og bókara er ekki fyrir hendi á skrifstofu sjúkrahússins. Sami starfsmaður hefur á sinni könnu umsjón með bókhaldi, greiðslu reikninga og jafnvel samþykkt reikninga sem staðgengill framkvæmdastjóra. Ríkisendurskoðun getur ekki unað slíku fyrirkomulagi, sérstaklega í ljósi þess að fjöldi starfsmanna á skrifstofu er meiri en svo að þörf sé á því að þessi störf séu á einni hendi. Það er álit Ríkisendurskoðunar að aðskilja beri þessi störf á þann hátt að skrifstofustjóri sjái eingöngu um bókhaldið, afstemmingar og uppgjör þess auk annarra starfa er því tengjast. Bókari sjái um merkingu og færslu bókhaldsins og afstemmingu bankareikninga og framkvæmdastjóri sjái um að yfirfara og greiða reikninga eftir að þeir eru samþykktir af viðkomandi deildastjórum.

Rekstraráætlanir hafa fram til þessa hvorki verið gerðar fyrir sjúkrahúsið í heild né einstakar rekstrareiningar innan þess. Á árinu 1995 verður unnið að því að koma á áætlunargerð fyrir sjúkrahúsið í heild sinni sem skipt verður niður á mánuði ársins. Ennfremur er stefnt að því að gera áætlanir fyrir einstakar deildir sjúkrahússins. Ríkisendurskoðun ítrekar nauðsyn þess að rekstraráætlanir séu gerðar fyrir sjúkrahúsið í heild og einstakar deildir þess og þeim sé skipt niður á mánuði þannig að forsvarsmenn sjúkrahússins svo og yfirmenn viðkomandi deilda geti fylgst með hvort að reksturinn sé í samræmi við áætlanir.

6.6.2 Eldhús

Starfrækt eru tvö eldhús hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja og er annað þeirra í sjúkrahúsinu í Keflavík en hitt í Víðihlíð í Grindavík.

Í eldhúsi sjúkrahússins í Keflavík starfa níu starfsmenn í 6,98 stöðugildum. Kokkurinn er einn í fullu starfi en aðrir starfsmenn

eldhússins eru í hlutastörfum. Einungis ein vakt er gengin í eldhúsinu og er hún frá kl. 7 til kl. 17 en kokkurinn vinnur frá kl. 7 til kl. 15 alla virka daga. Starfsfólk eldhússins sér um frágang frá kvöldinu áður, framreiðir morgunverð fyrir sjúklinga og starfsfólk sem stendur frá kl. 8:30 til kl. 10. Kokkurinn undirbýr og framleiðir hádegisverð fyrir sjúklinga, starfsmenn og aðra þá sem kaupa mat af sjúkrahúsinu. Þá er undirbúið síðdegiskaffi og kvöldverður, sem oftast er brauðmeti og spónamatur og morgunmatur fyrir næsta dag.

Þrír starfsmenn vinna í bítibúri hver um sig í 70% starfi. Vaktir þess eru tvískiptar þ.e. morgunvakt frá kl. 8:30 til kl. 15:30 og kvöldvakt frá kl. 16:30 til kl. 21. Starfsmenn í bítibúri sjá um að framreiða og ganga frá mat fyrir sjúklinga þ.e. morgunmat, hádegisverð, kaffi, kvöldverð og kvöldkaffi.

Morgunverður er afgreiddur frá kl. 8:30 til kl. 10:00, hádegisverður er afgreiddur frá kl. 11:30 til kl. 13:15 og kaffi frá kl. 14:30 til kl. 15:30. Þeir starfsmenn sem óska eftir kvöldverði verða að panta hann fyrir klukkan 16:00. Ef enginn matur hefur verið pantaður fyrir þann tíma og öðrum störfum er lokið má starfsfólk eldhússins fara. Kvöld- og næturverður sjúklinga og starfsfólks er skammtaður á bakka og sér starfsfólk bítibúrs um að sækja bakkana og koma þeim aftur í eldhúsið.

Á morgnana hefur verið boðið upp á tiltölulega einfaldan morgunverð. Komið hefur til tals að einfalda morgunverðinn enn frekar og er ástæðan að hluta til sú að erfiðlega hefur gengið að innheimta fyrir hann og raunar einnig fyrir kvöldverðinn. Yfirleitt borða um 11 manns morgunverð og á hver og einn að skila 2 miðum. Oftar en ekki eru þó ekki full skil á miðum. Ekki er eftirlit með því að miðunum sé skilað og þeir sem borða lítið telja of mikið að greiða fullt gjald. Kvartað hefur verið undan lélegum skilum við hjúkrunarforstjóra og deildarstjóra og hafa skilin orðið heldur betri fyrst á eftir en síðan fer allt á sama veg. Tillaga þessi hefur verið rædd oftar en einu sinni við framkvæmdastjóra sem hefur lýst áhuga sínum á málinu en ekkert hefur orðið úr framkvæmdum. Væntanlega þyrfti að fá samþykki starfsmannaráðs til breytinganna.

Í viku hverri er sett upp verkáætlun fyrir vikuna. Bakað er tvisvar í viku og hefur aðeins matbrauðið verið aðkeypt. Kjötið er yfirleitt keypt fullunnið. Aðstaða í eldhúsi er góð og tækjakostur þokkalegur, ef undan er skilinn ofninn, þótt eldhúsið sé orðið 15 ára gamalt. Talið er að með nýjum ofni væri hægt að hagræða nokkuð störfum í eldhúsinu.

Kokkurinn sér um innkaup og pantar inn á föstudögum fyrir næstu viku. Innkaupin eru að hluta til sameiginleg fyrir eldhús sjúkrahússins og eldhúsið í Víðihlíð. Kokkurinn kaupir allan þurrmat inn fyrir báðar stofnanirnar og skráir í bók allt sem fer til Víðihlíðar. Afrit úr bókinni fer mánaðarlega til skrifstofunnar sem gerir Víðihlíð reikning vegna úttektarinnar. Stöðugt er gerður verðsamanburður. Kokkurinn kvittar fyrir móttöku vörunnar og sannreynir verð og magn en öll innkaup skráir hann hjá sér í sérstaka bók. Allir reikningar tilheyrandi eldhúsi eru merktir því og þegar þeir berast eru þeir sendir kokkinum til staðfestingar. Reikningar eru bornir saman við afritin, samþykktir og endursendir skrifstofu. Kokkurinn hefur ekki fengið reglulega útskrift úr bókhaldi stofnunarinnar yfir rekstur eldhússins. Reyndar hefur hann einungis tvisvar sinnum fengið yfirlit yfir rekstur mötuneytisins á síðastliðnum fimm árum.

Ríkisendurskoðun leggur á það áherslu að yfirmönnum þjónustudeilda, eins og eldhússins, séu reglulega send yfirlit yfir rekstur sinna deilda. Á þann hátt er þeim gert kleift að fylgjast reglubundið með kostnaði og hvað megi betur fara í rekstrinum auk þess sem kostnaðarvitund þeirra eykst og þeir verða þannig ábyrgari fyrir rekstri deildarinnar.

Eldhúsið selur Félagsmálastofnun Keflavíkurbæjar hádegismat fyrir þá ellilífeyrisþega sem þess óska. Fjöldi matarskammta er að jafnaði 24-25 máltíðir. Maturinn er skammtaður á bakka sem er í eigu félagsmálastofnunar. Bakkarnir eru sóttir til sjúkrahússins og skilað aftur þangað. Þrif á bökkunum eru á vegum sjúkrahússins. Tveir einstaklingar sjá um útkeyrslu á bifreið félagsmálastofnunar, annar er starfsmaður félagsmálastofnunar en Lionessur í Keflavík hafa lagt til einn starfsmann.

Meðalfjöldi máltíða í eldhúsi á virkum dögum er eftirfarandi:

Aðkeyptur matur, hádegi	25 skammtar
Sjúklingar, öll mál	23 skammtar
Starfsfólk, morgunmatur	11 skammtar
Starfsfólk, hádegi	27 skammtar
Starfsfólk, kvöldmatur	6 skammtar
Starfsfólk, næturvakt	2 skammtar

Matarmiðar eru seldir í afgreiðslu og er verð á hverjum matarmiða 45 krónur. Starfsfólk eldhússins, það sem er í 88% starfi greiðir 1.500 krónur á mánuði fyrir mat og er það dregið af þeirra launum. Þeir sem eru

í lægra starfshlutfalli greiða hlutfallslega minna. Kokkurinn greiðir ekkert.

Fyrir máltíðir er innheimt af starfsfólki eftirfarandi:

Máltíð	Fjöldi eininga	Heildarverð
Morgunverður, kaffi	2 miðar	90 krónur
Hádegisverður, fiskmáltíð	4 miðar	180 krónur
Hádegisverður, kjötmáltíð	6 miðar	270 krónur
Hádegisverður, pasta o.þ.h.	5 miðar	225 krónur
Súpa	1 miði	55 krónur
Kvöldverður	3 miðar	135 krónur

Matarverð til ellilífeyrisþega er ákvarðað 444 krónur fyrir máltíðina hvort sem um er að ræða fisk- eða kjötmáltíð og hefur verðið verið óbreytt nokkurn tíma.

Skipting tekna og gjalda eldhússins síðustu þrjú ár var eftirfarandi á verðlagi ársins 1994:

Tafla 6.24 Kostnaður við rekstur eldhúss í Keflavík árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Tekjur:			
Starfsmannamötuneyti	2.377	2.336	2.615
Útselt fæði	4.421	4.590	4.121
Aðrar tekjur	0	0	0
Samtals	6.798	6.926	6.736
Kostnaður:			
Hráefni	11.666	11.992	11.138
Laun	12.541	14.380	14.133
Annar kostnaður	624	967	1.140
Samtals	24.831	27.340	26.411
Gjöld umfram tekjur	18.033	20.413	19.675

Tekjur af matarsölu sjúkrahússins hafa lækkað um 62 þúsund krónur eða um 0,9% að raunvirði milli árana 1992 og 1994. Tekjur af matarsölu til Félagsmálastofnunar Keflavíkurbæjar hafa lækkað um 300 þúsundir króna eða 6,8% að raunvirði á þessu tímabili sem skýrist af því að verð á seldri máltíð hefur verið óbreytt síðastliðin þrjú ár auk þess sem útseldum máltíðum hefur fækkað nokkuð á árinu 1994 miðað við árið 1992. Hins vegar hafa tekjur af matarsölu til starfsmanna hækkað um 238 þúsundir króna eða 10,0% að raunvirði á árinu 1994 miðað við árin tvö

þar á undan þótt verð á matarmiðum hafi verið óbreytt síðastliðin þrjú ár. Hækkunina má eflaust að hluta rekja til hertar innheimtu á matamiðum vegna breyttra reglna sem tóku gildi á árinu 1994.

Kostnaður við matargerð hjá eldhúsinu í Keflavík hefur hækkað um 1.580 þúsundir króna eða um 6,3% að raunvirði síðastliðin þrjú ár. Hækkunin skýrist af því að starfsmenn í bítibúri tilheyra eldhúsi frá árinu 1993 og eru launagjöld þeirra færð með gjöldum eldhússins. Laun þeirra námu 2.706 þúsundum króna á árinu 1993 og 2.646 þúsundum króna á árinu 1994. Að þessu frátöldu lækkaði kostnaður við matargerð um tæpa 1.066 þúsundir króna milli áránn 1992 og 1994 eða um 4,3% að raunvirði. Tekið hefur verið tillit til þessa við mat á rekstrarkostnaði eldhússins á þessu árabili.

Tafla 6.25 Rekstur eldhúss í Keflavík árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Velta sjúkrahúss	238.975	251.064	255.904
Rekstur eldhúss	18.033	17.707	17.029
Rekstur eldhúss í % af veltu sjúkrahúss	7,5%	7,1%	6,7%
Legudagar almennir	10.180	9.966	10.108
Rekstur eldhúss á legudag í kr.	1.771	1.777	1.685
Setin stöðugildi í eldhúsi	6,98	6,98	6,98
Fjöldi máltíða á stöðugildi í eldhúsi	7.658	7.587	7.580
Kostnaður við matargerð	24.831	24.634	23.765
Fjöldi máltíða	53.452	52.959	52.907
Meðalkostnaðarverð máltíðar	465	465	449
Fæðissala til starfsmanna	2.377	2.336	2.615
Setin stöðugildi alls	99,05	91,48	99,75
Fæðissala til starfsmanna á stöðugildi í kr.	23.998	25.536	26.216
Fæðissala til starfsmanna í % af hráefniskostn.	20,4%	19,5%	23,5%

Rekstrarkostnaður eldhúss að frádregnum tekjum sem hlutfall af heildargjöldum sjúkrahússins hefur farið lækkandi undanfarin þrjú ár. Hlutfallið var 7,5% árið 1992 en 6,7% á árinu 1994.

Fjöldi legudaga er svipaður á árinu 1994 miðað við árin 1992 og 1993. Kostnaður á legudag að frádregnum tekjum nam 1.685 krónum árið 1994 og hefur lækkað talsvert frá árinu 1992 er hann nam 1.771 krónum.

Ríkisendurskoðun kannaði hvert væri meðalkostnaðarverð máltíðar hjá sjúkrahúsinu í Keflavík. Miðað var við að máltíðir á hvern legudag

væru að meðaltali þrjár. Upplýsingar lágu fyrir hjá sjúkrahúsinu um fjölda innheimtra matarmiða af starfsmönnum og var gert ráð fyrir að að jafnaði væru greiddir 3,5 matarmiðar fyrir hverja máltíð. Þá lá fyrir fjöldi útseldra máltíða sjúkrahússins á þessu árabili og eru þær upplýsingar notaðar. Miðað við þær forsendur var meðalkostnaðarverð hvernar máltíðar hjá sjúkrahúsinu 449 krónur á árinu 1994 og hefur það lækkað nokkuð frá árinu 1992 er það nam 465 krónum.

Tekjur af matarsölunni til Félagsmálastofnunar Keflavíkurbæjar námu 17,3% af heildarkostnaði við matargerð á árinu 1994 en fjöldi máltíða til þeirra nam 19,1% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Eins og fram kemur að ofan er meðalkostnaðarverð máltíða 449 krónur en verð útseldrar máltíðar var 444 krónur. Af þessu er ljóst að verðlagning máltíða til ellilífeyrisþega er nokkuð undir kostnaðarverði og leggur Ríkisendurskoðun því til að verð máltíða til þessara aðila verði hækkað til samræmis við raunverulegt kostnaðarverð þeirra.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna sjúkrahússins og heilsugæslunnar hafa aukist nokkuð á undanförunum þremur árum á hvert setið stöðugildi. Þær námu 23.998 krónum árið 1992 en 26.216 krónum árið 1994 og hafa þannig aukist um 9,2% að raunvirði.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna námu 11,0% af heildarkostnaði við matargerð árið 1994 en fjöldi framleiddra máltíða fyrir starfsmenn nam hins vegar 29,8% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Verðlagning máltíða til starfsmanna er þannig talsvert niðurgreidd eins og tíðkast hjá stofnunum ríkisins en venjan er sú að starfsmenn greiði a.m.k. hráefniskostnað máltíðarinnar. Eins og fram kemur í töflunni hér að framan voru tekjur af matarsölu til starfsmanna 23,5% af hráefniskostnaði en hlutfallið ætti, samkvæmt ofangreindu, að vera 29,8%. Það er því mat Ríkisendurskoðunar að hækka þurfi verð á matarmiðum til starfsmanna svo að tekjur af þeim nái til að greiða hráefniskostnað til starfsmanna.

Í eldhúsi Víðihlíðar í Grindavík starfa fjórir starfsmenn í 3,25 stöðugildum. Matrúðskona er í fullu starfi en aðrir starfsmenn eru í 75% starfi hver. Vaktirnar eru frá kl. 7:30 til kl. 15:30 og frá kl. 17:00 til kl. 20:00 alla daga og sinnir sama fólk báðum vöktum. Unnir eru tveir dagar og tveir dagar frí. Föstudagur tilheyrir helgarvaktinni og er fimm daga frí að lokinni helgarvakt. Tveir og tveir vinna saman á vöktum. Matrúðskona vinnur aldrei um helgar.

Vinnan hefst á undirbúningi morgunverðar, frágangi frá kvöldinu áður og undirbúningi kvöldverðar. Þá er hafist handa við hádegisverðinn. Matráðskonan er ein í matargerðinni virka daga og undirbýr hún helgarmatinn fyrir þá starfsstúlku sem annast hann um helgar. Allt brauð, nema matbrauð, er bakað í eldhúsinu. Víðihlíð er nýlegt hús og eru öll tæki og aðstaða í eldhúsi eins og best verður á kosið að því undanskildu að kæla vantar fyrir grænmeti.

Matráðskona sér um innkaup á allri ferskvöru s.s. mjólk, kjöti og fiski en innkaup á þurrmat eru sameiginleg með eldhúsi sjúkrahússins í Keflavík. Allt sem pantað er frá sjúkrahúsinu er fært í sérstaka bók og þegar reikningar frá sjúkrahúsinu berast eru þeir bornir saman við bókina. Gerður hefur verið samningur við leigubílstjóra í Grindavík um flutninga til og frá sjúkrahúsinu. Ferðir eru farnar þrisvar í viku á ákveðnum tímum.

Fjöldi máltíða hjá eldhúsi Víðihlíðar er að jafnaði eftirfarandi:

Aðkeyptur matur, hádegi	4 skammtar
Aðkeyptur matur, kvöldverður	2 skammtar
Sjúklingar, öll mál	28 skammtar
Starfsfólk, dagvakt	12 skammtar
Starfsfólk, kvöldvakt	5 skammtar
Starfsfólk, næturvakt	2 skammtar

Matur er seldur Félagsmálastofnun Grindavíkur fyrir ellilífeyrisþega á svæðinu og er verð á heitri máltíð 444 krónur en á kvöldmat 172 krónur. Starfsfólk kaupir matarmiða og gengur vel að innheimta fyrir máltíðirnar.

Tafla 6.26 Kostnaður við rekstur eldhúss í Grindavík árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.		
Tekjur:		
Starfsmannamötuneyti	526	783
Útselt fæði	846	768
Samtals	1.371	1.551
Kostnaður:		
Hráefni	4.095	3.753
Laun	4.625	4.647
Annar kostnaður, áætlaður	363	424
Samtals	9.083	8.824
Gjöld umfram tekjur	7.712	7.273

Kostnaður vegna reksturs eldhússins í Víðihlíð er ekki aðgreindur í bókhaldi sjúkrahússins. Upplýsingar um kostnað vegna launa og hráefnis voru fengnar frá skrifstofu sjúkrahússins en annar kostnaður var áætlaður hlutfallslega sá sami og annar kostnaður eldhúss sjúkrahússins í Keflavík.

Tekjur af matarsölu Víðihlíðar fyrstu tvö heilu starfsár deildarinnar hafa hækkað um 180 þúsundir króna að raunvirði milli árana 1993 og 1994. Tekjur af matarsölu til Félagsmálastofnunar Grindavíkur hafa lækkað um 78 þúsundir króna milli árana tveggja en tekjur af matarsölu til starfsmanna hafa aftur á móti hækkað um 257 þúsundir króna. Kostnaður við matargerð hjá eldhúsinu í Grindavík hefur lækkað um 203 þúsundir króna eða um 2,4% að raunvirði síðastliðin tvö ár.

Tafla 6.27 Rekstur eldhúss í Grindavík árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.		
Velta G-deildar	51.130	51.606
Rekstur eldhúss	7.712	7.273
Rekstur eldhúss í % af veltu G-deildar	15,1%	14,1%
Legudagar	5.040	6.319
Rekstur eldhúss á legudag í kr.	1.530	1.151
Setin stöðugildi í eldhúsi	3,25	3,25
Fjöldi máltíða á stöðugildi í eldhúsi	6.445	7.723
Kostnaður við matargerð	9.083	8.824
Fjöldi máltíða	20.947	25.101
Meðalkostnaðarverð máltíðar	434	352
Fæðissala til starfsmanna	526	783
Unnin stöðuígildi alls	24,40	23,90
Fæðissala til starfsmanna á stöðugildi í kr.	21.557	32.762
Fæðissala til starfsmanna í % hráefniskostn.	12,8%	20,9%

Rekstrarkostnaður eldhúss að frádregnum tekjum sem hlutfall af heildargjöldum sjúkrahússins hefur heldur farið lækkandi undanfarin tvö ár. Hlutfallið var 15,1% árið 1993 en 14,1% á árinu 1994.

Fjöldi legudaga var nokkuð hærri á árinu 1994 miðað við árið 1993. Kostnaður á legudag nam 1.151 krónu árið 1994 og hefur lækkað verulega frá árinu 1992 er hann nam 1.530 krónum.

Ríkisendurskoðun kannaði hvert væri meðalkostnaðarverð máltíðar hjá eldhúsinu í Víðihlíð. Miðað var við að fjöldi máltíða á hvern legudag

væru þrjár. Upplýsingar lágu fyrir hjá sjúkrahúsinu um fjölda innheimtra matarmiða af starfsmönnum og var gert ráð fyrir að að jafnaði væri greiddir 3,5 matarmiðar fyrir hverja máltíð. Þá lá fyrir fjöldi útseldra máltíða sjúkrahússins á þessu árabili og eru þær upplýsingar notaðar. Miðað við þær forsendur var meðalkostnaðarverð hvernar máltíðar hjá sjúkrahúsinu 352 krónur á árinu 1994 og hefur það lækkað nokkuð frá árinu 1993 er það nam 434 krónum.

Tekjur af matarsölunni til Félagsmálastofnunar Grindavíkur námu 8,7% af heildarkostnaði við matargerð á árinu 1994 en fjöldi máltíða til þeirra nam 8,6% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Af þessu er ljóst að verðlagning máltíða til ellilífeyrisþega er svipað kostnaðarverði.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna námu 8,9% af heildarkostnaði við matargerð árið 1994 en fjöldi framleiddra máltíða fyrir starfsmenn nam hins vegar 16,0% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Tekjur af fæðissölu til starfsmanna sem hlutfall af hráefniskostnaði nam 20,9% og eru þær því nokkuð hærri en hlutfall starfsmannamáltíða af heildarfjölda máltíða.

Tekjur af fæðissölu á hvert stöðugildi á G-deild námu 32.762 krónum árið 1994 en 21.557 krónum árið 1993. Tekjur af seldum mat til starfsmanna deildarinnar hafa því aukist nokkuð að raunvirði milli þessara tveggja ára.

Þegar rekstur þessara tveggja eldhúsa Sjúkrahúss Suðurnesja er borinn saman kemur í ljós að rekstur eldhússins í Víðihlíð virðist vera mun hagkvæmari en rekstur eldhússins hjá sjúkrahúsinu í Keflavík. Þannig er meðalkostnaðarverð máltíðar 449 krónur í eldhúsi sjúkrahússins í Keflavík en 352 krónur hjá eldhúsinu í Víðihlíð. Í þessu sambandi er rétt að benda á að kostnaður eldhússins í Víðihlíð er að öllu líkindum vanáætlaður að einhverju leyti og að það framleiðir hlutfallslega mun fleiri máltíðir en eldhús sjúkrahússins í Keflavík. Hins vegar eru tekjur hjá eldhúsi sjúkrahússins í Keflavík 28,3% af kostnaði við matargerð en 17,6% hjá eldhúsinu í Víðihlíð. Athygli vekur að vaktafyrirkomulag er með mismunandi hætti hjá eldhúsunum þrátt fyrir að þau séu rekin undir sömu yfirstjórn. Fjöldi framleiddra máltíða á hvert stöðugildi og kostnaður við matargerð virðist benda til þess að vaktafyrirkomulag hjá eldhúsinu í Víðihlíð sé hagkvæmara en hjá eldhúsi sjúkrahússins í Keflavík. Eins og áður hefur komið fram gerði fyrirtækið Rekstur og ráðgjöf hf. úttekt á rekstri eldhúss Sjúkrahúss Suðurnesja. Þar er m.a. lögð til breyting á vaktafyrirkomulagi og fækkun stöðugilda í eldhúsi og

gert ráð fyrir að þær breytingar muni skila 2,4 milljóna króna lægri launakostnaði. Ríkisendurskoðun leggur til að þeim tillögum sem raunhæfar eru verði komið í framkvæmd þannig að það takist að ná kostnaði við matargerð og hann gerður sambærilegur við það sem tíðkast hjá öðrum sambærilegum eldhúsum.

6.6.3 Umsjón og viðhald eigna

Einn starfsmaður hefur með höndum umsjón og viðhald eigna sjúkrahússins og heilsugæslunnar. Hann vann áður sem byggingaverktaki og er að auki löggiltur matsmaður. Hann er að öllu jöfnu hálfan til einn dag í viku í Víðihlíð og á heilsugæslustöðvunum eins og þörf krefur. Umsjónarmaðurinn hefur yfirumsjón með öllu viðhaldi á húseignunum hvort sem er innan húss eða utan svo og á tækjum stofnananna.

Viðhaldið nær til eftirtalinna eignir:

- Sjúkrahússins Skólavegi
- Heilsugæslustöðvarinnar Skólavegi
- Skrifstofu og íbúða Mánagötu 9
- Heilsugæslustöðvanna í Garði, Sandgerði og Vogum
- Hjúkrunarheimilisins Víðihlíðar, Grindavík
- Heilsugæslustöðvarinnar, Grindavík

Umsjónarmaðurinn hefur í samvinnu við verkfræðistofu gert verksamninga við nokkra iðnaðarmenn bæði í Keflavík og Grindavík vegna húseignanna. Verksamningarnir gilda í ár frá undirskrift og framlengjast sjálfkrafa um eitt ár í senn nema annar hvor aðili segi þeim upp með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Um er að ræða samninga við pípulagningamann, smið, málara, dúklagningamann og rafvirkja. Verksamningarnir fela í sér að verktakarnir hafa umsjón með öllu viðhaldi á húsunum bæði innan húss og utan hver á sínu sviði. Til að draga úr kostnaði vegna aksturspeninga var farin sú leið að fá til starfa iðnaðarmenn bæði í Keflavík og Grindavík. Að mati umsjónarmanns er kostnaður vegna þessara þátta um 30% lægri en fyrir tíð verksamninganna.

Umsjónarmaðurinn sér að nokkru leyti um viðhald á tækjum stofnanna sjálfur en kemur þeim í viðgerð ef þörf er á slíku. Hann sér alfarið um viðgerð og viðhald á sóttgreinsunartækjum enda aðeins til eitt af hverri tegund og því viðgerð aðkallandi um leið og eitthvað fer úrskaiðis. Gjarnan er leitað til tæknideildar Ríkisspítalanna vegna

viðgerða á lækningatækjum. Ennfremur hefur verið gerður samningur við tæknifræðing vegna þjónustu við röntgendeild sjúkrahússins. Tekur samningurinn til útkalla vegna bilana, fyrirbyggjandi viðhalds o.fl. Samningurinn felur í sér að greitt er fast gjald á mánuði og skal útköllum vegna alvarlegri bilana sinnt innan 24 tíma. Uppsagnarákvæði samningsins eru þau sömu og í samningi við iðnaðarmennina.

Allir reikningar vegna efniskaupa eru yfirfarnir af umsjónarmanni sem skrifar upp á þá og merkir þá því verki sem þeir tilheyra. Ákvarðanir um breytingar og viðhald á húsnæði eru gerðar í samráði við framkvæmdastjóra. Áætlun er gerð fyrir árið í heild en undantekningalítið koma upp vandamál sem ekki geta beðið. Umsjónarmaður hefur fram að þessu ekki fengið útskrift úr bókhaldi yfir þann kostnað sem færður er á tæknideildina.

Nýlega var hafist handa um að merkja allar eignir sjúkrahússins. Í tengslum við það tók umsjónarmaðurinn í notkun tölvuforrit þar sem allar eignirnar eru skráðar. Þar færir hann lýsingu á einstökum eignum, viðhald á þeim og allan kostnað sem til fellur vegna einstakra eigna. Ætlunin er að þessar upplýsingar verði hjálpartæki við ákvarðanatöku s.s. hvenær er tímabært að skipta út tækjum o.þ.h.

Framlög vegna viðhalds og leigutekjur af húsnæði voru eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 6.28 Framlög vegna viðhalds og leigutekjur árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Framlög v/viðhalds	2.172	7.267	8.855
Húsaleiga starfsmanna	142	79	62
Samtals	2.314	7.346	8.917

Ríkisendurskoðun hefur tekjufært framlög ríkis og sveitarfélaga sem veitt voru á árinu 1993 til samræmis við bókfærðan kostnað vegna framkvæmdanna á árinu 1993 og 1994.

Kostnaður við almenna umsjón og rekstur eigna auk húsleigu nam alls 18,2 milljónum króna á árinu 1994 og hefur lækkað um 1,4 milljónir króna frá árinu 1992 eða sem nemur 7,9% að raunvirði.

Kostnaður vegna viðhalds og umsjónar á fasteignum og tækjum sjúkrahússins og þeirra íbúða sem leigðar eru út til starfsmanna var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 6.29 Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Laun	2.352	3.027	3.145
Leiga	692	851	811
Kostnaður við rekstrarviðhald	16.559	15.429	14.219
Meiriháttar viðhaldskostnaður	0	6.508	7.931
Breytingar v/tölvuvæðingar	0	0	620
Samtals	19.603	25.815	26.726

Á árinu 1993 fékk Sjúkrahús Suðurnesja 13,5 milljóna króna fjárveitingu til viðhalds sjúkrahúsbyggingunni enda hluti hennar mjög illa farinn. Af þessari upphæð voru 500 þúsund ætluð til framkvæmda við kjallara að Mánagötu 9 þar sem mikill skortur var á geymsluplássi fyrir skrifstofuna. Kjallarinn var ófrágenginn, inn í hann hafði flætt nokkrum árum áður og þurfti að byrja á því að ræsa hann út. Byrjað var á verkinu á árinu 1993 og lauk því í byrjun árs 1995. Kostnaður fór talsvert fram úr áætlun og nam 902 þúsundum króna þegar í árslok 1993. Samanlagður kostnaður við verkið nam 1,1 milljón króna.

Byrjað var á utanhússframkvæmdum á árinu 1993 og þeim lokið á árinu 1994. Gerðar voru talsverðar endurbætur m.a. var A-byggingin klædd að utan og einangruð og skipt um alla glugga. Inntak loftræstingar og þakrennur voru ennfremur endurnýjaðar. Ráðgjafi var fenginn til að ganga frá útboði en Línuhönnun hf. sá um framkvæmdina. Verkið gekk vel og stóðst áætlun bæði hvað viðkemur tíma og kostnaði. Heildarkostnaður við viðgerðina utanhúss nam samtals 13,3 milljónum króna.

Gerðar voru nokkar breytingar innanhúss vegna tölvuvæðingar sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar. M.a. var aðstöðu ritara breytt og gerðar breytingar á lögnum fyrir tölvur. Lagnavinnan var hvorki boðin út né var gerð áætlun um kostnað við verkið. Eins og áður hefur komið fram var ekki fyrir hendi fjárveiting til framkvæmdanna né heldur stjórnarsamþykkt fyrir þeim en heildarkostnaðurinn nam alls 12,8 milljónum króna og er einkum vegna tækjakaupa. Tölvuvæðingin er að mestu leyti tilkomin vegna þarfa heilsugæslustöðvarinnar og var kostnaður í upphafi gjaldfærður þar. Kostnaðarhlutdeild sjúkrahússins

var reiknuð sem 26,81% af heildarkostnaði og voru því 3,4 milljónir króna millifærðar í árslok 1994 á eignakaup sjúkrahússins.

Framlög vegna tækjakaupa og tækjakaup voru eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 6.30 Framlög og kostnaður vegna tækjakaupa árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Framlög v/tækjakaupa	-922	-3.583	-1.124
Tækjakaup	1.631	4.902	5.634
Kaup umfram framlög	709	1.319	4.510

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan voru kaup á tækjum og búnaði umfram framlög á síðastliðnum þremur árum og þau því fjármögnuð af rekstrarfé sjúkrahússins. Framlög til tækjakaupa fela í sér framlög ríkissjóðs og 15% hlut sveitarfélaga í meirháttar tækjakaupum en í tækjakaupum eru innifalin öll kaup sjúkrahússins á tækjum og búnaði síðastliðin þrjú ár. Á árinu 1994 var einungis um að ræða framlag sveitarfélaga.

Á árinu 1993 voru eignakaup aðallega vegna kaupa á símkerfi en á árinu 1994 voru eignakaupin einkum vegna hlutar sjúkrahússins í tölvuvæðingu sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar að fjárhæð 3,4 milljónir króna eins og fram kemur hér að framan.

Skrifstofur sjúkrahússins eru staðsettar á 1. hæð Mánagötu 9. Í því húsi eru einnig þrjár íbúðir sem notaðar eru fyrir starfsmenn þegar svo ber undir. Um er að ræða eina fjögurra herbergja íbúð og eru tvö af þeim herbergjum nýtt fyrir skrifstofu og tvö fyrir lækni og hjúkrunarfræðing á vakt, ein tveggja herbergja íbúð og "studio" íbúð. Um nokkurt skeið hafa íbúðirnar ekki verið leigðar fjölskyldum. Þess í stað hafa nokkrir einstaklingar haft afnot af einstökum herbergjum og sameinast um eldhús.

Íbúðirnar hafa fyrst og fremst verið nýttar af hjúkrunarfræðingum en þar hafa afleysingalæknar einnig haft aðsetur. Yfirleitt hefur ekki verið innheimt leiga fyrir afnotin. Þó hafa læknar greitt 100 krónur fyrir nóttina og er það hugsað þannig að greiðsla dugi fyrir kostnaði við þvott á rúmfatnaði. Flatarmál íbúðanna er samtals 173,2 m² og brunamótamat samtals 8.116 þúsundir króna.

Tafla 6.31 Eignir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar

Verðlag hvers árs Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjöldi íbúða	2	2	2
Fermetrafjöldi	173,2	173,2	173,2
Brunabótamat			8.116

Sjúkrahúsið leigði á árinu 1993 60 m² íbúð hluta úr ári fyrir hjúkrunarfræðing í Grindavík sem leysti af í barnsburðarleyfi. Leigugjöld sjúkrahússins vegna þessa námu 200 þúsundum króna þ.e. 25 þúsund krónur á mánuði í 8 mánuði. Leigan var hluti af ráðningasamningi og því innheimtust engar tekjur á móti. Auk þessa hefur öðru hverju verið greidd gisting á hóteli fyrir afleysingalækna ef allar vistarverur í Mánagötu 9 eru uppteknar. Kostnaður vegna hótulgistinga nam 30 þúsundum króna á árinu 1993 og 5 þúsundum króna á árinu 1994.

Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds eigna og tækja að frátöldum framlögum til viðhaldsverkefna var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 6.32 Umsjón og viðhald eigna og tækja

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Umsjónar- og viðhaldskostnaður	16.739	17.697	17.060
Velta sjúkrahúss og heilsugæslu	357.688	413.706	409.348
Umsjón og viðhald í hlutfalli af veltu	4,7%	4,3%	4,2%
Fermetrafjöldi sjúkrahúss	2.128	2.128	2.128
Fermetrafjöldi Víðihlíðar	518	1.563	1.563
Fermetrafjöldi heilsugæslu	1.697	1.697	1.697
Fermetrafjöldi eigin íbúða	174	174	174
Fermetrafjöldi alls	4.517	5.562	5.562
Umsjón og viðhald á m ² í kr.	3.706	3.182	3.067

Kostnaður við umsjón og almennt rekstrarviðhald eigna og tækja sjúkrahússins nam 4,2% af heildargjöldum sjúkrahússins á árinu 1994 en á árinu 1992 nam sami kostnaður 4,7%. Þrátt fyrir að kostnaður við umsjón og viðhald húsnæðis hafi hækkað á þessu árabili hafa heildargjöld sjúkrahússins hækkað meira með fullum rekstri hjúkrunardeildarinnar í Víðihlíð á árinu 1994.

Á árinu 1994 var umsjónar- og viðhaldskostnaður 3.067 krónur á hvern fermetra ef miðað er við samanlagðan fermetrafjölda sjúkrahúss og heilsugæslu og hefur lækkað nokkuð að raunvirði frá árinu 1992. Skýringanna er einkum að leita í því að Víðihlíð var ekki tekin í notkun fyrr en í september árið 1992. Þá hefur kostnaður við almennt

rekstrarviðhald auk launa umsjónarmanns lækkað um 1,5 milljónir króna á síðastliðnum þremur árum eða sem nemur 8,2%. Auk þess var kostnaður við meiriháttar viðhaldsframkvæmdir sjúkrahússins 1,7 milljónir króna innan framlaga ríkis og sveitarfélaga.

6.6.4 Þvottahús

Sá þvottur sem fellur til vegna starfsemi Sjúkrahúss Suðurnesja er þvegin á þremur stöðum. Hjá sjúkrahúsinu í Keflavík, hjá Þvottahöllinni hf. í Keflavík og í Víðihlíð í Grindavík.

Í þvottahúsi sjúkrahússins í Keflavík eru tveir starfsmenn í 1,5 stöðugildum. Forstöðukona er í fullu starfi og henni til aðstoðar er starfsmaður í hálfu starfi. Einungis er unnið virka daga og er engin yfirvinna unnin. Í þvottahúsinu er þvegin vinnufatnaður starfsfólks, ungbarnaföt, afþurrkunarklútar og það sem til fellur í eldhúsi og frá heilsugæslu. Annað er þvegið í Þvottahöllinni hf. í Keflavík. Í sjúkrahúsinu er tauflokkunarkerfi. Sjúkraliðar á deildum flokka þvottinn og sækja starfsmenn þvottahússins þvottinn þangað og senda til baka á deildir. Starfsfólkið sækir fatnað til þeirra. Vélar þvottahússins eru orðnar 15 ára gamlar og ekki gerðar fyrir tauflokkunarkerfi. Þvottavélar eru tvær og taka 10 kg. hvor. Þurrkarar eru einnig tveir auk einnar vindu. Allur þvottur sem þvegin er í þvottahúsi sjúkrahússins er viktaður og sama er að segja um þvottinn sem þvegin er í Þvottahöllinni sem er viktaður þegar hann kemur þaðan.

Tafla 6.33 Magn þvottar hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja árin 1992 - 1994

Þvegið magn í kg.	1992	1993	1994
Þvegið magn í þvottahúsi	20.251	25.154	20.542
Meðaltal í mánuði	1.688	2.096	1.712
Hágildi	2.495	2.291	2.577
Lágildi	1.051	1.817	1.311
Aðkeypt þvegið magn	32.110	27.574	29.043
Meðaltal á mánuði	2.676	2.298	2.420
Hágildi	3.092	2.635	3.471
Lágildi	2.410	1.691	1.671
Þvegið í þvottahúsi vegna Víðihlíðar		5.094	
Meðaltal í mánuði		566	
Aðkeypt vegna Víðihlíðar		5.383	
Meðaltal í mánuði		598	

Í maímánuði 1994 undirritaði framkvæmdastjóri fyrir hönd sjúkrahússins verksamning við Þvottahöllina hf. sem fól það í sér að þar

yrði þvegið megnið af þeim þvotti sem til fellur á sjúkrahúsinu. Ákvæði sammingsins kveða m.a. á um að:

- Fyrir hvert kíló af þvotti skuli verkkaupi greiða verksala 114 krónur. Verðið miðast við að þvotturinn sé að meðaltali a.m.k. 3 tonn á mánuði.
- Verði meðaltal næstliðinna þriggja mánaða undir 3 tonnum skal verð fyrir þvott reikningsmánaðar hækka um 5%.
- Verði þvotturinn reiknaður á sama hátt og getið er um að framan meiri en 3,5 tonn skal verksali veita verkkaupa 5% afslátt frá ofangreindu verði þess magns sem þvegið er í reikningsmánuðinum.
- Verksali sækir hvern virkan dag þvottinn til verkkaupa og skilar síðdegis sama dag og er akstur til og frá sjúkrahúsi innifalinn í verðinu.

Svo virðist sem þriggja tonna markið sé full hátt. Magn á aðkeyptum þvotti er að meðaltali 2,4 tonn á mánuði árið 1994 og frá því að samningurinn tók gildi í apríl 1994 hefur magn þvottar einungis tvisvar sinnum farið yfir 3,0 tona markið. Þetta þýðir að verð á hverju kíló er í raun 119,7 krónur. Erfiðlega hefur gengið að hafa upp í þetta magn nema þegar skurðstofan er í fullum gangi þótt fast sé lagt að starfsfólki þvottahússins að sjá til þess að það takist. Þvottahöllin hf. hafði lengi þvegið fyrir sjúkrahúsið en á öðrum taxa. Til að ná þessu magni þurfti draga úr þvotti í þvottahúsi sjúkrahússins og í kjölfarið segja upp einum starfsmanni. Þetta hefur kostað leiðindi í þvottahúsi og að auki eru kvartanir frá deildum um að hluti þvottarins sé ekki nógu vel þveginn s.s. nærfatnaður sem áður var þveginn hjá sjúkrahúsinu. Þvottahöllin virðist þó hafa tekið sig á eftir kvartanir.

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf samningur Sjúkrahúss Suðurnesja við Þvottahöllina hf. endurskoðunar við. Reyndar er það með öllu óskiljanlegt að samið hafi verið um svo mikinn þvott áður en að til afsláttar kemur sé horft á reynslutölur undanfarinna ára. Ljóst er að ef ná á því magni sem samið var um þá þarf að draga enn frekar úr starfsemi þvottahúss sjúkrahússins og jafnvel leggja það niður.

Tafla 6.34 Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Laun	2.984	3.642	2.599

Annar kostnaður	199	160	409
Samtals	3.183	3.802	3.008
Tekjur	536	1.310	205
Kostnaður - tekjur	2.647	2.492	2.803
Aðkeyptur þvottur	4.529	3.744	3.767
Kostnaður alls	7.176	6.236	6.570

Innkaup fyrir þvottahúsið eru á vegum forstöðukonu sem kvittar fyrir móttöku og yfirfer verð og magn. Hún fær einnig reikningana til samþykktar þegar þeir berast skrifstofunni. Hluti af því sem Þvottahöllin hf. þvær er fyrir heilsugæsluna s.s. handklæði og sloppar og kemur sérstakur reikningur vegna þessa. Í þvottahúsi sjúkrahússins er mánaðarlega tekið saman það magn sem þvegið er fyrir heilsugæsluna og upplýsingar sendar á skrifstofuna sem gerir heilsugæslunni reikning.

Tafla 6.35 Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Kostnaður við þvottahús sjúkrahúss	3.183	3.802	3.008
Þvegið magn í kg.	20.251	30.248	20.542
Kostnaður á hvert kíló	157	126	146
Kostnaður við aðkeyptan þvott	4.529	3.744	3.767
Þvegið magn í kg.	32.110	32.957	29.043
Kostnaður á hvert kíló	141	114	130
Heildarkostnaður við þvott	7.712	7.546	6.775
Þvegið magn í kg.	52.361	63.205	49.585
Kostnaður á hvert kíló	147	119	137

Af töflunni hér að framan má greina nokkra aukningu á kostnaði vegna þvotta sjúkrahússins milli árunna 1993 og 1994 þrátt fyrir fækkun stöðugilda í þvottahúsi og samning sjúkrahússins við Þvottahöllina hf. Þannig hefur kostnaður á hvert kíló af þvotti hækkað úr 119 kr./kg. í 137 kr./kg. enda þvotturinn minnkað umtalsvert milli árunna vegna starfsemi þvottahússins í Víðihlíð. Þannig virðist sem fyrirkomulag þvotta árið 1993 hafi verið hagkvæmara fyrir sjúkrahúsið en núverandi skipulag þar sem hvorki er fullnýtt afkastageta þvottahúss sjúkrahússins né ákvæði samningsins við Þvottahöllina hf.

Saumastofa er rekin af sjúkrahúsinu og eru þar tveir starfsmenn í 0,5 stöðugildum hvor. Nánast allt tau sem notað er á sjúkrahúsinu er saumað á saumastofunni þ.m.t. fatnaður á starfsfólk, fatnaður á sjúklinga og rúmfatnaður. Sjúkrahúsið kaupir hins vegar handklæði,

ungbarnafatnað, nærföt, sokka og bleiur. Húsnæði er leigt fyrir starfsemi saumastofunnar.

Tafla 6.36 Kostnaður og tekjur af saumastofu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Laun	1.123	1.081	1.085
Annar kostnaður	1.014	1.194	980
Samtals	2.137	2.275	2.065
Tekjur	(565)	(25)	(435)
Kostnaður - tekjur	1.572	2.250	1.630

Kostnaður vegna saumastofu hefur lækkað um 72 þúsundir króna milli árunna 1992 og 1992 eða sem nemur 3,4% að raunvirði. Tekjur hafa aftur á móti lækkað um 130 þúsundir króna á sama árabili. Þannig hefur rekstur saumastofunnar hækkað lítillega milli árunna eða um 58 þúsundir króna að raunvirði.

Í þvottahúsi Víðihlíðar starfar forstöðukona í 85% starfi og starfsstúlka í 50% starfi. Með fjölgun vistmanna á árinu 1994 var starfshlutfall forstöðukonu hækkað úr 60% í 85%. Annar starfsmaðurinn vinnur frá kl. 8 til kl. 12 og hinn frá kl. 9 til kl. 15. Ekkert er unnið um helgar og ekki hefur komið til yfirvinnu.

Auk þess þvottar er tilfellur vegna reksturs hjúkrunardeildarinnar er allur fatnaður vistmanna þveginn í þvottahúsinu auk vinnufatnaðar starfsfólks. Þá þvær þvottahúsið fyrir sjúkrahúsið í Keflavík og heilsugæslustöðina í Grindavík. Til staðar er tauflokkunarkerfi og sér starfsfólk deilda um að koma þvottinum niður en starfsfólk þvottahúss kemur honum til baka. Vinnuaðstaða er mjög góð og væri hægt að anna öllum þvotti sem nú er þveginn í sjúkrahúsinu í Keflavík ef fleira starfsfólk fengist til starfa.

Tafla 6.37 Magn þvottar hjá þvottahúsi í Víðihlíð árin 1993 - 1994

Þvegið magn í kg.	1993	1994
Þvegið magn í þvottahúsi	3.371	20.502
Meðaltal í mánuði	1.124	1.709
Hágildi	1.186	2.126
Lággildi	1.085	1.217

Innkaup á þvottaefni eru gerð í Grindavík en aðrar vörur koma frá sjúkrahúsinu í Keflavík. Forstöðukona fær yfirlit úr bókhaldi tvisvar á ári.

Tafla 6.38 Kostnaður og tekjur af þvottahúsi í Víðihlíð árin 1992-1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Laun		249	1.109
Annar kostnaður		48	158
Samtals		297	1.556
Tekjur		8	136
Kostnaður - tekjur		289	1.420
Aðkeyptur þvottur		1.650	0
Kostnaður alls		1.938	1.131
Kostnaður vegna þvottahúss		297	1.556
Þvegið magn í kg.		4.107	20.502
Kostnaður á hvert kg.		72	76
Kostnaður við aðkeyptan þvott		1.650	
Þvegið magn í kg.		10.478	
Kostnaður á hvert kg.		157	

Eins og sést á ofangreindu er kostnaður þvottahússins í Víðihlíð mjög lágur í samanburði við þvottahús sjúkrahússins í Keflavík.

Tafla 6.39 Rekstur þvottahúsa Sjúkrahúss Suðurnesja árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Velta sjúkrahúss	253.335	302.335	307.510
Rekstur þvottahúsa	7.176	8.174	7.701
Rekstur þvottahúsa í % af veltu sjúkrahúss	2,8%	2,7%	2,5%
Rekstur þvottahúsa og saumastofu	8.748	10.424	9.331
Rekstur þvottahúsa og saumastofu í % af veltu	3,5%	3,4%	3,0%
Legudagar alls	13.301	16.686	18.014
Rekstur þvottahúss á legudag í kr.	540	490	428
Rekstur þvottahúss og saumast. á legudag í kr.	658	625	518
Setin stöðugildi í þvottahúsum	2,85	2,85	2,85
Setin stöðugildi á saumastofu	1,00	1,00	1,00
Kostnaður við þvotta sjúkrahúss	7.712	7.843	8.331
Þvegið magn í kg.	52.361	67.312	70.087
Kostnaður á hvert kíló	147	117	119

Heildarkostnaður vegna þvotta sjúkrahússins á hvert kíló hefur heldur hækkað milli árána 1993 og 1994 þrátt fyrir aukið magn og þ.a.l. skilyrði fyrir aukna hagkvæmi í rekstri þvottahúsanna. Afkastageta þvottahúsanna tveggja er við núverandi aðstæður ekki fullnýtt. Það er

mat Ríkisendurskoðunar að Sjúkrahús Suðurnesja eigi annað hvort að segja upp samningi sínum við Þvottahöllina hf. og þvo allan þvott sjúkrahússins í þvottahúsunum tveimur en með því móti er sú fjárfesting sem fyrir er í véllum og mannafla nýtt. Hins vegar kemur til greina að sjúkrahúsið reki einungis eitt þvottahús og kaupi annan þvott að að því tilskyldu að gerður sé nýr samningur við Þvottahöllina hf.

6.6.5 Ræsting

Við ræstingu á sjúkrahúsinu vinna átta starfsmenn í 4,4 stöðugildum. Þar meðtalinn er ræstingastjóri sem nú er í 30% starfi en var áður í 50% starfi. Ennfremur er starfsstúlka í 40% starfi við þrif á skrifstofuhúsnæði sem er í sér byggingu. Sú vinnur einnig á skurðstofu.

Við ræstingu á fæðingardeildinni vinna tveir starfsmenn í 50% starfi hvor. Unnið er frá kl. 9:15 til kl. 14:45 virka daga og frá kl. 9:00 til kl. 14:00 um helgar. Við ræstingu á A- og B-gangi vinna tveir starfsmenn hvor um sig í 60% starfi. Unnið er frá kl. 8:00 til kl. 15:00 virka daga og frá kl. 8:00 til kl. 14:00 um helgar. Til viðbótar er starfsmaður í 50% starfi sem eingöngu vinnur virka daga, fyrst og fremst við að þrifa rúm eftir að sjúklingar hafa verið útskrifaðir og að halda skoli hreinu. Neðsta hæð sjúkrahússins kallast N-gangur og þar eru þjónustudeildirnar staðsettar m.a. eldhús, rannsókn og röntgen. Tveir starfsmenn sjá um ræstingu á þessum hluta og er hvor um sig í 70% starfi. Virka daga er unnið frá kl. 8:00 til kl. 13:30 og kl. 16:00 til kl. 20:00. Kvöldvaktinni tilheyrir uppþvottur á rannsókn sem tekur um tvo tíma. Um helgar er unnið frá kl. 8:00 til kl. 12:00.

Við ræstingu á heilsugæslunni vinna tveir starfsmenn í 0,52 stöðugildum en þar er fyrirkomulagið tímamæld ákvæðisvinna. Slíkt fyrirkomulag er óhugsandi á sjúkrahúsi enda allt önnur starfsemi en á heilsugæslustöð.

Vinnulýsing fyrir ræstingafólk er til staðar og er hún 12 ára gömul. Starf ræstingastjóra er fyrst og fremst fólgið í því að sjá um öll innkaup á vörum til ræstinga fyrir sjúkrahús og heilsugæslu, vinnuskýrslur, hreingerningar sem reynt er að framkvæma einu sinni á ári, þvott á gardínum o.þ.h. auk þess sem hún ræður starfsfólk til ræstingastarfa í samráði við hjúkrunarforstjóra og kennir þeim handbrögðin. Hreingerningar og bón á húsnæðinu eru boðin út. Notað er moppukerfið við hreingerningarnar. Þegar það var tekið í notkun kom fólk frá Borgarspítala og kenndi þeim handbrögðin. Stærri hreingerningum er

reynt að dreifa yfir árið og yfirleitt er reynt að komast yfir að þrifa hverja deild með þeim hætti einu sinni á ári. Þessi vinna er þó yfirleitt aðkeypt. Gluggatjöld og millitjöld eru þvegin í þvottahúsi sjúkrahússins en starfsfólk í ræstingu hefur séð um að taka þau niður og koma þeim fyrir aftur.

Tafla 6.40 Kostnaður við ræstingu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Laun	10.068	6.904	6.567
Annar kostnaður	1.054	1.004	956
Samtals	11.122	7.908	7.523

Launakostnaður lækkar talsvert milli árána 1992 og 1993 sem skýrist fyrst og fremst af því að launagjöld starfsmanna í býtibúri voru færð á eldhúsið frá árinu 1993 en launakostnaður vegna þeirra nam 2.787 þúsundum króna á árinu 1992. Að þeim kostnaði undanskyldum lækkaði launakostnaðu við ræstingu um 714 þúsundir króna eða 9,8% og skýrist af því að meiriháttar hreingerningar voru þá aðkeyptar, en stöðugildum við ræstingu fækkað. Kostnaður við aðkeypta ræstingu nam 38 þúsundum króna árið 1992, 170 þúsundum króna árið 1993 og 394 þúsundum króna árið 1994. Þetta breytta fyrirkomulag virðist hafa skilað töluverðri hagræðingu og hefur kostnaður við ræstingu að frátöldum kostnaði starfsfólks í býtibúri lækkað um 812 þúsundir króna frá árinu 1992 til ársins 1994 eða sem nemur 9,7%.

Tafla 6.41 Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Velta sjúkrahúss	238.975	251.064	255.904
Ræstingakostnaður	8.335	7.911	7.523
Ræstingakostnaður á veltu	3,5%	3,2%	2,9%
Stöðugildi við ræstingu á sjúkrahúsi	6,05	4,75	4,80
Ræstir m ² á sjúkrahúsi	2.128	2.128	2.128
Ræsting á m ² í kr.	3.917	3.718	3.535

Kostnaður við ræstingu hefur lækkað nokkuð á hvern fermetra milli árána 1992 og 1994 eða sem svarar til 9,8% að raunvirði.

Ræstingastjóri kvittar fyrir móttöku á öllu sem pantað er inn og gengur úr skugga um réttmæti kostnaðar. Þá fær hann alla reikninga til

uppáskriftar áður en þeir eru greiddir. Ræsingastjóri hefur ekki fengið útskriftir úr bókhaldi reglulega en fengið upplýsingar um kostnað á aðalfundum. Er að mati Ríkisendurskoðunar brýnt að úr því verði bætt.

Í Víðihlíð starfa þrír starfsmenn við ræstingu og er hver um sig í 70% starfi. Virka daga eru tvær starfstúlkur á vakt og vinna frá kl. 8:00 til kl. 15:00. Ein starfstúlka er alltaf í frú þá daga. Unnið er þrjá daga aðra vikuna síðan tveir dagar frí og fjórir dagar hina vikuna og þrír dagar frí. Föstudagur fylgir helgarvakt. Aðeins ein starfstúlka vinnur um helgar. Yfirferðin er sú sama en gert er ráð fyrir að ekki sé þrifið jafn vandlega þá daga. Yfirleitt anna þær vinnunni sémilega vel en ef til veikinda kemur á virkum dögum hefur ekki verið kölluð út aukavakt. Hefur það valdið vissum leiðindum enda hefur ekki verið greitt álag á laun þótt starfsmaður sinni vinnunni einn.

Enginn starfsstúlkanna veitir starfinu forstöðu og er hjúkrunarforstjóri látinn vita ef eitthvað vantar. Ræsingastjóri í Keflavík skipulagði starfið. Að mati starfsmanns í ræstingu þyrfti að endurskipuleggja vinnukerfið í heild sinni. Þá ætti einhver einn starfsmaður að vera ábyrgur fyrir ræstingunni sem og því að alltaf væru til staðar þau efni og áhöld sem þörf er á vegna vinnunnar.

Tafla 6.42 Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1993	1994
Fjárhæðir í kr.		
Launakostnaður við ræstingu	2.536	2.590
Velta G-deildar	51.130	51.606
Launakostnaður við ræstingu í % af veltu	5,0%	5,0%
Stöðugildi við ræstingu í Víðihlíð	2,1	2,1
Ræstir m ² í Víðihlíð	1.051	1.563
Launakostnaður við ræstingu á m ²	2.413	1.657

Ekki er hægt að fá upplýsingar um heildarkostnað við ræstingu hjá Víðihlíð þar sem bókhald þess er ekki sundurgreint en launakostnaður við ræstingu liggur þó fyrir. Þá var húsnaði Víðihlíðar ekki að fullu komið í notkun á árinu 1993. Launakostnaður síðastliðin tvö ár hefur hækkað um 54 þúsund krónur eða sem nemur 2,1% að raunvirði.

7. Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði

7.1 Rekstrarform

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði er sameign ríkissjóðs, Ísafjarðar-kaupstaðar, Bolungarvíkurkaupstaðar og héraðsnefndar Ísafjarðarsýslu. Ríkissjóður er 85% eignaraðili að sjúkrahúsinu en sveitarfélögin eiga sameiginlega 15% eignarhlut í því.

Eignaraðild fer eftir fjármögnun á byggingu sjúkrahúsa samkvæmt lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Ákvæði þessara laga eru að megin hluta til samhljóða. Í þeim kemur fram að framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga skuli nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað en hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda. Hvorugur aðili á kröfu á hinn um greiðslu á leigu fyrir eign eða eignarhluta. Þá er kveðið á um að meiriháttar viðhald og tækjakaup teljist stofnkostnaður en almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

Rekstur sjúkrahússins er að meginhluta til borinn af ríkissjóði með framlögum af fjárlögum. Auk þess hefur sjúkrahúsið talsverðar sértekjur og berst nokkuð af gjafafé.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 flokkast Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði sem almennt sjúkrahús og starfar það sem slíkt. Samkvæmt skilgreiningu laganna er þar um að ræða sjúkrahús sem tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Við sjúkrahúsið á Ísafirði starfar nú einn sérfræðingur í skurðlækningum og fjórir aðstoðarlæknar.

Sjúkrahúsið er rekið í starfstengslum við heilsugæslustöðina á Ísafirði. Þar er um að ræða svonefnda H2 stöð sem samkvæmt skilgreiningu laga nr. 97/1990 er heilsugæslustöð þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru hjúkrunarfólki. Við

heilsugæslustöðina á Ísafirði starfa tveir sérfræðingar í heimilislækningum, lyflæknir og almennur læknir.

7.2 Stjórnskipulag og stjórnun

Stjórnunarleg ábyrgð á rekstri Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði er í höndum stjórnar sem í eiga sæti fimm menn skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stjórnin er þannig skipuð að hlutaðeigandi sveitarfélög tilnefna þrjá fulltrúa, starfsmannaráð sjúkrahússins tilnefnir einn og ráðherra skipar einn án tilnefningar, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar. Fulltrúar sveitarfélaga í starfandi stjórn sjúkrahússins eru tilnefndir af Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað og héraðsnefnd V- og N-Ísafjarðarsýslu.

Auk þess að bera stjórnunarlega ábyrgð á rekstri sjúkrahússins er stjórninni ætlað að gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsið og einstakar skipulagsheildir þess. Áætlanirnar skulu gerðar a.m.k. fjögur ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnar í nánú samstarfi við forstöðumenn deilda. Áætlanirnar eiga að vera sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar. Slíkar áætlanir lágu ekki fyrir hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og hafa ekki verið unnar af fráfarandi eða núverandi stjórn sjúkrahússins.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að þær þróunar- og rekstraráætlanir, sem kveðið er á um í lögum um heilbrigðisþjónustu, séu unnar reglulega af stjórn sjúkrahússins og eldri áætlanir endurmetnar m.t.t. breyttra áherslna og framþróunar í heilbrigðisþjónustu.

Að frumkvæði stjórnar Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði gerðu yfirmenn þess, þ.e. framkvæmdastjóri, yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri tillögur að framtíðaruppbyggingu þess. Í þeim er að stofni til byggt á tillögum vinnuhóps um skipan sjúkrahússmála til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Í tillögunum er gert ráð fyrir að sjúkrahúsinu verði falið svæðisbundið hlutverk, það þjóni Ísafjarðarumdæmi með um 6.400 íbúum og þar starfi skurðlæknir, kvensjúkdómalæknir, lyflæknir og svæfingalæknir. Tillögurnar voru lagðar fram á stjórnarfundi og voru þær samþykktar af stjórn sjúkrahússins í nóvembermánuði 1994. Þá hafa stjórnendur sjúkrahússins í kjölfar opunar nýrrar deildar í aprílmánuði síðastliðnum áætlað skiptingu þeirra sjúkrarúma er sjúkrahúsið hefur yfir að ráða.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu ræður stjórn sjúkrahússins starfslið þess. Í raun ráða yfirmenn fagdeilda sitt starfslið en framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn. Yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri sem starfa skulu við sjúkrahúsið eru ráðnir af sjúkrahússtjórninni að fenginni umsögn sérstakra fagnefnda sem starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 97/1990.

Sameiginleg stjórn og framkvæmdastjóri er fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina. Yfirstjórn sjúkrahússins og heilsugæslunnar þ.e. framkvæmdastjóri, yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar, alls tíu manns, sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Auk þess er héraðslæknir Vestfjarða sem aðsetur hefur á Bolungarvík boðaður á fundina. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar og útbýr dagskrá. Á stjórnarfundum eru tekin fyrir stærri málefni sjúkrahússins s.s. ráðning yfimanna, launa- og samningamál, námsleyfi og meiriháttar samningagerð auk þess sem fjallað er um rekstrarstöðu sjúkrahússins. Framkvæmdastjóri leggur með reglubundnum hætti fyrir stjórnina reikningsyfirlit yfir stöðu sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar. Stjórn sjúkrahússins var skipuð haustið 1994. Helstu verkefni starfandi stjórnar hafa einkum varðað uppsagnir lækna, skort á læknisbústöðum, klæðingu sjúkrahússins að utan. Þá hefur verið fjallað um undirbúning vegna lúkningar 5. byggingaráfanga og opunar nýrrar legudeildar.

Komið hefur verið á fót launanevnd og eiga í henni sæti framkvæmdastjóri og þrír stjórnarmenn. Þar eru til umfjöllunar mál er varða launakjör starfsmanna, uppsagnir starfsmanna s.s. hjúkrunarfræðinga nýverið og önnur mál af svipuðum toga. Framkvæmdastjóri vísar sæti þegar fjallað er um mál er honum tengjast persónulega. Nýlega var rætt um hvort fundir væru löglegir ef fulltrúi starfsmanna væri ekki boðaður og liggur það ekki ljóst fyrir enn.


Almennt er það talið, af forráðamönnum þeirra sjúkrahúsa er Ríkisendurskoðun hefur tekið til athugunar, skapa viss vandkvæði við stjórnun stofnunar að fulltrúi starfsmanna skipi stjórn þeirra. Að mati Ríkisendurskoðunar getur það veikt valdsvið stjórnar sjúkrahússins að fulltrúi starfsmanna sitji í henni. Með því móti er sá starfsmaður í raun orðinn ábyrgur fyrir daglegri yfirstjórn sjúkrahússins sem framkvæmdastjóri, yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri eiga að bera ábyrgð á.

Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun benda á nýlega samþykkt stjórnar er ógilti þá ákvörðun framkvæmdastjóra að gera annan umsjónarmanninn ábyrgan fyrir öllu er lýtur að umsjón og rekstri

fasteigna og tækja sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar og koma þannig á fót sérstakri tæknideild eins og almennt tíðkast hjá sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Þrátt fyrir að framkvæmdastjóra beri með formlegum hætti að leita samþykkis stjórnar fyrir þeim breytingum er hann hyggst gera á starfsemi þess telur Ríkisendurskoðun óeðlilegt að stjórn sjúkrahússins grípi með þessum hætti fram fyrir hendur framkvæmdastjóra varðandi málefni er heyra eiga undir valdsvið hans.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sér framkvæmdastjóri um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhafir rekstur hennar, þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn sjúkrahússins á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri bera ábyrgð á sínum fagsviðum og skulu vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um áætlanagerð, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir á sínu sviði.

Skipurit Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði er í endurskoðun og er nógildandi skipulagi þess best lýst með eftirfarandi mynd:



Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar og hefur umsjón með öllu er snýr að fjármálum

þessara tveggja stofnana. Yfirlæknar bera ábyrgð á læknisfræðilegri meðhöndlun og hjúkrunarforstjóri sér um það er lýtur að almennri hjúkrun, endurhæfingu, ræstingu, apóteki, lyfjainnkaupum og vörulager á vegum hans, þ.m.t. mannahald, vaktaskipulag og stjórnun hjúkrunarfólks. Verkaskipting milli yfirstjórnar sjúkrahússins virðist þannig vera nokkuð skýr þrátt fyrir að formlegt skipurit stofnunarinnar liggi ekki fyrir.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að samþykkt verði formlegt skipurit af stofnuninni ásamt starfslýsingum helstu yfirmanna sem kveði skýrt á um ábyrgðar- og valdsvið hvers og eins. Ríkisendurskoðun bendir enn fremur á nauðsyn þess að einungis einn aðili verði gerður ábyrgur fyrir rekstri sjúkrahússins gagnvart stjórn þess. Stofnunin vill hins vegar vekja athygli á mikilvægi þess að öðrum yfirmönnum sjúkrahússins verði gerð grein fyrir rekstrarlegri stöðu þeirrar starfsemi er þeir bera byrgð á.

Samkvæmt lögum skal lækna ráð starfa við sjúkrahúsið og vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins. Slíkt lækna ráð er starfandi við sjúkrahúsið á Ísafirði og er það sameiginlegt fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina. Núverandi formaður lækna ráðsins er yfirlæknir sjúkrahússins. Lækna ráðið heldur reglulega fundi og virðist nokkuð virkt.

Ekki er starfandi tækjakaupanefnd við sjúkrahúsið. Tillögur um tækjakaup í tengslum við árlega fjárlagagerð eða innkomið gjafafé eru unnar af framkvæmdastjóra í samvinnu við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra.

Fræðslunefnd er fyrir hendi og er hjúkrunarforstjóri í forsvari fyrir henni. Ekki hefur verið virk starfsemi á vegum nefndarinnar og virðast allir sammála um að hana þurfi að efla með einhverju móti.

Starfsmannaráð er starfandi við sjúkrahúsið.

7.3 Fjármál

Rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði er að meginhluta til fjármagnaður með framlögum af fjárlögum. Áætlanir fjárlaga byggja annars vegar á áætlun um launalið sjúkrahúsanna og hins vegar á áætlun rekstrargjalda. Launaáætlanir sjúkrahúsa eru byggðar á heimiluðum stöðugildum fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu ákveðnu kostnaðarmati fyrir hverja starfsstétt sem fela á í sér launatengd gjöld, afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.fl. Rekstrargjöld sjúkrahúsa eru áætluð með

hliðsjón af rekstrargjöldum síðastliðinna ára, auk þess sem taka á tillit til breyttra aðstæðna sjúkrahúsa ef um það er að ræða.

Fjárveitingar til meiriháttar viðhalds og tækjakaupa falla undir sérstakan fjárlagalið og sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um skiptingu þess fjár. Framlag til stofnkostnaðar þ.e. til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er enn fremur sérstakur fjárlagaliður og er því fé sem þar er til ráðstöfunar skipt af Fjárlaganefnd Alþingis. Hluttur ríkissjóðs í fjármögnun af hvoru tveggja þessara kostnaðarliða er 85% en hluttur sveitarfélaga 15%.

Á undanförunum þremur árum hafa fjárveitingar fjárlaga og fjárheimildir Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði litið svo út:

Tafla 7.1 Framlög ríkissjóðs á verðlagi hvers árs

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjárlög	164.300	172.500	166.300
Fjárheimild til rekstrar	169.507	172.500	171.540
Fjárheimild til tækjakaupa	1.900	3.000	3.000
Fjárheimild til óskipts viðhalds	0	2.600	0
Fjárheimild ríkissjóðs til reglubundins rekstrar	171.407	178.100	174.540
Fjárveiting til stofnkostnaðar, sérgreind	35.000	35.000	32.100
Fjárheimild ríkissjóðs alls	206.407	213.100	206.640

Á árunum 1992 til 1994 fékk sjúkrahúsið 102,1 milljónar króna fjárveitingu til sérgreinds stofnkostnaðar. Framlagið var annars vegar ætlað til að ljúka 5. áfanga byggingar sjúkrahússins sem að stærstum hluta fól í sér lokafrágang á nýrri legudeild sem formlega var opnuð í apríl á þessu ári. Þá voru gerðar breytingar á aðal anddyri byggingarinnar auk þess sem gengið var frá nokkrum verkþáttum úr fyrri útboðum. Gjaldfærðar hafa verið 80,4 milljónir króna vegna þessara framkvæmda á árunum 1992 til 1994. Á árinu 1994 var hins vegar einnig veitt fjárveiting til klæðingar sjúkrahússins að utan ásamt byggingu bílageymslu og er áætlað að þeim framkvæmdum ljúki árið 1997. Vegna klæðningarinnar var gjaldfærð 15,1 milljón króna á árunum 1993 og 1994 en áætlað er að heildarkostnaður framkvæmdanna nemi 107,9 milljónum króna.

Fjárveitingar til lúkningar 5. áfanga byggingarinnar og klæðingar hennar að utan eru ekki færðar á sjúkrahúsið eða heilsugæslustöðina. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til sérstakra verkefna og sá kostnaður sem af þeim hlýst sé færður á

viðkomandi sjúkrahús en sé þó sérgreindur. Með því móti er hægt að sjá hverjar eru heildarfjárveitingar ríkissjóðs til sjúkrahússins og hver er hinn raunverulegi kostnaður af starfsemi þess.

Greiðslur ríkissjóðs til rekstrar, tækjakaupa og viðhalds auk sérstakra greiðslna sem færðar hafa verið á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði voru eftirfarandi árin 1992 - 1994.

Tafla 7.2 Greiðslur ríkissjóðs á verðlagi hvers árs

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Greitt til rekstrar	169.507	172.500	169.525
Sérstakar greiðslur	0	0	2.015
Greiðslustaða vegna rekstrar	169.507	172.500	171.540
Greiðslur til viðhalds og tækjakaupa	1.900	6.000	3.914
Greiðslustaða alls	171.407	178.500	175.454
Greiðslur vegna sérgreinds stofnkostnaðar	35.000	20.000	37.100
Greiðslur ríkissjóðs alls	206.407	198.500	212.554

Á árinu 1994 var sjúkrahúsinu veitt 2,0 milljóna króna fjárveiting vegna uppgjors við fyrrverandi framkvæmdastjóra þess. Ennfremur fékk sjúkrahúsið rúmar 900 þúsundir króna til viðhalds á læknisbústað sjúkrahússins að Urðarvegi 54.

Fjárheimildir Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði árin 1992 til 1994 hafa verið eftirfarandi sé miðað við fast verðlag:

Tafla 7.3 Framlög ríkissjóðs á verðlagi ársins 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjárheimild til reglubundins rekstrar	177.209	175.112	171.540
Fjárheimild til tækjakaupa	1.986	3.045	3.000
Fjárheimild til óskipts viðhalds	0	2.639	0
Fjárheimild ríkissjóðs til rekstrar	179.196	180.796	174.540

Framlög til reglubundins rekstrar sjúkrahússins hafa lækkað að raunvirði um 5,7 milljónir króna á árinu 1994 í samanburði við árið 1992 sé miðað við hækkun launa hjá ríkisstofnunum og vísitölu framfærslukostnaðar eða um 3,2% að raunvirði. Lækkun framlaga má rekja til þeirra sparnaðaraðgerða sem gripið var til af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á síðastliðnum árum og miða áttu að lækkun útgjalda þess málaflokks.

Síðastliðið ár var hins vegar sjúkrahúsið á Ísafirði rekið með verulegum halla eða sem nemur 6,8% af heildartekjum sjúkrahússins.

Árið 1993 var hallinn óverulegur en árið 1992 var rekstur þess hins vegar hallalaus.

Tafla 7.4 Rekstur sjúkrahússins á Ísafirði árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992		1993		1994	
Fjárhæðir í þ.kr.	þ.kr.	%	þ.kr.	%	þ.kr.	%
Rekstrartekjur						
Framlög ríkissjóðs, rekstur	177.209	83,1	175.112	79,9	169.525	80,1
Framlög ríkissjóðs, viðhald, tæki	1.986	0,9	6.091	2,8	3.914	1,8
Framlög ríkissjóðs, annað	0	0,0	0	0,0	2.015	0,9
Framlög sveitarfélaga	727	0,3	1.003	0,5	408	0,2
Tekjur deilda	29.904	14,0	34.851	15,9	31.868	15,1
Aðrar tekjur	3.538	1,7	2.120	1,0	3.959	1,9
	213.364	100,0	219.176	100,0	211.689	100,0
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	143.227	68,9	146.764	66,8	154.342	68,3
Vörukaup, almenn	27.503	13,2	29.434	13,4	25.777	11,4
Vörukaup, sérgreind	11.020	5,3	12.447	5,7	15.289	6,8
Þjónusta I	10.284	4,9	10.668	4,9	11.777	5,2
Þjónusta II	8.567	4,1	8.666	3,9	12.247	5,4
Trygg., op.gjöld og fjárm.gjöld	2.485	1,2	2.661	1,2	2.810	1,2
Áhalda- og tækjakaup	4.844	2,3	9.144	4,2	3.828	1,7
	207.931	100,0	219.784	100,0	226.070	100,0
Rekstrarafkoma (-tap) ársins	5.433		-608		-14.381	

Eins og fram kemur á töflu 7.4 hér að framan hafa heildarframlög ríkissjóðs til sjúkrahússins á Ísafirði lækkað um 3,7 milljónir króna milli árana 1992 og 1994 eða sem svarar til 2,1% að raunvirði. Framlög sveitarfélaga hafa ennfremur dregist lítilega saman eða um 0,3 milljónir króna.

Sértekjur sjúkrahússins hafa hækkað um 2,4 milljónir króna á þessu árabili eða sem nemur 7,1% að raunvirði. Tekjur deilda, þ.e. seld sérfræðiþjónusta, skrifstofuþjónusta, fæðissala og þvottur, hafa hækkað um 2,0 milljónir króna á síðastliðnum þremur árum eða sem nemur 6,6% að raunvirði. Tekjur vegna seldrar sérfræðiþjónustu s.s. vegna rannsókn- og röntgendeildar auk sjúkráþjálfunar og endurhæfingar hafa lækkað um 1,8 milljónir króna að raunvirði milli árana 1992 og 1994. Þar af lækkuðu tekjur sjúkráþjálfunar um 1,4 milljónir króna og tekjur göngudeildarþjónustu um 1,3 milljónir króna. Tekjur af rannsókn og röntgen jukust aftur á móti um 1,5 milljónir króna. Tekjur af fæðissölu hafa aukist um 3,8 milljónir króna að raunvirði á sama árabili. Útseld skrifstofuþjónusta er svo til óbreytt að raunvirði síðastliðin þrjú ár. Aðrar

tekjur hafa hækkað lítillega eða um 0,4 milljónir króna árin 1992-1994. Greiðslur vegna húsaleigu starfsmanna hafa lækkað um 0,7 milljónir króna en aðstöðugjöld sérfræðinga hækkuðu hins vegar um sömu fjárhæð.

Heildargjöld sjúkrahússins á Ísafirði hafa hækkað um 18,1 milljón króna milli árána 1992 og 1994 eða sem svarar til 8,7% að raunvirði. Hækkun launa og launatengdra gjalda nam 11,1 milljón króna eða 7,8% að raunvirði en önnur rekstrargjöld hækkuðu um 7,0 milljónir króna eða sem svarar til 10,9% að raunvirði.

Launaútgjöld sjúkrahússins skiptust þannig á árunum 1992-1994 eftir tegund launa:

Tafla 7.5 Launaútgjöld sjúkrahússins á Ísafirði árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Grunnstörf	78.173	77.954	79.265
Yfirvinna	27.085	30.235	34.817
Vaktaálag	20.259	20.701	21.692
Önnur laun	2.829	2.643	2.255
Laun alls	128.346	131.533	138.029
Launatengd gjöld	14.881	15.231	16.313
Laun og launatengd gjöld	143.226	146.764	154.342

Föst laun hafa hækkað um 1,1 milljón króna milli árána 1992 og 1994 eða sem nemur 1,4% að raunvirði. Fjölgun setinna stöðugilda nam 2,52 á þessu árabili en þá er miðað við stöðu 1. desember ár hvert. Þá var sjúkrahúsið mannað með dýrari starfskröftum á síðastliðnu ári borið saman við árin tvö þar á undan. Þannig hefur stöðugildum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða fjölgað um 5,55 en stöðugildum starfsstúlkna aftur á móti fækkað um 4,70. Yfirvinnugreiðslur hækkuðu um 7,7 milljónir króna eða 28,5% að raunvirði síðastliðin þrjú ár og skýra meginhækkun launagjalda sjúkrahússins. Vaktaálagsgreiðslur hækkuðu um 1,4 milljónir króna eða 7,1% að raunvirði. Samtals hækkuðu launagjöld sjúkrahússins um 9,7 milljónir króna eða 7,5% að raunvirði milli árána 1992 og 1994 en launatengd gjöld lækkuðu um 1,4 milljónir króna eða 9,6% á sama árabili.

Sé horft á hækkun launa út frá starfsstéttum hefur hækkun dagvinnulauna, eftirvinnu, álagsgreiðslna auk orlofs án launatengdra gjalda verið eftirfarandi síðastliðin tvö ár:

Tafla 7.6 Laun eftir starfstéttum árin 1993 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1993	1994	Mism.
Læknar	17.707	19.615	1.379
Hjúkrunarfræðingar	28.869	32.625	2.895
Ljósmeður	5.907	7.229	1.146
Sjúkraliðar	12.287	15.168	2.514
Sjúkraþjálfarar	2.511	2.670	84
Röntgentæknar	4.831	4.911	-64
Meinataeknar	5.472	5.311	-324
Laun heilbrigðisstétta	77.584	84.520	4.620
Starfsstúlkur	12.900	9.453	-3.832
Annað starfsfólk	39.216	40.109	-277
Laun annars starfsfólks	52.116	49.562	-4.110
Laun alls	129.700	137.091	3.519

Laun heilbrigðisstéttanna þ.e. lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða sjúkraþjálfara, ljósmeðra, meina- og röntgentækna hafa þannig hækkað um 9,9 milljónir króna milli árana 1993 og 1994 eða sem nemur 12,8% að raunvirði. Laun starfsstúlkna lækkuðu um 3,5 milljónir króna eða 26,7% en hækking launa hjá öðru starfsfólki nam samtals 0,9 milljónum króna eða að jafnaði 2,3% að raunvirði.

Eins og fram kom hér að framan hækkuðu rekstrargjöld sjúkrahússins um 7,0 milljónir króna eða sem svarar til 10,9% að raunvirði milli árana 1992 og 1994. Breyting á öðrum rekstrargjöldum sjúkrahússins kemur einkum fram á kostnaði við sérgreind vörukaup sem hækkar um 4,3 milljónir króna, en þar má finna kostnað við lyf og tengd efni, einnota lækninga- og hjúkrunarvörur o.þ.h. og haldast þessir kostnaðarliðir í hendur við þá starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsinu. Kaup á þjónustu hækkaði um 5,2 milljónir króna en þar er m.a. um að ræða verkkaup ýmisskonar, kaup á sérfræðiþjónustu og ferða- og aksturskostnað. Aðrir liðir annarra rekstrargjalda lækkuðu alls um 2,4 milljónir króna á árinu 1994 miðað við árið 1992 sem skýrist einkum af minni kostnaði við almenn vörukaup svo og áhald- og eignakaup.

Halli á rekstri sjúkrahússins nam 14,8 milljónum króna á árinu 1994 eins og fram kemur í töflu 7.4. Að teknu tilliti til fjárveitingar til breytinga á hitakerfi húsnæðisins á árinu 1993 en verkið var að mestu unnið á árinu 1994 og óreglulegra launagjalda á skrifstofu á árinu 1994 að fjárhæð tæpar 2,7 milljónir króna nam rekstrarhallinn 9,5 milljónum króna.

Rekstrarhallann má einkum rekja til aukinnar starfsemi á sjúkrahúsinu, sé borið saman við síðastliðin tvö ár, sem m.a. kemur fram í aukinni yfirvinnu og hækkun rekstrargjalda. Á árunum 1992 til 1994 hefur aðgerðum á inniliggjandi sjúklingum og sjúklingum utan spítala fjölgað verulega sem skýrist m.a. af því að á undanförunum árum hafa verið gerðir samningar við ýmsa sérfræðinga um reglubundnar komur á sjúkrahúsið til að sinna sínum sérgreinum og þar með auka þá þjónustu er sjúkrahúsið hefur upp á að bjóða. Samhliða því hafa framlög ríkissjóðs farið lækkandi á undanförunum árum í því skyni að ná því markmiði stjórnvalda að ná fram sparnaði innan heilbrigðiskerfisins. Í kafla 7.5.8 er frekar reynt að leggja mat á starfsemi sjúkrahússins og ástæður hallareksturs þess.

Eiginfjárstaða sjúkrahússins var neikvæð í árslok 1994 en bókfærðar eignir þess voru hærri en skuldir árin tvö þar á undan.

Tafla 7.7 Eiginfjárstaða sjúkrahússins á Ísafirði árin 1992 - 1994

Verðlag hvers árs	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Veltufjármunir	26.290	21.091	4.767
Aðrar eignir	0	0	0
Eignir alls	26.290	21.091	4.767
Skammtímaskuldir	21.806	18.156	15.721
Langtímaskuldir	0	0	0
Eigið fé	4.484	2.935	-10.954
Skuldir og eigið fé alls	26.290	21.091	4.767

Eiginfjárstaða sjúkrahússins hefur versnað um 15,4 milljónir króna milli árana 1992 og 1994 sem skýrist af hallarekstri þess undanfarin tvö ár. Skuldir stofnunarinnar voru 10,9 milljónir króna hærri en eignir þess í árslok 1994 og námu skammtímaskuldir hennar 7,4% af tekjum þess árs.

Sjúkrahúsbyggingin er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi en fasteignamat húss og lóðar á Torfnesi sem bæði hýsir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina nam 359,3 milljónum króna í árslok 1994. Brunabótamat byggingarinnar nam 1.245 milljónum króna á sama tíma. Auk þess á sjúkrahúsið tvö raðhús við Urðarveg að verðmæti 23,5 milljónir króna samkvæmt brunabótamati.

7.4 Starfssvæði og starfstengsl við aðrar stofnanir

7.4.1 Starfssvæði

Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði er ætlað að þjóna íbúum Ísafjarðarkaupstaðar og Bolungarvíkurkaupstaðar auk íbúa átta hreppa í Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu. Íbúafjöldi svæðisins var 6.289 manns í desembermánuði 1994. Af þeim voru 3.527 á Ísafirði eða rúm 56% af íbúafjölda svæðisins.

Tafla 7.8 Íbúafjöldi á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði

Mannfjöldi 1. desember	1992	1993	1994
Ísafjörður	3.496	3.524	3.527
Aðrir íbúar V- og N-Ísafj.sýslu	2.905	2.860	2.762
	6.401	6.384	6.289

Á fylgiskjali 7.1 má sjá dreifingu íbúa á einstök sveitarfélög. Landfræðilega nær svæðið yfir 4.200 ferkílómetra svæði þar af eru um 450 ferkílómetrar í byggð samkvæmt upplýsingum úr Tölfræðihandbókinni.

Starfssvæði heilsugæslustöðvarinnar á Ísafirði tekur yfir Ísafjarðarkaupstað, Suðureyrarhrepp, Súðavíkurhrepp, Ögurhrepp, Reykjafjarðarhrepp, Nauteyrarhrepp, Snæfjallahrepp, Grunnavíkurhrepp og Sléttuhrepp. Auk þess heyra heilsugæslustöðvarnar á Suðureyri, í Súðavík og Reykjanesskóla stjórnunarlega undir heilsugæslustöðina á Ísafirði en þar er um að ræða svokallaðar H-stöðvar þar sem starfandi eru hjúkrunarfræðingar ásamt öðru starfslíði og annast heilsugæslulæknar þar reglulega móttöku sjúklunga. Í Bolungarvík, Þingeyri og Flateyri eru síðan starfræktar H1- stöðvar en það eru stöðvar þar sem starfar a.m.k. einn læknir ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru starfsfólki.

Í skýrslu vinnuhóps um skipan sjúkrahússmála sem gefin var út í nóvembermánuði 1993 er fjallað um sjúkrahús og hjúkrunarrými í landinu og gerðar tillögur um stærð og hlutverk þessara stofnana, einkum utan höfuðborgarsvæðisins. Skýrslan fjallar um almennar legudeildir sjúkrahúsa svo og hjúkrunar- og dvalarheimili og sýndi notkun á þjónustu einstakra sjúkrahúsa eftir héruðum þ.e. lögheimili sjúklings. Skilgreint var hvert væri aðalupptökusvæði sjúkrahúsa og hvert væri heildarupptökusvæði þess. Aðalupptökusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði var skilgreint sem Ísafjarðarkaupstaður með um 3.500 íbúa en heildarupptökusvæðið var skilgreint á sama hátt og starfssvæði þess með um 6.400 íbúa.

Upplýsingar um íbúa og fjöldi lega á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði voru eftirfarandi:

Tafla 7.9 Legur á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði

Legur 1991	Íbúar	Legur sjúkrahúss	Legur alls	Héraðshlutdeild
Ísafjörður	3.492	250	500	50%
Bolungarvík	1.179	44	144	31%
N- og V-Ísafjarðarsýsla	1.771	104	300	35%
	6.442	398	944	42%

Á árinu 1991 var héraðshlutdeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði 50% á Ísafirði sem sýnir hve stórt hlutfall af öllum legum íbúa Ísafjarðar er á sjúkrahúsinu. Sjúkrahúsið getur þannig kallast aðalsjúkrahús Ísfirðinga. Héraðshlutdeild sjúkrahússins er 31% af legum íbúa Bolungarvíkur og 35% annarra íbúa N- og V-Ísafjarðarsýslu.

Sé öllum legum á sjúkrahúsinu á Ísafirði skipt eftir því frá hvaða landssvæði sjúklingarnir koma, þ.e. lögheimili þeirra, sést að 57% eru frá Ísafirði, 10% frá Bolungarvík og 24% frá N- og V-Ísafjarðarsýslu. Um 9% af legum eru þannig vegna sjúklinga sem koma frá öðrum landssvæðum.

Fjöldi aldraða var eftirfarandi á starfssvæði Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði miðað við mannfjölda 1. desember 1992:

Tafla 7.10 Fjöldi aldraðra á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði

Staður	Fjöldi aldraðra			Aldurssamsetning		
	70-80	80+	Alls	70-80	80+	70+
Ísafjörður og nágrenni	178	99	4.172	4,3%	2,4%	6,6%
Bolungarvík	36	28	1.195	3,0%	2,3%	5,4%
Þingeyri	35	8	564	6,2%	1,4%	7,6%
Flateyri	16	14	464	3,4%	3,0%	6,5%
Samtals	265	149	6.395	4,1%	2,3%	6,5%

Fjöldi íbúa á aldrinum 70 til 80 ára á starfssvæði sjúkrahússins á Ísafirði er 4,1% af íbúafjölda svæðisins. Þar af eru 4,3% á Ísafirði og nágrenni. Fjöldi áttæðra og eldri eru 2,3% íbúa á starfssvæði sjúkrahússins og þar af eru 2,4% á Ísafirði og nágrenni. Aldraðir íbúar nema þannig 6,5% af heildaríbúafjölda starfssvæðisins en 6,6% sé einungis miðað við Ísafjörð og nágrenni. Þetta hlutfall er töluvert fyrir neðan landsmeðaltal, en það er 7,4%.

Á starfssvæði Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði eru starfræktar fjórar stofnanir með dvalar- eða hjúkrunarrými fyrir aldraða auk hjúkrunardeildar sjúkrahússins á Ísafirði. Þær eru Hlíf á Ísafirði, Öldrunarstofnun Önfirðinga á Flateyri, sjúkraskýlið á Þingeyri og sjúkrahúsið á Bolungarvík.

Á fylgiskjali 7.2 með skýrslu þessari má sjá yfirlit yfir þá stofnanapjónustu, þ.e. sjúkrahús-, heilsugæslu- og öldrunarþjónustu, sem veitt er á starfssvæði Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði.

7.4.2 Starfstengsl við heilsugæslu

Heilsugæslustöðin á Ísafirði hóf starfsemi sína árið 1983 í nýbyggingu sjúkrahússins á Torfnesi. Fjöldi íbúa er heyrðu undir stöðina á árinu 1994 var 4.151 manns. Þjónusta stöðvarinnar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu felur m.a. í sér:

- Almenna lækniþjónustu, hjúkrunarþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir
- Lækningarannsóknir
- Sérfræðilega lækniþjónustu, tannlækningar, endurhæfingu
- Hjúkrun í heimahúsum
- Heilsuvernd

Tafla 7.11 Rekstur heilsugæslustöðvar á Ísafirði árin 1992 - 1994

Fjárhæðir í þ.kr. á verðlagi ársins 1994	1992	1993	1994
Sértekjur	-8.068	-6.884	-6.754
Launagjöld	21.015	21.964	24.737
Önnur rekstrargjöld	23.810	20.549	20.503
Samtals	36.758	35.629	38.486

Við heilsugæslustöðina á Ísafirði starfa tveir heilsugæslulæknar hver um sig í 1,0 stöðu, lyflæknir í 1,0 stöðu og almennur læknir í 1,0 stöðu. Heilsugæslulæknarnir eru með reglulega móttöku á Suðureyri, Súðavík og Reykjanesskóla. Starfsmenn heilsugæslunnar voru 20-25 í árslok 1994 í 14,7 stöðugildum. Heimiluð stöðugildi voru 14,7 á árinu 1994.

Heilsugæslustöðin er rekin í starfstengslum við sjúkrahúsið eins og kveðið er á um í 12. grein laga um heilbrigðisþjónustu þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvoru tveggja. Skriflegur samningur um kostnaðarskiptingu milli sjúkrahússins og

heilsugæslustöðvarinnar er ekki fyrir hendi en sameiginlegum kostnaði stofnananna hefur verið skipt eftir ákveðnum forsendum undanfarin ár.

Starfsemi heilsugæslustöðvarinnar fer fram á helmingi jarðhæðar byggingarinnar en þar er enn fremur sameiginlegt anddyri stofnananna auk aðstöðu fyrir ritara. Skrifstofa, fundaraðstaða, mötuneyti og búningsherbergi starfsfólks eru samnýtt fyrir báðar stofnanirnar. Vegna reksturs fasteignar greiðir heilsugæslan 9,10% af hitakostnaði hússins og 8,23% af rafmagnskostnaði þess og eru hlutföllin byggð á útreikningum Tækniþjónustu Vestfjarða hf. Þá greiðir heilsugæslustöðin 1/6 af fasteignagjöldum og tryggingum hússins en heilsugæslustöðin nýtir u.þ.b. 1/6 af flatarmáli byggingarinnar.

Framkvæmdastjóri er sameiginlegur fyrir fyrir báðar stofnanirnar og sama gildir um starfslið á skrifstofu. Vegna skrifstofuþjónustu greiðir heilsugæslustöðin ákveðna þóknun fyrir áætlaða hlutdeild í launum og launatengdum gjöldum auk annars kostnaðar er fellur til á skrifstofu. Þóknunin var talin eðlileg 35.000 krónur á mánuði árið 1984 og hefur fjárhæðin verið framreiknuð árlega. Þóknunin er greidd mánaðarlega og nemur á þessu ári um 118 þúsundum króna á mánuði. Kostnaðarhlutdeildin hefur ekki verið endurmetin á þessu tólf ára tímabili. Síma vakt og móttökuritarar eru á launum hjá heilsugæslustöðinni en símakostnaður er innifalinn í framangreindri þóknun.

Ekki er greitt fyrir aðra þá þjónustu sem innt er af hendi á sjúkrahúsinu fyrir heilsugæslustöðina s.s. vegna þvotta og sóttþreinsunar. Að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegt að gera reikninga vegna þessara þátta í samræmi við notkun.

Ríkisendurskoðun telur að gera eigi samning milli sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar sem kveði á um samstarf og skiptingu kostnaðar þannig að samskiptum á milli þessara stofnanna verði komið á skriflegt form. Gera þarf grein fyrir forsendum kostnaðarskiptingarinnar. Þá telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að kostnaðarhlutdeild heilsugæslustöðvarinnar í skrifstofukostnaði verði endurmetin miðað við stöðu mála í dag.

7.5 Starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði

7.5.1 Starfssvið

Sögu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði má rekja allt til ársins 1897 er starfsemi þess var hafin í húsinu að Mánagötu 5. Frá árinu 1925 fór

starfsemi þess fram í sjúkrahúsinu á Eyrartúni en það var á sínum tíma með stærstu sjúkrahúsum landsins með aðstöðu til móttöku 30-40 sjúklinga. Árið 1989 var starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði alfarið flutt í nýbygginguna á Torfnesi. Þá var önnur legudeildin af tveimur fullgerð en frágangi hinnar seinni lauk í apríl 1995. Auk sjúkrahússins hýsir byggingin heilsugæslustöðina á Ísafirði, aðstöðu tannlækna og endurhæfingardeild með aðstöðu sjúkrahjálfa.

Fjórðungssjúkrahús Ísafjarðar flokkast sem almennt sjúkrahús samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

"Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahúsið hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum."

Sjúkrahúsið er því samkvæmt lögnum ekki deildaskipt sjúkrahús að öðru leyti en því hvað varðar skiptingu í almenna sjúklinga og langlegusjúklinga.

Fram að þeim tíma er hin nýja legudeild sjúkrahússins var tekin í notkun á þessu ári voru 30 rúm á sjúkrahúsinu. Þau skiptust þannig að 14-16 hjúkrunarrúm voru ætluð fyrir langlegusjúklinga, 11-13 sjúkrarúm voru ætluð fyrir almenna sjúklinga og 3 fæðingarrúm.

Á vordögum 1995 var formlega opnuð ný 25 rúma deild á sjúkrahúsinu til viðbótar við þau 30 rúm sem þegar eru til staðar. Við hönnun byggingarinnar á Torfnesi var gert ráð fyrir að þar yrði rekið deildaskipt sjúkrahús með skurðlækna-, lyflækna- og kvensjúkdómþjónustu auk fæðingahjálpar sem er í samræmi við tillögur vinnuhóps um sjúkrahúsmál.

Í tillögum sínum um framtíðaruppbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði gera stjórnendur þess ráð fyrir að sjúkrarúmin skiptist þannig í náinni framtíð:

Hjúkrunarrúm	20
Öldrun- og endurhæfing	5
Handlækningar	8
Lyflækningar	8
Fæðingar og kvensjúkdómar	6
Barnalækningar	3
Dagdeild/uppvöknun	5

Yfirstjórn sjúkrahússins á Ísafirði hefur lagt fram rekstraráætlun fyrir B-álmu fyrir árið 1995. Í áætluninni er gert ráð fyrir að í B-álmu verði rekin 25 rúma öldrunar- og endurhæfingadeild með 26,2 stöðugildum og 1,0 stöðugildi lyflæknis. Samkvæmt henni er áætlaður kostnaður við rekstur deildarinnar 62,1 milljón króna en þar af nema laun, launatengd gjöld og ýmiss starfskostnaður 53,3 milljónum króna. Í þessu sambandi er rétt að benda á það að upphafleg áætlun sjúkrahússins gerði ráð fyrir að rekstur deildarinnar kostaði 73,2 milljónir króna. Sú áætlun var síðar skorin niður um 11,1 milljón króna alfarið vegna launa og var einkum lækkaður kostnaður við afleysingu, vaktaálag og yfirvinnu auk þess sem dregið var úr mönnun við deildina.

Tillögur yfirstjórnar sjúkrahússins voru samþykktar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og á fjárlögum ársins 1995 fékk sjúkrahúsið 41 milljón króna fjárveitingu til reksturs deildarinnar eða um 2/3 af áætlunum rekstrarkostnaði deildarinnar. Ástæður þess að sjúkrahúsið fékk ekki þær fjárveitingar sem það telur þörf á til reksturs deildarinnar eru einkum þær að á árinu 1995 voru ekki nægar fjárveitingar fyrir hendi af hálfu heilbrigðisráðuneytisins auk þess gengið var út frá því að deildin yrði ekki í fullum rekstri allt það ár. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er gert ráð fyrir 65 milljóna króna framlagi til starfsemi hinnar nýju deildar sjúkrahússins. Hins vegar hefur flatur niðurskurður fjárframlaga til sjúkrastofnana á þessu ári og árinu 1996 þau áhrif að framlög til sjúkrahússins aukast einungis um 54 milljónir króna að öllu óbreyttu.

Við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði starfa nú fimm lækna í 2,0 stöðugildum. Sérfræðingur í skurðlækningum er í 1,0 stöðu og gegnir hann stöðu yfirlæknis við sjúkrahúsið. Fjórir lækna sem allir vinna við heilsugæslustöðina starfa í 1,0 stöðugildi aðstoðarlæknis hver um sig í 0,25 stöðu. Í vetrarbyrjun 1994 starfaði auk þess annar skurðlæknir við sjúkrahúsið en hann lét af störfum um mitt ár 1995. Heimiluð stöðugildi lækna við sjúkrahúsið eru 3,0 þ.e. tvö stöðugildi sérfræðinga og eitt stöðugildi aðstoðarlæknis en lengst af hafa einungis tvö þeirra verið mönnuð.

Til að draga úr vandamálum vegna skorts á læknum og jafnframt auka þjónustuna hafa á undanförunum árum verið gerðir samningar við nokkra sérfræðinga um að koma reglulega og sinna sinni sérgrein á sjúkrahúsinu. Um er að ræða sérfræðing í lyflækningum og hjartasjúkdómum, bæklunarskurðlækni, kvensjúkdómalækni, háls-, nef- og eyrnalækni og augnlækni. Svæfingarlæknir hefur fylgt háls-, nef- og

eyrnalækninum og koma þeir ársfjórðungslega en aðrir koma yfirleitt tvisvar til þrisvar á ári.

Sérfræðingur sjúkrahússins hefur móttöku á sjúkrahúsinu og það sama á við um þá sérfræðinga sem sjúkrahúsið hefur gert samning við um aðgerðaaðstöðu á sjúkrahúsinu.

Tvær skurðstofur eru á sjúkrahúsinu og eru fastir aðgerðadagar tveir auk þess sem þriðji dagurinn er nýttur til speglana og aðgerða ef á því er þörf. Slystofan er rekin af sjúkrahúsinu.

Endurhæfingardeild er starfrækt við sjúkrahúsið. Á endurhæfinga-deildinni starfa þrír sjúkraþjálfarar í 2,5 stöðum auk tveggja aðstoðarmanna í 1,5 stöðum. Um þriðjungur af vinnu deildarinnar er vegna inniliggjandi sjúklinga en um 70% er vegna sjúklinga utan spítala sem koma samkvæmt beiðni sjúkrahúss- og heilsugæslulækna. Sjúkrahúsið tekur við greiðslum vegna vinnu sjúkraþjálfaranna við sjúklinga utan spítala. Sjúkraþjálfararnir hafa aftur á móti heimild til að taka á móti tveimur sjúklingum á dag í húsakynnum sjúkrahússins án þess að greiða fyrir það aðstöðugjald. Eldri borgurum hefur staðið þessi þjónusta til boða og greiðir Ísafjarðarkaupstaður 100 krónur fyrir hvern þeirra. Sjúkrahúsið hefur einnig veitt Hlíf, sem eru íbúðir og þjónusturými fyrir aldraða, þessa þjónustu og fara sjúkraþjálfarar þangað tvisvar í viku. Sjúkrahúsið gerir bænum reikning vegna þessarar þjónustu. Á deildinni er psoriasislampi sem aðstoðarfólk sjúkraþjálfara sér um. Gjaldið í lampann er 210 krónur og greiðist af Tryggingastofnun ríkisins.

7.5.2 Starfsemi

Starfsemi sjúkrahúsa á landsbyggðinni fer eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst eftir þeim sérfræðingum er þar starfa. Í annan stað tekur starfsemi þeirra mið að því í hve miklum mæli það sinnir öldrunarþjónustu inni á sjúkrahúsinu.

Síðastliðið ár var hlutfall langlegu, þ.e. legu er varir meira en 90 daga, 49,5% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði samkvæmt athugun Ríkisendurskoðunar. Á árunum 1989-1991 var hlutfallið að jafnaði 67,3% samkvæmt skýrslu heilbrigðisráðuneytisins um starfsemi sjúkrahúsa á árunum 1989-1991. Lækkað hlutfall langlegu skýrist fyrst og fremst af aukinni þjónustu og þeim samningum sem gerðir hafa verið við sérfræðinga um reglulegar komur á sjúkrahúsið. Í töflunni að neðan koma fram helstu þættir í starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði undanfarin þrjú ár.

Tafla 7.12 Starfsemi sjúkrahússins á Ísafirði

	1992	1993	1994
Rúmafjöldi í notkun	30	30	30
Langlega	16	16	16
Önnur lega	14	14	14
Sjúklingafjöldi yfir árið	624	746	914
Legudagar almennir	10.851	9.942	10.271
Legudagar nýbura	571	520	620
Legudagar alls	11.422	10.982	10.891
Skurðaðgerðir	339	424	630
Fæðingar	101	92	105
Röntgenskoðanir	2.965	3.176	3.081
Ómskoðanir	102	101	122
Rannsóknir	19.808	23.654	20.231
Skópiur	102	168	159
Slysastofa	924	940	823
Göngudeildarkomur	851	1.268	1.038
Endurhæfing	9.285	9.308	8.505

Sjúklingum hefur fjölgað um 290 frá árinu 1992 til ársins 1994 eða sem nemur 46,5%. Að sama skapi hefur aðgerðum fjölgað á þessu árabili um 291 sem er nær tvöföldun frá árinu 1992. Legudögun hefur aftur á móti fækkað um 531 eða um 4,6%. Þessi þróun endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa á undanförunum árum vegna tækniþróunar og stefnu stjórnvalda og miða að því að fjölga aðgerðum sem gerðar eru "ambúlant" þ.e. á sjúklingum utan spítala. Skópíum hefur fjölgað um 57 eða sem svarar til 55%.

Fjöldi rannsókna á röntgendeild hafa aukist um 116 eða um 3,9%. Rannsóknnum á inniliggjandi sjúklingum hefur fækkað um 10 en fjölgað á utanspítalasjúklingum um 126. Ómrannsóknum hefur fjölgað um 20 eða 19,6% ef tekið er mið af síðustu þremur árum. Rannsóknnum á rannsóknadeild hefur fjölgað um 423 milli áranna 1992 og 1994 en fækkaði reyndar um 3.423 frá árinu 1993 sem skýrist af sjö vikna verkfalli meinatækna á síðastliðnu ári.

Fæðingar á sjúkrahúsinu hafa verið ríflega 100 síðastliðin þrjú ár. Í skýrslu starfshóps um skipan sjúkrahússmála komu fram nokkrar upplýsingar um fæðingar á sjúkrahúsinu á Ísafirði á árinu 1991 en fjölgun fæðinga á sjúkrahúsinu sýna að líklegt er að nokkrar breytingar hafi orðið á þessu árabili.

Á árinu 1991 fæddust 69 börn á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Mæður 31 þeirra voru með lögheimili á Ísafirði, 6 í Bolungarvík, 12 mæður í V-Ísafjarðarsýslu, 7 í N-Ísafjarðarsýslu, 10 mæður áttu lögheimili á öðrum stöðum á Vestfjörðum en 3 komu annars staðar frá. Þannig voru 45% af fæðingum á sjúkrahúsinu á Ísafirði vegna mæðra með lögheimili þar, 8,6% komu frá Bolungarvík og 27,5% frá V- og N-Ísafjarðarsýslu.

Alls fæddust 50 börn á árinu 1991 með lögheimili á Ísafirði. Af þessum 50 börnum fæddust 31 á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Í Bolungarvík fæddust 11 börn þar af 6 á sjúkrahúsinu á Ísafirði og 30 í V- og N-Ísafjarðarsýslu þar af 19 á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Héraðshlutfall sjúkrahússins á Ísafirði er 62,0%, 54,5% í Bolungarvík og 63,3% í V- og N-Ísafjarðarsýslu.

Á sjúkrahúsinu á Ísafirði starfa að meðaltali um 90 manns og hefur svo verið undanfarin þrjú ár eins og sjá má á fylgiskjali 7.3. Heimilud stöðugildi voru 67,55 árinu 1994 og hefur svo verið þau þrjú ár sem hér um ræðir. Setin stöðugildi voru 67,65 á árinu 1994 og hefur fjölgað um 2,52 frá árinu 1992.

7.5.3 Læknar

Eins og fram kom í kaflanum hér að framan eru stöðugildi lækna við sjúkrahúsið á Ísafirði 3,0, þar af er 1,0 stöðugildi aðstoðarlæknis. Undanfarin ár hefur oftast en ekki verið aðeins einn sérfræðingur fastráðinn við sjúkrahúsið og gegnt stöðu yfirlæknis. Núverandi yfirlæknir, sem kom til starfa síðari hluta árs 1990, hefur skurðlækningar sem sérgrein. Haustið 1994 fékkst annar skurðlæknir til starfa en sá lét aftur af störfum um mitt ár 1995. Sæmilega hefur í gegnum tíðina gengið að fá afleysingalækna til starfa.

Gerður var ráðningarsamningur við núverandi yfirlækni í upphafi ráðningartíma þ.e. 1. september 1990. Í fyrstu grein sammingsins kemur fram að læknirinn er ráðinn í 100% stöðuhlutfall með 40 klst. vinnuviku. Verði ráðinn annar sérfræðingur til starfa á sjúkrahúsinu sem létta muni á störfum hans getur stjórn sjúkrahússins óskað endurskoðunar á stöðuhlutfalli yfirlæknisins. Önnur helstu atriði kjarasamnings eru eftirfarandi:

- Yfirlæknir tekur laun sem forstöðulæknir í samræmi við kjarasamning Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir lausráðna sjúkrahúslækna frá 12. júní 1987 sbr. breytingar 25/3 1988 og 15/5 1988.
- Föst yfirvinna skal vera 60 klukkustundir á mánuði fyrir alla vinnu sem tilfellur utan dagvinnutíma. Verði óyggjandi séð að yfirvinnutímar séu stöðugt mun fleiri getur yfirlæknir óskað endurskoðunar á yfirvinnutímum.
- Gæsluvaktir greiðast samkvæmt fyrrgreindum kjarasamningi læknafélagasins og fjármálaráðherra. Greitt er fyrir gæsluvaktir allan mánuðinn að undanskildum þeim tíma sem fellur undir venjulega dagvinnu og fasta yfirvinnu. Þegar tveir skurðlæknar gegna starfi við sjúkrahúsið, skipta þeir með sér gæsluvöktum.
- Yfirlæknir á rétt á launalausum fríi til endurmenntunar, sem svarar til um 30 daga á hverju 12 mánaða tímabili ásamt greiðslu dagpeninga fyrir sama dagafjölda, án skerðingar annarra fría, þ.m.t. ferða á ráðstefnur skv. kjarasamningi.

Í upphafi starfstíma hefur yfirlæknir rétt til að sækja námstíma í kvensjúkdómum, ómskoðun, maga- og ristilspeglun í allt að 3 mánuði, án launaskerðingar.

Stjórn sjúkrahússins og yfirlæknir gerðu að auki með sér eftirfarandi samkomulag um aðstöðu til meðferðar utanspítalasjúklinga:

- Sjúkrahúsið veitir yfirlækni vinnuástöðu til að sinna utanspítala-sjúklingum eftir ákveðnu tímaplani og aðstoðarfólk eftir því sem þörf er á.
- Fyrir þessa þjónustu greiðist sem hér segir:
 - a) Fyrir þjónustu, sem í gjaldskrá L.R. 1.4. er metin á 11 einingar eða minna greiðist ekkert.
 - b) Fyrir þjónustu sem í gjaldskrá L.R. er metin á meira en 11 einingar skal greiða sjúkrahúsinu 40% af heildargjaldi.

Þá hafa verið gerðir óformlegir samningar við þá sérfræðinga sem koma til afleysinga sem og þá sérfræðinga sem koma reglulega til Ísafjarðar. Samkvæmt samningnum hafa sérfræðingarnir aðstöðu til móttöku sjúklinga í heilsugæslustöðinni og greiða þar 15% aðstöðugjald þ.e. fyrir húsnæði, þjónustu ritara og símavörslu. Samningurinn felur enn fremur í sér að læknarnir hafa aðstöðu til aðgerða í sinni sérgrein á skurðstofu sjúkrahússins og greiða þá 40% aðstöðugjald af heildarupphæð reiknings. Sjúkrahúsið leggur til aðstoðarfólk og skurðstofuástöðu.

Yfirlæknir er í 100% stöðu við sjúkrahúsið. Hann er alltaf á bakvakt ef undan eru skildir þeir mánuðir sem annar skurðlæknir starfaði við sjúkrahúsið. Þá voru bakvaktirnar tvískiptar.

Tvisvar í viku þ.e. á þriðjudögum og fimmtudögum tekur skurðlæknirinn á móti sjúklingum á eigin vegum vegum, tvo tíma í senn. Segja má að í gildi sé tilvísanakerfi þar sem nær allir sjúklingar sem leita til hans koma vegna ábendingar frá heilsugæslulækni. Aðrir virkir dagar fara alfarið í almenna sjúkrahúsvinnu þar á meðal pappírsvinnu og fundahöld. Yfirlæknir les að verulegu leyti sjálfur úr röntgenmyndum en hefur einnig samvinnu við Ríkisspítala um úrlestur.

Fjórir læknar vinna við heilsugæslustöðina og er álag á þá mikið. Tveir eru sérfræðingar í heimilislækningum, einn er lyflæknir og einn er almennur læknir. Sérfræðingur í heimilislækningum hefur séð um svæfingar á sjúkrahúsinu í afleysingum. Heilsugæslulæknarnir eru allir í 100% stöðu við heilsugæsluna og að auki í 25% stöðu við sjúkrahúsið eins og fyrr greinir. Þeir eru á fjórskiptum vöktum í héraði og sinna þá jafnframt vakt á sjúkrahúsinu. Skurðlæknir er því ekki kallaður út að nóttu nema brýn ástæða þyki til og sinna heilsugæslulæknarnir fyrstu þörfum bráðasjúklinga. Þeir sjá ennfremur um allar inn- og útskriftir sjúklinga og aðstoða við stærri aðgerðir.

Ríkisendurskoðun hefur metið umfang þeirrar vinnu sérfræðinganna sem hægt er að mæla og meta til eininga hvort sem er á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Umfang aðgerða/meðferða á inniliggjandi sjúklingum er fengið úr ársskýrslum sjúkrahússins sem skráð er hjá Ríkisspítölum upp úr gögnum sem sjúkrahúsið sendir. Umfang aðgerða á utanspítalasjúklingum er unnið upp úr reikningum sérfræðinganna til Tryggingastofnunar ríkisins og liggur því einingafjöldi þeirra verka fyrir. Við mat á einingafjölda vegna aðgerða á inniliggjandi sjúklingum hefur að verulegu leyti verið stuðst við samning Tryggingastofnunar við sjálfstætt starfandi lækna. Einingafjöldi verka sem ekki er til í þeirri gjaldskrá hefur verið metinn.

Sundurliðun læknisverkanna og einingafjöldi þeirra eru sýndar í fylgiskjali 5.2 og 5.3 en helstu niðurstöður koma fram í eftirfarandi töflu fyrir árið 1994:

Tafla 7.13 Einingafjöldi verka unnin á sjúkrahúsinu á Ísafirði árið 1994

Aðgerðir árið 1994	Sjúklingar innan sjúkrahúss	Sjúklingar utan sjúkrahúss	Samtals
Sýnatökur/speglanir	1.303	6.702	6.580
Aðgerðir/meðferðir	8.548	7.890	16.438
Svæfingar/deyfingar		9.522	9.522
Samtals	9.851	24.114	32.540

Ríkisendurskoðun hefur metið þau læknisverk sem mælanleg eru til 32.540 eininga. Svæfingar og deyfingar vegna aðgerða á sjúklingum innan sjúkrahúss hafa ekki verið metnar til eininga.

Um 57% læknisverkanna eru gerð ambúlant þ.e. á sjúklingum sem fara heim að aðgerð lokinni. Þá eru einingar vegna svæfinga ekki

meðtaldar. Sýnatökur og speglanir eru 20,2% af þeim læknisverkum sem metin voru.

7.5.4 Hjúkrun

Núverandi hjúkrunarforstjóri hefur starfað sem hjúkrunarfræðingur við sjúkrahúsið síðan 1981 en verið í starfi hjúkrunarforstjóra síðan 1989.

Hjúkrunarforstjóri sér um skipulagningu og umsjón hjúkrunar á legudeild, skurðstofu, slyastofu og fæðingardeild sjúkrahússins. Undir hann heyrir jafnframt endurhæfingardeild og ræsting. Hjúkrunarforstjóri hefur yfirumsjón með innkaupum hjúkrunarvara og annast minni háttar tækjakaup en dagleg innkaup og umsjón hjúkrunarvörulagers er 25% starf hjá sérstökum starfsmanni. Hann hefur ennfremur yfirumsjón með apóteki sjúkrahússins en hjúkrunarfræðingur í 25% starfi sér um innkaup, lyfjabirgðir og afgreiðslu á deildir. Hjúkrunarforstjóri leysir hann af í fríum sem og aðra yfirmenn þjónustudeilda sem hann ber ábyrgð á. Auk þess er fræðslustarf sjúkrahússins á könnu hjúkrunarforstjóra og hefur hann yfirumsjón með líkhúsi, kapellu og bókasafni sjúkrahússins.

Hjúkrunarforstjóri sér að mestu um svæfingar. Þrjár vikur í mánuði hverjum er hann á bakvakt fyrir skurðstofuna en sérfræðingur í heimilislækningum á heilsugæslustöðinni hefur tekið að sér bakvaktina fjórðu hverja viku.

Fyrir hendi er ráðningasamningur við hjúkrunarforstjóra og eru helstu atriði hans eftirfarandi:

- Hjúkrunarforstjóri tekur laun og hefur réttindi og skyldur skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Hjúkrunarfélags Íslands, eins og hann er á hverjum tíma. Auk þess 25% álag á föst mánaðarlaun í dagvinnu.
- Hjúkrunarforstjóri fær 50 klst. á mánuði í yfirvinnu fyrir alla vinnu sem unnin er utan reglubundins vinnutíma hans sem hjúkrunarforstjóra.
- Gegni hjúkrunarforstjóri meðfram starfi sínu svæfingum á skurðdeild og fylgjandi störfum, fær hann greitt fyrir það hálf byrjunarlaun hjúkrunarfræðings þ.e. 30% laun skv. 26. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Útköll og gæsluvaktir vegna starfa sem svæfingarhjúkrunarfræðingur og við fylgjandi störf á skurðdeild

greiðist skv. launakjörum svæfingarhjúkrunarfræðinga í kjarasamningum fjármálaráðherra og Hjúkrunarfélags Íslands. Útköll í þessu sambandi teljast ekki frá kl. 16:00-18:00 virka daga.

Eins og fram kemur að ofan er starf hjúkrunarforstjóra við svæfingar álitíð samsvara um 60% stöðugildi en heimild er fyrir 2 x 60% stöðugildum svæfingahjúkrunarfræðinga við sjúkrahúsið. Hjúkrunarforstjóri fær hins vegar greitt fyrir svæfingar eins og um 30% stöðuhlutfall væri að ræða. Hann er alltaf á bakvakt fyrir svæfinguna nema hvað einn heilsugæslulæknirinn tekur eina viku í mánuði. Greitt er sérstaklega fyrir útköll ef einhver eru og falla þá bakvaktageiðslur niður á meðan.

Þrjár ljósmæður unnu við sjúkrahúsið í samtals 2,0 stöðugildum, en ein hætti vorið 1995. Þær eru ráðnar á hinum hefðbundnu samningum við ljósmæður þ.e. vinna 6 tíma á dag og fá gæslustundir greiddar í fríi. Þær mæta alltaf til vinnu þótt engin sængurkona liggja inni. Þegar þannig stendur á er vinna þeirra fólgin í því að yfirfara lyfjalager og bráðaáhöld, sinna pappírsvinnu o.þ.h. Í upphafi var reynt að fá þær til þess að ganga í önnur störf á legudeildinni en það gekk ekki.

Þokkalega hefur gengið að manna stöður hjúkrunarfræðinga enda þótt aldrei náist að fullmanna stöðurnar. Hins vegar hefur gengið mjög vel að manna stöður sjúkraliða.

Ríkisendurskoðun kannaði hvað hve margir inniliggjandi sjúklingar m.v. legudaga voru á hverjum degi ársins á hvert setið stöðugildi við hjúkrun og aðhlynningu.

Tafla 7.14 Hjúkrun og aðhlyning árin 1992 - 1994

Stöðugildi	1992	1993	1994
Hjúkrunarfræðingar	11,25	9,65	14,00
Ljósmaður	2,00	2,00	2,00
Sjúkraliðar	8,20	7,90	11,00
Starfsstúlkur sjúkradeilda	10,70	13,50	6,00
Hjúkrun og aðhlyning alls	32,15	33,05	33,00
Rúmafjöldi	30	30	30
Legudagar	11.422	10.982	10.891
Fjöldi inniliggjandi sjúklinga á dag	31,3	30,1	29,8
Fjöldi sjúklinga á stöðugildi	0,97	0,91	0,90

Eins og fram kemur á töflunni hér að framan er u.þ.b. einn sjúklingur á hvert stöðugildi síðastliðin tvö ár. Taka verður tillit til þess að legudagur er skráður bæði við komu og brottför sjúklings.

Hjúkrunarfræðingar stofnunarinnar sjá um störf í líkhúsi og hluta útfararþjónustunnar á Ísafirði og eru umsjónarmennirnir til aðstoðar ef með þarf. Ef fólk deyr utan spítala á heilsugæslustöðin að sjá um kistulagninguna en reyndin hefur orðið sú að þessi vinna fer öll fram á sjúkrahúsinu. Sérstök útfararþjónusta er ekki fyrir hendi á Ísafirði.

7.5.5 Skurðstofa

Á árinu 1994 voru þrjú skurðjúkrunarfræðingar í 100% stöðu hver í starfi við sjúkrahúsið. Einn þeirra hætti vorið 1995. Þeir vinna allir venjulega vinnuviku og sinna skurðstofunni hvort heldur sem um er að ræða aðgerðir á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Skurðjúkrunarfræðingarnir sjá um pökkun og sótthreinsun og þrif inni á skurðstofunni. Þeir sinna ennfremur slystofu og göngudeild. Auk þess sjá þeir um uppvöknun og sótthreinsun og pökkun fyrir heilsugæslustöðina.

Skurðjúkrunarfræðingarnir skiptast á að taka bakvaktir eina viku í senn. Önnur fær greitt fyrir svokallaða pípvakt og eru báðar vaktirnar frá kl. 16:00 til kl. 8:00 næsta morgunn. Ef til útkalls kemur er greitt sérstaklega fyrir það, að lágmarki 2 tímar hjá bakvaktinni en 4 tímar hjá pípvaktinni. Yfirvinna er fyrst og fremst unnin í tengslum við komur aðkomusérfræðinga.

7.5.6 Röntgen

Á röntgendeild starfa tveir röntgentæknar í 80% starfi hvor. Röntgentæknarnir vinna ýmist frá kl. 8:00 til kl. 12:00 eða frá kl. 8:00 til kl. 16:00. Þeir skiptast á að taka bakvaktir og sinna vöktunum viku í senn. Greitt er fyrir vakt virka daga frá kl. 16:00 til kl. 8:00 næsta morgun og allan sólarhringinn um helgar. Greitt er sérstaklega fyrir útköll ef einhver eru og falla bakvaktagreiddslur þá niður á meðan. Að auki er greitt fyrir yfirvinnu ef einhver er.

Um 20%-25% vinnunar er vegna inniliggjandi sjúklinga en annað er vegna heilsugæslustöðvar og slysastofu. Vinnuálag er að jafnaði mikið. Ef vel ætti að vera þyrfti aðstoðarmann í 40%-50% starf. Talsverður tími fer í pappírsvinnu og frágang á myndum, sjúkraskýrslum o.þ.h. Tækjakostur er þokkalegur. Það sem ekki verður ráðið við með nokkru móti er sent til Reykjavíkur.

Ríkisendurskoðun kannaði fjölda rannsókna vegna inniliggjandi sjúklinga og sjúklinga utan spítala á hvert setið stöðugildi á röntgendeild árin 1992-1994 í því skyni að fá vísbendingu um vinnuálag á deildinni. Ekki er gerður greinarmunur á því hvers eðlis röntgenrannsóknin er.

Tafla 7.15 Röntgenrannsóknir árin 1992 - 1994

	1992	1993	1994
Röntgentæknar, stöðugildi	2,0	2,0	1,6
Rannsóknir, inniliggjandi sjúklingar	566	640	692
Rannsóknir, sjúklingar utan spítala	2.399	2.536	2.389
	2.965	3.176	3.081
Rannsóknir á stöðugildi	1.483	1.588	1.929

Eins og ofangreind tafla sýnir, hefur fjöldi rannsókna á hvert setið stöðugildi aukist talsvert á undanförunum þremur árum eða sem svarar til 30%. Stöðugildum hefur fækkað um 0,4 á þessu árabili samhliða því að rannsóknum hefur fjölgað.

7.5.7 Rannsókn

Á rannsóknastofu starfa þrjár meinataæknar í 2,0 stöðugildum. Tveir eru í 75% stöðu og einn í 50% stöðu. Vinnunni er þannig hagað að sá sem er í 50% stöðu vinnur frá kl. 8:00 til kl. 12:00. Hinir skiptast á að vinna frá kl. 8:00 til kl. 16:00 eða frá kl. 12:00 til kl. 16:00. Meinataæknarnir skipta jafnt með sér vöktum.

Vöktum er hagað eins og röntgen. Ef til útkalls á bakvakt kemur eru greiddir 2 tímar og falla bakvaktageiðslur þá niður á meðan. Frá 16:00 til 24:00 er greitt álag I en álag II frá 24:00 til 8:00 næsta morguns. Nokkuð er um útköll á vöktum. Útköll eru alltaf um helgar og 2 til 5 sinnum í viku þar fyrir utan. Álag á rannsóknastofu er umtalsvert. Meinatæknarnir anna þó vel vinnunni enda tækjakostur tiltölulega góður. Mestur hluti rannsókna er vegna heilsugæslunnar.

Földi rannsókna vegna inniliggjandi sjúklinga og sjúklinga utan spítala á hvert setið stöðugildi á rannsóknastofu var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 7.16 Rannsóknir árin 1992 - 1994

	1992	1993	1994
Meinataeknar, stöðugildi	2,40	2,75	2,00
Rannsóknir, inniliggjandi sjúklingar	5.170	5.494	5.798
Rannsóknir, sjúklingar utan spítala	14.701	18.160	14.433
	19.871	23.654	20.231
Rannsóknir á stöðugildi	8.280	8.601	10.116

Eins og ofangreind tafla sýnir hefur álag á rannsóknastofu aukist talsvert sé miðað við fjölda rannsókna á hvert setið stöðugildi. Aukningin nemur 22,2%. Á þessu þriggja ára tímabili hefur stöðugildum fækkað um 0,4 en rannsóknum fjölgað töluvert samanborið við árið 1992 þrátt fyrir að þeim hafi fækkað miðað við árið 1993. Skýringanna á því er m.a. að leita í 7 vikna verkfalli meinatækna á síðastliðnu ári.

7.5.8 Mat á starfsemi

Verulegur halli var á rekstri Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði á árinu 1994 eins og fram hefur komið í fyrr í þessari skýrslu. Má einkum rekja hann til þeirrar starfsemi er fram fer á sjúkrahúsinu auk óreglulegra útgjalda og þess að ekki er farið í framkvæmdir á því ári sem framlag til þeirra fékkst. Ríkisendurskoðun reyndi að meta ástæður þess hallareksturs sem tengist beint starfsemi sjúkrahússins. Í því skyni var reiknað hver væri meðalkostnaður á legudag hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði síðastliðin þrjú ár.

Tafla 7.17 Meðalkostnaður á legudag árin 1992 - 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Heildarkostnaður sjúkrahúss	207.931	219.784	226.070

Legudagar almennir	10.851	9.942	10.271
Meðalkostnaður á legudag í kr.	19.162	22.107	22.011

Á árinu 1994 var meðalkostnaður sjúkrahússins á Ísafirði á hvern almennan legudag 22.011 krónur. Í fimmta kafla hér að framan er þessum kostnaði skipt eftir því hvort um langlegu eða skammtímalegu er að ræða. Kostnaður á hvern legudag hefur hækkað talsvert frá árinu 1992 eða um 14,9%. Skýrist það bæði af því að legudögum hefur fækkað um 5,3% auk þess sem kostnaður sjúkrahússins hefur aukist um 8,7% að raunvirði. Ef tekið er tillit til óreglulegs launakostnaðar á skrifstofu á árinu 1994 sem ekki var til staðar árin 1992 og 1993 nam meðalkostnaður á legudag 21.751 krónum.

Rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði er kostnaðarsamur miðað við þá starfsemi er þar fer fram. Í samanburði við önnur sjúkrahús á landsbyggðinni sem Ríkisendurskoðun hefur tekið til athugunar þ.e. sjúkrahúsin á Sauðárkróki, Húsavík og Vestmannaeyjum auk sjúkrahúsanna þriggja í þessari skýrslu, er kostnaður sjúkrahússins á Ísafirði tvöfalt hærri en þar sem hann er lægstur. Reyndar er kostnaðurinn hæstur af þeim sjö sjúkrahúsum sem Ríkisendurskoðun hefur athugað.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að þrátt fyrir að legudögum á sjúkrahúsinu hafi fækkað á síðastliðnum þremur árum hefur starfsemi þess aukist verulega, eins og áður hefur komið fram, m.a. vegna þess að veruleg aukning hefur orðið í komum sérfræðinga til skemmri dvalar. Þá er hlutfall skammtímalegu með hærri móti samanborið við þau sjö sjúkrahús sem tekin hafa verið til athugunar en það er að jafnaði mun dýrari lega en langlega.

Leiða má að því líkur að sá fasti kostnaður sem þarf til að reka sjúkrahús sem veitir þá þjónustu sem sjúkrahúsið á Ísafirði veitir þ.e. hlutfallslega litla langlegu miðað við samanburðarsjúkrahúsin og fleiri lækni- og lækisverk í samanburði við sjúkrahús af hliðstæðri stærð, nýtist ekki sem skyldi. Þannig má telja öruggt að fjölgun legurýma í kjölfar opunar nýju deildarinnar muni leiða til lægri kostnaðar á legudag þrátt fyrir að kostnaður muni aukast að einhverju marki vegna aukinnar starfsemi.

Ríkisendurskoðun áætlaði hver meðalkostnaður á legudag yrði hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði eftir að öldrunar- og endurhæfingardeild þess væri komin í fulla notkun. Sé miðað við þá endurskoðuðu áætlun sem liggur

fyrir um rekstur öldrunar- og endurhæfingardeildarinnar, en hún gerir ráð fyrir að reksturinn kosti 62,1 milljón króna, má ætla að meðalkostnaður á legudag verði á bilinu 16-17 þúsund krónur. Er þá gert ráð fyrir að nýting deildarinnar verði um og yfir 80% miðað við fullt ár í rekstri, sem er sambærilegt við hjúkrunardeild sjúkrahúss Suðurnesja í Víðihlíð. Jafnframt er gert ráð fyrir því að nýting þeirrar deildar sem fyrir er verði sú sama og undanfarin ár, yfir 90%. Það er því ljóst miðað við þessar forsendur að fyrirkomulag rekstrarins fram til ársins 1994 var óhagkvæmur.

7.6 Rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði

7.6.1 Skrifstofa

Á sameiginlegri skrifstofu sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar starfa þrír starfsmenn, framkvæmdastjóri, launafulltrúi og skrifstofumaður, öll í fullu starfi. Ekki er ráðinn starfskraftur til afleysinga ef frá er skilin aðstoð vegna uppgjors um áramót.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með rekstri sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar og eftirlit með því hvert stefnir í rekstri þeirra. Hann annast almenna fjármálastjórn fyrir stofnanirnar og sér um gerð fjárhagsáætlana. Framkvæmdastjóri er starfsmannastjóri stofnananna tveggja. Umsjón með viðhaldi og verklegum framkvæmdum eru jafnframt á hans könnu. Auk þess undirbýr framkvæmdastjóri fundi stjórnar.

Skrifstofumaður vinnur öll hefðbundin störf vegna fjárhagsbókhaldsins. Hann merkir og færir bókhald, annast rekstraruppgjör stofnanna og afstemmingar á viðskiptareikningum. Fært er í BÁR-ET kerfi. Skrifstofumaður sér um sértekjur stofnanna þ.e. innheimtu reikninga frá Tryggingastofnun, aðstöðugjalda frá sérfræðingum og uppgjör komugjalda á heilsugæslustöðina. Auk þess sér hann um skráningu og útskrift reikninga vegna fæðissölu frá sjúkrahúsinu til bæjarins og vegna annarra sértekna sjúkrahússins s.s. vegna stoðdeilda. Gert er upp mánaðarlega frá slysastofu, röntgen, rannsókn og endurhæfingadeild og daglega tekið við sjóði heilsugæslustöðvarinnar. Skrifstofumaður sér jafnframt um afstemmingar á ávísanareikningi sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar.

Launafulltrúi hefur umsjón með launamálum stofnananna. Launafulltrúinn sér alfarið um launabókhaldið og uppgjör launa. Tölvukerfið

H-laun er notað við útreikning launanna. Starfsmenn sjúkrahúss og heilsugæslu eru að jafnaði um 200 þó talsvert fleiri yfir sumartímann.

Tafla 7.18 Upplýsingar um starfsmenn árin 1992 - 1994

Starfsmannamál	1992	1993	1994
Stöðugildi á skrifstofu	3,0	3,0	3,0
Fjöldi starfsmanna allra stofnana	89	93	92
Setin stöðugildi stofnananna tveggja	65,13	68,88	67,65

Launafulltrúi er jafnframt gjaldkeri stofnananna þ.e. yfirfer reikninga og greiðir þá. Allir reikningar sem berast skrifstofu fara til uppáskriftar hjá þeim yfirmanni sem stofnaði til útgjaldanna. Fyrir ári var tekið upp nýtt kerfi við uppáskrift reikninga. Forstöðumenn deilda eiga allir sitt hólfi í afgreiðslunni og þar eru þeir reikningar settir sem berast skrifstofunni. Forstöðumönnum ber að vitja reikninga reglulega og koma þeim árituðum til skrifstofu innan ákveðins tíma. Þeir yfirmenn sem sjá um innkaup sinna deilda kvitta fyrir móttöku vöru eða þjónustu á afrit reikninga og yfirfara afgreiðsluseðla áður en að reikningar eru samþykktir til greiðslu.

Tafla 7.19 Skrifstofu- og upplýsingakostnaður árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Laun	7.465	11.422	9.590
Annar skrifstofukostnaður	4.113	2.760	1.750
Skrifstofu- og upplýsingakostnaður	11.579	14.182	11.340

Skrifstofu- og upplýsingakostnaður hefur lækkað um 239 þúsundir króna á árinu 1994 í samanburði við árið 1992 eða sem svarar til 2,1% að raunvirði. Launagjöld hafa aukist um 2,1 milljón króna eða 28,5% að raunvirði. Verulegar mannabreytingar urðu á skrifstofu á þessu árabili en framkvæmdastjóri, launafulltrúi og bókari hættu störfum á árinu 1993 og nýjir tóku við og skýrir það háan launakostnað þess árs og ársins 1994. Þannig eru 2.670 þúsundir króna af laungjöldum ársins 1994 vegna fyrrverandi starfsmanna á skrifstofu. Að teknu tilliti til þessa lækkuðu launagjöld á skrifstofu um 545 þúsundir króna eða um 7,3% að raunvirði. Kostnaður við skrifstofuhald hefur lækkað umtalsvert milli áranna 1992 og 1994 eða um 2,3 milljónir króna. Hár kostnaður áranna 1992 og 1993 skýrist af tölvuvæðingu skrifstofunnar og kom kostnaðurinn einkum fram á aðkeyptri sérfræðiþjónustu, eignakaupum og kaupum á skrifstofuvörum ýmis konar. Þá hefur annar kostnaður á skrifstofu s.s ferða- og dvalarkostnaður lækkað nokkuð á þessu árabili.

Tafla 7.20 Rekstur skrifstofu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Skrifstofukostnaður	11.579	14.182	11.340
Velta sjúkrahúss	207.931	219.784	226.070
Velta heilsugæslu	44.825	42.513	45.240
Velta alls	252.756	262.297	271.310
Skrifstofukostnaður í % af veltu	4,58%	5,41%	4,18%

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan hefur kostnaður við skrifstofuhald sem hlutfall af veltu stofnanna farið lækkandi undanfarin þrjú ár. Það skýrist af því að kostnaður við skrifstofuhald hefur lækkað á síðastliðnum þremur árum jafnframt því að rekstrarkostnaður sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar hefur aukist. Sé tekið tillit til eðlilegs kostnaðar við skrifstofuhald á árinu 1994 nam hann 8.670 þúsundum króna eða 3,2% af veltu stofnanna tveggja.

Reglulega fá deildarstjórar yfirlit yfir rekstur sinna deilda. Þó fær hjúkrunarforstjóri yfirlit þeirra deilda er undir hann heyra en ekki viðkomandi deildarstjórar. Í kjölfar þess fara framkvæmdastjóri og viðkomandi yfirmaður yfir stöðu mála. Nokkur brögð voru að því að starfsfólk taldi að rekstrarupplýsingarnar væru gamlar og ekki nægjanlega nákvæmar. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að bókhaldið verði uppfært með reglulegum hætti og að komið verði á birgðabókhaldi, eins og stefnt er að af hálfu skrifstofu, þannig að auðveldara verði að færa kostnað reglulega á deildir í samræmi við notkun hverju sinni.

Rekstraráætlanir eru gerðar fyrir sjúkrahúsið í heild sinni og þeim skipt niður á mánuði. Þeim hefur hins vegar ekki verið skipt niður á einstakar deildir sjúkrahússins. Ríkisendurskoðun bendir á nauðsyn þess að rekstraráætlanir séu gerðar fyrir einstakar deildir þess og þeim sé skipt niður á mánuði þannig að forsvarsmenn sjúkrahússins svo og yfirmenn viðkomandi deilda geti fylgst með hvort að reksturinn sé í samræmi við áætlanir.

7.6.2 Eldhús

Í eldhúsi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði starfa sjö starfsmenn í 6,37 stöðugildum að meðtöldum matráðsmanni. Starfsmenn eru allir í fullu starfi utan einn sem er í 37% stöðu. Matráðsmaðurinn vinnur frá kl. 7:00 til kl. 15:00 fimm daga vikunnar og aðra hverja helgi. Aðrir

starfsmenn vinna ýmist frá kl. 7:00 til kl. 15:00 eða frá kl. 9:00 til kl. 17:00. Á virkum dögum eru yfirleitt 4 til 5 starfsmenn í vinnu en 3 starfsmenn eða rúmlega það um helgar. Sá sem er í 37% starfi vinnur óreglulega eða þegar með þarf. Um helgar eru alltaf 3 starfsmenn í fríi, 2 á mánudögum og 1 á þriðjudögum til föstudags.

Þrír starfsmenn mæta til vinnu kl. 7:00 að morgni og hefjast þá tveir handa við að undirbúa morgunverð og einn vaskar upp frá kvöldinu áður. Allt uppvask er þvegið í eldhúsi, ekkert á deildum. Bakstur og önnur aukaverk fylgja í kjölfarið a.m.k. nokkra daga vikunnar. Í eldhúsi er bakað allt brauð annað en matbrauð. Á undanförunum árum hefur mikið dregið úr framreiðslu á sætum kökum sem kaffibrauði.

Á morgunverðarborði hafa verið nokkrar tegundir af áleggi m.a. ostur, grænmeti og egg, tvær tegundir af brauði, súrmjólk, jógurt o.þ.h. Morgunverður er framreiddur á milli kl. 9:00-10:00. Þessu til viðbótar er hægt að kaupa ávexti, þykkmjólk og safa og er þá greitt fyrir það sérstaklega. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að starfsfólki sjúkrahúsi verði boðið upp á einfaldan morgunverð eins og tíðkast annars staðar hjá ríkisstofnunum þar sem morgunverður er framreiddur. Slík tilhögun myndi minnka vinnu starfsfólks eldhússins, lækka kostnað við matargerð og þ.a.l. leiða til aukinnar hagræðingar. Rétt er að geta þess að á árinu 1995 var morgunverður til starfsfólks einfaldaður.

Um kl. 8:30 er farið að undirbúa hádegisverð. Matráðsmaðurinn eldar nánast allan almennan mat og sér að auki um sérfaðið á stofnuninni. Aðstoðarmatráðsmaður leysir hann af í fríum. Á milli 90 og 100 máltíðir eru daglega undirbúnar í hádegi. Skömmtun hádegisverðar er lokið kl. 11:30 og hádegismatur starfsfólks er framreiddur frá kl. 12:00-13:00. Þá tekur við frágangur og undirbúningur kvöldverðar sem er smurt brauð o.þ.h. Síðdegiskaffi á legudeildum er kl. 14:00. Í framhaldi af því hefst skömmtun kvöldverðar.

Að jafnaði er fjöldi framleiddra máltíða eftirfarandi fyrir utan síðdegiskaffi á legudeild og þjónustudeild Hlífar:

	Morgunverður	Hádegisverður	Kvöldverður
Sjúklingar, legudeild	25 skammtar	25 skammtar	25 skammtar
Starfsfólk, sjúkrahús	25 skammtar	25 skammtar	5 skammtar
Starfsfólk, eldhús o.fl.		11 skammtar	
Hlíf, þjónustudeild		15 skammtar	
Hlíf, þjónustuíbúðir	13 skammtar	15 skammtar	13 skammtar

Starfsfólk getur keypt matarmiða og er 20 miða kort selt á 2.000 krónur. Miðar eru seldir í eldhúsi. Starfsfólk kvittar fyrir og launadeild sér síðan um að draga af launum viðkomandi. Meira en helmingur vinnandi starfsfólks borðar alltaf í matstofunni. Nýverið var ákveðið að loka matstofunni um helgar og borðar starfsfólk þá daga í lítilli borðstofu inn af eldhúsi sem er afdrep starfsfólks í eldhúsi. Vel gengur að innheimta matarmiða af starfsfólki.

Fyrir máltíðir er innheimt af starfsfólki eftirfarandi:

Máltíð	Fjöldi eininga	Heildarverð
Morgunverður, kaffi	1 miði	100 krónur
Hádegisverður, fiskmáltíð	2 miðar	200 krónur
Hádegisverður, kjötmáltíð	3 miðar	300 krónur
Salatbar	1,5 miðar	150 krónur
Spónamatur	0,5 miðar	50 krónur
Áxöxtur, þykkmjólk, safi o.þ.h.	0,5 miðar	50 krónur

Eldhúsið selur út fæði til þjónustudeildar Hlífar sem er öldrunarstofnunin á staðnum og ellilífeyrisþega í íbúðum aldraðra. Þjónustudeildin fær matinn afhentan í matarkössum og þar er skammtað á diskana. Íbúar í íbúðum aldraðra fá matinn í matarbökkum. Í báðum tilvikum sér ráðsmaður um að afhenda matinn á virkum dögum. Gerður hefur verið samningur við bílstjóra vegna aksturs um helgar.

Þjónustudeildin greiðir 8.960 krónur á dag fyrir fæðið allt árið um kring. Um er að ræða heita máltíð fyrir 15 manns í hádegi og hráefni fyrir miðdegiskaffi fyrir 11 manns og til kvöldverðar og morgunverðar fyrir 13 manns. Upphæðin á að samsvara hráefniskostnaði, vinnulaunum og kostnaði við akstur. Kostnaðurinn var fundinn með því að halda saman öllum kostnaði yfir fjögurra mánaða tímabil í upphafi. Verðið breytist árlega í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Ísafjarðarkaupstaður greiðir matinn fyrir íbúa í íbúðum aldraðra og er jafnaðarverð á matnum 370 krónur. Eldhúsið afgreiðir matarbakkana í samræmi við pantanir samkvæmt lista sem gerðar eru daginn áður. Brytinn og forstöðukona Hlífar yfirfara listana og er greitt inn á reikning sjúkrahússins í samræmi við þá.

Bryti sér um innkaup á matvælum og rekstrarvörum fyrir eldhús. Gerður er verðsamanburður og keypt þar sem lægst er boðið. Um helmingur kjötvara er keypur af Vestfjörðum, um 25% frá Akureyri og um 25% frá Reykjavík. Hann kvittar fyrir öllum reikningum honum viðkomandi og fær reglulega útskrift úr bókhaldi. Niðurstöður bókhalds eru ræddar við framkvæmdastjóra.

Vinnuálag er mikið og oftast er undirmannað. Reynt hefur verið að hagræða með tilliti til stækkunar sjúkrahússins en sýnt þykir að þegar nýja deildin verður komin í gagnið þurfi að bæta við 2,0 stöðugildum í eldhúsi. Tækjakostur í eldhúsi er mjög góður.

Aukið álag hefur verið í eldhúsi í tengslum við stjórnarfund, jólatrésskemmtun og árshátíð starfsfólks. Kostnaður vegna þessa hefur fallið á eldhúsið. Annars er það regla að kostnaður vegna risnu færist á þá deild sem biður um hana. Að mati Ríkisendurskoðunar ber að færa allan kostnað vegna risnu á viðeigandi kostnaðarstaði í bókhaldi sjúkrahússins. Makar starfsmanna hafa getað fengið keyptar máltíðir í eldhúsi en greiða þá tvöfalt gjald fyrir.

Skipting tekna og gjalda eldhússins síðustu þrjú ár var eftirfarandi á verðlagi ársins 1994:

Tafla 7.21 Kostnaður við rekstur eldhúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Tekjur:			
Starfsmannamötuneyti	2.294	2.000	2.200
Útselt fæði	959	4.937	4.521
Aðrar tekjur	14	28	334
Samtals	3.266	6.965	7.055
Kostnaður:			
Hráefni	9.709	9.928	9.161
Laun	9.746	9.320	10.560
Annar kostnaður	1.159	1.605	1.525
Samtals	20.614	20.853	21.246
Gjöld umfram tekjur	17.348	13.888	14.191

Tekjur af matarsölu sjúkrahússins hafa hækkað um 3,9 milljónir króna eða ríflega tvöfaldast að raunvirði milli árana 1992 og 1994. Skýringanna er að leita í aukinni sölu fæðis til þjónustudeildar Hlífar, dvalarheimilis aldraðra sem hefur nær fjórfaldast á tímabilinu en auk þess hefur fæðissala til aldraðra íbúa á Ísafirði aukist nokkuð. Hins vegar hafa tekjur af matarsölu til starfsmanna lækkað lítillega eða um 4,1% að raunvirði á árinu 1994 miðað við árið 1992 þrátt fyrir að verð á matarmiðum var hækkað úr 80 í 100 krónur í ársbyrjun 1994. Það skýrist af því að í kjölfar hækkunarinnar fækkaði starfsfólki í fæði jafnframt því að það fór yfir í ódýrara fæði.

Kostnaður við matargerð hjá eldhúsi sjúkrahússins á Ísafirði hefur hækkað um 632 þúsundir króna eða um 3,1% að raunvirði síðastliðin þrjú ár sem helst í hendur við aukin umsvif í eldhúsi. Launakostnaður í eldhúsi hefur aukist um 814 þúsundir króna eða 8,4% en hráefniskostnaður hefur aftur á móti dregist saman um 548 þúsundir króna eða 5,6%.

Tafla 7.22 Rekstur eldhúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Velta sjúkrahúss	207.931	219.784	226.070
Rekstur eldhúss	17.348	13.888	14.191
Rekstur eldhúss í % af veltu sjúkrahúss	8,3%	6,3%	6,3%
Legudagar almennir	10.851	9.942	10.271
Rekstur eldhúss á legudag í kr.	1.599	1.397	1.382
Setin stöðugildi í eldhúsi	6,37	6,37	6,37
Fjöldi máltíða á stöðugildi í eldhúsi	8.757	10.825	10.203
Kostnaður við matargerð	20.614	20.853	21.246
Fjöldi máltíða	55.783	68.954	64.996
Meðalkostnaðarverð máltíðar	370	302	327
Fæðissala til starfsmanna	2.294	2.000	2.200
Setin stöðugildi alls	80,58	83,38	82,35
Fæðissala til starfsmanna á stöðugildi í kr.	28.469	23.987	26.715
Fæðissala til starfsmanna í % af hráefniskostn.	23,6%	20,1%	24,0%

Rekstrarkostnaður eldhúss að frádregnum tekjum sem hlutfall af heildargjöldum sjúkrahússins hefur lækkað úr 8,3% í 6,3% undanfarin þrjú ár. Skýringanna er einkum að leita í því að rekstur eldhússins hefur orðið hagkvæmari á þessu þriggja ára tímabili samhliða því að rekstarkostnaður sjúkrahússins hefur aukist.

Kostnaður á legudag að frádregnum tekjum nam 1.382 krónum árið 1994 og hefur lækkað nokkuð frá árinu 1992 er hann nam 1.599 krónum. Legudögum hefur heldur fækkað á árinu 1994 miðað við árin 1992 og 1993.

Ríkisendurskoðun kannaði hvert væri meðalkostnaðarverð máltíðar hjá sjúkrahúsinu á Ísafirði. Upplýsingar lágu fyrir hjá sjúkrahúsinu um fjölda máltíða vegna sjúklinga, starfsmanna og um útseldar máltíðir sjúkrahússins á þessu árabili og eru þær upplýsingar notaðar. Miðað við

Þær forsendur var meðalkostnaðarverð hvernar máltíðar hjá sjúkrahúsinu 327 krónur á árinu 1994 og hefur það lækkað nokkuð frá árinu 1992 er það nam 370 krónum.

Tekjur af matarsölunni til þjónustudeildar Hlífar og til eldri borgara í þjónustuþúðum námu 21,3% af heildarkostnaði við matargerð á árinu 1994 en fjöldi máltíða til þeirra nam 30,0% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Eins og fram kemur að ofan er meðalkostnaðarverð máltíðar 327 krónur og fæðisdagurinn kostar því 981 krónu. Verð útseldrar máltíðar til ellilífeyrisþega var 370 krónur en útseldur fæðisdagur á þjónustudeild Hlífar nam 597 krónur. Af þessu er ljóst að verðlagning máltíða til þjónustudeildar Hlífar er talsvert undir kostnaðarverði og leggur Ríkisendurskoðun því til að verð máltíða til þjónustudeildarinnar á Hlíf sé hækkað til samræmis við raunverulegt kostnaðarverð.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna sjúkrahússins og heilsugæslunnar, sé miðað við hvert setið stöðugildi, hafa dregist nokkuð saman á undanförunum þremur árum. Þær námu 28.469 krónum árið 1992 en 26.715 krónum árið 1994.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna námu 10,4% af heildarkostnaði við matargerð árið 1994 en fjöldi framleiddra máltíða fyrir starfsmenn nam hins vegar 27,3% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Verðlagning máltíða til starfsmanna er þannig talsvert niðurgreidd eins og tíðkast hjá stofnunum ríkisins, en venjan er sú að starfsmenn greiði a.m.k. hráefniskostnað máltíðarinnar. Eins og fram kemur í töflunni hér að framan voru tekjur af matarsölu til starfsmanna 24,0% af hráefniskostnaði en hlutfallið ætti, samkvæmt ofangreindu, að vera 27,3%. Það er því mat Ríkisendurskoðunar að hækka þurfi verð á matarmiðum til starfsmanna svo að tekjur af þeim nái til að greiða hráefniskostnað til starfsmanna. Í þessu sambandi vill stofnunin benda á að ef morgunverður starfsmanna væri einfaldaður myndi hráefniskostnaður væntanlega lækka nokkuð og því e.t.v. ekki þörf á að hækka verð á matarmiðum til starfsfólks.

7.6.3 Umsjón og viðhald eigna

Framkvæmdastjóri er yfirmaður umsjónar og viðhalds á eignum sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar. Við daglega umsjón og viðhald á eignum og tækjum stofnananna tveggja auk annarra eigna vinna tveir starfsmenn, báðir í fullu starfi. Annar þeirra er rafvirki og hefur verið fastráðinn við sjúkrahúsið í átta mánuði en vann áður sem verktaki við húsið. Hinn umsjónarmaðurinn er smiður og hefur starfað sem slíkur

við sjúkrahúsið í sjö ár. Auk dagvinnu vinna þeir 2,6 tíma á dag í yfirvinnu. Að öðru leyti er ekki um yfirvinnu að ræða.

Umsjón og viðhald nær til eftirtaldirna eigna:

- Sjúkrahússins Torfnesi
- Heilsugæslustöðvarinnar Torfnesi
- Læknisbústaðar að Urðarvegi 54
- Læknisbústaðar að Urðarvegi 80
- Læknisbústaðar að Urðarvegi 34
- Læknisbústaðar að Urðarvegi 20
- Læknisbústaðar að Seljalandsvegi 73
- Heilsugæslustöðvarinnar Túngötu 2, Suðureyri
- Heilsugæslustöðvarinnar Aðalgötu 10, Súðavík

Yfirumsjón með húseignunum og allt meiri háttar viðhald hefur fram til þessa verið á vegum framkvæmdastjóra. Hann hefur hins vegar talið eðlilegt að sú vinna færðist í meira mæli en nú er á herðar umsjónarmanna. Í því skyni hafði hann í hyggju að koma á fót sérstakri rekstrar- og tæknideild og gera annan umsjónarmannanna yfirmann hennar en sú skipan mála hefur ekki fengist samþykkt af stjórn sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar.

Nokkur verkaskipting er á milli umsjónarmannanna og ræðst hún að einhverju leyti af mismunandi iðnmenntun þeirra. Rafvirkinn sér um umsjón og viðhald á öllum tækjum og vélum sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar en hann tekur auk þess þátt í öllum viðhaldsverkefnum sem til falla. Að undanfögnu hefur hann séð um að yfirfara og endurhanna allt loftræstikerfi sjúkrahússins og er það nú að komast í gott horf. Rafvirkinn hefur leyfi til að kaupa minniháttar verkfæri og áhöld en þarf heimild fyrir öðrum útgjöldum. Hann skrifar upp á alla reikninga sem hann stofnar til en sér ekki útskrift úr bókhaldi og veit því ekki hvaða kostnaður er færður á deildina. Smiðurinn, sem kallast ráðsmaður, hefur séð um ýmsan daglegan rekstur á sjúkrahúsinu s.s. sorpið, póstin og viðgerðir á ýmiss konar hlutum og búnaði sem ekki tengjast rafmagni.

Sjúkrahúsið á eina sendibifreið, sem umsjónarmennirnir sjá um í sameiningu. Hún er m.a. notuð til að flytja mat til öldrunarheimilisins, fara í póstin og einstöku sinnum með sjúklinga til og frá flugvelli. Sjúkraflutningar eru hins vegar á vegum slökkviliðsins.

Framlög vegna viðhalds og leigutekjur af húsnæði voru eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 7.23 Framlög vegna viðhalds og leigutekjur árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Framlög v/viðhalds, ríkissjóður	0	2.639	914
Framlög v/viðhalds, sveitarfélög	0	466	161
Húsaleiga starfsmanna	3.506	2.542	2.557
Samtals	3.506	5.647	3.632

Á árinu 1993 fékk sjúkrahúsið 3,1 milljón króna fjárveitingu til viðhalds sem ætluð var til breytinga á hitakerfi sjúkrahússins. Þá fékk sjúkrahúsið 1.076 þúsundir króna á árinu 1994 til kaupa á læknisbústað. Kaupverð læknisbústaðarins nam 1.078 þúsundum króna en það var ekki bókfært hjá sjúkrahúsinu.

Kostnaður vegna viðhalds og umsjónar á fasteignum og tækjum sjúkrahúss, heilsugæslu og þeirra íbúða sem leigðar eru út til starfsmanna var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 7.24 Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Laun	4.335	4.199	4.745
Leiga á íbúðum f. starfsmenn	3.478	4.361	4.486
Rekstur og viðhald eigna og tækja	17.707	17.060	14.606
Meiriháttar viðhaldskostnaður	0	546	2.942
Samtals	25.520	26.166	26.799

Kostnaður við rekstur og viðhald fasteigna og tækja auk húsaleigu hefur hækkað um 1,3 milljónir króna eða 5,0% á milli áranna 1992 og 1994 eins og taflan hér að framan ber með sér. Ekki hefur verið farið í önnur viðhaldsverkefni af hálfu sjúkrahússins en fjárveitingar hafa fengist til. Kostnaður vegna breytinganna á hitakerfi hússins nam 3.488 þúsundum króna og voru 546 þúsundir króna bókfærðar vegna þess á árinu 1993 en 2.942 þúsundir króna á árinu 1994. Að teknu tilliti til meiriháttar viðhaldskostnaðar lækkaði þessi kostnaður um 1,7 milljónir króna eða 6,5% sem skýrist að miklu leyti af lægri kostnaði vegna orkunotkunar en áætlað er að varmaskiptirinn hafa leitt til 25-30% lægri orkukostnaðar.

Að undanfögnu hefur verið unnið að framkvæmdum við 5. áfanga sjúkrahússins sem að stærstum hluta fól í sér frágang nýrrar legudeildar auk lokafrágangs á ýmsum öðrum verkþáttum. Er þessum framkvæmdum nú lokið. Þá hafa verið boðnar út viðamiklar framkvæmdir vegna viðgerða og klæðingar á sjúkrahúsinu utanhúss ásamt byggingu bílageymslu og eru framkvæmdir þegar hafnar. Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur tæpum 108 milljónum króna og hefur 15,1 milljón króna þegar verið gjaldfærð vegna þeirra. Framkvæmdir þessar fara fram á vegum Framkvæmdasýslunnar. Fellur kostnaðurinn því ekki á sjúkrahúsið og er ekki meðtalinn í töflunni hér að framan. Sama gildir um kostnað við breytingar á loftræstikerfinu.

Framlög vegna tækjakaupa og tækjakaup voru eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 7.25 Framlög og kostnaður vegna tækjakaupa árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Framlög v/tækjakaupa	-2.336	-3.988	-3.529
Tækjakaup	4.844	9.144	3.828
Kaup umfram framlög	2.508	5.156	299

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan voru kaup á tækjum og búnaði umfram framlög á síðastliðnum þremur árum og því fjármögnuð af rekstrarfé sjúkrahússins. Framlög til tækjakaupa fela í sér framlög ríkissjóðs og 15% hlut sveitarfélag í meirháttar tækjakaupum en í tækjakaupum eru innifalín öll kaup sjúkrahússins á tækjum og búnaði síðastliðin þrjú ár.

Á árinu 1992 var m.a. annars keypt tæki til magaspeglunar að fjárhæð 2,3 milljónir króna og ýmiss skrifstofubúnaður s.s. tölvur að fjárhæð 2,2 milljónir króna. Á árinu 1993 var keypt Toyota Highlux sendibifreið að fjárhæð 2,2 milljónir króna, ljósavél að fjárhæð 3,4 milljónir króna og tölvubúnaður að fjárhæð tæpar 2,2 milljónir króna. Þá voru á árinu 1994 keypt húsgögn að fjárhæð 2,8 milljónir króna vegna nýju legudeildarinnar sem opnuð var í apríl á þessu ári.

Sjúkrahúsið átti í árslok 1994 eina af þeim fimm íbúðum sem umsjónarmennirnir sjá um en fjórar þeirra voru í eigu heilsugæslustöðvarinnar. Íbúðirnar eru nýttar fyrir lækna sjúkrahúss og heilsugæslu. Önnur íbúð sjúkrahússins var seld í ársbyrjun 1995. Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin hafa auk þess að staðaldri haft á leigu nokkrar íbúðir

fyrir annað starfsfólk, einkum hjúkrunarfræðinga, ljósmæður, meinataekna og röntgentækna. Í nýrri hluta sjúkrahússins er ennfremur herbergi sem lækna sem koma til skemmri dvalar hafa fengið til afnota.

Tafla 7.26 Eignir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar

Verðlag hvers árs	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Fjöldi íbúða	5	5	5
Fermetrafjöldi, m ²	818,8	818,8	920,7
Brunabótamat	63.609	64.700	66.964

Á undanförunum árum hefur sjúkrahúsið að staðaldri leigt 13 til 14 íbúðir fyrir starfsfólk allt árið um kring.

Tafla 7.27 Leigðar íbúðir sjúkrahúss

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Fjöldi leigðra íbúða	14	14	13
Fermetrafjöldi	1.200	960	990
Leigugjöld	3.478	4.361	4.486
Leigugjöld á fermetra í kr. á mánuði	242	379	378

Sjúkrahúsið endurleigir starfsfólki, er kemur til lengri dvalar, síðan eigin íbúðir og íbúðirnar sem það leigir. Leigutakar greiða að jafnaði um 20 þúsundir króna á mánuði fyrir íbúðirnar sem er u.þ.b. 60% af þeirri leigu sem sjúkrahúsið þarf að greiða.

Tafla 7.28 Leigutekjur

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Fjöldi leigðra íbúða	19	19	13
Fermetrafjöldi	2.018,8	1.778,8	990
Leigutekjur	3.506	2.542	2.557
Leigutekjur á fermetra í kr. á mánuði	145	119	215

Á árinu 1994 var heildarfermetrafjöldi leigðra íbúða 992 m². Fyrir þessar íbúðir greiddi sjúkrahúsið 4,5 milljónir króna eða 4.531 krónur á fermetra. Á móti innheimti sjúkrahúsið leigu að upphæð 2,6 milljónir króna á árinu 1994 eða 2.583 krónur á hvern fermetra. Það svarar til þess að sjúkrahúsið hafi niðurgreitt leigugjöld starfsmanna um 43%. Leigutekjur vegna íbúða sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar námu 749,0 þúsundum króna og runnu í viðhaldssjóð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Þær eru því ekki tekjurfærðar í bókhald

sjúkrahúss eða heilsugæslustöðvar á árinu 1994 á sama hátt og árin tvö þar á undan.

Umsjónarmenn sjá um að gera skýrslu um ástand þeirra húsa sem sjúkrahúsið leigir út þegar tekið er við þeim og þegar farið er úr þeim aftur og sjá um að eðlilegar endurbætur verði gerðar. Það fer eftir eðli endurbótanna hvort þeir vinna verkið sjálfir eða fá til þess aðra iðnaðarmenn. Til þessa hefur fremur lítið verið leitað til utanaðkomandi iðnaðarmanna.

Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds eigna og tækja að frátöldum framlögum til viðhaldsverkefna var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 7.29 Umsjón og viðhald eigna og tækja

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Velta sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar	252.756	262.297	271.310
Umsjónar- og viðhaldskostnaður	22.042	21.323	19.674
Umsjón og viðhald í hlutfalli af veltu	8,7%	8,1%	7,3%
Fermetrafjöldi sjúkrahúss	5.459	5.459	5.459
Fermetrafjöldi heilsugæslu	678	678	678
Fermetrafjöldi eigin íbúða	819	819	0
Fermetrafjöldi alls	6.956	6.956	6.137
Umsjón og viðhald á m ² í kr.	3.169	3.065	3.206

Kostnaður við umsjón og almennt rekstrarviðhald eigna og tækja sjúkrahússins nam 7,3% af heildargjöldum sjúkrahússins á árinu 1994. Á árinu 1992 nam sami kostnaður 8,7%. Skýringanna er einkum að leita í lægri orkukostnaði eins og áður hefur komið fram auk þess sem heildargjöld sjúkrahúss og heilsugæslu hafa aukist nokkuð á þessu þriggja ára tímabili. Þá er umsjón og rekstur læknisbústaða frá og með árinu 1994 í höndum viðhaldssjóðs heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsjónar- og viðhaldskostnaður nam 3.206 krónur á hvern fermetra á árinu 1994 ef miðað er við samanlagðan fermetrafjölda sjúkrahúss og heilsugæslu og hefur hækkað lítillega frá árinu 1992.

7.6.4 Þvottahús

Í þvottahúsinu vinna fjórir starfsmenn í 2,6 stöðugildum. Forstöðukona er í fullu starfi, tveir starfsmenn eru í 50% starfi og einn starfsmaður í 60% starfi. Að auki er 0,5 stöðugildi á saumastofu. Ef álag

er mikið í þvottahúsi vinnur saumakonan þar en starf hennar á saumastofu liggur þá niðri á meðan. Á árinu 1995 var fækkaði stöðugildum í þvottahúsi og eru þau nú 2,5 að saumakonu frátaldri.

Í þvottahúsinu er þveginn allur þvottur fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina. Til skamms tíma var þvottur frá þjónustudeild Hlífar, um 115 kg. á viku, þveginn í þvottahúsi sjúkrahússins en því hefur nú verið hætt. Þvottur var viktaður allt árið 1994 og reyndist vera 3,7 til 4,0 tonn að jafnaði á mánuði. Heildarþyngd yfir árið voru rúm 45 tonn. Á saumastofu er saumað nánast allt annað en fatnaður s.s. sloppar starfsfólks, nærföt og ungbarnafatnaður. Saumakonan sér að auki um allar viðgerðir á taui.

Starfsstúlkur á deildum koma með tauið í þvottahúsið og ná í það aftur. Starfsmenn þvottahússins ná á hinn bóginn í þvott starfsmanna í búningsklefa og skila honum þangað aftur. Þær skila ennfremur þvotti frá skurðstofu, endurhæfingadeild og heilsugæslustöð. Tauflokkunarkerfi hefur verið fyrir hendi um nokkurt skeið.

Tækjakostur í þvottahúsi er mjög góður og stærðir tækja heppilegar þótt enn megi spara starfskrafta með betri tækjum s.s. strauvél. Sem stendur annar starfsfólkið í þvottahúsinu álaginu enda þótt mannskapur sé í lágmarki en þegar nýja deildin verður komin í gagnið þarf að bæta við starfsfólki.

Forstöðukona sér um öll innkaup vegna þvottahússins og skrifar upp á reikninga vegna þeirra. Hún sér ekki útskriftir úr bókhaldi en telur á því þörf. Nauðsynlegt er, að mati Ríkisendurskoðunar, að yfirmenn deilda fái reglulega í hendur yfirlit yfir þann rekstur er þeir bera ábyrgð á.

Tafla 7.30 Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Laun	4.443	4.233	4.143
Annar kostnaður	670	557	788
Samtals	5.113	4.790	4.931
Tekjur	(0)	(518)	(30)
Kostnaður - tekjur	5.113	4.273	4.901

Kostnaður vegna þvotta hefur farið lækkandi undanfarin þrjú ár eða sem nemur 3,6% að raunvirði. Launagjöld lækkuðu um 6,7% að raunvirði

m.a. vegna fækkunar stöðugilda en annar kostnaður hefur aftur á móti hækkað nokkuð.

Tafla 7.31 Rekstur þvottahúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Velta sjúkrahúss	207.931	219.784	226.070
Rekstur þvottahúss	5.113	4.273	4.901
Rekstur þvottahúss í % af veltu	2,5%	1,9%	2,2%
Stöðugildi í þvottahúsi	3,5	3,5	3,2
Legudagar alls	11.422	10.982	10.891
Rekstur þvottahúss á legudag	448	389	450
Þvegið magn í kg.	46.140	46.000	45.117
Kostnaður á þvegið kg.	111	104	109

Kostnaður við þvotta nam 2,2% af heildarkostnaði sjúkrahússins á árinu 1994 eða um 450 krónur á hvern legudag. Kostnaður á hvert þvegið kíló af þvotti nam 109 krónum og hefur lækkað lítilsháttar frá árinu 1992 en þau ár eru magn þvotta áætlað.

Ríkisendurskoðun leggur til að allur þvottur sem þvegin er í þvottahúsinu verði viktaður fyrir hvora stofnun fyrir sig þ.e. sjúkrahús og heilsugæslu og kannað hvað hver magneining af þvotti kostar. Með því móti er starfsfólki gert kleift að fylgjast með breytingum á magni frá einu tímabili til annars auk þess að fylgjast með breytingum á kostnaði við þvottinn. Þá er slík viktun og flokkun þvotts fyrir hvora stofnun fyrir sig forsenda þess að hægt sé að verðleggja þvott fyrir heilsugæslustöðina í samræmi við kostnað.

7.6.5 Ræsting

Við ræstingu á sjúkrahúsinu starfa tíu manns í 6,67 stöðugildum. Að auki er ræstingastjóri í 0,58 stöðugildi. Ræstingastjóri skipuleggur og hefur umsjón með ræstingu á sjúkrahúsi og heilsugæslustöð og starfi í býtibúri.

Á legudeild vinna fjórir starfsmenn í 75% stöðu hver og tveir starfsmenn í 70% stöðu hvor. Vöktunum er þannig fyrir komið að unnið er 3 til 4 daga samfelld og síðan er frí. Vaktir eru frá kl. 7:30-15:30 og

vinna allir á sama tíma. Þeir sem eru í minna en fullri stöðu fá lengra frí á milli. Starfsfólk í ræstingu aðstoðar einnig í bítibúri fram yfir kvöldmat.

Við þrif á rannsókn- og röntgendeild er unnið frá kl. 16:00 til kl. 20:00 og samsvarar það 50% stöðu. Við þrif á eldhúsálmum vinna tveir starfsmenn í 57% stöðu hvor og er unnið frá kl. 11:30 - kl. 18:00. Við þrif á endurhæfingadeild er unnið frá 16:00 - 20:00 sem samsvarar 50% stöðugildi.

Til skamms tíma var 1,0 staða við ræstingu á heilsugæslustöðinni og unnið frá kl. 8:00-16:00. Fyrirkomulaginu var nýverið breytt á þann hátt að nú er unnið frá kl. 16:00-21:00 sem samsvarar 60% stöðugildi. Unnið er alla virka daga.

Ræst er eftir uppmælingu og var Ráðgarður hf. fenginn til að taka umfangið út. Unnið er samkvæmt starfslýsingu þar sem kemur fram hvað á að gera og hvenær. Í kjölfar sparnaðarátaks á sjúkrahúsinu var reynt að ná fram hagræðingu í ræstingu og með breyttum vinnuáferðum og breyttri starfslýsingu náðist betri nýting á starfsfólki. Yfirvinna hefur ekki aukist þrátt fyrir breytinguna. Á sumrin verður að bæta við afleysingafólki. Að mati ræstingastjóra verður ekki gengið lengra í sparnaði við núverandi aðstæður.

Á sjúkrahúsinu er nánast enginn tækjabúnaður til ræstinga s.s. þvottavél sem þvær burt gamalt bón og bónvél. Að mati ræstingastjóra myndi gólfþvottavélin spara hálf stöðugildi á 1,5 árum. Öll gólf eru bónuð einu sinni á ári og sum tvisvar.

Jafnframt því að skipuleggja og hafa umsjón með ræstingu á sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni annast ræstingastjóri innkaup á ræstningavörum. Innkaupin fara að hluta til gegnum Ríkiskaup en annað er keypt eftir hendinni hjá heildsölum á Ísafirði. Ræstingastjóri fær núorðið reglulega yfirlit úr bókhaldi yfir kostnað við ræstingu og getur því fylgst með breytingum frá einu tímabili til annars. Ræstingastjóri sækir enn fremur reglulega deildarstjórafundi. Hann sækir jafnframt fundi í félagi ræstingastjóra sem haldnir eru árlega og telur þá skila talsverðu.

Tafla 7.32 Kostnaður við ræstingu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Laun	11.404	11.089	11.048

Annar kostnaður	1.110	1.168	797
Samtals	12.514	12.258	11.845

Kostnaður við ræstingu hefur lækkað um 669 þúsundir króna eða 5,3% á síðastliðnum þremur árum. Launakostnaður lækkaði um 356 þúsundir króna eða 3,1% að raunvirði á þessu árabili og annar kostnaður um 313 þúsundir króna eða 28,2%.

Tafla 7.33 Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Velta sjúkrahúss	207.931	219.784	226.070
Ræstingakostnaður	12.514	12.258	11.845
Ræstingakostnaður á veltu	6,0%	5,6%	5,2%
Stöðugildi við ræstingu á sjúkrahúsi	7,38	7,38	7,25
Ræstir m ² á sjúkrahúsi	3.171	3.401	4.351
Ræsting á m ² í kr.	3.946	3.604	2.722
Ræstir m ² á sjúkrahúsi, endurmetið	3.171	3.401	3.496
Ræsting á m ²	3.946	3.604	3.388

Ræstingakostnaður nemur 5,2% af heildarkostnaði sjúkrahússins á árinu 1994 og hefur þetta hlutfall farið lakkandi frá árinu 1992. Kostnaður við ræstingu á hvern fermetra hefur lækkað verulega milli áranna 1992 og 1994 eða sem svarar til 31,0% að raunvirði. Á árinu 1994 var tekið í notkun um 950 m² rými undir geymslur á þriðju hæð hússins. Það rými er ræst u.þ.b. aðra hverja viku og er því létt í ræstingu m.v. annað innan sjúkrahússins. Ríkisendurskoðun hefur metið þrif á þessu rými sem 1/20 af þrifum á öðru rými á sjúkrahúsinu. Miðað við þær forsendur lækkar kostnaður við ræstingu um 14,1% að raunvirði milli áranna 1992 og 1994. Það er því sýnt að sú hagræðing sem farið var í, og lýst er hér að framan, hefur skilað árangri. Ríkisendurskoðun telur hins vegar eðlilegt að stjórnendur sjúkrahússins kanni kostnað við frekari tækjakaup, hvort þau leiði til fækkunar stöðugilda og meti hvort ávinningur verði af slíkri breytingu.

8. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað

8.1 Rekstrarform

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað er sameign ríkissjóðs og Neskaupstaðar. Ríkissjóður er 85% eignaraðili að sjúkrahúsinu en eignarhluti Neskaupstaðar er 15%.

Eignaraðild fer eftir fjármögnun á byggingu sjúkrahúsa samkvæmt lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Ákvæði þessara laga eru að meginhluta til samhljóða. Í þeim kemur fram að framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga skuli nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað en hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðagjalda. Hvorugur aðili á kröfu á hinn fyrir greiðslu á leigu fyrir eign eða eignarhluta. Þá er kveðið á um að meiriháttar viðhald og tækjakaup teljist stofnkostnaður en almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

Rekstur sjúkrahússins er að meginhluta til borinn af ríkissjóði með framlögum af fjárlögum. Auk þess hefur sjúkrahúsið nokkrar sértekjur og berst eitthvað af gjafafé.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 flokkast Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað sem almennt sjúkrahús og starfar það sem slíkt. Samkvæmt skilgreiningu laganna er þar um að ræða sjúkrahús sem tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Við sjúkrahúsið í Neskaupstað starfa nú þrjár sérfræðingar í jafnmörgum sérgreinum þ.e. skurðlæknir, lyflæknir og svæfingalæknir.

Sjúkrahúsið er rekið í starfstengslum við heilsugæslustöðina í Neskaupstað. Þar er um að ræða svonefnda H2 stöð sem samkvæmt skilgreiningu laga nr. 97/1990 er heilsugæslustöð þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru hjúkrunarfólki. Við heilsugæslustöðina í Neskaupstað starfa sömu þrjár sérfræðingarnir og á

sjúkrahúsinu. Fjórðungssjúkrahúsið rekur auk þess dvalarheimili aldraðra í húsakynnum sínum. Þar er um að ræða ellefu þjónusturými og er rekstur þeirra fjármagnaður með daggjöldum sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins.

8.2 Stjórnskipulag og stjórnun

Stjórnunarleg ábyrgð á rekstri Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað er í höndum stjórnar sem í eiga sæti fimm menn skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stjórnin er þannig skipuð að Neskaupstaður tilnefnir þrjá fulltrúa, þar af er einn starfsmaður sjúkrahússins, starfsmannaráð sjúkrahússins tilnefnir einn og ráðherra skipar einn án tilnefningar, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar.

Auk þess að bera stjórnunarlega ábyrgð á rekstri sjúkrahússins er stjórninni ætlað að gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsið og einstakar skipulagsheildir þess. Áætlanirnar skulu gerðar a.m.k. fjögur ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnar í nánú samstarfi við forstöðumenn deilda. Áætlanirnar eiga að vera sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar. Hvorki núverandi stjórn eða fyrri stjórnir sjúkrahússins hafa lagt fram slíkar áætlanir sem að framan eru nefndar.

Á árinu 1993 fékk Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað heimild fyrir 40% stöðu fæðinga- og kvensjúkdómalæknis. Upphaflega var ætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að heimila 75% stöðu fæðinga- og kvensjúkdómalæknis gegn því að aðrir sérfræðingar sjúkrahússins minnkuðu stöðuhlutfall sitt samsvarandi þ.e. hver um sig færi í 75% stöðu, en ekki var vilji fyrir því innan sjúkrahússins. Sjúkrahúsinu hefur enn ekki tekist að manna stöðuna og er skýringanna talið að leita í því hve stöðuhlutfallið er lágt. Innan heilbrigðismálaráðs Austurlands hefur verið unnið að því að móta framtíðarskipulag heilbrigðismála á Austurlandi. Einn liður í því starfi er skipuleggja komur sérfræðinga á svæðið og hafa þeir aðgerðaaðstöðu á sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Nú þegar hafa verið gerðir samningar við háls-, nef-, og eyrnalækni og fæðinga- og kvensjúkdómalækni um ferliþjónustu og er 40% stöðuheimild sjúkrahússins nýtt til að greiða fyrir þessa þjónustu.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að stjórn sjúkrahússins vinni reglulega þróunar- og rekstraráætlanir, eins og kveðið er á um í lögum um heilbrigðisþjónustu, þar sem mörkuð er stefna fyrir þá heilbrigðisþjónustu sem sjúkrahúsinu er ætlað að veita og henni síðan hrundið í framkvæmd

Þegar nauðsynlegar heimildir liggja fyrir. Með slíkum áætlunum verður komið í veg fyrir ómarkviss vinnubrögð eins og að ofan eru nefnd þar sem sótt er um stöðuheimild en hún ekki nýtt. Þá telur stofnunin eðlilegt að áætlanirnar verði unnar í samráði við heilbrigðismálaráð Austurlands þar sem sjúkrahúsið er fjórðungssjúkrahús Austurlands og þar er að staðaldri veitt eina sérfræðipjónusta fjórðungsins.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu ræður stjórn sjúkrahússins starfslið þess og eru yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri sem starfa skulu við sjúkrahúsið ráðnir af sjúkrahússtjórninni að fenginni umsögn sérstakra fagnefnda sem starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 97/1990. Yfirmenn fagdeilda ráða hins vegar sitt starfslið og framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn.

Sameiginleg stjórn og framkvæmdastjóri er fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina. Yfirstjórn sjúkrahússins og heilsugæslunnar þ.e. framkvæmdastjóri, yfirlæknir og hjúkrunarforstjórar, alls ellefu manns, sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar, útbýr dagskrá og ritar fundargerð. Á stjórnarfundum eru tekin fyrir þau málefni sem afgreiða þarf hverju sinni s.s. ráðning yfirmanna, launa- og samningamál, námsleyfi og meiriháttar samningagerð. Stjórnin hafði á árinu 1994 ekki fengið reglulegar útskriftir úr bókhaldi stofnunarinnar og gat þar af leiðandi ekki fylgst reglubundið með rekstrarstöðu þess. Síðastliðinn vetur voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórnina sem m.a. annars kveða á um að halda beri stjórnarfundum mánaðarlega eða oftari ef þörf þykir auk þess sem hún hefur krafist mánaðarlega útskrifta úr bókhaldi stofnunarinnar. Stjórnin ætti þ.a.l. að vera betur í stakk búin til að sinna sínu hlutverki.


Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhæfir rekstur hennar, þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn sjúkrahússins á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri bera ábyrgð á sínum fagsviðum og skulu vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um áætlanagerð, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir á sínu sviði.

Verkaskipting yfirmanna sjúkrahússins í Neskaupstað er skýr. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar og hefur umsjón með öllu er snýr að fjármálum þessara tveggja stofnana. Yfirlæknar bera ábyrgð á lækisfræðilegri

meðhöndlum og hjúkrunarforstjóri sér um það er lýtur að almennri hjúkrun þ.m.t. mannhald, vaktaskipulag og stjórnun hjúkrunarfólks.

Hins vegar er ekkert formlegt skipurit til af stofnuninni og er það miður að álitu framkvæmdastjóra. Eins og víðar stafar það fyrst og fremst af því að á skortir að tekin séu af öll tvímæli um hver beri óskipta fjármálalega ábyrgð á rekstri stofnanna. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að aðeins einn aðili, þ.e. framkvæmdastjóri, verði gerður ábyrgur fyrir rekstri sjúkrahússins gagnvart stjórn þess. Stofnunin vill hins vegar benda á mikilvægi þess að öðrum yfirmönnum sjúkrahússins verði gerð grein fyrir rekstrarlegri stöðu þeirrar starfsemi er þeir bera ábyrgð á.

Skipulagi Fjórðungssjúkrahússins Neskaupstað er best lýst með eftirfarandi mynd:



Samkvæmt lögum skal lækna ráð starfa við sjúkrahúsið og vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins en slíkt lækna ráð er ekki starfandi við sjúkrahúsið í Neskaupstað.

Tækjakaupanefnd var nýlega skipuð við sjúkrahúsið en fram til þessa hefur framkvæmdastjóri ákveðið tækjakaup í samráði við yfirmenn. Í tækjakaupanefnd sitja framkvæmdastjóri, yfirlæknir sjúkrahússins og hjúkrunarforstjórar sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um tækjakaup í tengslum við árlega fjárlagagerð eða innkomið gjafafé að fengnu samþykki stjórnar. Hins vegar er tækjakostur sjúkrahússins kominn nokkuð til ára sinna og því er svo komið að tækin sjálf ráða ferðinni þ.e. þau tæki sem fyrst ganga endanlega úr sér eru endurnýjuð. Áður fyrr gáfu ýmis félagasamtök og líknarfélög sjúkrahúsinu tæki en slíkt er því nær hætt enda starfsemi þessara samtaka á svæðinu ekki umfangsmikil.

Starfsmannaráð er starfandi við sjúkrahúsið svo og fræðslunefnd og skipuleggur hjúkrunarforstjóri starf hennar. Læknar og hjúkrunarfræðingar skiptast á að flytja erindi eða fá einhverja utanaðkomandi til þess. Ennfremur hefur sjúkraliðum verið boðið að leggja sitt að mörkum. Í upphafi var reynt að hafa fundina tvisvar í mánuði en frá því var horfið og nú er reynt að sjá til þess að fræðslufundir séu haldnir mánaðarlega.

8.3 Fjármál

Rekstur Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar er að meginhluta til fjármagnaður með framlögum af fjárlögum. Áætlanir fjárlaga byggja annars vegar á áætlun um launalið sjúkrahúsanna og hins vegar á áætlun rekstrargjalda. Launaáætlanir sjúkrahúsa eru byggðar á heimiluðum stöðugildum fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu ákveðnu kostnaðarmati fyrir hverja starfsstétt sem felur í sér launatengd gjöld, afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.fl. Rekstrargjöld sjúkrahúsa eru áætluð með hliðsjón af rekstrargjöldum síðastliðinna ára, auk þess sem taka á tillit til breyttra aðstæðna sjúkrahúsa ef um það er að ræða.

Fjárveitingar til meiriháttar viðhalds og tækjakaupa falla undir sérstakan fjárlagalið og sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um skiptingu þess fjár. Framlag til stofnkostnaðar þ.e. til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er ennfremur sérstakur fjárlagaliður og er því fé sem þar er til ráðstöfunar skipt af Fjárlaganefnd Alþingis. Hluttur ríkissjóðs í fjármögnun af hvorutveggja þessara kostnaðarliða er 85% en hluttur sveitarfélaga 15%.

Á undanförunum þremur árum hafa fjárveitingar fjárlaga og fjárheimildir sjúkrahússins í Neskaupstað litið svo út:

Tafla 8.1 Framlög ríkissjóðs á verðlagi hvers árs

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjárlög	151.300	158.800	160.600
Fjárheimild til rekstrar	156.104	166.400	185.079
Fjárheimild til tækjakaupa	0	1.000	0
Fjárheimild til óskipts viðhalds	1.500	1.500	2.500
Fjárheimild ríkissjóðs til reglubundins rekstrar	157.604	168.900	187.579
Fjárveiting til stofnkostnaðar, sérgreind	0	0	0
Fjárheimild ríkissjóðs alls	157.604	168.900	187.579

Á árinu 1993 fékk Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað 4,6 milljóna króna fjárveitingu á fjárukalögum vegna hallareksturs ársins 1992. Þá fékk sjúkrahúsið í árslok 1994 23,0 milljóna króna fjárveitingu á fjárukalögum vegna uppsafnaðs hallareksturs sjúkrahússins fram til ársloka 1993. Fjárveitingin var veitt með þeim skilyrðum að sjúkrahúsið gripi til ráðstafana til lækkunar á rekstrarkostnaði stofnunarinnar auk þess sem henni var gert að ná niður þeim uppsafnaða halla sem eftir stendur þegar tillit hefur verið tekið til framangreindar fjárveitingar.

Framlög ríkissjóðs hafa verið eftirfarandi að raunvirði á síðastliðnum þremur árum:

Tafla 8.2 Framlög ríkissjóðs á verðlagi ársins 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjárheimild til rekstrar	163.197	164.249	162.079
Fjárheimild til tækjakaupa og viðhalds	1.568	2.538	2.500
Fjárheimild ríkissjóðs til reglubundins rekstrar	164.766	166.787	164.579
Fjárveiting á fjárukalögum	0	4.670	23.000
Fjárheimild ríkissjóðs alls	164.766	171.457	187.579

Framlög til sjúkrahússins í Neskaupstað hafa aukist að raunvirði um 22,8 milljónir króna á árinu 1994 í samanburði við árið 1992 sé miðað við hækkun launa hjá ríkisstofnunum og vísitölu framfærslukostnaðar eða um 13,8% að raunvirði. Fjárveitingar til reksturs sjúkrahússins, þ.e. að frátöldum fjárveitingum á fjárukalögum og til viðhalds og tækjakaupa hafa dregist saman um 1,1 milljón króna að raunvirði milli sömu ára eða um 0,7% að raunvirði. Lækkun framlaga má rekja til þeirra sparnaðaraðgerða sem gripið var til af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á síðastliðnum árum og miða áttu að lækkun útgjalda þess málaflokks.

Greiðslur ríkissjóðs til rekstrar, tækjakaupa og viðhalds sem færðar hafa verið á sjúkrahúsið í Neskaupstað hafa verið eftirfarandi árin 1992 - 1994.

Tafla 8.3 Greiðslur ríkissjóðs á verðlagi hvers árs

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Greitt til rekstrar	156.105	161.799	162.079
Greitt til viðhalds og tækjakaupa	1.500	2.500	2.500
Sérstakar greiðslur	0	4.600	23.000
Greiðslustaða alls	157.605	168.899	187.579

Síðastliðin tvö ár hefur verið tekjuafgangur af rekstri sjúkrahússins í Neskaupstað vegna þeirra sérstöku fjárveitinga sem það hefur fengið. Sjúkrahúsið var hins vegar rekið með nokkrum halla árið 1992.

Tafla 8.4 Rekstur sjúkrahússins í Neskaupstað árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992		1993		1994	
Fjárhæðir í þ.kr.	þ.kr.	%	þ.kr.	%	þ.kr.	%
Rekstrartekjur						
Framlög ríkissjóðs, rekstur	163.198	88,6	164.248	84,5	162.080	77,7
Framlög ríkissjóðs, viðhald, tæki	1.568	0,9	2.538	1,3	2.500	1,2
Framlög ríkissjóðs, aukafjár.	0	0,0	4.670	2,4	23.000	11,0
Framlög sveitarfélaga	272	0,1	448	0,2	441	0,2
Tekjur deilda	15.101	8,2	20.513	10,5	18.865	9,0
Aðrar tekjur	3.985	2,2	2.046	1,1	1.754	0,9
	184.125	100,0	194.462	100,0	208.640	100,0
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	137.382	72,1	133.968	70,2	137.855	69,3
Vörukaup, almenn	19.108	10,0	20.564	10,8	19.718	9,9
Vörukaup, sérgreind	10.681	5,6	10.151	5,3	12.132	6,1
Þjónusta I	7.325	3,8	9.004	4,7	9.245	4,6
Þjónusta II	8.403	4,4	9.510	5,0	11.806	5,9
Trygg., op.gjöld og fjárm.gjöld	4.377	2,3	4.237	2,2	4.501	2,3
Áhalda- og tækjakaup	3.359	1,8	3.507	1,8	3.633	1,8
	190.636	100,	190.942	100,0	198.890	100,0
Rekstrarafkoma (-tap) ársins	-6.511		3.521		9.750	

Að frátöldum sérstökum fjárveitingum á fjárukalögum árána 1993 og 1994 hefur verið viðvarandi hallarekstur á sjúkrahúsinu frá því að það fór á föst fjárlög í ársbyrjun 1987. Athuganir endurskoðenda sjúkrahússins hafa sýnt að rekstrarkostnaður sjúkrahússins hefur hækkað til jafns við verðlagsbreytingar og þær hækkanir er urðu á fjárveitingum fjárlaga til reksturs þess á árunum 1989-1992. Því er sýnt að á þessu árabili voru annað hvort fjárveitingar til rekstur sjúkrahússins ekki í

samræmi við þann kostnað er starfsemin hafði í för með sér eða að rekstrarkostnaður sjúkrahússins var hærri en eðlilegt getur talist. Hins vegar sýnir tafla 8.4 hér að framan að rekstrarkostnaður sjúkrahússins hefur hækkað um 8,3 milljónir króna að raunvirði, eða um 4,3% á árunum 1992-1994 þar af eru 5,7 milljónir króna vegna viðhaldsframkvæmda sem ekki hefur fengist fjárveiting til. Eins og fram kemur í töflu 8.2 hér að framan hafa ekki orðið miklar breytingar á framlögum ríkissjóðs til rekstrar sjúkrahússins síðastliðin þrjú ár enda engar breytingar í rekstri þess sem gefið hafa tilefni til slíkra hækkana. Það er því ljóst að á undanförunum þremur árum hefur kostnaður sjúkrahússins hækkað langt umfram það sem eðlilegt gæti talist miðað við starfsemi þess og mun meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum.

Framlög ríkissjóðs til sjúkrahússins í Neskaupstað hafa aukist um 22,8 milljónir króna milli árunna 1992 og 1994 eða sem svarar til 13,8% að raunvirði. Framlög til rekstrar hafa lækkað um 1,1 milljón króna á síðastliðnum þremur árum en framlög til tækjakaupa og viðhalds hækkað 0,9 milljónir króna.

Sértekjur sjúkrahússins hafa aukist um 1,5 milljónir króna á þessu árabili sem nemur 8,0% að raunvirði. Tekjur deilda á árinu 1994 hafa aukist um 3,8 milljónir króna frá árinu 1992 eða um 24,9%. Skýringanna er einkum að leita í því að á árinu 1992 voru tekjur vegna rannsókna og röntgen færðar hjá heilsugæslustöðinni en þær námu 3,2 milljónum króna á árinu 1994. Þá hafa tekjur vegna vistgjalda ellideildar aukist um 1,1 milljón króna á síðastliðnum þremur árum en tekjur af fæðissölu hafa aftur á móti dregist saman um rúmar 0,6 milljónir króna. Aðrar tekjur sjúkrahússins hafa lækkað um 1,3 milljónir króna sem skýrist af framlögum og gjöfum ársins 1992 sem námu tæpum 1,3 milljónum króna.

Heildargjöld sjúkrahússins í Neskaupstað hafa hækkað um 8,3 milljónir króna milli árunna 1992 og 1994 eða sem svarar til 4,3% að raunvirði. Hækkun launa og launatengdra gjalda nam tæpum 0,5 milljónum króna en önnur rekstrargjöld hækkuðu um 7,8 milljónir króna eða sem svarar til 14,6% að raunvirði.

Launaútgjöld sjúkrahússins skiptust þannig á árunum 1992-1994 eftir tegund launa:

Tafla 8.5 Launaútgjöld sjúkrahússins í Neskaupstað árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			

Föst laun	76.239	73.322	74.285
Yfirvinna	26.172	27.463	25.929
Álagsgreiðslur	18.342	18.383	19.903
Önnur laun	552	390	660
Laun alls	121.274	119.557	120.777
Launatengd gjöld	14.475	14.267	14.917
Eftirlaun og breyting orlofslauna	1.633	144	2.161
Laun og launatengd gjöld alls	137.382	133.968	137.855

Föst laun hafa lækkað um 2,0 milljónir króna milli árána 1992 og 1994, eða sem nemur 2,3% að raunvirði. Skýringin á lækkun fastra launa er sú að setnum stöðugildum hefur fækkað um 4 á þessu árabili. Greiðslur vegna yfirvinnu hafa lækkað lítillega eða um 0,9% síðastliðin þrjú ár en álagsgreiðslur hafa aftur á móti hækkað um tæpar 1,6 milljónir króna eða 8,5% að raunvirði. Samtals lækkuðu launagjöld sjúkrahússins um 0,5 milljónir króna eða 0,4% að raunvirði milli árána 1992 og 1994 en sé tekið mið af heildarlaunagjöldum sjúkrahússins hækkuðu þau um 0,5 milljónir króna eða 0,3% að raunvirði á þessu sama árabili.

Sé horft á hækkun launa út frá starfsstéttum hefur hækkun dagvinnulauna, eftirvinnu, álagsgreiðslna, auk orlofs án launatengdra gjalda verið eftirfarandi síðastliðin þrjú ár:

Tafla 8.6 Laun eftir starfsstéttum árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994	Mism.
Fjárhæðir í þ.kr.				
Læknar	19.901	20.166	20.325	424
Hjúkrunarfræðingar	25.198	26.203	27.965	2.767
Ljósmaður	4.540	4.122	4.275	-265
Sjúkraliðar	10.914	11.188	21.408	10.494
Meinataeknar	4.520	3.116	3.310	-1.210
Röntgentæknar	1.515	2.221	2.482	967
Sjúkraþjálfarar	4.364	4.284	4.164	-200
Laun heilbrigðisstétta	70.952	71.300	83.929	12.977

Tafla 8.6

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994	Mism.
Fjárhæðir í þ.kr.				
Starfsstúlkur	19.479	19.363	8.133	-11.346
Annað starfsfólk	30.844	28.893	28.716	-2.128
Önnur laun	50.323	48.256	36.849	-13.474
Laun alls	121.275	119.556	120.778	-497

Á árinu 1994 urðu nokkrar tilfærslur á launum þar sem ellefu starfssúlkur útskrifuðust sem sjúkraliðar á því ári. Laun heilbrigðisstétta að öðru leyti þ.e. lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, meina- og röntgentækna hafa hækkað um 2,5 milljónir króna milli áranna 1992 og 1994 eða sem nemur 4,1% að raunvirði. Laun vegna annars starfsfólks lækkaðu að jafnaði um 2,1 milljón króna eða 6,9% að raunvirði og kemur lækkunin fram á öllum þjónustudeildum sjúkrahússins.

Eins og fram kom hér að framan hækkuðu rekstrargjöld sjúkrahússins um 7,8 milljónir króna eða sem svarar til 14,6% að raunvirði milli áranna 1992 og 1994 og kemur lækkunin fram á flestum liðum rekstrarkostnaðar. Kostnaðarliðurinn þjónusta II hækkaði um 3,4 milljónir króna eða 40,5% og skýrist lækkunin af kostnaði við endurbætur læknisbústaðarins innanhúss sem nam 3,5 milljónum króna og viðgerðum á sjúkrahúsinu utanhúss sem námu 2,0 milljónum króna. Liðurinn þjónusta I hækkaði um 1,9 milljónir króna eða 26,2% og skýrist af auknum ferða- og upphaldskostnaði og kaupum á sérfræðipjónustu. Sérgreind vörukaup hækkuðu um tæpar 1,5 milljónir króna eða 13,6% en þar má finna kostnað við lyf og tengd efni, einnota lækninga- og hjúkrunarvörur o.þ.h. og haldast þessir kostnaðarliðir í hendur við þá starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsinu.

Eins og áður hefur komið fram var sú 23,0 milljóna króna fjárveiting sem veitt var til sjúkrahússins tengd ákveðnum skilyrðum. Fjárveitingunni var ætlað að greiða niður uppsafnaðan halla sjúkrahússins til ársloka 1993 en hann nam 27,3 milljónum króna. Á móti skuldbatt stjórn sjúkrahússins sig til að ná niður þeim uppsafnaða halla sem eftir stendur á árunum 1995 og 1996 og í því skyni grípa til tiltekinna hagræðingaaðgerða í rekstri sjúkrahússins. Í því samkomulagi sem undirritað var á milli sjúkrahússins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í nóvember 1994 var gert ráð fyrir því að halli á rekstri sjúkrahússins yrði 2,0 milljónir króna á því ári. Reyndin var hins vegar sú að hallarekstur ársins nam 13,3 milljónum króna. Því er ljóst að í stað þess að greiða niður verulegan hluta af uppsöfnuðum halla fyrri ára fór fjárveitingin að verulegum hluta til greiðslu hallareksturs ársins 1994.

Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun vekja athygli á að áreiðanleiki þeirra upplýsinga sem bókhald sjúkrahússins gefur, er ekki sem skyldi. Stjórnendur sjúkrahússins geta ekki dregið upp rétta mynd af stöðunni ef þeir sjá ekki um að uppfæra bókhaldið með reglubundnum hætti. Viðbúið er að við slíkar aðstæður gefi áætlanir jafn ranga mynd af

stöðu mála eins og raun ber vitni um einungis tveimur mánuðum fyrir árslok.

Ríkisendurskoðun hefur reynt að meta ástæður hallareksturs síðastliðins árs. Á árinu 1994 stóð sjúkrahúsið fyrir verulegum viðhaldsframkvæmdum sem kostuðu alls 8,5 milljónir króna. Kostnaður við framkvæmdir við endurbætur á læknisbústaðinum innanhúss nam 3,5 milljónum króna, framkvæmdir á sjúkrahúsinu utanhúss kostuðu 2,0 milljónir króna, viðhaldsframkvæmdir á loftræstikerfi sjúkrahússins námu 1,3 milljónum króna og endurbætur á gólfefni sjúkrahússins kostuðu tæpar 1,7 milljónir króna. Einungis var veitt fjárveiting til viðhaldsframkvæmda á sjúkrahúsinu utanhúss að fjárhæð 2,5 milljónir króna frá ríkissjóði og um 0,4 milljónir króna frá sveitarfélögum og fóru því framkvæmdir 5,6 milljónir króna fram úr heimildum. Á árinu 1994 var gerð úttekt á mannaflapörf og ýmsum kostnaðarliðum hjá Fjórðungssjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni í Neskaupstað af fyrirtækinu Ráðgarði hf. og kostaði úttektin 675 þúsundir króna. Þá nam hækkun launa hjá hjúkrunarfræðingum og öðrum starfsstéttum vegna kjarasamninga síðastliðinna ára um 1,7 milljónir króna en sjúkrahúsið fékk þá hækkun að fullu bætt með fjárveitingu á fjáráukalögum ársins 1994. Loks námu vaxtagjöld stofnunarinnar 3,0 milljónum króna en ekki er gert ráð fyrir slíku í fjárlögum.

Að frátöldum framangreindum liðum nam halli sjúkrahússins 4,0 milljónum króna og tengist beint þeirri starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsinu. Nefna má að veruleg hækkun varð á kostnaði vegna lyfja og tengdra efna á milli árána 1993 og 1994 eða um 928 þúsundir króna að raunvirði og á einnota hjúkrunarvörum eða um 1.042 þúsundir króna að raunvirði á sama tímabili. Skýringanna er einkum að leita í ráðningu nýs skurðlæknis á árinu 1994 en hann er sérfræðingur í bæklunarlækningum. Má segja að með tilkomu hans hafi orðið áherslubreyting á rekstri skurðstofunnar. Jafnframt voru lyfjameðferðir dýrari en áður.

Að mati Ríkisendurskoðunar er það óverjandi að stjórnendur sjúkrahússins skuli fara í framkvæmdir sem ekki er fjárheimild fyrir ekki síst þegar fjárhagsstaða sjúkrahússins er eins slæm og raun ber vitni. Þá liggur það fyrir að stjórn sjúkrahússins samþykkti fyrir sitt leyti þessar framkvæmdir án þess að beiðni um nauðsynlegar fjárveitingar hafi verið lagðar fram og er það ámælisvert. Hins vegar er ljóst að rekstur sjúkrahúss með þeirri sérfræðiþjónustu sem veitt er í Neskaupstað er kostnaðarsamur jafnvel þótt hægt sé að hagræða í rekstri þess. Því telur

Ríkisendurskoðun tímabært að stjórnvöld horfist í augu við hvað slík starfsemi kostar eða ákveði að þessari þjónustu sé betur komið annars staðar.

Eiginfjárstaða sjúkrahússins var neikvæð síðastliðin þrjú ár vegna hallareksturs undanfarinna ára.

Tafla 8.7 Eiginfjárstaða sjúkrahússins í Neskaupstað árin 1992-1994

Verðlag hvers árs	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Veltufjármunir	11.133	11.033	15.088
Aðrar eignir	0	0	0
Eignir alls	11.133	11.033	15.088
Skammtímaskuldir	41.925	38.358	30.494
Langtímaskuldir	0	0	2.167
Skuldbindingar	0	0	0
Eigið fé	-30.792	-27.325	-17.575
Skuldir og eigið fé alls	11.133	11.033	15.088

Skuldir sjúkrahússins í Neskaupstað voru 17,6 milljónum króna hærri en eignir þess í árslok 1994 og hefur eiginfjárstaða batnað um tæpar 9,8 milljónir króna frá ársbyrjum 1994 vegna hinnar sérstöku fjárveitingar á fjáraukalögum í árlök 1994.

Sjúkrahúsbyggingin er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi en fasteignamat húss og lóðar við Mýrargötu nam 135,5 milljónum króna í árslok 1994. Brunabótamat sömu eigna nam 508,9 milljónum króna. Auk þess á sjúkrahúsið læknisbústað við sömu götu að verðmæti 8,6 milljónir króna samkvæmt fasteignamati. Brunabótamat bústaðarins nam 16,9 milljónum króna.

8.4 Starfssvæði og starfstengsl við aðrar stofnanir

8.4.1 Starfssvæði

Neskaupstaður er einn eigandi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað fyrir utan ríkissjóð og hafa önnur sveitarfélög ekki komið að rekstri eða uppbyggingu þess. Þrátt fyrir það þjónar sjúkrahúsið mun fleiri sveitarfélögum eins og nafn þess ber með sér. Þannig voru 73% af heildarinnlögnum árið 1992 vegna sjúklinga frá því heilsugæsluumdæmi, sem heilsugæslustöðin í Neskaupstað tilheyrir, þ.m.t. íbúar Neskaupstaðar

og Norðfjarðarhrepps sem áttu 42% af heildarinnlögnum þess árs, 14% komu frá Egilsstöðum en 13% komu annars staðar frá.

Ríkisendurskoðun hefur í úttektum sínum fram til þessa lítið á þau sveitarfélög sem hlutdeild eiga í viðkomandi sjúkrahúsi sem starfssvæði þess og því skilgreint sjúklinga sem koma frá öðrum sveitarfélögum sem utanhéraðssjúklinga. Ríkisendurskoðun hefur hins vegar ákveðið að skilgreina heilsugæsluumdæmið þ.e. Norðfjarðarumdæmi sem starfssvæði sjúkrahússins þar sem hún telur að það gefi réttari mynd af starfsemi þess. Þá er þess að geta að starfrækt eru sjúkrahús á Egilsstöðum og Seyðisfirði. Því verður að telja a.m.k. þau bæjarfélög sem þau sjúkrahús eru staðsett í sem upptökusvæði þeirra þótt þau bjóði ekki upp á sömu sérfræðipjónustu og sjúkrahúsið í Neskaupstað. Íbúafjöldi svæðisins var 4.518 manns í desembermánuði 1994. Af þeim voru 1.653 íbúar í Neskaupstað eða tæp 37% af íbúafjölda svæðisins.

Tafla 8.8 Íbúafjöldi á starfssvæði Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar

Mannfjöldi 1. desember	1992	1993	1994
Íbúar S-Múlasýslu	4.691	4.660	4.518
Samtals	4.691	4.660	4.518

Á fylgiskjali 8.1 má sjá dreifingu íbúa um einstaka hreppa innan sýslnanna tveggja. Landfræðilega nær svæðið yfir 4.000 ferkílómetra svæði þar af eru um 630 ferkílómetrar í byggð samkvæmt upplýsingum Tölfræðihandbókarinnar.

Í skýrslu vinnuhóps um skipan sjúkrahússmála sem gefin var út í nóvembermánuði 1993 er fjallað um sjúkrahús og hjúkrunarrými í landinu og gerðar tillögur um stærð og hlutverk þessara stofnana einkum utan höfuðborgarsvæðisins. Skýrslan fjallar um almennar legudeildir sjúkrahúsa svo og hjúkrunar- og dvalarheimili og sýndi notkun á þjónustu einstakra sjúkrahúsa eftir héruðum þ.e. lögheimili sjúklings. Skilgreint var hvert væri aðalupptökusvæði sjúkrahúsa og hvert væri heildarupptökusvæði þess. Aðalupptökusvæði Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar var skilgreint sem Neskaupstaður með um 1.800 íbúa og heildarupptökusvæðið var skilgreint á sama hátt. Upplýsingar um íbúa og fjöldi lega á Fjórðungssjúkrahúsi Neskaupstaðar er eftirfarandi:

Tafla 8.9 Legur á starfssvæði Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar

Legur 1991	Íbúar	Legur sjúkrahúss	Legur alls	Héraðs- hlutdeild
Neskaupstaður	1.683	252	374	67%
Eskifjörður	1.038	67	149	45%

Seyðisfjörður	919	17	168	10%
N-Múlasýsla	2.214	31	337	9%
S-Múlasýsla	4.914	190	802	24%
A-Skaftafellssýsla	2.419	3	316	1%
Austurland alls	13.187	560	2.146	26%

Á árinu 1991 var héraðshlutdeild sjúkrahússins í Neskaupstað um 67% sem sýnir hve stórt hlutfall af öllum legum íbúa Neskaupstaðar er á sjúkrahúsinu. Héraðshlutdeild sjúkrahússins er tæplega 45% af legum íbúa Eskifjarðar, 24% af legum íbúa S-Múlasýslu en mun minni annars staðar í fjórðungnum. Á það skal bent að landfærðilega er tæpast eðlilegt að flokka N-Múlasýslu þ.m.t. Vopnafjörð og A-Skaftafellssýslu sem upptökusvæði sjúkrahússins.

Sé öllum legum á sjúkrahúsinu í Neskaupstað skipt eftir því frá hvaða landssvæði sjúklingarnir koma, þ.e. lögheimili þeirra, sést að 43% eru frá Neskaupstað, 11% frá Eskifirði, 32% annars staðar frá S-Múlasýslu og 5% frá N-Múlasýslu. Um 5% af legum eru þannig vegna sjúklunga sem koma frá öðrum landssvæðum.

Starfssvæði heilsugæslustöðvarinnar í Neskaupstað tekur yfir Mjóafjarðarhrepp, Neskaupstað og Norðfjarðarhrepp. Aðrar stórar heilsugæslustöðvar, þ.e. H2 stöðvar, eru staðsettar á starfssvæði sjúkrahússins á Eskifirði og á Fáskrúðsfirði en H stöðvar eru staðsettar á Reyðarfirði og Stöðvarfirði.

Fjöldi aldraðra var eftirfarandi í Neskaupstað miðað við mannfjölda 1. desember 1992:

Tafla 8.10 Fjöldi aldraðra í Neskaupstað

Staður	Fjöldi aldraðra			Aldurssamsetning		
	70-80	80+	Alls	70-80	80+	70+
Neskaupstaður	90	42	1.762	5,1%	2,4%	7,5%
Starfssvæði alls	237	102	4.696	5,0%	2,2%	7,2%

Fjöldi íbúa milli 70 og 80 ára á aðalupptökusvæði sjúkrahússins í Neskaupstað er 5,1% af íbúafjölda bæjarins og fjöldi áttæðra og eldri eru 2,4% íbúa hans. Aldraðir íbúar nema þannig 7,5% af heildaríbúafjölda Neskaupstaðar sem er svipað og landsmeðaltal en það er 7,4%. Fjöldi aldraðra íbúa á starfssvæði sjúkrahússins í heild er lægri en í Neskaupstað eða 7,2% af heildaríbúafjölda svæðisins.

Á starfssvæði sjúkrahússins í Neskaupstað eru starfrækt tvö hjúkrunar- og elliheimili auk hjúkrunar- og þjónustudeildar Fjórðungs-sjúkrahússins Neskaupstað og eru þau staðsett á Eskifirði, og Fáskrúðsfirði.

Á fylgiskjali 8.2 með skýrslu þessari má sjá yfirlit yfir þá stofnanarþjónustu, þ.e. sjúkrahús-, heilsugæslu- og öldrunarþjónustu, sem veitt er á starfssvæði Fjórðungssjúkrahússins Neskaupstað.

8.4.2 Starfstengsl við heilsugæslu

Heilsugæslustöðin í Neskaupstað hóf starfsemi sína árið 1980 í húsnæði nýja sjúkrahússins í Neskaupstað. Þjónusta stöðvarinnar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu felur m.a. í sér:

- Almenna lækniþjónustu, hjúkrunarþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir
- Lækningarannsóknir
- Sérfræðilega lækniþjónustu, tannlækningar, endurhæfingu
- Hjúkrun í heimahúsum
- Heilsuvernd

Tafla 8.11 Rekstur heilsugæslustöðvar Neskaupstaðar árin 1992-1994

Fjárhæðir í þ.kr. á verðlagi ársins 1994	1992	1993	1994
Sértekjur	-6.166	-2.213	-2.036
Launagjöld	10.922	10.949	12.684
Önnur rekstrargjöld	9.361	3.532	4.580
Samtals	14.117	12.268	15.228

Við heilsugæslustöðina í Neskaupstað starfa þrjár sérfræðingar sjúkrahússins hver um sig í 0,5 stöðu. Ennfremur koma reglulega á heilsugæslustöðina barnalæknir í samvinnu við heilsugæslustöðina á Egilsstöðum, húðlæknir á eigin vegum og augnlæknir á vegum Landlæknisembættisins. Eins og áður hefur komið fram er heilsugæslustöðin flokkuð sem H2-stöð sem þýðir að þar ættu að starfa tveir læknar í fullu starfi. Stöðugildi lækna eru hins vegar aðeins 1,5 en 3,0 á sjúkrahúsinu. Starfsmenn heilsugæslunnar voru 10 í árslok 1994 í 5,2 stöðugildum. Heimiluð stöðugildi voru 5,0 á árinu 1994.

Heilsugæslustöðin var í upphafi heilsuverndarstöð og hefur starfsemi hennar mótast af því. Læknar sjúkrahússins og

heilsugæslustöðvarinnar eru þeir sömu og því eru skil á milli starfsemi heilsugæslu og sjúkrahúss óljósari en almennt gerist.

Heilsugæslustöðin er rekin í starfstengslum við sjúkrahúsið eins og kveðið er á um í 12. grein laga um heilbrigðisþjónustu þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvoru tveggja. Starfsemi heilsugæslunnar fer fram í húsnæði sjúkrahússins og nýtir u.þ.b. 18% af heildarfermetrafjölda byggingarinnar. Skrifstofa, fundaraðstaða, mötuneyti og búningsherbergi starfsfólks eru samnýtt fyrir báðar stofnanirnar og eru í húsnæði sjúkrahússins.

Formlegur samstarfssamningur er ekki fyrir hendi milli sjúkrahússins og heilsugæslunnar. Heilsugæslustöðin hefur ekki greitt leigu fyrir sinn hluta aðstöðunnar á sjúkrahúsinu og tekur stofnunin ekki þátt í ýmsum sameiginlegum kostnaðarliðum vegna húsnæðisins s.s. húsvörslu og umsjónar með fasteigninni, tryggingum, sköttum eða viðhaldskostnaði. Heilsugæslustöðin greiðir þó 18% af launkostnaði vegna ræstinga og 18% af rafmagns- og hitakostnaði.

Framkvæmdastjóri er sameiginlegur fyrir fyrir báðar stofnanirnar og sama gildir um starfslið á skrifstofu. Launum þessara aðila er þó ekki skipt milli stofnananna að öðru leyti en því að heilsugæslustöðin greiðir 55% af stöðugildi skrifstofumanns á skrifstofu. Heilsugæslustöðin greiðir enn fremur 10% af skrifstofukostnaði öðrum en launum. Símaavakt og móttökuritarar eru á launum hjá heilsugæslustöðinni en símakostnaður er alfarið greiddur af sjúkrahúsinu.

Heilsugæslustöðin greiðir 20% af stöðugildi ljósmóður vegna mæðraskoðunar en rannsóknakostnaður vegna þessa er borinn af sjúkrahúsinu. Þá er kostnaður vegna sótthreinsunar og viðlíka kostnaður alfarið á höndum sjúkrahússins. Ýmis sameiginleg þjónusta s.s. vegna þvottahúss og mötuneytis er alfarið greidd af sjúkrahúsinu. Annar rekstrarkostnaður sem tengja má beint rekstri viðkomandi stofnunar færast í bókhald viðkomandi stofnunar.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að gerður verði samningur milli sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar sem kveði á um samstarf og skiptingu kostnaðar á milli þessara stofnanna. Þannig telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að heilsugæslustöðin greiði þann kostnað sem tengist rekstri og viðhaldi byggingarinnar í hlutfalli við það rými sem hún nýtir af heildarrými stofnananna tveggja. Öðrum kostnaði ber að skipta eftir því sem við á. Gera þarf grein fyrir forsendum kostnaðarskiptingarinnar.

8.5 Starfsemi Fjórðungssjúkrahússins Neskaupstað

8.5.1 Starfssvið

Í ársbyrjun 1957 var nýbygging sjúkrahúss Neskaupstaðar vígð og í kjölfar þess var hafin starfsemi í húsinu. Í gamla sjúkrahúsinu voru 24 sjúkrarúm og elliheimili fyrir 11 til 12 vistmenn. Á árinu 1980 hófst svo starfsemi í nýja sjúkrahúsinu sem samtengt er því gamla með starfsrækslu heilsugæslustöðvar Neskaupstaðar og árið 1982 var endurhæfingastöðin auk 22 rúma sjúkradeildar tekin í notkun. Á árinu 1984 var starfsemi skurðstofu flutt í nýbygginguna og þar með nýja sjúkrahúsið að fullu komið í notkun.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu flokkast sjúkrahúsið í Neskaupstað sem almennt sjúkrahús. Sjúkrahúsið á að taka við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hafa einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahúsið á að hafa á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Sjúkrahúsið er því samkvæmt lögnum ekki deildaskipt sjúkrahús að öðru leyti en því hvað varðar skiptingu í almenna sjúklinga og langlegusjúklinga.

Á Fjórðungssjúkrahúsi Neskaupstaðar eru 33 rúm og er vísir að deildaskiptingu enda þótt skiptingin sé ekki skörp. Í upphafi var gert ráð fyrir að rúmin skiptust jafnt milli handlæknisdeildar og lyflæknisdeildar en reyndin hefur orðið sú læknarnir leggja sjúklinga á hvora deildina sem er eftir því hvernig þörfin er. Það kemur að hluta til af því að fyrir hendi eru tveggja- og fjögurra manna herbergi. Því kemur fyrir að deildirnar þurfa að lána hvor annarri minni herbergin ef þeirra er þörf fyrir mikið veika sjúklinga. Ennfremur er mikil sveifla í fjölda bráðveikra sjúklinga, ekki síst á lyfjadeildinni. Læknarnir geta þannig átt sjúklinga á hvorri deildinni sem er. Hins vegar sinna sömu hjúkrunarfræðingar báðum deildum enda ráðnir til sjúkrahússins en ekki ákveðinna deilda.

Á lyflækningadeild eru 17 rúm og er áætlað að 12 þeirra nýtist fyrir öldrunarsjúklinga en 5 fyrir aðra lyflæknissjúklinga. Í byrjun apríl voru 12 öldrunarsjúklingar á sjúkrahúsinu og flokkuðust þeir ýmist sem þungir eða allþungir sjúklingar og gátu að mati lyflæknis ekki verið annar staðar en á sjúkrahúsi. Á handlæknisdeild eru 16 rúm en þar af tilheyra 6 rúm fæðingadeild.

Sjúkrahúsið rekur auk þess 11 þjónusturými fyrir ellilífeyrisþega og er rekstur þeirra fjármagnaður með daggjöldum frá Tryggingastofnun ríkisins. Enginn hjúkrunarfræðingur er ráðinn til þessarar deildar en tveir sjúkraliðar starfa þar í 1,6 stöðugildum. Vismennirnir eru yfirleitt háaldraðir en misvel á sig komnir. Vismennirnir eru hins vegar ekki sjúklingar og því aðeins fluttir á sjúkrahúsið að þeir veikist. Þeir flytjast til baka í vistrymin þegar veikindin eru gengin yfir. Fjárhagur elliheimilisins og sjúkrahússins er ekki aðskilinn og því ekki vitað hvort rekstur þess stendur undir sér. Ríkisendurskoðun telur að aðskilja eigi fjárhagslega rekstur þjónusturýma og sjúkrahússins til þess að hægt sé að meta hvort daggjöld og vistgjöld nægi til þess að standa straum af rekstrinum.

Við sjúkrahúsið í Neskaupstað starfa þrír læknar, lyflæknir, skurðlæknir og almennur læknir með sérhæfingu í svæfingum og eru þeir allir í fullri stöðu. Skurðlæknirinn sem er sérfræðingur í bæklunarlækningum sinnir ennfremur störfum innan almennra skurðlækninga auk kvensjúkdóma og fæðingahjálpar. Lyflæknirinn annast almennar lyflækningar auk þess sem hann hefur sinnt húð- og hjartasjúkdómum. Svæfingalæknirinn hefur sinnt barnasjúkdómum.

Sjúkrahúsið hefur auk þessa gert verktakasamning við háls-, nef- og eyrnalækni og kvensjúkdómalækni um aðgerðaaðstöðu á sjúkrahúsinu auk þess sem þeir hafa þar almenna móttöku. Koma þeir reglulega á sjúkrahúsið til að sinna sinni sérgrein. Sérfræðingar sjúkrahússins hafa ennfremur allir móttöku á sjúkrahúsinu.

Ein skurðstofa er á sjúkrahúsinu og eru aðgerðardagar þar tveir. Slysastofan er rekin af sjúkrahúsinu.

Endurhæfingarstöð er starfrækt við sjúkrahúsið. Þar er sundlaug og talsvert rými vel búið tækjum til líkamspjálfunar. Á endurhæfingadeildinni starfa tveir sjúkrapjálfarar í 0,75 stöðu og hafa þeir heimild til að taka á móti eigin sjúklingum í húsakynnum sjúkrahússins og greiða fyrir það 10% aðstöðugjald. Sjálfsbjörg hefur einnig fengið afnot af sundlaug og tækjum fyrir sitt fólk án endurgjalds. Þá hafa íbúar Breiðabliks, íbúða aldraða, fengið frían aðgang að aðstöðunni. Ennfremur er aðstaðan leigð einstaklingum eða hópum á 360 krónur á tímann. Ríkisendurskoðun telur að aðrir en inniliggjandi sjúklingar eigi að greiða fyrir not af þeirri aðstöðu sem þarna er fyrir hendi.

Breiðablik, íbúðir aldraðra, eru samtengdar sjúkrahúsinu með gangi. Íbúar þess geta nýtt ýmsa þjónustu sjúkrahússins s.s. mötuneyti og þvottahús gegn gjaldi. Ennfremur sinna hjúkrunarfræðingar sjúkrahússins á næturvakt íbúum Breiðabliks ef þeir þurfa á því að halda og er ekkert greitt fyrir þá þjónustu. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að koma þessum samskiptum í formlegt horf þannig að greitt sé eðlilegt verð fyrir þá þjónustu sem sjúkrahúsið innir þarna af hendi.

8.5.2 Starfsemi

Starfsemi sjúkrahúsa á landsbyggðinni fer eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst eftir þeim sérfræðingum er þar starfa. Í annan stað tekur starfsemi þeirra mið að því í hve miklum mæli það sinnir öldrunarþjónustu inni á sjúkrahúsinu.

Síðastliðið ár var hlutfall langlegu þ.e. legu er varir meira en 90 daga 49,0% hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað samkvæmt athugun Ríkisendurskoðunar. Hlutfallið var 64,9% að meðtöldum legudögum í þjónusturýmum. Á árunum 1989-1991 var hlutfallið að jafnaði 69,2% samkvæmt skýrslu heilbrigðisráðuneytisins um starfsemi sjúkrahúsa 1989-1991.

Í þessum kafla verður fjallað um þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er á sjúkrahúsinu og þau verk sem unnin eru af heilbrigðisstéttunum. Eftirfarandi tölulegar upplýsingar lýsa að nokkru starfsemi sjúkrahússins í Neskaupstað undanfarin þrjú ár.

Tafla 8.12 Starfsemi Fjórðungssjúkrahússins Neskaupstað

	1992	1993	1994
Rúmafjöldi í notkun	34	33	34
Langlega	12	12	12
Önnur lega	22	21	22
Þjónustudeild	10	10	11
Sjúklingafjöldi yfir árið	745	718	700
Legudagar almennir	10.460	10.032	8.956
Legudagar nýbura, áætlaðir	170	215	274
Legudagar þjónustudeild, áætlaðir	3.650	3.650	3.925
Legudagar alls	14.280	13.897	13.155
Skurðaðgerðir	289	394	271

Fæðingar	30	38	41
Röntgenskoðanir	1.166	1.069	1.193
Inniliggjandi sjúklingar	649	623	635
Sjúklingar utan spítala	517	446	557
Rannsóknir	12.468	14.019	12.729
Inniliggjandi sjúklingar	7.964	9.165	9.165
Sjúklingar utan spítala	4.504	4.854	3.564
Ómskoðanir	178	130-150	130-150
Skópíur	117	126	53

Sjúklingum hefur fækkað um 45 frá árinu 1992 til ársins 1994 eða sem nemur 6,4%. Legudögum hefur að sama skapi fækkað um 1.125 daga eða um 7,9%. Aðgerðum hefur fækkað um 18 en þær eru nær einungis gerðar á inniliggjandi sjúklingum. Skópíum hefur fækkað á sama árabili um 82 eða ríflega helming.

Rannsóknnum á röntgendeild á inniliggjandi sjúklingum hefur fækkað um 14 en fjölgað á rannsóknadeild um 1.201 ef tekið er mið af síðustu þremur árum. Rannsóknir röntgen- og rannsóknadeilda vegna sjúklinga utan spítala eru vegna heilsugæslustöðvarinnar. Rannsóknnum á röntgendeild hefur fjölgað um 40 á síðastliðnum þremur árum en fækkað hjá rannsóknadeild um 940.

Fæðingum á sjúkrahúsinu hefur fjölgað um 11 frá árinu 1992 til ársins 1994 eða um 36,7%. Ómskoðunum hefur hins vegar fækkað milli 30-50 á árinu 1994 í samanburði við árið 1992.

Í skýrslu starfshóps um skipan sjúkrahúsmála komu fram nokkrar upplýsingar um fæðingar á Fjórðungssjúkrahúsi Neskaupstaðar. Á árinu 1991 fæddust 46 börn á sjúkrahúsinu. Mæður 22 þeirra voru með lögheimili í Neskaupstað, 13 mæður áttu lögheimili í S-Múlasýslu, 8 á Eskifirði, 2 í N-Múlasýslu og 1 á Seyðisfirði. Þannig voru rúm 47,8% af fæðingum á sjúkrahúsinu vegna mæðra með lögheimili í Neskaupstað.

Alls fæddust 25 börn á árinu 1991 með lögheimili í Neskaupstað. Af þessum 25 börnum fæddust 22 á sjúkrahúsinu í Neskaupstað en 3 á öðrum sjúkrahúsum. Á Austurlandi að Neskaupstað undanskyldum fæddust alls 218 börn. Þar af fæddust 24 á sjúkrahúsinu í Neskaupstað, 30 á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum 164 börn fæddust annars staðar. Héraðshlutfall í Neskaupstað er 88,0% en á Austurlandi er það 11,0%.

Í árslok 1994 störfuðu á sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni 83 starfsmenn en þeim hefur hefur fækkað nokkuð undanfarin þrjú ár eins og sjá má á fylgiskjali 8.3. Starfsmenn heilsugæslustöðvarinnar eru taldir með starfsfólki sjúkrahúss. Heimiluð stöðugildi voru 62,0 á árinu 1994 og setin 59,10 án afleysingafólks.

8.5.3 Læknar

Eins og fram kom í kaflanum hér að framan eru setin stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 3,0 og sinna þeim þrír læknar, skurðlæknir með bæklunarlækningar sem sérsvið, lyflæknir og almennur læknir með mikla reynslu af svæfingum. Læknarnir eru jafnframt allir ráðnir í 50% stöðu við heilsugæsluna.

Ekki hafa verið gerðir sérstakir samningar á milli yfirmanna og sjúkrahússtjórnar þar sem fram koma réttindi og skyldur hvors um sig. Hver og einn faglegur yfirmaður hefur tilvísun í lög um heilbrigðisþjónustu og aðrar reglugerðir sem til eru um stjórnendur í heilbrigðisþjónustu m.a. erindisbréf. Útbúið hefur verið plagg fyrir launafulltrúa, undirritað af framkvæmdastjóra, þar sem fram koma föst kjör skurðlæknis og lyflæknis umfram grunnlaun. Samkvæmt því greiðast:

- 30 tímar á mánuði fyrir fasta yfirvinnu
- 7 gæsluvaktir 1 með 3,6% álagi
- 3 gæsluvaktir 1 með 6,3% álagi
- 6 gæsluvaktir 2 með 3,78% álagi
- 14 gæsluvaktir 2 með 2,16% álagi

Svæfingalæknirinn fær ekki greidda fasta yfirvinnu en þess í stað er greitt fyrir útköll ef til þeirra kemur. Að öðru leyti eru starfskjör hans þau sömu og skurð- og lyflæknis.

Að auki er bifreiðastyrkur greiddur samkvæmt kjarasamningum og fastagjald af síma. Heilsugæslustörfin eru greidd samkvæmt skýrslum og samningum heilsugæslulækna.

Sjúkrahúslæknarnir hafa aðstöðu til móttöku einkasjúklinga í húsakynnum sjúkrahússins. Umfangið hefur verið mjög lítið í gegnum tíðina og er þeim þætti vinnunnar gjarnan sinnt í vinnutíma þeirra sem heimilislæknar. Ekki hefur verið innheimt aðstöðugjald vegna þessa.

Læknarnir hafa hins vegar ekki gert samning um aðgerðaaðstöðu á sjúkrahúsinu.

Nýlega var gerður samningur við háls-, nef-, og eyrnalækni sem kemur reglulega til Neskaupstaðar og hefur aðstöðu í sjúkrahúsinu til móttöku sjúklinga og aðgerða. Samkvæmt samningnum greiðir læknirinn 600 króna aðstöðugjald fyrir hvern sjúkling sama í hverju viðvikið er fólgið. Samsvarar greiðslan u.þ.b. 4,5 einingum á taxta sérfræðingafélagsins. Á árinu 1994 var enn fremur gerður sambærilegur samningur við kvensjúkdómalækni.

Aðalstarf læknanna er við sjúkrahúsið. Starfið á heilsugæslunni er mun umfangsminna. Vinnunni við heilsugæslustöðina er hagað þannig að læknarnir þrír skiptast á að hafa móttöku tvisvar sinnum þrjá tíma á viku. Móttakan er alla eftirmiðdaga og einn morgunn í viku. Læknarnir skipta einnig með sér vöktum á sjúkrahúsi og í héraðinu og eru þeir þriðja hvern sólarhring og þriðju hverja helgi á vakt. Föstudagur fylgir helginni. Læknar eru ekki á bundnum vöktum og er sami læknir á vakt á sjúkrahúsinu og í héraði. Í raun eru þó allir læknarnir alltaf á bakvakt og fá greitt í samræmi við það. Svæfingalæknirinn fær auk bakvaktagreiddsna greidda 2 tíma fyrir útkall ef til þess kemur. Aðrir læknar fá ekki greitt fyrir sérhvert útkall heldur greiddan fastan fjölda tíma vegna útkalla.

Vinnan við sjúkrahúsið hefst kl. 8:00 þá daga sem skurðaðgerðir eru gerðar en aðra daga kl. 8:30. Byrjað er með stuttum fundi þar sem gerð er grein fyrir vaktinni, skoðaðar röntgenmyndir ofl. Skömmu síðar er genginn stofugangur. Lyflæknir gengur stofugang á lyflækningadeildinni og skurðlæknir og svæfingalæknir á handlækningadeildinni. Milli kl. 13:00 og 14:00 er litið á innkallaða sjúklinga. Að öðru leyti er tekið við símaviðtölum, sinnt pappírsvinnu o.þ.h. Almenn móttaka sjúklinga er yfirleitt frá kl. 13:30.

Aðgerðadagar eru tveir, þriðjudagar og fimmtudagar. Aðgerðum er yfirleitt lokið um hádegi. Hver og einn af læknunum tekur röntgenmyndir með aðstoð röntgentæknis. Fjöldi aðgerða á ári hefur verið um 360, þar af eru 20-30% bráðaaðgerðir. Vinnuslysum hefur fækkað mikið og telja læknarnir að fyrst og fremst megi þakka það breyttum aðbúnaði á vinnustöðum.

Nokkur breyting hefur orðið á aðgerðum eftir að nýr skurðlæknir tók til starfa. Sá sem áður sinnti því starfi var lærður þvagfæra-

skurðlæknir en hafði að auki mikla almenna reynslu í skurðlækningum. Breiddin í aðgerðum var því mikil. Aðgerðum hefur fækkað nokkuð og eru helstu aðgerðir nú, auk bæklunaraðgerða, en þeim hafði ekki verið sinnt áður, tengdar kvensjúkdómum en auk þess kviðslit, æðahútaaðgerðir o.þ.h. Sjúklingar koma frá öllu Austurlandi þó sýnu mest úr nágrannasveitarfélögunum.

Vinna lyflæknisins hefur fyrst og fremst falist í rannsókn, greiningu og meðferð sjúkdóma. Hann gerir áreynslupróf, ristilspeglanir, tekur hjartalínurit, og saumar auk þess saman lítil sár, tekur lítil æxli o.þ.h. þegar þannig stendur á.

Ríkisendurskoðun hefur metið umfang þeirrar vinnu sérfræðinganna sem hægt er að mæla og meta til eininga hvort sem er á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Umfang aðgerða/meðferða á inniliggjandi sjúklingum er fengið úr ársskýrslum sjúkrahússins sem skráð er hjá Ríkisspítölum upp úr gögnum sem sjúkrahúsið sendir. Umfang aðgerða á utanspítalasjúklingum er unnið upp úr reikningum sérfræðinganna til Tryggingastofnunar ríkisins og liggur því einingafjöldi þeirra verka fyrir. Við mat á einingafjölda vegna aðgerða á inniliggjandi sjúklingum hefur að verulegu leyti verið stuðst við samning Tryggingastofnunar við sjálfstætt starfandi lækna. Einingafjöldi verka sem ekki er til í þeirri gjaldskrá hefur verið metinn.

Sundurliðun læknisverkanna og einingafjöldi þeirra eru sýndar í fylgiskjali 5.2 og 5.3 en helstu niðurstöður koma fram í eftirfarandi töflu fyrir árið 1994:

Tafla 8.13 Einingafjöldi verka á sjúkrahúsinu í Neskaupstað árið 1994

Aðgerðir árið 1994	Sjúklingar innan sjúkrahúss	Sjúklingar utan sjúkrahúss	Samtals
Sýnatökur/speglanir	1.832	552	2.384
Aðgerðir/meðferðir	9.734	987	10.721
Svæfingar/deifingar		185	185
Samtals	11.566	1.724	13.290

Ríkisendurskoðun hefur metið þau læknisverk sem mælanleg eru til 13.290 eininga. Svæfingar og deyfingar vegna aðgerða á sjúklingum innan sjúkrahúss hafa ekki verið metnar til eininga. Rúm 90% læknisverkanna er vegna inniliggjandi sjúklinga en tæp 10% verkanna eru gerð ambúlant þ.e. á sjúklingum sem fara heim að aðgerð lokinni. Sýnatökur og speglanir eru 18% af þeim læknisverkum sem metin voru.

8.5.4 Hjúkrun

Núverandi hjúkrunarforstjóri hefur gengt því starfi síðastliðin 30 ár. Auk fastra launa fær hún greiddar 50 yfirvinnustundir á mánuði. Ef til útkalls kemur er greitt fyrir það sérstaklega. Hún fær ennfremur greiddan akstur sem samsvarar 600 km. á mánuði. Ekki er fyrir hendi sérstakur samningur milli sjúkrahússtjórnar og hjúkrunarforstjóra frekar en annarra yfirmanna fagdeilda.

Ekkert samþykkt skipurit er til af stofnuninni. Hjúkrunarforstjóri hafði þó undir höndum faglegt skipurit sem ekki hefur verið rætt formlega innan sjúkrahússins. Samkvæmt því fellur skipulag hjúkrunar, eldhús, þvottahús og ræsting undir hjúkrunarforstjóra.

Helsta vinna hjúkrunarforstjóra er fólgin í því að skipuleggja alla vinnu sem lýtur að hjúkrun og tilheyrandi mannaáðningar. Ennfremur sér hún um öll innkaup á hjúkrunarvörum og kaup á nauðsynlegu taui. Til skamms tíma sá hún einnig um innkaup á lyfjum. Nú er keypt inn frá lyfjaversluninni á staðnum en apótekarinn er á einskona verktakasamningi við sjúkrahúsið. Hjúkrunarfræðingar merkja á lista hvaða lyf vantar og hann afgreiðir samkvæmt honum. Fyrir helgar er reynt að panta inn þannig að ekki þurfi að ónáða lyfsalann að óþörfu en í raun má hafa samband þegar þörf er á. Samið hefur verið um 10% afslátt af lyfjaverði fyrir sjúkrahúsið.

Oftast hefur gengið erfiðlega að manna stöður hjúkrunarfræðinga við sjúkrahúsið. Heimilaðar stöður eru 16 og mannaðar stöður hafa verið frá því að vera 9 til 10 niður í 4. Nú eru 7,3 stöður mannaðar. Hjúkrunarforstjóri er í 100% stöðu en auk hennar eru fimm hjúkrunarfræðingar í 100% stöðu, 2 í 80% stöðu, 1 í 50% stöðu og 1 í 40% stöðu. Þá er hjúkrunarforstjóri í 100% stöðu við heilsugæslustöðina.

Að áliti hjúkrunarforstjóra er ástæða þess hve illa gengur að manna stöður hjúkrunarfræðinga að nokkru leyti sú ábyrgð sem óhjákvæmilega hvílir á hjúkrunarfræðingum lítilla stofnanna enda oft enginn læknir á bundinni vakt. Þá hefur atvinnuástand verið þannig að oft er erfitt að fá vinnu fyrir makann. Hins vegar hefur gengið vel að undanförmu að manna stöður sjúkraliða enda var fyrir nokkrum árum farið að mennta sjúkraliða við verkmenntaskólann á staðnum. Nemendurnir voru ekki síst fyrrverandi starfsstúlkur við sjúkrahúsið.

Halli hefur verið viðvarandi vandamál undanfarin ár. Til að draga úr kostnaði var gerð breyting á vaktafyrirkomulagi hjúkrunarfræðinga. Yfirvinna minnkaði í kjölfarið þar sem tími fyrir "rapporteringu" minnkaði. Nokkrir hjúkrunarfræðingarnir vinna vaktavinnu, aðrir ekki. Aðeins 4,4 stöðugildi taka vaktirnar og eru þær á vakt aðra hvora helgi. Vaktafyrirkomulagið er þannig að morgunvakt er frá kl. 7:30 til kl. 15:30, kvöldvakt er frá kl. 14:30 til kl. 22:30 og næturvakt frá kl. 22:30 til kl. 7:30.

Hjúkrunarþyngd fyrir sjúkrahúsið hefur ekki verið metin. Ríkisendurskoðun kannaði hve margir innliggjandi sjúklingar m.v. legudaga voru á hverjum degi ársins fyrir hvert setið stöðugildi við hjúkrun og aðhlynningu. Þá voru frátaldir áætlaðir legudagar vegna þjónusturýmanna 11 og 1,6 stöðugildi sjúkraliða en ekki er starfandi hjúkrunarfræðingur við deildina.

Tafla 8.14 Hjúkrun og aðhlyning árin 1992 - 1994

Stöðugildi	1992	1993	1994
Hjúkrunarfræðingar	10,00	10,70	9,50
Ljósmaður	1,50	1,50	1,50
Sjúkraliðar	7,30	6,30	14,30
Starfsstúlkur sjúkradeilda	8,70	10,00	3,00
Hjúkrun og aðhlyning alls	27,50	28,50	28,30
Rúmafjöldi	34	34	34
Legudagar	10.630	10.032	9.230
Fjöldi inniliggjandi sjúklinga á dag	29,1	27,5	25,3
Fjöldi sjúklinga á stöðugildi	1,06	0,96	0,89

Eins og fram kemur á töflunni hér að framan er u.þ.b. sjúklingur á hvert stöðugildi þau þrjú ár sem hér um ræðir. Taka verður tillit til þess að legudagur er skráður bæði við komu og brottför sjúklings.

8.5.5 Skurðstofa

Skurðstofan er í notkun tvo daga í viku. Tveir skurðhjúkrunarfræðingar eru ráðnir við skurðstofuna annar í 40% starf og hinn í 50% starf. Hjúkrunarfræðingarnir skipta með sér vöktum og er annar alltaf á bakvakt. Ef til útkalls kemur er greitt fyrir það sérstaklega. Að auki er ein starfstúlka ráðin í 50% starf við skurðstofuna. Hún aðstoðar við aðgerðir og þrif. Hálfan dag í viku vinnur hún ásamt öðrum hjúkrunarfræðingum við sóttthreinsun, þökkun o.þ.h. á skurðstofunni. Skurðhjúkrunarfræðingarnir sjá yfirleitt að öðru leyti um sóttthreinsun.

Hjúkrunarfræðingarnir vinna fulla vinnu aðgerðadagana auk þess sem yfirvinna getur komið til ef aðgerðir dragast á langinn. Í þeim tilvikum fá þær greitt fyrir yfirvinnutímana.

8.5.6 Röntgen

Á röntgendeild vinnur röntgentæknir í 100% starfi en auk þess er til staðar starfsmaður sem kemur þegar þörf er á. Unnið er frá kl. 8:00 að morgni til kl. 16:00 alla daga vikunnar. Bakvöktum er þannig fyrir komið að greidd er bakvakt frá kl. 16:00 til miðnættis virka daga. Um helgar er greidd bakvakt frá kl. 8:00 að morgni til kl. 24:00. Greitt er fyrir útköllin sérstaklega og falla bakvaktageiðslur ekki niður á meðan.

Ríkisendurskoðun kannaði fjölda rannsókna vegna inniliggjandi sjúklinga og sjúklinga utan spítala á hvert setið stöðugildi á röntgendeild árin 1992-1994 í því skyni að fá vísbendingu um vinnuálag á deildinni. Ekki er gerður greinarmunur á því hvers eðlis röntgenrannsóknin er.

Tafla 8.15 Röntgenrannsóknir árin 1992 - 1994

	1992	1993	1994
Röntgentæknar, stöðugildi	1,00	1,00	1,00
Aðstoð, stöðugildi	0,50	0,50	0,50
Röntgendeild, stöðugildi	1,50	1,50	1,50
Rannsóknir, inniliggjandi sjúklingar	649	623	635
Rannsóknir, sjúklingar utan spítala	517	446	557
	1.166	1.069	1.193
Rannsóknir á stöðugildi	777	713	795

Eins og ofangreind tafla sýnir hefur fjöldi rannsókna á hvert setið stöðugildi verið nokkuð svipaður á undanförunum þremur árum.

8.5.7 Rannsókn

Á rannsóknarstofu vinna tveir meinataeknar, annar í 100% starfi og hinn í 50% starfi. Þess utan er aðstoðarmaður í 50% starfi frá september 1994. Vinnutíminn er sá sami og á rannsóknarstofu og er bakvöktum hagað á sama hátt og þar gerist.

Földi rannsókna vegna inniliggjandi sjúklinga og sjúklinga utan spítala á hvert setið stöðugildi á rannsóknastofu var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 8.16 Rannsóknir árin 1992 - 1994

	1992	1993	1994
Meinataeknar, stöðugildi	1,00	1,00	1,30
Aðstoð, stöðugildi	0,50	0,50	0,50
Rannsóknadeild, stöðugildi	1,50	1,50	1,80
Rannsóknir, inniliggjandi sjúklingar	9.152	10.484	9.152
Rannsóknir, sjúklingar utan spítala	4.504	4.854	3.577
	13.656	15.338	12.729
Rannsóknir á stöðugildi	9.104	10.225	7.072

Eins og ofangreind tafla sýnir eru rannsóknir á hvert stöðugildi nokkru færri en verið hefur undanfarin þrjú ár þótt fjölgun hafi orðið á rannsóknnum árið 1993. Skýringanna er m.a. að leita í verkfalli

meinataekna á árinu 1994 og því að aukið var við starfshlutfall meinataekna á því ári.

8.5.8 Mat á starfsemi

Halli á rekstri Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað hefur verið viðvarandi á undanförunum árum eins og fyrr er fram komið. Að hluta til stafar hann af því að stjórnendur sjúkrahússins hafa farið út í framkvæmdir sem ekki er heimild fyrir en hann má að öðru leyti rekja til þeirrar starfsemi er fram fer á sjúkrahúsinu. Ríkisendurskoðun reiknaði hver væri meðalkostnaður á legudag hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað síðastliðin þrjú ár.

Tafla 8.17 Meðalkostnaður á legudag árin 1992 - 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Heildarkostnaður sjúkrahúss	190.636	190.942	198.890
Áætlaður kostnaður þjónusturýma	9.490	9.490	10.205
	181.146	181.452	188.685
Legudagar almennir	10.460	10.032	8.956
Meðalkostnaður á legudag í kr.	17.318	18.087	21.068

Á árinu 1994 var meðalkostnaður sjúkrahússins í Neskaupstað á hvern almennan legudag 21.068 krónur. Í fimmta kafla hér að framan er þessum kostnaði skipt eftir því hvort um langlegu eða skammtímalegu er um að ræða. Kostnaður á hvern legudag hefur hækkað talsvert frá árinu 1992 eða um 21,5%. Skýrist það einkum af því að legudögum hefur fækkað um 14,4% auk þess sem kostnaður sjúkrahússins að frátöldum áætluðum kostnaði vegna þjónusturýmanna hefur aukist um 4,0% að raunvirði.

Miðað við þá starfsemi er fram fer á Fjórðungssjúkrahúsinu í dag er rekstur þess kostnaðarsamur. Í samanburði við önnur sjúkrahús á landsbyggðinni sem Ríkisendurskoðun hefur tekið til athugunar er kostnaður sjúkrahússins í Neskaupstað tæplega tvöfalt dýrari en þess sem lægst er. Að mati lækna sjúkrahússins eru vandamál landsbyggðar-sjúkrahúsanna er þríþætt. Sjúklingar eru mun færri en í Reykjavík og því getur hátækni og verkaskipting ekki orðið jafn mikil. Þessu hefur yfirleitt verið mætt á landsbyggðinni með læknum með mikla reynslu. Neikvæð umræða hefur haft slæm áhrif á vinnu á þessum sjúkrahúsum. Oft og einatt er erfitt að fá fólk til starfa þar sem ekki liggur fyrir hver verði staða þessara sjúkrahúsa í framtíðinni. Þar, eins og víðar, er lýst eftir stefnu

heilbrigðisyfirvalda um hvaða þjónustu tilteknum sjúkrahúsum er ætlað að veita.

Við sjúkrahúsið eru starfandi tveir yfirlæknar. Að mati Ríkisendurskoðunar ætti að gera annan yfirlækni sjúkrahússins ábyrgan fyrir rekstri læknisþjónustu sjúkrahússinu. Í því fælist, eins og fram kemur í lögum um heilbrigðisþjónustu, að hann hafi eftirlit með starfsemi þess og stuðli að því að hún sé ávallt sem hagkvæmst og markvissust. Gera þarf honum kleift að fylgjast reglulega með kostnaði við þá læknisþjónustu sem veitt er á hverjum tíma.

8.6 Rekstur Fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar

8.6.1 Skrifstofa

Á sameiginlegri skrifstofu sjúkrahúss og heilsugæslu starfa fjórir starfsmenn. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri eru í fullu starfi en launafulltrúi og bókari eru í hluta starfi. Skipting verkefna er með hefðbundnum hætti.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með rekstri stofnananna, annast fjármál og gerð fjárlagatillagna. Framkvæmdastjóri samþykkir reikninga stofnananna til greiðslu. Yfimmenn viðkomandi deilda kvitta fyrir móttöku vöru eða þjónustu á afrit reikninga sem síðan eru yfirfarnir og samþykktir af framkvæmdastjóra áður en að þeir fara til greiðslu. Framkvæmdastjóri hefur enn fremur yfirumsjón með umsjónar- og viðhaldsmálum stofnananna en öll framkvæmdamál heyra beint undir hann.

Bókari er í 50% starfi og vinnur öll hefðbundin störf vegna fjárhagsbókhaldsins. Bókari annast rekstraruppgjör stofnanna og afstemmingar á viðskiptareikningum. Fært er í BÁR-ET kerfi.

Launafulltrúinn er í 50% starfi og hefur umsjón með launamálum stofnanna. Launafulltrúinn sér fyrst og fremst um launabókhaldið og uppgjör launa. Tölvukerfið H-laun er notað við útreikning launanna. Starfsmenn sjúkrahúss og heilsugæslu eru að jafnaði um 60, þó talsvert fleiri yfir sumartímamann. Umfang starfsmannamála er eftirfarandi hjá sjúkrahúsinu síðastliðin þrjú ár:

Tafla 8.18 Upplýsingar um starfsmenn árin 1992 - 1994

Starfsmannamál	1992	1993	1994
Stöðugildi á skrifstofu	3,0	3,0	3,0
Fjöldi starfsmanna beggja stofnana 1. janúar	85	93	83
Setin stöðugildi beggja stofnana 1. janúar	63,3	58,8	59,1

Gjaldkeri er í fullu starfi. Hann annast venjubundin gjaldkerastörf, greiðslu reikninga og innheimtu sértekna s.s. vegna stoðdeilda, eldhúss og þvottahús. Auk þess sem sér gjaldkeri um öll almenn skrifstofustörf.

Kostnaður við skrifstofuhald var eftirfarandi árin 1992-1994 hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað:

Tafla 8.19 Skrifstofukostnaður árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Laun	6.538	5.884	6.109
Annar skrifstofukostnaður	1.662	2.742	1.355
Tækjakaup	671	166	313
Skrifstofukostnaður	8.872	8.792	7.777

Skrifstofukostnaður hefur lækkað um 1,1 milljón króna á árinu 1994 í samanburði við árið 1992. Skýringanna er einkum að leita í minni kostnaði vegna tækjakaupa og lækkun launakostnaðar auk þess sem annar skrifstofukostnaður hefur lækkað nokkuð. Laungjöld á skrifstofu hafa lækkað um 429 þúsundir króna eða 6,6% að raunvirði.

Tafla 8.20 Rekstur skrifstofu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Skrifstofukostnaður	8.872	8.792	7.777
Velta sjúkrahúss	190.636	190.942	198.890
Velta heilsugæslu	20.286	14.481	17.264
Velta alls	210.922	205.423	216.154
Skrifstofukostnaður í % af veltu	4,21%	4,28%	3,60%

Í töflunni hér að ofan sést að skrifstofukostnaður sem hlutfall af veltu sjúkrahúss og heilsugæslu hefur lækkað nokkuð frá árinu 1992 sem skýrist af því að skrifstofukostnaður hefur lækkað nokkuð milli árana 1992 og 1994 eins og fram kemur í töflu 8.19 og því að velta stofnananna hefur aukist talsvert eða um 2,5% að raunvirði milli á sama árabili.

Eins og fjallað er um fyrr í þessari skýrslu bendir framlögð áætlun vegna rekstrar ársins 1994 til þess að skilvirkni bókhaldsins sé ekki sem skyldi og þarf að gera gangskör að því að bæta þar úr. Nokkuð er um að innkomnir reikningar séu ekki færðir strax til bókkunar heldur geymdir hjá framkvæmdastjóra þar til þeir eiga að greiðast. Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að bóka jafnóðum alla þá reikninga er berast stofnuninni og færa á viðskiptareikninga ef ekki er ætlunin að greiða þá strax. Að öðrum kosti gefur bókhaldið ekki rétta mynd af stöðu stofnanna. M.a. af þessum sökum virðist framkvæmdastjóri ekki hafa heildaryfirsýn yfir rekstrar- og fjárhagsstöðu stofnananna tveggja.

Rekstraráætlanir eru hvorki gerðar fyrir sjúkrahúsið í heild né einstakar rekstrareiningar innan þess en að því er stefnt af hálfu stjórnenda sjúkrahússins. Rekstrarupplýsingar eru hvorki lagðar fyrir yfirmenn þjónustudeilda, lækna eða hjúkrunarforstjóra né stjórn sjúkrahússins með reglubundnum hætti. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að koma á virkri rekstraráætlanagerð fyrir Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað og þjónustudeildir þess sem er skipt niður á mánuði þannig að forsvarsmenn sjúkrahússins svo og yfirmenn þjónustudeilda geti fylgst með hvort að reksturinn sé í samræmi við áætlanir. Þá telur Ríkisendurskoðun að koma þurfi á þeirri verklagsreglu að yfirmenn þjónustudeilda samþykki reikninga áður en að til greiðslu kemur og kanni jafnframt að þeir séu merktir á rétta kostnaðarstaði. Slíkt leiðir til þess að áætlanagerð verður markvissari og samanburður við þær raunhæfari.

8.6.2 Eldhús

Í eldhúsi vinna átta starfsmenn í samtals 7,5 stöðugildum. Fjórir starfsmenn eru 100% starfi auk ráðskonu og aðstoðarráðskonu, einn starfsmaður er í 80% starfi og annar í 70% starfi. Vaktafyrirkomulag er með þeim hætti að unnið er í 7 daga og síðan frí í 3 daga. Ráðskona og aðstoðarráðskona skiptast á að vinna um helgar. Á virkum dögum vinna fjórir starfsmenn frá kl. 7:30 til kl. 15:30 og einn starfsmaður frá kl. 11:30 til kl. 19:30. Um helgar vinna þrír starfsmenn frá kl. 7:30 til kl. 15:30 og einn starfsmaður frá kl. 7:30 til kl. 19:30.

Morgunmatur í sjúkrahúsinu er kl. 8:30 og kl. 8:45 í matsal starfsfólks. Sú hefð hefur skapast að á morgunverðarborði starfsmanna þurfa að vera, auk hafragrauts, súrmjólkur o.þ.h. tvær til þrjár kjötáleggstegundir og tvær osttegundir. Þar við bætist síld, egg auk salats og nokkrar tegundir af brauði. Það er mat Ríkisendurskoðunar að leggja

ætti niður morgunverð til starfsmanna í núverandi mynd og taka upp annan með einfaldara sniði.

Ráðskona sér um hádegisverð. Hádegis- og kvöldverður fyrir sjúklinga er settur í lyftur á deildir og sama gildir um máltíðir fyrir vistmenn elliheimilisins. Starfsfólk deilda sér um að koma bökkum til baka. Gengið er frá mat fyrir það starfsfólk sem er á næturvakt í þar til gerða kassa. Oftast er um að ræða brauð og álegg og e.v.t. afganga frá heitum mat í hádegi. Starfsfólk næturvaktar greiðir ekki fyrir matinn.

Fjöldi máltíða er að jafnaði eftirfarandi á dag:

	Morgunmatur	Hádegismatur	Kvöldmatur
Útseldur matur, Breiðablik		12 skammtar	
Sjúklingar, öll mál	55 skammtar	55 skammtar	55 skammtar
Starfsfólk, almennt	22 skammtar	22 skammtar	6 skammtar
Starfsfólk, eldhús	4 skammtar		

Eldhúsið selur íbúum Breiðabliks, þjónustuíbúða aldraða, mat og er máltíðin seld á 330 krónur hvort sem um er að ræða kjöt- eða fiskmáltíð. Hver matarmiði kostar 100 krónur og greiðir starfsfólk eftirfarandi fyrir kaffi og máltíðir:

Máltíð	Fjöldi eininga	Heildarverð
Morgunverður	1,5 einingar	150 krónur
Hádegisverður	2,5 einingar	250 krónur
Kaffi og meðlæti	1,0 eining	100 krónur
Kvöldverður	2,0 einingar	200 krónur

Starfsfólk hefur til skamms tíma getað verið í föstu fæði eða keypt matarmiða sem á að skila í borðstofu. Enginn er til þess að taka við matarmiðum og veruleg brögð hafa verið af því að þeim sé ekki skilað. Frá 1. apríl er starfsfólki ekki lengur gefinn kostur á föstu fæði heldur ber öllum að skila matarmiðum. Var þetta gert til þess að gefa starfsfólki eldhúss betri möguleika á að fylgjast með skilum. Ekki er komin löng reynsla á þetta kerfi en skil á matarmiðum eru fremur léleg þann tíma sem það hefur verið í gildi.

Starfsfólk eldhúss bakar allt brauð fyrir sjúkrahúsið nema matbrauð, vinna allt kjötálegg s.s. kæfu og rúllupylsu og taka á hverju hausti 200 slátur. Tækjakostur í eldhúsi er nokkuð góður. Þó er talið óæskilegt að uppþvottavélin sé staðsett í eldhúsi eins og raunin er í þarna. Í fyrsta lagi er gufan frá henni mikil og að auki fylgir henni mikill hávaði.

Ráðskona annast öll innkaup til eldhússins. Stöðugt er gerður verðsamanburður. Hún yfirfer alla pöntunarseðla og skrifar upp á þá. Ráðskona sér ekki yfirlit úr bókhaldi yfir rekstur eldhússins. Að mati Ríkisendurskoðunar er það grundvallaratriði að yfirmönnum einstakra þjónustudeilda sé gert kleift að fylgjast reglulega með þeim kostnaði er þeir eiga að bera ábyrgð á.

Skipting tekna og gjalda eldhússins var eftirfarandi síðustu þrjú ár:

Tafla 8.21 Kostnaður við rekstur eldhúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Tekjur:			
Starfsmannamötuneyti	1.712	1.574	1.429
Útselt fæði	914	703	544
Samtals	2.626	2.278	1.973
Kostnaður:			
Hráefni	9.588	9.146	8.675
Laun	12.422	11.590	11.618
Annar kostnaður	479	810	1.049
Samtals	22.488	21.546	21.342
Gjöld umfram tekjur	19.862	19.268	19.369

Tekjur af matarsölu sjúkrahússins hafa lækkað um 653 þúsundir króna eða um 24,9% að raunvirði. Lækkunin skýrist af minni tekjum af matarsölu til starfsmanna enda hefur miðaverð verið óbreytt síðastliðin þrjú ár auk þess sem tekjur af matarsölu til Breiðabliks hafa lækkað umtalsvert milli árána 1992 og 1994.

Kostnaður við matargerðina hefur lækkað um 1.146 þúsundir króna eða 5,1% að raunvirði síðastliðin þrjú ár.

Tafla 8.22 Rekstur eldhúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Velta sjúkrahúss	190.636	190.942	198.890
Rekstur eldhúss	19.862	19.268	19.393
Rekstur eldhúss í % af veltu sjúkrahúss	10,4%	10,1%	9,8%
Legudagar almennir	14.110	13.682	12.881
Rekstur eldhúss á legudag í kr.	1.408	1.408	1.505
Setin stöðugildi í eldhúsi	8,0	7,5	7,5
Fjöldi máltíða á stöðugildi í eldhúsi	7.073	7.330	6.916
Kostnaður við matargerð	22.488	21.546	21.342
Fjöldi máltíða	55.844	53.979	51.874
Meðalkostnaðarverð máltíðar	403	399	411
Fæðissala til starfsmanna	1.712	1.574	1.429
Unnin stöðugildi alls	63,30	58,8	59,10
Fæðissala til starfsmanna á stöðugildi í kr.	27.046	26.767	24.179
Fæðissala til starfsmanna í % af hráefniskostn.	17,9%	17,2%	16,5%

Rekstrarkostnaður eldhúss að frádregnum tekjum sem hlutfall af heildargjöldum sjúkrahússins hefur farið heldur lækkandi undanfarin þrjú ár. Hlutfallið var 10,4% árið 1992 en 9,8% á árinu 1994.

Legudögum hefur fækkað nokkuð síðastliðin þrjú ár. Kostnaður á legudag að frádregnum tekjum nam 1.505 krónum árið 1994 og hefur hækkað nokkuð frá árinu 1992 er hann nam 1.408 krónum.

Ríkisendurskoðun kannaði hvert væri meðalkostnaðarverð máltíðar hjá Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað. Miðað var við að máltíðir á legudag væru þrjár að frátöldum legudögum nýbura og fjölda innlagnadaga, og að jafnaði 44 starfsmenn væru í fæði á virkum dögum en 16 um helgar. Upplýsingar lágu fyrir hjá sjúkrahúsinu um fjölda máltíða sem framleiddar voru fyrir aðra utan sjúkrahússins á þessu árabili og eru þær upplýsingar notaðar. Miðað við þær forsendur var meðalkostnaðarverð hvernar máltíðar hjá sjúkrahúsinu 411 krónur á árinu 1994 og hefur það hækkað nokkuð frá árinu 1992 er það nam 403 krónum.

Tekjur af matarsölnunni til Breiðabliks námu 2,5% af heildarkostnaði við matargerð á árinu 1994 en fjöldi máltíða til þeirra nam 3,2% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Ennfremur er meðalkostnaðarverð máltíðar eins og fram kemur að ofan 411 krónur en

máltíðin er seld á 330 krónur. Því virðist sem verðlagning máltíðar til ellilífeyrisþega sé nokkuð undir kostnaðarverði. Að mati Ríkisendurskoðunar ber að að færa verð útseldra máltíða til samræmis við eðlilegt kostnaðarverð.

Tekjur af fæðissölu á hvert stöðugildi á sjúkrahúsinu hafa lækkað á undanförunum þremur árum en þær námu 24.179 krónum árið 1994 en 27.046 krónum árið 1992. Tekjur af seldum mat til starfsmanna sjúkrahússins og heilsugæslunnar hafa því rýrnað nokkuð að raunvirði á þessu árabili.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna námu 6,7% af heildarkostnaði við matargerð árið 1994 en áætlaður fjöldi framleiddra máltíða fyrir starfsmenn nam hins vegar 26,0% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Verðlagning máltíða til starfsmanna er þannig nokkuð niðurgreidd eins og tíðkast hjá stofnunum ríkisins en sú vinnuregla hefur gilt að verð á máltíðum byggðist á hráefniskostnaði vegna þeirra þ.e. starfsmenn greiddu sem svaraði hráefni eingöngu. Hlutfall tekna af fæðissölu til starfsmanna af hráefniskostnaði nam 16,5% en hlutfallið ætti að vera samkvæmt ofangreindu 26,0%. Að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegt að verð matarmiða til starfsmanna sé hækkað til samræmis við raunverulegan hráefniskostnað máltíðanna.

Ekki er óalgengt að tekið sé á móti gestum á sjúkrahúsinu af ýmsum ástæðum. Við þau tækifæri sér starfsfólk eldhússins um veitingarnar og sá kostnaður sem af því hlýst færast á eldhúsið. Ríkisendurskoðun telur að kostnaður af slíkum móttökum sem að ofan eru nefnd eigi að færast á eldhúsið en á móti kaupum yfirstjórn sjúkrahússins þessa þjónustu af eldhúsinu á raunvirði og færi sem risnu.

8.6.3 Umsjón og viðhald eigna

Við sjúkrahúsið starfa tveir umsjónarmenn hvor um sig í 100% starfi. Annar er vélvirki og sér sá um allt minniháttar viðhald á tækjum en kaupir aðstoð annarra iðnaðarmanna eftir þörfum. Hinn umsjónarmaðurinn sér um alla daglega aðdrætti, póstflutninga, kistulager o.þ.h. verkefni. Ennfremur sjá umsjónarmenn, ásamt framkvæmdastjóra, um að útvega húsnæði fyrir aðkomið starfsfólk. Sjúkrahúsið á eigin bifreið og er eftirlit með henni á vegum umsjónarmanna.

Umsjón og viðhald nær til eftirtalinna eigna:

- Sjúkrahússins Mýrargötu 20
- Heilsugæslustöðvarinnar Mýrargötu 20
- Læknisbústaðar Mýrargötu 24

Sjúkrahúsið á engin önnur hús eða íbúðir en hefur tekið á leigu íbúðir fyrir afleysingafólk. Að undanfögnu hefur sjúkrahúsið verið með fjórar íbúðir á leigu árið um kring auk nokkurra íbúða yfir sumartímann.

Framlög vegna viðhalds, leigutekjur af húsnæði auk aðstöðugjalda voru eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 8.23 Framlög vegna viðhalds og leigutekjur árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Framlög v/viðhalds	1.845	1.792	2.941
Húsaleiga starfsmanna	759	713	748
Samtals	2.604	2.505	3.689

Kostnaður vegna viðhalds og umsjónar á fasteignum og tækjum sjúkrahússins og þeirra íbúða sem leigðar eru út til starfsmanna var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 8.24 Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Laun	3.281	3.008	2.952
Leiga á íbúðum f. starfsmenn	2.454	1.849	1.609
Rekstur og viðhald eigna og tækja	11.011	13.399	18.088
Samtals	16.745	18.255	22.649

Að undanfögnu hefur verið unnið að nokkrum meiriháttar viðhaldsverkefnum hjá sjúkrahúsinu. Haustið 1994 var unnið að sprunguviðgerðum á sjúkrahúsinu utanverðu og nam kostnaður vegna framkvæmdanna 2,0 milljónum króna. Verkið var ekki boðið út en þess í stað farið eftir ábendingu verkfræðistofu í Kópavogi og komu verktakarnir frá Reykjavík. Veruleg viðgerðarvinna fór fram á loftræstikerfi sjúkrahússins og var verkið unnið af Loftræstipjónustunni h.f. Kostnaður við verkið nam tæpum 1,3 milljónum króna. Þá nam kostnaður vegna viðgerða á gólfi sjúkrahússins 1,7 milljónum króna. Að auki var lokið við innanhússendurbætur á læknisbústaðinum. Í upphafi var gert ráð fyrir að viðgerðir yrðu tiltölulega litlar en þegar hafist var handa kom í ljós að bústaðurinn var illa farinn og margt sem þarfnaðist

viðgerðar. Alls nam kostnaðurinn vegna læknisbústaðarins á árinu 1994 um 3,5 milljónum króna.

Fjárveiting ríkis til meiriháttar viðhalds á árinu 1994 nam 2,5 milljónum króna og var upphæðin ætluð til sprunguviðgerða utan húss á nýbyggingu sjúkrahússins. Hlutur sveitarfélaga nam því um 0,4 milljónum króna. Aðrar framkvæmdir sjúkrahússins eru þannig fjármagnaðar af almennu rekstrarfé þess. Að mati Ríkisendurskoðunar er það ámælisvert að stjórnendur sjúkrahússins fari út í framkvæmdir sem ekki hafa fengist fjárveitingar fyrir, ekki síst í ljósi slæmrar fjárhagsstöðu þess.

Reikningar vegna efniskaupa eru ekki yfirfarnir af umsjónarmönnum heldur af framkvæmdastjóra sem jafnframt skrifar upp á þá. Þá hafa umsjónarmenn ekki fylgst með þeim kostnaði sem færður er á þeirra deild og er að mati Ríkisendurskoðunar nauðsynlegt að bætt verði úr núverandi fyrirkomulagi.

Framlög vegna tækjakaupa og tækjakaup voru eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 8.25 Framlög og kostnaður vegna tækjakaupa árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Framlög v/tækjakaupa	0	1.194	0
Tækjakaup	3.359	3.507	3.633
Kaup umfram framlög	3.359	2.313	3.633

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan fóru í kaup á tækjum og búnaði umfram framlög á síðastliðnum þremur árum og voru því fjármögnuð af rekstrarfé sjúkrahússins. Framlög til tækjakaupa fela í sér framlög ríkissjóðs og 15% hlut sveitarfélag í meiriháttar tækjakaupum en í tækjakaupum eru innifalin öll kaup sjúkrahússins á tækjum og búnaði síðastliðin þrjú ár.

Á árinu 1992 var m.a. annars keyptur nýr fæðingamónitor fyrir fæðingadeild, eyrnasmjásjá auk framköllunarvélar fyrir röntgendeild. Á árinu 1993 var m.a. keypt rannsóknateki fyrir rannsóknastofu, auk tækja í eldhús og þvottahús. Þá voru á árinu 1994 keypt skurðstofuáhöld fyrir 1,1 milljón króna, þvottavél fyrir 700 þúsundir króna og tæki fyrir röntgendeild að fjárhæð 400 þúsundir króna.

Sjúkrahúsið á einbýlishús að Mýrargötu 24. Fermetrafjöldi er 267,2 og brunabótamat á árinu 1994 16.048 þúsundir króna. Heilsugæslustöðin á hvorki hús né íbúðir fyrir sitt starfsfólk.

Tafla 8.26 Eignir sjúkrahúss

Verðlag hvers árs Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjöldi íbúða	1	1	1
Fermetrafjöldi	267	267	267
Brunabótamat	16.914	16.617	16.048

Á undanförunum árum hefur sjúkrahúsið að staðaldri leigt 4 íbúðir fyrir starfsfólk allt árið um kring. Er fyrst og fremst um að ræða íbúðir í félagslega kerfinu og er húsaleiga miðuð við brunabótamat á hverjum tíma. Sjúkrahúsið endurleigir íbúðirnar til fagfólks sem kemur til lengri dvalar. Leigutakar greiða hálfu leigu fyrsta árið. Húsaleigan fer síðan stighækkandi og eftir 18 mánuði greiðir viðkomandi fulla leigu.

Yfir sumartímamann hafa verið leigðar fleiri íbúðir en einungis stuttan tíma í senn. Þessum íbúðum hefur farið fækkandi á undanförunum árum. Starfsfólk sem kemur styttri tíma til afleysinga fær frítt húsnæði. Í töflunni hér á eftir hefur fjöldi íbúða og fermetrafjöldi verið reiknaður með tilliti til notkunartíma.

Tafla 8.27 Leigðar íbúðir sjúkrahúss

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjöldi leigðra íbúða	6	5	5
Fermetrafjöldi	541	451	455
Leigugjöld	2.454	1.849	1.609
Leigugjöld á fermetra í kr. á mánuði	378	342	295

Á árinu 1992 var heildarfermetrafjöldi leigðra íbúða 541 m². Samsvarandi fyrir árin 1993 og 1994 var 451m² og 455 m². Hefur þá verið tekið tillit til notkunartíma í skammtímaleigu hvert ár fyrir sig. Á móti innheimti sjúkrahúsið leigu að fjárhæð 759 þúsundir króna á árinu 1992, 712 þúsundir króna á árinu 1993 og 743 þúsundir króna á árinu 1994 vegna allra íbúða sinna, bæði þeirra sem sjúkrahúsið hafði umráð yfir og eru í ríkiseign og þeirra sem það hafði á leigu.

Tafla 8.28 Leigutekjur

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
--	------	------	------

Fjöldi leigðra íbúða	6	5	5
Fermetrafjöldi	541	451	455
Leigutekjur	759	712	743
Leigutekjur á fermetra í kr. á mánuði	117	132	136

Íbúðirnar, sem stöðugt eru í notkun, hafa fyrst og fremst verið nýttar af hjúkrunarfræðingum. Þær íbúðir sem hafa verið í skammtímaleigu hafa jöfnum höndum verið nýttar af læknum og hjúkrunarfræðingum sem koma til afleysinga.

Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds eigna og tækja að frátöldum framlögum til viðhaldsverkefna var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 8.29 Umsjón og viðhald eigna og tækja

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Velta sjúkrahúss og heilsugæslu	210.922	205.423	216.154
Umsjón og viðhald	12.447	14.615	18.099
Umsjón og viðhald í hlutfalli af veltu	6,0%	7,1%	8,4%
Fermetrafjöldi sjúkrahúss og heilsugæslu	4.076	4.076	4.076
Fermetrafjöldi eigin íbúða	267	267	0
Fermetrafjöldi alls	4.343	4.343	4.076
Umsjón og viðhald á m ² í kr.	2.866	3.365	4.440

Kostnaður við umsjón og almennt rekstrarviðhald eigna og tækja sjúkrahússins auk meiriháttar viðhaldskostnaðar nam 8,4% af heildargjöldum sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á árinu 1994. Á árinu 1992 nam sami kostnaður 6,0%. Á árinu 1994 var umsjónar- og viðhaldskostnaður 4.440 krónur á hvern fermetra ef miðað er við samanlagðan fermetrafjölda sjúkrahúss og heilsugæslu og hefur hækkað um 54,9% að raunvirði frá árinu 1992. Hækkun umsjónar og viðhaldskostnaðar skýrist einkum af miklum framkvæmdum ársins 1994 alls að fjárhæð 8,5 milljónir króna en eins og áður hefur komið fram námu fjárveitingar ríkis og sveitarfélaga einungis 2,9 milljónum króna vegna viðhalds á því ári. Þá var umsjón og viðhald læknisbústaðar frá árinu 1994 í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

8.6.4 Þvottahús

Í þvottahúsinu starfa fjórir starfsmenn hver um sig í 80% starfi. Þessir sömu starfsmenn voru fram til ársins 1992 allir í 100% starfi en í kjölfar sparnaðaraðgerða var ákveðið að fækka um einn starfsmann. Til

Þess að komast hjá uppsögnum ákváðu starfsmennirnir allir að minnka við sig vinnuna. Unnið er frá kl. 8:00 til kl. 14:30 og stundum heldur meira fyrir stórhátíðir. Yfirvinna er helst yfir sumartímann.

Þvottahús sjúkrahússins er eina þvottahúsið í Neskaupstað og hefur frá upphafi verið rekið sem einskonar bæjarþvottahús. Í þvottahúsinu er þvegin þvottur fyrir eftirtalda aðila:

Sjúkrahús	Allur þvottur
Elliheimilið	Allur þvottur
Breiðablik	Ef um það er beðið
Hótelíð	Allur þvottur
Apótekið	Sloppar o.fl.
Sundlaug, íþróttahús	Handklæði o.þ.h.
BSRB, sumarbústaðir	Ýmiss þvottur
Einstaklingar	Heimilisþvottur, dúkar o.þ.h.

Allur þvottur sem þvegin er á þvottahúsinu er seldur út í samræmi við gjaldskrá félags þvottahúsaeygenda en hótelinu er veittur 20% afsláttur frá verðskrá. Ekki er gerður reikningur vegna þvotta fyrir heilsugæslustöðina eða elliheimilið.

Tækjakostur þvottahússins er góður. Tvær þvottavélar taka 25 kg. hvor og ein tekur 5 kg. Þurrkarar eru tveir. Rafvirki sjúkrahússins sér um allar viðgerðir. Tauflokkunarkerfi er ekki til staðar í þvottahúsi en vélar þvottahússins gætu tekið við slíku kerfi. Starfsfólk deilda sér um að koma óhreinum þvotti í þvottahúsið. Þegar tauið er tilbúið er það sett í lyftur og hringt á viðkomandi deildir. Sloppar starfsfólks eru settir í sér geymslur. Tauíð er ekki viktað en við úttekt fyrirtækisins Ráðgarðs hf. á mannaflapörf og ýmsum kostnaðarliðum var þvottur viktaður í þrjár vikur. Samkvæmt þeirri athugun má gera ráð fyrir því að þvegin séu að jafnaði um 250 kg. af þvotti á dag yfir vetrarmánuðina en magnið tvöfaldast yfir hásumartímann þegar full starfsemi er á hótelinu, sundlaug og sumarbústöðum.

Forstöðukona sér um að panta það efni sem þarf til reksturs þvottahússins og sendir áritaða pöntunarseðla á skrifstofuna. Kvittað er fyrir móttöku á afrit reiknings og þeir sendir upp á skrifstofu til samþykktar og greiðslu. Forstöðukona hefur hvorki séð útskriftir úr bókhaldi yfir rekstur þvottahúss né farið fram á það en þörf er á því að mati Ríkisendurskoðunar.

Í tengslum við þvottahúsið er rekin saumastofa og vinnur þar einn starfsmaður í 50% starfi. Allt tau sem þörf er á á sjúkrahúsinu er saumað þar ef undan er skilinn nærfatnaður, ungbarnafatnaður, sokkar og sloppar á starfsfólk. Þar er einnig saumað innan í líkkistur en útfararþjónusta bæjarins er á vegum sjúkrahússins. Kostnaður vegna þessarar þjónustu hefur verið reiknaður á skrifstofunni og er liðlega 2.000 krónur á kistu. Saumakonan gefur upp tíma og allt efni. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að verðleggja þessa þjónustu í samræmi við það sem eðlilegt getur talist og almennt tíðkast hjá útfararþjónustum. Hún vinnur í þvottahúsinu ef með þarf s.s. vegna veikinda og tekur yfirvinnuna út í fríi.

Tafla 8.30 Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Laun	5.925	5.104	4.986
Annar kostnaður	540	829	610
Tækjakaup	0	735	780
Samtals	6.465	6.668	6.376
Tekjur	665	738	916
Kostnaður - tekjur	5.800	5.930	5.460

Af töflunni hér að framan sést að rekstrarkostnaður þvottahússins hefur lækkað um 869 þúsundir króna milli árana 1992 og 1993 eða um 13,4% að raunvirði. Lækkunin kemur einkum fram á launalið þvottahússins en eins og fyrr segir fækkaði um eitt stöðugildi í júnímánuði 1992. Hins vegar var nokkur kostnaður samfara tækjakaupum síðastliðin tvö ár sem vóg upp á móti því hagræði sem fram náðist þessi tvö ár.

Tekjur af þvotti nema um 14,4% af heildarkostnaði við rekstur þvottahússins á árinu 1994, 11,6% árið 1993 og 10,3% árið 1992. Eins og áður kom fram er þvotturinn ekki viktaður að jafnaði en þann tiltekna tíma sem viktun fór fram var útseldur þvottur um 12% af heildarmagni þvotta.

Tafla 8.31 Rekstur þvottahúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Velta sjúkrahúss	190.636	190.942	198.890
Rekstur þvottahúss	5.800	5.930	5.460
Rekstur þvottahúss í % af veltu	3,0%	3,1%	2,7%
Stöðugildi í þvottahúsi	4,0	3,2	3,2
Stöðugildi í saumastofu	0,5	0,5	0,5
Legudagar alls	14.280	13.897	13.155
Rekstur þvottahúss á legudag	406	427	415

Kostnaður vegna þvottahúss nam 2,7% af heildarkostnaði sjúkrahússins á árinu 1994 eða 415 krónum á hvern legudag. Séu tækjakaup ársins frátalin nam kostnaðurinn 2,4% af veltu sjúkrahússins eða 356 krónum á hvern legudag. Á árinu 1992 nam kostnaður þvottahússins 3,0% af heildarkostnaði sjúkrahússins eða 406 krónum á hvern legudag. Rekstur þvottahússins var því hagkvæmari á árinu 1994 en hann var á árinu 1992.

Ríkisendurskoðun leggur til að allur þvottur fyrir hverja stofnun fyrir sig verði viktaður og kannað hvað hver magneining kostar. Með því móti er starfsfólki gert kleift að fylgjast með breytingum á magni frá einu tímabili til annars auk þess að fylgjast með breytingum á kostnaði við þvottinn. Þá er slík viktun og flokkun þvotts á hverja stofnun fyrir sig forsenda þess að sá þvottur sem þveginn er fyrir aðila utan sjúkrahússins sé verðlagður í samræmi við kostnað. Þá telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að stjórnendur sjúkrahússins kanni hver kostnaður er við að taka upp flokkunarkerfi á taui og meti væntanlegan ávinning af slíkri breytingu.

8.6.5 Ræsting

Við ræstingu vinna átta manns í samtals 4,5 stöðugildum. Ræstingastjóri er í fullu starfi en aðrir starfsmenn eru í 50% vinnu hver. Eitt stöðugildið er alfarið vegna elliheimilisins. Tveir starfsmenn vinna á heilsugæslunni eftir hádegi frá kl. 15:00 til 19:00. Aðrir starfsmenn í hálfu starfi vinna frá kl. 7:30 til 11:30. Alltaf er einn starfsmaður í frí dag hvern. Allir starfsmenn fá tvo frídaga í viku og þurfa að vinna tvær af hverjum sjö helgum. Sami vinnutími er um helgar á sjúkrahúsinu en þá er ekki þrifið á heilsugæslunni. Tveir starfsmenn eru í vinnu um helgar og því heldur minna gert en aðra daga. T.d. er ekkert þrifið á herbergjum vistmanna á elliheimilinu.

Vinna við ræstingar var mæld upp fyrir u.þ.b. 15 árum þegar nýtt kerfi við ræstingar var tekið upp. Moppukerfið er notað og með tilkomu þess gengur starfsfólki ágætlega að anna vinnunni. Engin yfirvinna er unnin nema þegar gerðar eru stórhreingerningar á sjúkrahúsinu og þeim íbúðum sem það hefur til umráða. Vel hefur gengið að fá fólk til afleysingastarfa yfir sumartímann.

Tafla 8.32 Kostnaður við ræstingu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Laun	6.779	6.730	6.514
Annar kostnaður	767	1.045	920
Tækjakaup	0	621	0
Samtals	7.546	8.396	7.434

Kostnaður við ræstingu hefur lækkað um rúmar 100 þúsund krónur frá árinu 1992 til ársins 1994 eða sem svarar til 1,5% að raunvirði. Nokkur lækkun hefur orðið á launagjöldum en rekstrarkostnaður hefur hins vegar aukist vegna meiri notkunar hreinlætisvara af einu eða öðru tagi. Á árinu 1992 voru ræstivagnar endurnýjaðir og nam kostnaður vegna þessa rúmum 620 þúsundum króna.

Ræstingastjóri sér um innkaup á vörum til ræstinganna og nýtir sér m.a. samninga á vegum Ríkiskaupa. Hann áritar pöntunarseðla og kemur þeim til skrifstofu. Hann sér ekki yfirlit úr bókhaldi yfir kostnað við ræstingu eins og vera ber.

Tafla 8.33 Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Velta sjúkrahúss og heilsugæslu	210.922	205.423	216.154
Ræstingakostnaður	7.546	8.396	7.434
Ræstingakostnaður á veltu	3,6%	4,1%	3,4%
Stöðugildi við ræstingu	4,5	4,5	4,5
Ræstir m ² á sjúkrahúsi og heilsugæslu	4.000	4.000	4.000
Ræsting á m ² í kr.	1.887	2.099	1.859

Kostnaður á hvern ræstan fermetra hefur lækkað um 1,5% á árinu 1994 miðað við árið 1992 í samræmi við lækkun ræstingakostnaðar milli sömu ára. Engin breyting hefur verið á ræstum fermetrafjölda á þessu árabili.

9. Sjúkrahús Suðurlands

9.1 Rekstrarform

Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi er sameign ríkissjóðs, Selfoskaupstaðar, Selfosslæknishéraðs og þriggja sýslna; Árnassýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Ríkissjóður er 85% eignaraðili að sjúkrahúsinu en 15% eignarhluti skiptist milli annarra eigenda á eftirfarandi hátt:

Tafla 9.1 Skipting 15% eignaraðilar Sjúkrahúss Suðurlands

Eignaraðilar	Eignahlutdeild
Árnassýsla	34,33%
Rangárvallasýsla	16,14%
V-Skaftafellssýsla	2,34%
Selfoskaupstaður	37,19%
Selfosslæknishérað	10,00%

Eignaraðild fer eftir fjármögnun á byggingu sjúkrahúsa samkvæmt lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Ákvæði þessara laga eru að meginhluta til samhljóða. Í þeim kemur fram að framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga skuli nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað en hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðagjalda. Hvorugur aðili á kröfu á hinn fyrir greiðslu á leigu fyrir eign eða eignarhluta. Þá er kveðið á um að meiriháttar viðhald og tækjakaup teljist stofnkostnaður en almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

Rekstur sjúkrahússins er að meginhluta til borinn af ríkissjóði með framlögum af fjárlögum. Auk þess hefur sjúkrahúsið nokkrar sértekjur og berst talsvert af gjafafé.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 flokkast Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi sem almennt sjúkrahús og starfar það sem slíkt. Samkvæmt skilgreiningu laganna er þar um að ræða sjúkrahús sem tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur á að skipa

sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Við Sjúkrahús Suðurlands starfa nú fjórir sérfræðingar í jafnmörgum sérgreinum þ.e. skurðlæknir, kvensjúkdómalæknir, lyflæknir og svæfingalæknir auk aðstoðarlæknis.

Sjúkrahúsið er rekið í starfstengslum við heilsugæslustöðina á Selfossi. Þar er um að ræða svonefnda H2 stöð sem samkvæmt skilgreiningu laga nr. 97/1990 er heilsugæslustöð þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru hjúkrunarfólki. Við heilsugæslustöðina á Selfossi starfa þrír sérfræðingar í heimilislækningum auk röntgenlæknis og barnalæknis.

Meðferðarheimilið að Sogni í Ölfusi er ennfremur rekið í starfstenglum við Sjúkrahús Suðurlands samkvæmt samningi frá 12. ágúst 1992.

9.2 Stjórnskipulag og stjórnun

Stjórnunarleg ábyrgð á rekstri Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi er í höndum stjórnar sem í eiga sæti fimm menn skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stjórnin er þannig skipuð að hlutaðeigandi sveitarfélög tilnefna þrjá fulltrúa, starfsmannaráð sjúkrahússins tilnefnir einn og ráðherra skipar einn án tilnefningar, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar. Fulltrúar sveitarfélaga í starfandi stjórn sjúkrahússins eru tilnefndir af Árnassýslu, Rangárvallasýslu og Selfoskaupstað.

Auk þess að bera stjórnunarlega ábyrgð á rekstri sjúkrahússins er stjórninni ætlað að gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsið og einstakar skipulagsheildir þess. Áætlanirnar skulu gerðar a.m.k. fjögur ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnar í nánú samstarfi við forstöðumenn deilda. Áætlanirnar eiga að vera sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar.

Á síðari hluta árs 1987 og fyrri hluta árs 1988 voru, í samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, unnar tillögur um breytingar á starfsliði og vaktfyrirkomulagi sem miðuðu að því að sjúkrahúsið gæti sinnt bráðabjónustu og almennri skurðlæknaþjónustu fyrir suðurlandssvæðið og læknaþjónustu á hjúkrunardeild stofnunarinnar. Talin var m.a. þörf á ráðningu yfirlæknis sem væri sérfræðingur í skurðlækningum eða kvensjúkdómum. Þá var óskað eftir svæfingarlækni í hlutastarf, tveimur lyflæknum í hlutastörf, aðstoðarlækni í fullt starf og ennfremur nauðsynlegu starfsfólki á skurðstofu. Tillögurnar náðu að

nokkru leyti fram að ganga á árinu 1990 með ráðningu yfirlæknis sem var sérfræðingur í almennum skurðlækningum, lyflæknis í hlutastarf og aðstoðarlæknis í fullt starf.

Á árinu 1992 vann annar yfirlæknir sjúkrahússins skýrslu sem fjallar um starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands á árunum 1989-1991 og framtíðaráform sjúkrahússins og þau markmið sem æskilegt væri að stefna að á komandi árum. Nokkur þeirra atriða sem fram komu í skýrslunni hafa þegar verið framkvæmd. Má þar nefna ráðningu kvensjúkdómalæknis í stöðu annars yfirlæknis í stað skurðlæknis, ráðningu sérfræðings í svæfingum og deyfingum, kaup á tækjum til aðgerða í gegnum kviðsjá og ómskoðunartæki. Önnur áform, heldur viðameiri s.s. stækkun sjúkrahússins með byggingu tengigangs hafa ekki komist í framkvæmd.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að slíkar þróunar- og rekstraráætlanir, sem kveðið er á um í lögum um heilbrigðisþjónustu, séu unnar reglulega af stjórn sjúkrahússins þar sem eldri áætlanir eru endurmetnar m.t.t. breyttra áherslna og framþróunar í heilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu ræður stjórn sjúkrahússins starfslið þess. Í raun ráða yfirmenn fagdeilda sitt starfslið en framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn. Yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri sem starfa skulu við sjúkrahúsið eru ráðnir af sjúkrahússtjórninni að fenginni umsögn sérstakra fagnefnda sem starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 97/1990.


Sameiginleg stjórn og framkvæmdastjóri er fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina. Yfirstjórn sjúkrahússins og heilsugæslunnar þ.e. framkvæmdastjóri, yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar, alls tíu manns, sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Auk þess hefur stjórnin sérstakan fundarritara. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar og útbýr dagskrá. Á stjórnarfundum eru tekin fyrir stærri málefni sjúkrahússins s.s. ráðning yfirmanna, launa- og samningamál, námsleyfi, meiriháttar samningagerð auk þess að fylgjast með rekstrarstöðu þess. Framkvæmdastjóri leggur með reglubundnum hætti fyrir stjórnina reikningsyfirlit yfir stöðu sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar. Stjórn sjúkrahússins var skipuð í septembermánuði 1994. Ekki er því komin löng reynsla af hennar störfum en að mati framkvæmdastjóra fylgist hún vel með rekstri sjúkrahússins.

Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhæfir rekstur hennar, þannig að fyllstu

hagkvæmni sé gætt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn sjúkrahússins á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri bera ábyrgð á sínum fagsviðum og skulu vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um áætlanagerð, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir á sínu sviði.

Verkaskipting yfirstjórnar Sjúkrahúss Suðurlands er skýr. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar og hefur umsjón með öllu er snýr að fjármálum þessara tveggja stofnana. Yfirlæknar bera ábyrgð á læknisfræðilegri meðhöndlum og hjúkrunarforstjóri sér um það er lýtur að almennri hjúkrun þ.m.t. mannahald, vaktaskipulag og stjórnun hjúkrunarfólks.

Skipuriti Sjúkrahúss Suðurlands er best lýst með eftirfarandi mynd:



Að mati framkvæmdastjóra væri æskilegt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setti framkvæmdastjórum sjúkrahúsa erindisbréf sem kvæði sérstaklega á um óskipta fjármálalega ábyrgð þeirra á rekstri stofnananna. Ríkisendurskoðun tekur undir það sjónarmið að nauðsynlegt sé aðeins einn aðili verði gerður ábyrgur fyrir rekstri sjúkrahússins

gagnvart stjórn þess. Stofnunin vill hins vegar benda á mikilvægi þess að öðrum yfirmönnum sjúkrahússins verði gerð grein fyrir rekstrarlegri stöðu þeirrar starfsemi er þeir bera ábyrgð á.

Samkvæmt lögum skal lækna ráð starfa við sjúkrahúsið og vera stjórnendum til ráðuneytis um öll lækni- og fræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins. Slíkt lækna ráð er starfandi við sjúkrahúsið á Selfossi og er það sameiginlegt fyrir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina. Núverandi formaður lækna ráðsins er lyflæknir sjúkrahússins. Lækna ráðið hefur sett sér starfsreglur sem staðfestar voru af sjúkrahússtjórninni árið 1993. Lækna ráðið heldur fundi mánaðarlega og oftast ef sérstök ástæða er til. Það fjallar m.a. um fagleg málefni og mál er snerta launa- og starfskjör lækna. Lækna ráðið virðist nokkuð virkt.

Tækjakaupanefnd er starfandi við sjúkrahúsið. Í henni sitja framkvæmdastjóri, yfirlæknir sjúkrahússins og hjúkrunarforstjóri þess. Hlutverk nefndarinnar er annars vegar að gera tillögur um tækjakaup á komandi fjárlagaári sem lagðar eru fyrir stjórn sjúkrahússins í tengslum við árlega fjárlagagerð. Hins vegar ráðstafar nefndin því gjafafé sem sjúkrahúsinu áskotnast og ekki er merkt ákveðnum verkefnum, að fengnu samþykki stjórnar.

Starfsmannaráð er starfandi við sjúkrahúsið og fræðslunefnd á vegum þess.

9.3 Fjármál

Rekstur Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi er að meginhluta til fjármagnaður með framlögum af fjárlögum. Áætlanir fjárlaga byggja annars vegar á áætlun á launalið sjúkrahúsanna og hins vegar á áætlun rekstrargjalda. Launaáætlanir sjúkrahúsa eru byggðar á heimiluðum stöðugildum fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu ákveðnu kostnaðarmati fyrir hverja starfsstétt sem fela á í sér launatengd gjöld, afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.fl. Rekstrargjöld sjúkrahúsa eru áætluð með hliðsjón af rekstrargjöldum síðastliðinna ára, auk þess sem taka á tillit til breyttra aðstæðna sjúkrahúsa ef um það er að ræða.

Fjárveitingar til meiriháttar viðhalds og tækjakaupa falla undir sérstakan fjárlagalið og sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um skiptingu þess fjár. Framlag til stofnkostnaðar þ.e. til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er enn fremur sérstakur fjárlagaliður og er því fé sem þar er til ráðstöfunar skipt af Fjárlaganefnd Alþingis. Hlutur

ríkissjóðs í fjármögnun af hvoru tveggja þessara kostnaðarliða er 85% en hlutur sveitarfélaga 15%.

Á undanförunum þremur árum hafa fjárveitingar fjárlaga og fjárheimildir Sjúkrahúss Suðurlands verið sem hér segir:

Tafla 9.2 Framlög ríkissjóðs á verðlagi hvers árs

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjárlög	203.200	213.800	209.400
Fjárheimild til rekstrar	209.577	213.800	214.869
Fjárheimild til tækjakaupa	0	0	0
Fjárheimild til óskipts viðhalds	3.300	5.000	0
Fjárheimild ríkissjóðs til reglubundins rekstrar	212.877	218.800	214.869
Fjárveiting til stofnkostnaðar, sérgreind	1.000	7.000	7.700
Fjárheimild ríkissjóðs alls	213.877	225.800	222.569

Á árunum 1992 og 1993 fékk sjúkrahúsið sérstaka fjárveitingu til óskipts viðhalds. Framlagið var ætlað til klæðingar á sjúkrahúsinu utanhúss og lauk þeirri framkvæmd á árinu 1993.

Sjúkrahúsið hefur ennfremur fengið á síðastliðnum þremur árum sérgreinda fjárveitingu til stofnkostnaðar. Framlag ársins 1992 að fjárhæð 1,0 milljón króna fór til greiðslu á reikningi frá Húsameistara ríkisins vegna hönnunar á klæðingu sjúkrahússins utanhúss og var kostnaðurinn, að fjárhæð 803 þúsundir króna, færður á stofnkostnaðarsafnlið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Framlög ársins 1993 og 1994 alls að fjárhæð 14,7 milljónir króna eru ætluð til kaupa á röntgentækjum og hefur framlag ársins 1993 verið greitt Framkvæmdasýslu Íslands. Kostnaðurinn við röntgentækin nemur 16,5 milljónum króna og er áætlað að sveitarfélögin greiði það sem á vantar. Þessar fjárveitingar hafa ekki verið færðar á Sjúkrahús Suðurlands.

Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til sérstakra verkefna og sá kostnaður sem af þeim hlýst sé færður á viðkomandi sjúkrahús. Með því móti er hægt að sjá hverjar eru heildarfjárveitingar ríkissjóðs til sjúkrahússins og hver sé hinn raunverulegi kostnaður af starfsemi þess.

Greiðslur ríkissjóðs til rekstrar, tækjakaupa og viðhalds auk sérstakra greiðslna sem færðar hafa verið á Sjúkrahús Suðurlands voru sem hér segir árin 1992 - 1994.

9.3 Greiðslur ríkissjóðs á verðlagi hvers árs

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Greitt til rekstrar	209.519	213.857	214.869
Greitt til viðhalds	3.300	5.000	0
Sérstakar greiðslur	0	8.585	500
Greiðslustaða vegna rekstrar	212.819	227.442	215.369
Greiðslur til stofnkostnaðar	803	7.000	0
Greiðslustaða alls	213.622	234.442	215.369

Á árinu 1993 var sjúkrahúsinu veitt 8,6 milljóna króna fjárveiting á fjárukalögum vegna skaðabóta sem sjúkrahúsið var dæmt til þess að greiða. Þá var sjúkrahúsinu veitt sérstök fjárveiting á árinu 1994 að fjárhæð 500 þúsundir króna var vegna náms sjúkraliða.

Tafla 9.4 Framlög ríkissjóðs á verðlagi ársins 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Fjárheimild til rekstrar	219.100	217.037	215.369
Fjárheimild til tækjakaupa	0	0	0
Fjárheimild til óskipts viðhalds	3.450	5.076	0
Fjárheimild ríkissjóðs til reglubundins rekstrar	222.550	222.113	215.369
Fjárveiting til stofnkostnaðar, sérgreind	1.045	7.106	7.700
Fjárheimild ríkissjóðs alls	223.596	229.219	223.069

Framlög til rekstrar sjúkrahússins hafa dregist saman að raunvirði um rúmar 4,2 milljónir króna á árinu 1994 í samanburði við árið 1992 sé miðað við hækkun launa hjá ríkisstofnunum og vísitölu framfærslukostnaðar eða um 1,9% að raunvirði. Lækkun framlaga má rekja til þeirra sparnaðaraðgerða sem gripið var til af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á síðastliðnum árum og miða áttu að lækkun útgjalda þess málaflokks.

Eins og fram kemur í töflunum hér að framan hafa ekki orðið miklar breytingar á framlögum ríkissjóðs til rekstrar sjúkrahússins síðastliðin þrjú ár þótt umtalsverð aukning hafi orðið á starfsemi þess einkum með ráðningu sérfræðings í kvensjúkdómum og fæðingum í ársbyrjun 1994 og ráðningu svæfingarlæknis haustið 1993.

Óneitanlega vekur þessi staðreynd upp spurningar um hversu raunhæfar áætlanir fjárlaga eru eða er ætlað að vera. Sú breyting að ráða sérfræðing í kvensjúkdómum og fæðingum til sjúkrahússins í ársbyrjun 1994 í stað skurðlæknis sem lét af störfum á því ári hefur að mati heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins ekki í för með sér breytingu á

starfsemi sjúkrahússins kostnaðarlega séð. Þó liggur það í augum uppi að fjöldi fæðinga hlýtur að aukast umtalsvert auk aðgerða á sviði sérfræðingsins. Með ráðningu svæfingalæknis varð ennfremur unnt að framkvæma fleiri og stærri aðgerðir. Aukning á starfsemi sjúkrahússins hefur kostnað í för með sér og að mati Ríkisendurskoðunar hefði verið eðlilegra að áætla fyrir honum í fjárlagagerð fyrir árið 1994.

Síðastliðið ár var Sjúkrahús Suðurlands rekið með nokkrum halla sem skýrist af umfangsmeiri starfsemi en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Árin tvö þar á undan voru hins vegar hallalaus.

Tafla 9.5 Rekstur Sjúkrahúss Suðurlands árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992		1993		1994	
Fjárhæðir í þ.kr.	þ.kr.	%	þ.kr.	%	þ.kr.	%
Rekstrartekjur						
Framlög ríkissjóðs, rekstur	217.367	85,9	215.471	81,8	213.769	85,8
Framlög ríkissjóðs, viðhald, tæki	5.123	2,0	6.700	2,5	1.600	0,6
Framlög ríkissjóðs, bætur	0	0,0	8.715	3,3	0	0,0
Framlög sveitarfélaga	609	0,2	899	0,3	0	0,0
Tekjur deilda	26.137	10,3	29.177	11,1	31.332	12,6
Aðrar tekjur	3.664	1,4	2.487	0,9	2.395	1,0
	<u>252.900</u>	<u>100,0</u>	<u>263.449</u>	<u>100,0</u>	<u>249.097</u>	<u>100,0</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	180.167	72,8	183.198	70,0	195.957	74,6
Vörukaup, almenn	31.133	12,6	31.718	12,1	28.963	11,0
Vörukaup, sérgreind	14.808	6,0	14.747	5,6	19.748	7,5
Þjónusta I	13.615	5,5	13.818	5,3	13.391	5,1
Þjónusta II	5.858	2,4	8.448	3,2	3.209	1,2
Áhættutap og bætur	0	0,0	8.128	3,1	0	0,0
Trygg., op.gjöld og fjárm.gjöld	1.904	0,8	1.396	0,5	1.268	0,3
Áhalda- og tækjakaup	0	0,0	199	0,1	0	0,2
	<u>247.484</u>	<u>100,0</u>	<u>261.652</u>	<u>100,0</u>	<u>262.535</u>	<u>100,0</u>
Rekstrarafkoma (-tap) ársins	<u>5.416</u>		<u>1.797</u>		<u>-13.438</u>	

Eins og fram kemur á töflu 9.5 hér að framan hafa framlög ríkissjóðs til Sjúkrahúss Suðurlands dregist saman um 7,1 milljón króna milli árana 1992 og 1994 eða sem svarar til 3,2% að raunvirði. Framlög til rekstrar hafa lækkað um 3,6 milljónir króna sem svarar til 1,7% að raunvirði. Framlög til tækjakaupa og viðhalds hafa einnig lækkað nokkuð en þau námu 1,6 milljón króna á árinu 1994.

Sértekjur sjúkrahússins hafa aftur á móti aukist um 3,9 milljónir króna á þessu árabili sem nemur 13,2% að raunvirði. Tekjur deilda á árinu

1994 hafa aukist um 5,2 milljónir króna frá árinu 1992 eða um 19,9% sem skýrist einkum af auknum tekjum vegna rannsókna og röntgen um 3,3 milljónir króna og af gjöldum fyrir vistun sem námu 1,9 milljónum króna á árinu 1994. Aðrar tekjur hafa lækkað um 1,3 milljónir króna sem skýrist m.a. af því að tekjur vegna húsaleigu færast nú hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu en þær námu 1,4 milljónum króna á árinu 1992. Aðstöðugjöld sérfræðinga hafa hins vegar hækkað um tæpar 530 þúsundir króna milli árána 1992 og 1994.

Heildargjöld Sjúkrahúss Suðurlands hafa hækkað um 15,1 milljón króna milli árána 1992 og 1994 eða sem svarar til 6,0% að raunvirði. Hækkun launa og launatengdra gjalda nam 15,8 milljónum króna eða 8,8% að raunvirði en önnur rekstrargjöld lækkuðu um 739 þúsundir króna eða sem svarar til 1,1% að raunvirði.

Launaútgjöld sjúkrahússins skiptust þannig á árunum 1992-1994 eftir tegund launa:

Tafla 9.6 Launaútgjöld Sjúkrahúss Suðurlands árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Almenn vinnulaun	107.000	112.146	111.588
Vaktaálag	18.622	18.787	21.421
Aukagreiðslur	294	353	265
Yfirvinna	34.984	37.397	41.413
Endurgreidd laun	-165	-5.300	-1.509
Vinnulaun	160.733	163.384	173.177
Launatengd gjöld	19.433	19.815	22.779
Laun og launatengd gjöld	180.166	183.199	195.956

Almenn vinnulaun hafa hækkað um 4,6 milljónir króna milli árána 1992 og 1994 eða sem nemur 4,3%. Fjölgun setinna stöðugilda er hins vegar sáralítill á þessu árabili eða um rúmt stöðugildi. Meginhækkun launaútgjalda kemur fram á yfirvinnu um 6,4 milljónir króna og á vaktaálagsgreiðslum um 2,8 milljónir króna. Hækkun á yfirvinnu skýrist að hluta af leiðréttingu á launum lækna. Kostnaður vegna þessa nam 1,3 milljónum króna í árslok 1994. Samtals hækkuðu launagjöld sjúkrahússins um 12,4 milljónir króna eða 7,7% að raunvirði milli árána 1992 og 1994 og launatengd gjöld hækkuðu um 3,3 milljónir króna eða 17,2% á sama árabili.

Sé horft á hækkun launa út frá starfsstéttum hefur hækkun dagvinnulauna, eftirvinnu, álagsgreiðslna auk orlofs án launatengdra gjalda verið eftirfarandi síðastliðin þrjú ár:

Tafla 9.7 Laun eftir starfsstéttum árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994	Mism.
Fjárhæðir í þ.kr.				
Læknar	15.868	16.643	18.022	2.154
Hjúkrunarfræðingar	33.135	33.940	37.812	4.677
Ljósmeður	11.338	10.736	12.688	1.350
Sjúkraliðar	35.602	37.097	40.622	5.020
Meinataeknar	5.081	5.834	5.691	610
Röntgentæknar	4.851	4.840	5.269	418
Laun heilbrigðisstétta	105.875	109.090	120.104	14.229
Starfsstúlkur	22.019	24.196	18.815	-3.204
Annað starfsfólk	35.314	35.598	37.054	1.740
Önnur laun	57.333	59.794	55.869	-1.464
Laun alls	163.208	168.884	175.973	12.765

Laun heilbrigðisstéttanna þ.e. lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, ljósmeðra, meina- og röntgentækna hafa þannig hækkað um 14,2 milljónir króna milli árána 1992 og 1994 eða sem nemur 13,4% að raunvirði. Hækkun dagvinnu nam 6,9 milljónum króna eða 11,1% en eftirvinna, álagsgreiðslur og orlofsgreiðslur hækkuðu um 7,3 milljónir króna eða 16,7% að raunvirði. Yfirvinna og álagsgreiðslur hækkuðu nokkuð meira en laun fyrir dagvinnu hjá læknum, ljósmeðrun, sjúkraliðum og röntgentæknum en því var öfugt farið hjá hjúkrunarfræðingum og meinatæknum. Laun starfsstúlkna lækkuðu um 3,2 milljónir króna eða um 14,6% en hækkun launa hjá öðru starfsfólki nam samtals 1,7 milljónum króna eða að jafnaði 4,9% að raunvirði. Launaskrið heilbrigðisstétta hjá Sjúkrahúsi Suðurlands hefur þannig verið umtalsvert meira en hjá öðrum starfsmönnum sjúkrahússins.

Eins og fram kom hér að framan lækkuðu rekstrargjöld sjúkrahússins um rúmar 700 þúsundir króna milli árána 1992 og 1994. Breyting á öðrum rekstrargjöldum sjúkrahússins kemur einkum fram á liðnum sérgreind vörukaup sem hækkaði um 4,9 milljónir króna. Þar má finna kostnað við lyf og tengd efni, einnota lækninga- og hjúkrunarvörur o.þ.h. og haldast þessir kostnaðarliðir í hendur við þá starfsemi sem fram fer á sjúkrahúsinu. Aðrir liðir annarra rekstrargjalda lækkuðu alls um 5,7 milljónir króna á árinu 1994 miðað við árið 1992 sem skýrist einkum af

kostnaði við þær framkvæmdir sem sjúkrahúsið stóð fyrir á árunum 1992 og 1993 vegna klæðingar sjúkrahússins.

Eiginfjárstaða sjúkrahússins var jákvæð árin 1992 og 1993 en var neikvæð á síðastliðnu ári vegna hallareksturs ársins 1994.

Tafla 9.8 Eiginfjárstaða Sjúkrahúss Suðurlands árin 1992 - 1994

Verðlag hvers árs	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Veltufjármunir	17.184	19.396	11.231
Aðrar eignir	0	0	0
Eignir alls	17.184	19.396	11.231
Skammtímaskuldir	14.537	14.515	19.455
Landtímaskuldir	0	0	0
Skuldbindingar	2.512	2.975	3.308
Eigið fé	135	1.905	-11.533
Skuldir og eigið fé alls	17.184	19.395	11.231

Skuldir Sjúkrahússins á Suðurlandi voru 11,5 milljónum króna hærri en eignir þess í árslok 1994 en árið áður voru eignir þess 1,9 milljónum króna hærri en skuldir. Slæm eiginfjárstaða sjúkrahússins skýrist af 13,4 milljóna króna hallarekstri ársins 1994.

Sjúkrahúsbyggingin er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi en fasteignamat húss og lóðar við Árveg, skrifstofuhúss á sama stað auk Ljósheima við Austurveg nam 229,8 milljónum króna í árslok 1994. Brunabótamat sömu eigna nam 490,5 milljónum króna. Auk þess á sjúkrahúsið tvær íbúðir við Fossheiði að verðmæti 5,7 milljónir króna samkvæmt fasteignamati. Brunabótamat íbúðanna nam 8,2 milljónum króna.

9.4 Starfsvæði og starfstengsl við aðrar stofnanir

9.4.1 Starfssvæði

Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi er ætlað að þjóna Selfoskaupstað auk íbúa Árnessýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Íbúafjöldi svæðisins var 15.988 manns í desembermánuði 1994. Af þeim voru 4.136 íbúar á Selfossi eða rúm 25% af íbúafjölda svæðisins.

Tafla 9.9 Íbúafjöldi á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands

Mannfjöldi 1. desember	1992	1993	1994
Árnessýsla	11.284	11.393	11.502
Rangárvallasýsla	3.290	3.300	3.293
V-Skaftafellssýsla	1.223	1.212	1.193
Samtals	15.797	15.905	15.988

Á fylgiskjali 9.1 má sjá dreifingu íbúa um einstaka hreppa innan sýslanna þriggja. Landfræðilega nær svæðið yfir 25.000 ferkílómetra svæði þar af í byggð um 3.400 ferkílómetrar samkvæmt upplýsingum Tölfræðihandbókarinnar.

Starfssvæði heilsugæslustöðvarinnar á Selfossi tekur yfir Selfoskaupstað, Villingaholtshrepp, Hraungerðishrepp, Gaulverjabæjarhrepp, Sandvíkurhrepp, Grafningshrepp, Eyrarbakkaahrepp, Stokkseyrarhrepp og hluta Ölfushrepps. Heilsugæslulæknar eru með reglulega móttöku á Eyrarbakka og Stokkseyri en á þessum stöðvum er starfandi hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslustöðvarinnar á Selfossi.

Önnur stór heilsugæslustöð, þ.e. H2 stöð, er staðsett á starfssvæði Sjúkrahússins í Laugarási, en H1 stöðvar eru staðsettar í Þorlákshöfn, Hellu, Hvolsvelli, Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri.

Í skýrslu vinnuhóps um skipan sjúkrahússmála sem gefin var út í nóvembermánuði 1993 er fjallað um sjúkrahús og hjúkrunarrými í landinu og gerðar tillögur um stærð og hlutverk þessara stofnana einkum utan höfuðborgarsvæðisins. Skýrslan fjallar um almennar legudeildir sjúkrahúsa svo og hjúkrunar- og dvalarheimili og sýndi notkun á þjónustu einstakra sjúkrahúsa eftir héruðum þ.e. lögheimili sjúklings. Skilgreint var hvert væri aðalupptökusvæði sjúkrahúsa og hvert væri heildarupptökusvæði þess. Aðalupptökusvæði Sjúkrahúss Suðurlands var skilgreint sem Selfoskaupstaður með um 4.000 íbúa en

heildarupptökusvæðið var skilgreint sem Suðurlandsumdæmi að frátöldum Vestmannaeyjum með um 16.000 íbúa.

Upplýsingar um íbúa og fjöldi lega á Sjúkrahúsi Suðurlands voru eftirfarandi:

Tafla 9.10 Legur á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands

Legur 1991	Íbúar	Legur sjúkrahúss	Legur alls	Héraðs-hlutdeild
Selfoss	3.959	298	536	56%
V-Skaftafellssýsla	1.208	24	161	15%
Rangárvallasýsla	3.291	160	574	28%
Árnessýsla	7.167	329	1.252	26%
Alls	15.625	811	2.523	32%

Á árinu 1991 var héraðshlutdeild Sjúkrahússins á Selfossi um 56% sem sýnir hve stórt hlutfall af öllum legum íbúa Selfoss er á sjúkrahúsinu. Sjúkrahúsið er þannig aðalsjúkrahús Selfossbúa. Héraðshlutdeild sjúkrahússins er tæplega 30% af legum íbúa Árnessýslu og Rangárvallasýslu en 15% í V-Skaftafellssýslu.

Sé öllum legum á Sjúkrahúsi Suðurlands skipt eftir því frá hvaða landssvæði sjúklingarnir koma, þ.e. lögheimili þeirra, sést að 32% eru frá Selfossi, 17% frá Rangárvallasýslu og 35% frá Árnessýslu. Um 16% af legum eru þannig vegna sjúklinga sem koma frá öðrum landssvæðum.

Fjöldi aldraðra var eftirfarandi á Selfossi og Suðurlandi í heild án Vestmannaeyja miðað við mannfjölda 1. desember 1992:

Tafla 9.11 Fjöldi aldraðra á Selfossi og Suðurlandi

Staður	Fjöldi aldraðra			Aldurssamsetning		
	70-80	80+	Alls	70-80	80+	70+
Selfoss	325	177	5.812	5,6%	3,0%	8,6%
Sýslunar þrjá	496	291	9.991	5,0%	2,9%	7,9%
Starfssvæði alls	821	468	15.803	5,2%	3,0%	8,2%

Fjöldi íbúa á aldrinum 70 til 80 ára á aðalupptökusvæði sjúkrahússins á Selfossi eru 5,6% af íbúum bæjarins og fjöldi áttæðra og eldri eru 3,0%. Aldraðir íbúar eru þannig 8,6% af heildaríbúafjölda Selfoss sem er töluvert fyrir ofan landsmeðaltal en það er 7,4%. Aldraðir íbúar á starfssvæði sjúkrahússins í heild, þ.e. á Suðurlandi að meðtöldum Selfosskaupstað en Vestmannaeyjum undanskildum, eru aðeins færri en á Selfossi eða 8,2% af heildaríbúafjölda svæðisins.

Á Suðurlandi eru starfrækt átta hjúkrunar- og/eða elliheimili auk hjúkrunardeildar sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi. Þau eru staðsett í Hveragerði, Stokkseyri, Eyrarbakka, Hrunamannahreppi, Hellu, Hvolsvelli, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri.

Á fylgiskjali 9.2 með skýrslu þessari má sjá yfirlit yfir þá stofnanþjónustu, þ.e. sjúkrahús-, heilsugæslu- og öldrunarþjónustu, sem veitt er á starfssvæði Sjúkrahúss Suðurlands.

9.4.2 Starfstengsl við heilsugæslu

Heilsugæslustöðin á Selfossi hóf starfsemi sína árið 1978 í húsnæði Sjúkrahúss Suðurlands. Þjónusta stöðvarinnar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu felur m.a. í sér:

- Almenna lækniþjónustu, hjúkrunarþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir
- Lækningarannsóknir
- Sérfræðilega lækniþjónustu, tannlækningar, endurhæfingu
- Hjúkrun í heimahúsum
- Heilsuvernd

Tafla 9.12 Rekstur heilsugæslustöðvar Selfoss árin 1992 - 1994

Fjárhæðir í þ.kr. á verðlagi ársins 1994	1992	1993	1994
Sértekjur	-9.936	-9.778	-9.153
Launagjöld	24.802	24.350	25.603
Önnur rekstrargjöld	10.228	11.861	9.841
Samtals	25.094	26.433	26.291

Við heilsugæslustöðina á Selfossi starfa þrjár heilsugæslulæknar hver um sig í 1,0 stöðu, röntgenlæknir í 0,5 stöðu og barnalæknir í 0,25 stöðu. Auk þess koma augnlæknar reglulega á heilsugæslustöðina. Heilsugæslulæknarnir eru með reglulega móttöku á Eyrarbakka og Stokkseyri. Heilsugæslulæknarnir starfa ekki á sjúkrahúsinu sem aðstoðarlæknar, eins og oft tíðkast hjá minni sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Því eru skil milli starfsemi heilsugæslu og sjúkrahúss skarpari en þar gerist. Starfsmenn heilsugæslunnar voru 23 í árslok 1994 í 14,52 stöðugildum. Heimiluð stöðugildi voru 14,52 á árinu 1994.

Heilsugæslustöðin er rekin í starfstengslum við sjúkrahúsið eins og kveðið er á um í 12. grein laga um heilbrigðisþjónustu þannig að

Þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvoru tveggja. Starfsemi heilsugæslunnar fer fram í húsnæði sjúkrahússins og nýtir u.þ.b. 10% af heildarfermetrafjölda byggingarinnar. Skrifstofa, fundaraðstaða, mötuneyti og búningsherbergi starfsfólks eru samnýtt fyrir báðar stofnanirnar og eru í húsnæði sjúkrahússins.

Formlegur samstarfssamningur er ekki fyrir hendi milli sjúkrahússins og heilsugæslunnar. Heilsugæslustöðin hefur ekki greitt leigu fyrir sinn hluta aðstöðunnar á sjúkrahúsinu og tekur stofnunin ekki þátt í ýmsum sameiginlegum kostnaðarliðum vegna húsnæðisins s.s. húsvörslu og umsjónar með fasteigninni, tryggingum, sköttum eða viðhaldskostnaði. Heilsugæslustöðin greiðir þó 10% af kostnaði vegna orkunotkunar.

Framkvæmdastjóri er sameiginlegur fyrir fyrir báðar stofnanirnar og sama gildir um starfslið á skrifstofu. Launum þessara aðila er þó ekki skipt milli stofnananna að öðru leyti en því að heilsugæslustöðin greiðir 50% af stöðugildi launafulltrúa á skrifstofu. Tölvukostnaður og kostnaður við aðkeypta bókhaldsaðstoð færist eingöngu á sjúkrahúsið en heilsugæslustöðin greiðir 25% af tölvukostnaði af þjónustusamningum. Síma vakt og móttökuritarar eru á launum hjá hvorri stofnun fyrir sig þ.e. tveir hjá sjúkrahúsi og tveir hjá heilsugæslu en símakostnaður er greiddur af sjúkrahúsinu. Heilsugæslan greiðir ársfjórðungslega 30% af símakostnaði.

Þvottahúsið, sem rekið er af sjúkrahúsinu, annast þvotta fyrir heilsugæsluna vegna sloppa, handklæða o.þ.h. Árlega er gerður reikningur og kostnaður vegna þessa áætlaður. Á árinu 1994 nam upphæðin 115 þúsundum króna. Þá sér sjúkrahúsið um sóttþreinsun fyrir heilsugæsluna og slystafuna og eru reikningar vegna þessara þátta í samræmi við notkun. Heilsugæslustöðin greiðir 30% af stöðugildi ljósmóður vegna mæðraskoðunar og ber einnig 50% rannsóknarkostnaðar vegna mæðraskoðunar. Annar rekstrarkostnaður sem tengja má beint rekstri viðkomandi stofnunar s.s. aðkeypt endurskoðun færist í bókhald viðkomandi stofnunar.

Slystafan er rekin af heilsugæslustöðinni. Starfsfólk sjúkrahússins er hins vegar nýtt þar til starfa utan venjulegs opnunartíma stöðvarinnar. Þannig er sá hjúkrunarfræðingur sem er á vakt á sjúkrahúsinu einnig á vakt fyrir slystafuna. Hann tekur því á móti bráðasjúklingum, sér um fyrstu aðhlynningu og kallar til vakhafandi lækni.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir þessa vinnu af hálfu heilsugæslustöðvarinnar.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að gerður verði samningur milli sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar sem kveði á um samstarf og skiptingu kostnaðar á milli þessara stofnanna. Þannig telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að heilsugæslustöðin greiði þann kostnað sem tengist rekstri og viðhaldi byggingarinnar í hlutfalli við það rými sem hún nýtir af heildarrými stofnananna tveggja. Öðrum kostnaði ber að skipta eftir því sem við á. Gera þarf grein fyrir forsendum kostnaðarskiptingarinnar.

9.4.3 Starfstengsl við meðferðaheimilið að Sogni

Meðferðaheimilið að Sogni í Ölfusi hóf starfsemi sína á árinu 1992. Um er að ræða meðferðastofnun fyrir ósakhæfa afbrotamenn. Hlutverk meðferðaheimilisins er tvíþætt. Annars vegar er því ætlað að veita vistmönnum viðunandi meðferð á meðan vistun stendur sem geri þeim væntanlega kleift að útskrifast út í þjóðfélagið að nýju. Hins vegar er heimilinu ætlað að sjá um öryggisgæslu vistmanna sinna. Í apríl 1995 gerði þáverandi heilbrigðisráðherra í samráði við Landlækni breytingar á þeim reglum er giltu um starfsemi Sogns og gilda því eftirfarandi reglur um starfsemina.

1. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vista og annast sjúklinga sem dæmdir hafa verið til að sæta öruggri gæslu og meðferð samkvæmt 15. grein og 62. grein almennra hegningalaga, og skal miða við að veita þeim bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á.
2. Þegar aðstæður leyfa er heimilt að vista á stofnuninni sjúklinga sem dæmdir hafa verið samkvæmt 16. grein og 62. grein hegningarlaga.
3. Þegar aðstæður leyfa er heimilt að vista á stofnuninni menn sem dæmdir hafa verið til að hlýta geðheilbrigðisrannsókn, og annast stofnin þá rannsóknina.
4. Þegar stofnunin hefur tök á, er heimilt að taka til meðferðar þá sem verða geðveikir í fangavist, þegar ekki telst vera kostur á öðrum fullnægjandi meðferðaúrræðum.

Á Sogni eru rými fyrir 7 vistmenn og eru þau öll setin. Á næstu mánuðum munu væntanlega útskrifast 2-3 vistmenn en 1-2 bíða eftir vistun á Sogni. Miklar sveiflur geta orðið á þörf eftir vistun á stofnun sem

Sogni en staðlar á nágrannalöndunum gera ráð fyrir að hérlandis ætti að vera þörf fyrir 11 vistrými.

Tafla 9.13 Rekstur meðferðaheimilisins að Sogni árin 1993 - 1994

Fjárhæðir í þ.kr. á verðlagi ársins 1994	1993	1994
Sértekjur	-429	-411
Launagjöld	46.275	55.688
Önnur rekstrargjöld	25.875	20.541
Samtals	71.721	75.818

Þegar ekki var til staðar stofnun fyrir ósakhæfa afbrotamenn voru þeir sendir erlendis, einkum til Svíþjóðar, til meðferðar. Árleg vistun hvers vistmanns kostaði þar um 11 milljónir króna. Sé kostnaði ársins 1994 skipt á þá vistmenn sem vistaðir voru á Sogni það ár nam kostnaður hvers vistmanns 10,8 milljónum króna.

Á Sogni starfar réttargeðlæknir í 0,75 stöðu sem er yfirlæknir stofnunarinnar. Yfirlæknirinn er ráðinn af Sjúkrahúsi Suðurlands til starfa á Sogni sem skýrist af því að Geðlæknafélag Íslands beindi þeim tilmælum til félagsmanna sinna að sækja ekki um stöðu yfirlæknis við stofnunina. Auk yfirlæknisins starfa á Sogni 2 hjúkrunarfræðingar í 1,8 stöðum, félagsráðgjafi í 0,5 stöðu, leiðbeinandi í fullri stöðu og 19 gæslumenn hver í fullri stöðu. Þá er staðarhaldari á Sogni í fullri stöðu með búsetuskyldu þar á virkum dögum og 2 matráðskonur í samtals 1,5 stöðum. Starfsmenn voru þannig 30 á árinu 1994. Setin stöðugildi voru 27,79 í árslok og heimiluð 25,65.

Sérstök rekstrarnefnd er fyrir Sogn, skipuð fimm fulltrúum. Tveir þeirra eru skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálráðuneytinu og er annar þeirra formaður stjórnar. Einn er skipaður af dómsmálaráðuneytinu, einn af Sjúkrahúsi Suðurlands og einn af Ölfushreppi.

Meðferðarheimilið að Sogni er rekið í starfstengslum við Sjúkrahús Suðurlands samkvæmt samningi frá 8. ágúst 1992. Samningurinn felur í sér ákvæði um rekstur og faglega ábyrgð, þjónustu og aðstöðu og kostnaðarskiptingu. Samkvæmt þeim samningi er rekstrarnefndinni ætlað að bera ábyrgð á og hafa umsjón með öllu því starfi sem fram fer á stofnuninni auk þess að skipuleggja þjálfun starfsfólks innanlands og erlendis. Samkomulagið milli sjúkrahússins og meðferðarheimilisins varðar aftur á móti einungis samvinnu í rekstri og millifærslu fjárframlaga.

Meðferðarheimilið að Sogni er ríkisstofnun sem heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fellur eðli málsins samkvæmt undir lög um heilbrigðisþjónustu. Sú stjórn sem nú er skipuð fyrir meðferðarheimilið er hins vegar ekki skipuð í samræmi við ákvæði þeirra laga auk þess sem við stofnunina er ekki starfandi framkvæmdastjóri sem ber daglega ábyrgð á rekstri hennar eins og lög kveða á um.

Yfirlæknir er, eins og fram kemur hér að framan, ráðinn við sjúkrahúsið á Selfossi. Hann er með aðstöðu þar til móttöku sjúklinga og á að vera læknum þar innan handar vegna sjúklinga á sjúkrahúsinu. Samkvæmt upplýsingum frá öðrum læknum sjúkrahússins hefur verið lítið um slíka aðstoð þar sem geðlæknirinn virðist hafa lítinn tíma aflögu. Að mati geðlæknisins samrýmist það heldur ekki vel störfum hans á Sogni. Hjúkrunarþjónusta er veitt af sjúkrahúsinu af starfandi hjúkrunarfræðingum þar en ekki er greitt sérstaklega fyrir hana. Félagsráðgjafi á Sogni hefur ennfremur aðstöðu á sjúkrahúsinu þótt hún sé ekki nýtt.

Ríkisendurskoðun telur að ef það fyrirkomulag helst, að geðlæknir og félagsráðgjafi hafi aðstöðu á Sjúkrahúsi Suðurlands, þá eigi þeir að greiða aðstöðugjald í samræmi við aðra er það gera. Starf þeirra á sjúkrahúsinu, ef eitthvað er, verði metið samkvæmt unnum vinnustundum. Þá telur stofnunin eðlilegt að meðferðarheimilið greiði fyrir þá hjúkrunarþjónustu sem sinnt er af sjúkrahúsinu.

Staðarhaldari er með búsetu að Sogni. Hann starfar í umboði rekstrarnefndar en heyrir undir framkvæmdastjóra Sjúkrahúss Suðurlands og er reyndar eini starfmaður vistheimilisins sem það gerir. Starfssvið hans er að annast umsjón og eftirlit með fasteignum, lausum munum og útisvæði að Sogni. Auk þessa hefur hann með höndum allan akstur og útréttingar fyrir stofnunina og vistmenn hennar.

Skrifstofa Sjúkrahúss Suðurlands sér um allt bókhald, fjármálalega umsýslu og greiðslu launa vegna reksturs vistheimilisins að Sogni. Meðferðarheimilið má nýta sér þvottapjónustu og aðra þá þjónustu sem sjúkrahúsið getur látið vistmönnum í té. Skrifstofa sjúkrahússins sér um gerð ráðningasamninga starfsfólks heimilisins í samráði við rekstrarnefnd.

Vegna þessarar þjónustu greiðir meðferðarheimilið að Sogni 50% stöðugildi á skrifstofu auk 20 tíma fastrar yfirvinnu til starfsfólks á skrifstofu. Auk þess greiðir Sogn eina stöðu móttökuritara. Þá greiðir meðferðarheimilið að Sogni fyrir þjónustu sjúkrahússins vegna þess

þvottar sem tilfellur við starfsemi heimilisins samkvæmt reikningi sem gerður er ársfjórðungsslega. Geðlæknir og félagsráðgjafi greiða ekki aðstöðugjald til sjúkrahússins fyrir aðstöðu sína þar. Þjónusta þeirra við sjúkrahúsið á að koma sem greiðsla fyrir húsnæðisaðstöðu á sjúkrahúsinu.

Augljóst hagræði er fólgið í því fyrir meðferðarheimilið að Sogni að nýta sér þjónustu skrifstofu Sjúkrahúss Suðurlands með þeim hætti sem verið hefur. Í því sambandi má nefna samnýtingu húsnæðis, tölvuvæðingu og annan stofnkostnað sem meðferðarheimilið greiðir ekki fyrir þótt greitt sé að öðru leyti fyrir þjónustu sjúkrahússins. Sjúkrahús Suðurlands og meðferðarheimilið að Sogni eru hins vegar tvær sjálfstæðar stofnanir og virðist framkvæmdastjóri sjúkrahússins ekki hafa ákvörðunarvald í málefnum meðferðarheimilisins. Því má velja því fyrir sér hvort ekki sé eðlilegra að aðskilja alfarið rekstur þessara stofnana. Að öðrum kosti ætti að auka samstarf þeirra enn meira en nú er.

Ef það er vilji stjórnvalda að meðferðarheimilið að Sogni verði hluti af starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands telur Ríkisendurskoðun að starfsemi þess eigi að lúta stjórn sjúkrahússins og að reksturinn heyri alfarið undir vald- og ábyrgðarsvið framkvæmdastjóra þess. Það er hins vegar mat Ríkisendurskoðunar að meðferðarheimilið að Sogni eigi að falla undir starfsemi Ríkisspítala og vera rekið sem hluti af geðdeild þeirra. Með því móti nýtist meðferðarheimilinu sú sérfræðipækning sem til staðar er á geðdeild Landsspítalans auk þess sem rekstur þess fellur að öðru leyti að starfsemi Ríkisspítala.

9.5 Starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands

9.5.1 Starfssvið

Starfræksla Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi hófst árið 1958 í gamla héraðslæknisbústaðnum að Austurvegi sem nú heitir Ljósheimar. Á árinu 1981 hófst svo starfsemi í nýja sjúkrahúsinu við Árveg og var sjúkrahúspjónustan flutt úr því gamla. Skömmu síðar var gamla sjúkrahúsið endurbyggt og því breytt í hjúkrunardeild fyrir aldraða. Núverandi starfsemi sjúkrahússins fer því fram í húsnæði nýbyggingarinnar og gamla sjúkrahússins.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu flokkast Sjúkrahús Suðurlands sem almennt sjúkrahús.

"Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahúsið hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum."

Sjúkrahúsið er því samkvæmt lögunum ekki deildaskipt sjúkrahús að öðru leyti en því hvað varðar skiptingu í almenna sjúklinga og langlegusjúklinga.

Á Sjúkrahúsi Suðurlands er 61 rúm sem skiptast þannig að á A-deild er 21 rúm, 14 rúm eru á B-deild og 26 rúm á Ljósheimum. Á A-deild eru 19 rúm fyrir öldrunarsjúklinga og 2 rúm fyrir almenna lyflækningasjúklinga. Á B-deild eru 7 rúm fyrir almenna aðgerðasjúklinga og 7 rúm fyrir sængurkonur, sem stundum kallast C-deild. Á Ljósheimum er starfrækt öldrunardeild með 26 hjúkrunarrýmum.

Sjúkrahús Suðurlands hefur á að skipa sérfræðingi í handlæknisfræði í 0,75 stöðu og sérfræðingi í kvensjúkdómum í 0,75 stöðu, sem báðir gegna stöðu yfirlæknis við sjúkrahúsið. Auk þeirra starfa við sjúkrahúsið sérfræðingur í lyflækningum í 0,75 stöðu, sérfræðingur í svæfingum og deyfingum í 0,75 stöðu og aðstoðarlæknir í 1,0 stöðu. Skurðlæknirinn sinnir að mestu störfum innan almennra skurðlækninga og bæklunarlækninga. Kvensjúkdómalæknirinn sinnir kvensjúkdómum og fæðingahjálpi auk þess sem hann sinnir krabbameinsskoðunum og lyflæknirinn sinnir að mestu öldrunarlækningum.

Verktakasamningur liggur fyrir við heilsugæslulækni með sérhæfingu í röntgengreiningu sem svarar til 0,5 stöðu á sjúkrahúsinu en hann starfar í hálfu starfi á heilsugæslustöðinni á Selfossi. Hann fær engu að síður greiddar námsferðir og greiðslur í lífeyrissjóð í samræmi við 50% stöðuhlutfall á sjúkrahúsinu. Sjúkrahúsið hefur auk þessa gert verktakasamning við háls-, nef- og eyrnalækni og lýtalækni og koma þeir einu sinni í mánuði og gera aðgerðir á sjúkrahúsinu.

Sérfræðingar sjúkrahússins hafa allir móttöku á sjúkrahúsinu. Að auki hefur aðstöðu á sjúkrahúsinu, til móttöku sjúklinga utan spítala, geðlæknir sem ráðinn er af sjúkrahúsinu til starfa á vistheimilinu að Sogni. Fastráðnir læknar sjúkrahússins hafa allir búsetuskyldu á Selfossi samkvæmt stjórnarsamþykkt.

9.5.2 Starfsemi

Starfsemi sjúkrahúsa fer eðli málsins samkvæmt eftir þeim sérfræðingum er þar starfa. Þannig hefur starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands aukist umtalsvert með tilkomu sérfræðings í kvensjúkdómum og fæðingahjálpi í ársbyrjun 1994 og með ráðningu svæfingalæknis. Í annan stað tekur starfsemi þeirra mið að því í hve miklum mæli það sinnir öldrunarþjónustu inni á sjúkrahúsinu þ.e. langlegusjúklingum í hjúkrunarrýmum. Síðastliðið ár var hlutfall langlegu þ.e. legu er varir meira en 90 daga 67,5% hjá Sjúkrahúsi Suðurlands í Selfossi samkvæmt athugun Ríkisendurskoðunar. Á árunum 1989-1991 var hlutfallið að jafnaði 65,5% samkvæmt skýrslu heilbrigðisráðuneytisins um starfsemi sjúkrahúsa 1989-1991. Í töflunni að neðan koma fram helstu þættir í starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands undanfarin þrjú ár.

Tafla 9.14 Starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands

	1992	1993	1994
Rúmafjöldi í notkun	61	61	61
Langlega	45	45	45
Önnur lega	16	16	16
Sjúklingafjöldi yfir árið	1.048	1.081	1.376
Legudagar almennir	19.892	20.228	21.209
Legudagar nýbura	799	716	1.042
Legudagar alls	20.691	20.944	22.238
Skurðaðgerðir	660	667	916
Inniliggjandi sjúklingar	264	199	429
Untanspítala sjúklingar	396	468	487
Fæðingar	136	130	185
Röntgenskoðanir	3.463	3.763	3.808
Ómskoðanir	379	274	796
Rannsóknir	21.835	22.593	25.740
Skópíur	69	91	125

Sjúklingum hefur fjölgað um 328 frá árinu 1992 til ársins 1993 eða sem nemur 31,3%. Legudögum hefur að sama skapi fjölgað um 1.547 eða um 7,5%. Aðgerðum hefur fjölgað um 256. Aðgerðum á inniliggjandi sjúklingum hefur fjölgað um 165 og á ambúlant sjúklingum um 91. Skópíur hafa aukist á sama árabili um 56.

Fjöldi rannsókna á röntgendeild og rannsóknadeild ef tekið er mið af síðustu þremur árum hefur aukist um 4.250 sem helst í hendur við aukin umsvif sjúkrahússins.

Fæðingum á sjúkrahúsinu hefur fjölgað um 49 frá árinu 1992 til ársins 1994 eða um 36,0% og má rekja aukninguna beint til aukins öryggis vegna ráðningar kvensjúkdómalæknis til stofnunarinnar. Læknirinn er með reglulega mæðraskoðun á heilsugæslustöðinni í Þorlákshöfn og má greina mikla aukningu á fæðingum kvenna þaðan á sjúkrahúsinu á Selfossi. Áður fóru þær nær undantekningarlaust til Reykjavíkur. Í samræmi við fjölgum fæðinga hefur ómskoðunum fjölgað um 417 á árinu 1994 í samanburði við árið 1992.

Í skýrslu starfshóps um skipan sjúkrahússmála komu fram nokkrar upplýsingar um fæðingar á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi. Á árinu 1991 fæddust 140 börn á sjúkrahúsinu. Mæður 52 þeirra voru með lögheimili á Selfossi, 55 mæður áttu lögheimili í Árnassýslu, 24 í Rangárvallasýslu og 1 í V-Skaftafellssýslu. Þannig voru rúm 37% af fæðingum á Selfossi vegna mæðra með lögheimili þar, 17,1% kom frá Rangárvallasýslu en 39,3% frá Árnassýslu. Hlutfall sjúkrahússins er 37,1%.

Alls fæddust 63 börn á árinu 1991 með lögheimili á Selfossi. Af þessum 63 börnum fæddust 52 á Sjúkrahúsi Suðurlands en 11 á sjúkrahúsum í Reykjavík. Í sýslunum þremur að Selfossi undanskyldum fæddust alls 209 börn. Þar af fæddust 80 á Sjúkrahúsi Suðurlands en 129 börn fæddust annars staðar. Héraðshlutfall á Selfossi er 82,5% en í sýslunum þremur er það 38,3%.

Á sjúkrahúsinu starfa að meðaltali 150 manns og hefur svo verið undanfarin þrjú ár eins og sjá má á fylgiskjali 9.3. Heimilud stöðugildi voru 94,5 á árinu 1994 og hefur fjölgað um 1,0 frá árinu 1992. Setin stöðugildi voru 99,67 á árinu 1994 og hefur fjölgað um 0,97 frá árinu 1992.

9.5.3 Læknar

Stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 4,0 og sinna þeim fimm læknar. Skurðlæknir, lyflæknir og svæfingalæknir eru hver um sig í 75% stöðu. Kvensjúkdómalæknir kom til starfa í byrjun árs 1994 og er hann einnig í 75% stöðu. Þá er aðstoðarlæknir í 100% stöðu. Skurðlæknirinn og kvensjúkdómalæknirinn eru báðir ráðnir í stöðu yfirlæknis við sjúkrahúsið.

Gerðir hafa verið sérstakir vinnusamningar við alla sérfræðinga sem ráðnir eru til sjúkrahússins. Núverandi samningur við skurðlækninn er frá því í febrúarlok 1990, við kvensjúkdómalækninn frá því í lok nóvember 1993, lyflækninn frá því í lok mars 1990 og svæfingalækninn frá því í lok maí 1993. Eru þeir um flest samhljóðandi. Í þeim kemur fram að báðir yfirlæknar sjúkrahússins leysi hvor annan af í fríum og séu þá í 100% starfi þann tíma. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr starfseminni sem því nemur á því tímabili. Önnur helstu atriði vinnusamninganna eru þau að:

- lækarnir hafa heimild til að sinna einkasjúklingum í húsakynnum sjúkrahússins, utan venjubundins vinnutíma síns hjá sjúkrahúsinu. Er tekið fram að þau læknisverk séu unnin alfarið á ábyrgð viðkomandi læknis.
- lækarnir taka gjald fyrir þessa þjónustu og gera sjúkratryggingum og sjúklingum reikning fyrir. Skulu lækarnir greiða 20,8% af heildargjaldi til sjúkrahússins fyrir móttöku á stofu, en vegna sérfræðiaðgerða á skurðstofu, 40% samkvæmt sérstökum samningi um "ferliverk".
- laun og önnur kjör skulu vera í samræmi við kjarasamning læknafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir sjúkrahúslækna, eins og hann er á hverjum tíma.
 1. Föst mánaðarlaun læknis (yfirlæknis þar sem við á) skulu vera 75% af mánaðarlaunum samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna.
 2. Föst yfirvinna skal vera 30 klukkustundir á mánuði og skal ekki greidd önnur yfirvinna að undanskilinni vinnu samkvæmt lið 4.
 3. Skipulag gæsluvakta skal ákveðið af stjórn sjúkrahússins að höfðu samráði við yfirlækna og aðra starfandi lækna.
 4. Lækarnir skuldbinda sig til að sinna útköllum utan dagvinnutíma og venjulegra vakta á sjúkrahúsinu. Skipta yfirlæknar sjúkrahússins með sér að sinna útköllum á þessum tíma. Fyrir þetta greiðast 17,5 yfirvinnustundir á mánuði. Útkall utan vakta og venjulegs dagvinnutíma greiðist sérstaklega með yfirvinnu, minnst 4 klukkustundir fyrir útkall.
 5. Bifreiðastyrkur skal greiddur samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna.

6. Greitt skal fastagjald af einum heimasíma.

Samningur við aðstoðarlækni er frá því í lok mars 1990 og hefur tekið nokkrum breytingum síðan. M.a. hafa ákvæði um vaktir fallið út enda aðstoðarlæknirinn í 100% vinnu án vaktaskyldu nú sökum aldurs. Hann fær þó greidda 16 yfirvinnutíma fast á mánuði.

Þá hafa verið gerðir vinnusamningar við tvo lækna sem hafa komið reglulega til Selfoss og nýtt aðstöðu sjúkrahússins til aðgerða og móttöku sjúklinga. Um er að ræða sérfræðing í háls-, nef- og eyrnalækningum og sérfræðing í lýtalækningum og eru samningarnir við þá um flest samhljóða:

- Vinnusamningarnir eru gerðir með hliðsjón að reglugerð um ferliverk.
- Læknarnir fá aðstöðu til aðgerða í sinni sérgrein á skurðstofu Sjúkrahúss Suðurlands einu sinni í mánuði eða oftár eftir nánara samkomulagi.
- Sjúkrahúsið leggur til auk skurðstofuaðstöðu, aðstoðarfólk, þar með talinn sérfræðing í svæfingum, tæki og allan aðbúnað sem með þarf til þessara aðgerða í samráði við lækinn.
- Greiðslur fyrir þessa þjónustu fara eftir reglugerð um ferliverk nr. 340. Samkvæmt henni greiðir sjúklingur sem gengst undir ferliverk á sjúkrahúsinu, gjöld samkvæmt reglugerð nr. 194/1992 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu.
- Læknirinn gerir Tryggingastofnun ríkisins og sjúklingnum reikning fyrir hlutdeild hvors um sig í kostnaði og ber að inna af hendi þóknun til sjúkrahússins sem nemur 40% af heildarupphæð reiknings.

Þrátt fyrir ákvæði um ferliverk í samningum við starfandi sérfræðinga við sjúkrahúsið sem og sérfræðinga sem aðeins hafa samning um vinnuaðstöðu hafa þau ekki komið til framkvæmda eins og ráð er fyrir gert.

Vinna lækna á sjúkrahúsi og heilsugæslustöð er algjörlega aðskilin og er slystofan rekin af heilsugæslunni.

Eins og fram kom í samningum við sérfræðinga sjúkrahússins eru þeir ráðnir í 75% starf. Starfið hefur verið skipulagt þannig að þeir eiga frí einn virkan dag í viku. Samkvæmt ráðningasamningi fá allir sérfræðingarnir greidda 30 fasta yfirvinnutíma á mánuði burtséð hversu mikla yfirvinnu þeir í rauninni vinna. Að auki fá skurðlæknarnir greidda 17,5 fasta yfirvinnutíma enda eru þeir á svokallaðri ferilvakt þegar bakvaktin á sjúkrahúsinu er í höndum svæfingalæknisins eða lyflæknisins. Fyrir ferilvakt er greitt mun lægra tímagjald en á móti kemur að ef til útkalls kemur er greidd yfirvinna að lágmarki 4 tímar. Greiðslur fyrir ferilvakt falla ekki niður á meðan.

Fastir aðgerðadagar á sjúkrahúsinu eru tveir, þriðjudagur og fimmtudagur. Skurðlæknirinn hefur þriðjudaginn til afnota en kvensjúkdómalæknirinn fimmtudaginn. Þeir aðkomusérfræðingar sem hafa aðstöðu á sjúkrahúsinu nýta skurðstofuna einnig þessa daga eftir því sem aðstæður leyfa. Fram að þessu hefur verið reynt að halda skurðstofunum opnum árið um kring en á sumrin er þó aðeins einn fastur aðgerðadagur.

Aðrir virkir dagar fara í almenna sjúkrahúsvinnu, þar á meðal pappírsvinnu og fundahöld. Vinna hefst kl. 8 að morgni og er genginn stofugangur kl. 9. Hver sérfræðingur gengur að jafnaði stofugang þrjá daga í viku. Skurðlæknarnir skiptast á að ganga stofugang en ganga ekki þá daga sem þeir gera aðgerðir. Svæfingalæknirinn og lyflæknirinn skiptast einnig á að ganga stofugang.

Svæfingalæknir fékkst til spítalans á árinu 1994. Sá hefur nú í hyggju að láta af störfum og vinna á eigin vegum m.a. í tengslum við tannlækna. Líklegt er talið að hann verði einnig til aðstoðar skurðlæknum við aðgerðir á utanspítala sjúklingum. Þá er ennfremur mögulegt að hann verði ráðinn sem verktaki við spítalann.

Fjórir sérfræðingar spítalans sinna bakvöktum og eru þær í nokkuð föstum skorðum. Föstudagur fylgir helgarvaktini. Ef svæfingalæknirinn lætur af störfum eða verður ráðinn sem verktaki við sjúkrahúsið verða aðeins þrjár sérfræðingar til að sinna vöktum við sjúkrahúsið. Stjórn sjúkrahússins hefur ekki tekið afstöðu til þess hvernig brugðist skuli við.

Ríkisendurskoðun hefur metið umfang þeirrar vinnu sérfræðinganna sem hægt er að mæla og meta til eininga hvort sem er á inniliggjandi sjúklingum eða sjúklingum utan spítala. Umfang aðgerða/meðferða á inniliggjandi sjúklingum er fengið úr ársskýrslum sjúkrahússins sem skráð er hjá Ríkisspítölum upp úr gögnum sem

sjúkrahúsið sendir. Umfang aðgerða á utanspítalasjúklingum er unnið upp úr reikningum sérfræðinganna til Tryggingastofnunar ríkisins og liggur því einingafjöldi þeirra verka fyrir. Við mat á einingafjölda vegna aðgerða á inniliggjandi sjúklingum hefur að verulegu leyti verið stuðst við samning Tryggingastofnunar við sjálfstætt starfandi lækna. Einingafjöldi verka sem ekki er til í þeirri gjaldskrá hefur verið metinn.

Sundurliðun læknisverkanna og einingafjöldi þeirra er sýnd í fylgiskjali 5.2 og 5.3 en helstu niðurstöður koma fram í eftirfarandi töflu fyrir árið 1994:

Tafla 9.15 Einingafjöldi verka unnin á Sjúkrahúsi Suðurlands árið 1994

Aðgerðir árið 1994	Sjúklingar innan sjúkrahúss	Sjúklingar utan sjúkrahúss	Samtals
Sýnatökur/speglanir	3.888	7.408	11.296
Aðgerðir/meðferðir	18.372	12.062	30.434
Svæfingar/deyfingar		17.727	17.727
Samtals	22.260	37.197	59.457

Ríkisendurskoðun hefur metið þau læknisverk sem mælanleg eru til 59.457 eininga. Svæfingar og deyfingar innan sjúkrahússina voru ekki metnar til eininga. Rúmlega helmingur verkanna er vegna inniliggjandi sjúklinga en tæplega helmingur þeirra er gerður ambúlant þ.e. á sjúklingum sem fara heim að aðgerð lokinni og eru einingar vegna svæfinga þá ekki meðtaldar. Sýnatökur og speglanir eru 8,8% af þeim læknisverkum sem metin voru.

9.5.4 Hjúkrun

Núverandi hjúkrunarforstjóri hefur gegnt því starfi síðan um mitt ár 1989. Auk fastra launa fær hann greiddar 32 yfirvinnustundir á mánuði. Hjúkrunarforstjórinn fær ennfremur greitt fyrir 1.000 kílómetra akstur á mánuði auk fastagjalds af heimasíma.

Hjúkrunarforstjóri skipuleggur hjúkrun á sjúkrahúsinu og ber ábyrgð á henni. Undir hann heyra mannaráðningar vegna alls sem lítur að hjúkrun, þvottahúsi og ræstingu. Auk þess sér hjúkrunarforstjóri um innkaup á hjúkrunarvörum og minniháttar tækjum. Á sjúkrahúsinu er apótek og er lyfjafræðingur í 30% starfi. Hjúkrunarforstjóri leysir hann af í fríum. Lyfjafræðingurinn starfar fjóra daga í viku frá kl. 8 til kl. 9 og einn dag frá kl. 8 til kl. 12.

Á sjúkrahúsinu eru tvær deildir, A og B, og er starfsfólk fært á milli deilda eftir því hvar þörfin er. Þetta á einnig við um ljósmæður. Þótt þær séu ráðnar sem slíkar sinna þær þeim verkum á deildum sem til falla og þær geta sinnt menntunar sinnar vegna.

Heimiluð stöðugildi sjúkraliða eru 26,2 og hefur gengið nokkuð vel að manna þau. Heimiluð stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru 19 en verr hefur gengið að manna þær stöður a.m.k. að undanfögnu. Hjúkrunarfræðingarnir virðast sækjast eftir stöðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu þar sem námstækifærin eru fleiri. Fram að þessu hefur ekki verið gert ráð fyrir kostnaði við endurmenntun í áætlunum sjúkrahússins.

Hjúkrunarfræðingar vinna á 12 tíma vöktum um helgar og eru fyrir bragðið sjaldnar á helgarvöktum en ella hefði verið. Hjúkrunarfræðingar á vakt gefa skýrslu frá hvorri deild eftir morgun- og dagvaktir en eina sameiginlega fyrir báðar deildir í lok næturvaktar.

Til staðar eru 4,9 stöðugildi ljósmæðra og sinna þeim 7 ljósmæður í hlutastörfum. Þær vinna 8 tíma vaktir nema um helgar. Þá vinna þær 12 tíma vakir eins og hjúkrunarfræðingar.

Enginn læknir er í sjúkrahúsinu að nóttu til. Einn hjúkrunarfræðingur er á vakt á sjúkrahúsinu og er því fyrstur til að sinna slysum að nóttu til og kalla út lækna. Er álagið á vaktinni meira vegna þessa. Annar hjúkrunarfræðingur er á bakvakt fyrir Ljósheima að nóttu til. Ennfremur sjá hjúkrunarfræðingar sjúkrahússins um útfarapjónustu á öllu svæðinu. Þeir sjá um að panta kistur og að ganga frá líkunum. Þetta á einnig við um þá sem ekki látast á sjúkrahúsinu. Fram að þessu hefur ekki verið greitt fyrir þessa þjónustu. Fyrir utan aukið vinnuálag á starfsfólk hefur sjúkrahúsið nokkurn beinan kostnað af þessari þjónustu.

Mat á hjúkrunarþyngd fyrir sjúkrahúsið vantar. Á árinu 1991 var unnið hjúkrunarmat fyrir Ljósheima og samkvæmt því vantaði 2,3 stöðugildi hjúkrunarfræðinga. Til stendur að fá samræmt þyngdarmat sem heilbrigðisráðuneytið hyggst standa fyrir.

Ríkisendurskoðun kannaði hve margir inniliggjandi sjúklingar m.v. fjölda legudaga voru á hverjum degi ársins fyrir hvert setið stöðugildi við hjúkrun og aðhlynningu.

Tafla 9.16 Hjúkrun og aðhlyning árin 1992 - 1994

Stöðugildi	1992	1993	1994
Hjúkrunarfræðingar	17,60	18,20	16,66
Ljósmaður	4,70	4,70	5,70
Sjúkraliðar	23,00	22,60	23,60
Starfsstúlkur sjúkradeilda	12,95	13,50	13,49
Hjúkrun og aðhlyning alls	58,25	59,00	59,45
Rúmafjöldi	61	61	61
Legudagar	20.691	20.944	22.238
Fjöldi inniliggjandi sjúklinga á dag	56,7	57,4	60,9
Fjöldi sjúklinga á stöðugildi	0,97	0,97	1,02

Eins og fram kemur á töflunni hér að framan er u.þ.b. einn sjúklingur á hvert stöðugildi þau þrjú ár sem hér um ræðir. Vaktir eru ýmist tví- eða þrískiptar. Taka verður tillit til þess að legudagur er skráður bæði við komu og brottför sjúklings.

9.5.5 Skurðstofa

Við skurðstofuna starfa tveir skurðhjúkrunarfræðingar hvor um sig í 50% starfi og einn sjúkraliði einnig í 50% starfi. Auk þess að aðstoða við aðgerðir sjá þær um alla sóttþreinsun fyrir sjúkrahúsið, heilsugæsluna og heilsugæslustöðina í Laugarási.

Aðgerðadagar eru þriðjudagar og fimmtudagar og vinna þær báðar fulla vinnu þessa daga auk þess sem yfirvinna getur komið til ef aðgerðir dragast á langinn. Í þeim tilvikum fá þær greitt fyrir yfirvinnutímana. Það kemur helst fyrir þá daga sem aðkomusérfræðingarnir gera þar aðgerðir en þeir koma einu sinni í mánuði. Á föstudögum eru öðru hverju gerðar minni háttar aðgerðir á utanspítalasjúklingum en þá er yfirleitt aðeins annar hjúkrunarfræðingurinn til staðar.

Skurðhjúkrunarfræðingar fá ekki greiddar bakvaktir. Þær hafa hins vegar kalltæki og fá greiddar 15 fastar yfirvinnustundir á mánuði vegna óþæginda en fá ekki greitt óþægindaálag. Ef til útkalls kemur fá þær greiddar 4 yfirvinnustundir og auk þess 24 bakvaktatíma. Þar fyrir utan hafa þær ekki viðveruskyldu á staðnum en fara aldrei báðar burt af svæðinu í einu.

9.5.6 Röntgen

Tveir röntgentæknar vinna á röntgendeildinni. Er annar í 100% starfi en hinn í 70% starfshlutfalli og á sá frí 1 dag í viku. Einn aðstoðarmaður er í 75% starfi.

Unnið er frá kl. 8:00 að morgni til kl. 16:00. Bakvaktir eru aðeins greiddar um helgar, frá kl. 15:30 á föstudögum til kl. 8:00 á mánudagsmorgni. Ef til útkalls kemur eru greiddir tveir yfirvinnutímar og falla þá bakvaktageiðslur niður á meðan.

Ríkisendurskoðun kannaði fjölda rannsókna vegna inniliggjandi sjúklinga og sjúklinga utan spítala á hvert setið stöðugildi á röntgendeild árin 1992-1994 í því skyni að fá vísbendingu um vinnuálag á deildinni. Ekki var gerður greinarmunur á því hvers eðlis röntgenrannsóknin er.

Tafla 9.17 Röntgenrannsóknir árin 1992 - 1994

	1992	1993	1994
Röntgentæknar, stöðugildi	2,00	1,70	1,70
Aðstoð, stöðugildi	0,75	0,75	0,75
Röntgendeild, stöðugildi	2,75	2,45	2,45
Rannsóknir alls	3.463	3.763	3.808
Rannsóknir á stöðugildi	1.259	1.536	1.554

Eins og ofangreind tafla sýnir hefur rannsóknum á hvert setið stöðugildi fjölgað talsvert á undanförunum þremur árum eða sem svarar til 23,4%. Stöðugildum fækkaði um 0,3 á þessu árabili samhliða því að rannóknum hefur fjölgað.

9.5.7 Rannsókn

Við rannsóknardeildina starfa þrír meinataæknar. Tveir þeirra eru í 75% starfi og einn í 50% starfi. Vinnu er hagað þannig að alltaf eru tveir að störfum í einu. Vöktum er háttað eins og á röntgen að öðru leyti en því að vaktin hefst kl. 16:00 á föstudögum í stað kl. 15:30 á röntgen. Einn aðstoðarmaður er í 80% starfi.

Földi rannsókna vegna inniliggjandi sjúklinga og sjúklinga utan spítala á hvert setið stöðugildi á rannsóknastofu var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 9.18 Rannsóknir árin 1992 - 1994

	1992	1993	1994
--	------	------	------

Meinatæknar, stöðugildi	1,70	2,50	2,00
Aðstoð, stöðugildi	0,75	0,75	0,80
Rannsókn, stöðugildi	2,45	3,25	2,80
Rannsóknir alls	21.835	22.593	25.740
Rannsóknir á stöðugildi	8.912	6.952	9.193

Eins og ofangreind tafla sýnir hefur álag á rannsóknastofu aukist nokkuð á hvert setið stöðugildi. Á þessu þriggja ára tímabili hefur stöðugildum fjölgað um 0,35 samhliða fjölgun rannsókna um tæp 18%.

9.5.7 Mat á starfsemi

Verulegur halli var á rekstri Sjúkrahúss Suðurlands á árinu 1994 eins og fram hefur komið í fyrr í þessari skýrslu. Má einkum rekja hann til aukinnar starfsemi í kjölfar ráðningar sérfræðings í kvensjúkdómum og fæðingahjálp og svæfingarlæknis. Ríkisendurskoðun kannaði hver væri meðalkostnaður á legudag hjá sjúkrahúsinu á Selfossi síðastliðin þrjú ár.

Tafla 9.19 Meðalkostnaður á legudag árin 1992 - 1994

Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Heildarkostnaður sjúkrahúss	247.484	261.652	262.535
Legudagar almennir	19.892	20.228	21.209
Meðalkostnaður á legudag í kr.	12.441	12.935	12.378

Á árinu 1994 var meðalkostnaður sjúkrahússins á Selfossi á hvern almennan legudag 12.378 krónur. Í kafla 5 hér að framan er þessum kostnaði skipt eftir því hvort um langlegu eða skammtímalegu er um að ræða. Kostnaður á hvern legudag er svipaður þessi þrjú ár þrátt fyrir að starfsemi sjúkrahússins hafi aukist verulega. Þó að kostnaður sjúkrahússins hafi aukist um 6,1% að raunvirði hefur legudögum að sama skapi fjölgað um 6,6%.

Í samanburði við önnur sjúkrahús á landsbyggðinni sem Ríkisendurskoðun hefur tekið til athugunar þ.e. sjúkrahúsin á Sauðárkróki, Húsavík og Vestmannaeyjum auk sjúkrahúsanna þriggja í þessari skýrslu, er meðalkostnaður sjúkrahússins á Selfossi á hvern legudag allt að því tvöfalt lægri en þar sem hann er hæstur. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hlutfall langlegu er tiltölulega hátt borið saman við samanburðarsjúkrahúsin en sú lega er að jafnaði ódýrari en önnur lega. Ef litið er á kostnað annarrar legu en langlegu á hvern legudag er hann samt sem áður lægstur af þeim sjúkrahúsum sem Ríkisendurskoðun hefur tekið til athugunar.

Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu í kjölfar aukinna umsvifa á árinu 1994 komu fram hugmyndir um að loka skurðstofunni alfarið í 6 vikur sumarið 1995. Meginhluta ársins er skurðstofan í notkun tvo daga í viku. Þá daga gera fastráðnir lækna og aðkomulækna aðgerðir og kemur fyrir að aðgerðir dragast langt fram eftir degi. Að sama skapi kemur fyrir að skurðstofan er ekki fullnýtt. Á undanförunum árum hefur verið dregið úr starfsemi á skurðstofu yfir hásumartímamann og aðeins einn dagur ætlaður til aðgerða. Ekki hefur verið gerð könnun á því hvort sparnaður hefur orðið vegna fækkunar aðgerðadaga. Lauslegir útreikningar liggja fyrir um lokun skurðstofu og samkvæmt þeim gæti sparnaður í launum og launatengdum gjöldum numið allt að 6,3 milljónum króna en 6,9 milljónum króna ef fæðingardeildinni yrði einnig lokað á sama tíma. Almennt er það þó álit starfsfólks að lokun sé slæmur kostur en lokun fæðingadeildar sé þó sínu verri kostur en lokun skurðstofu.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á, að a.m.k. hvað fæðingum viðvíkur veldur sparnaður á Sjúkrahúsi Suðurlands auknum kostnaði annar staðar og þá líklega fyrst og fremst á fæðingardeild Landspítalans. Ekki var kannað hvernig fæðingadeildin er í stakk búin til að bæta við sig fæðingum en fjöldi fæðinga á Sjúkrahúsi Suðurlands hefur að jafnaði verið 20 til 25 á mánuði. Ljóst er hins vegar að ef venjuleg mönnun á fæðingadeild Landspítalans dugir ekki til þarf að manna vaktirnar þar með dýrum starfskrafti. Samkvæmt upplýsingum frá skurðlækni sjúkrahússins er áætlað að bráðaaðgerðir séu u.þ.b. 20% til 30% af öllum aðgerðum á skurðstofu. Hluti þeirra tilheyrir fæðingum. Líkur eru á því að aðrar aðgerðir en bráðaaðgerðir myndu ekki flytjast til annarra sjúkrahúsa heldur frestast um þessar tilteknu 6 vikur eða lengur. Kostnaður sem hlýst af aðgerðum á skurðstofu s.s. lyf og hjúkrunarvörur fellur samkvæmt því ekki niður.

Engu að síður má ætla að um nokkurn sparnað geti verið að ræða fyrir sjúkrahúsið við lokun skurðstofunnar. Í fyrsta lagi falla niður laun afleysingafólks s.s. skurðlæknis og svæfingalæknis, hjúkrunar-, rannsóknar- og ræstingafólks. Þá ætti álag á legudeild að minnka í kjölfarið, þ.e. ef ekki kemur til hvíldarinnlagna eins og verið hefur undanfarin ár. Ennfremur færast einhverjar aðgerðir annað með auknum tilkostnaði á viðkomandi sjúkrahúsi sem hefur í för með sér að endanlegur sparnaður ríkisins er ekki jafn mikill og sjúkrahússins. Þetta gildir því aðeins að hægt sé að bæta frestuðum aðgerðum á þá skurðdaga sem eftir standa, þ.e. að betri nýting fáiast þá daga þar sem sparnaðurinn minnkar í réttu hlutfalli við aukna yfirvinnu starfsfólks skurðstofunnar.

Við sjúkrahúsið eru starfandi tveir yfirlæknar. Að mati Ríkisendurskoðunar ætti að gera annan yfirlækni sjúkrahússins ábyrgan fyrir rekstri lækniþjónustu sjúkrahússinu. Í því fælist, eins og fram kemur í lögum um heilbrigðisþjónustu, að hann hafi eftirlit með starfsemi þess og stuðli að því að hún sé ávallt sem hagkvæmest og markvissust. Gera þarf honum kleift að fylgjast reglulega með kostnaði við þá lækniþjónustu sem veitt er á hverjum tíma.

9.6 Rekstur Sjúkrahúss Suðurlands

9.6.1 Skrifstofa

Á sameiginlegri skrifstofu sjúkrahúss, heilsugæslu og vistheimilisins að Sogni starfa fjórir starfsmenn. Framkvæmdastjóri og launafulltrúi eru í fullu starfi en skrifstofustjóri og skrifstofumaður eru í hluta starfi. Skipting verkefna er með hefðbundnum hætti.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með rekstri sjúkrahúss og heilsugæslu, annast fjármál og gerð fjárlagatillagna. Framkvæmdastjóri samþykkir reikninga stofnananna og greiðir þá. Yfimmenn viðkomandi deilda kvitta fyrir móttöku vöru eða þjónustu á afrit reikninga og ber framkvæmdastjóri afrit saman við frumrit reiknings áður en að þeir eru greiddir. Framkvæmdastjóri hefur ennfremur umsjón með uppgjöri komugjalda á heilsugæslustöðina.

Skrifstofustjóri er í 70% starfi og vinnur öll hefðbundin störf vegna fjárhagsbókhaldsins. Skrifstofustjórinn annast rekstraruppgjör stofnanna og afstemmingar á viðskiptareikningum. Fært er í BÁR-ET kerfi. Skrifstofustjóri er staðgengill framkvæmdastjóra. Auk þess er hann fundarritari á fundum sjúkrahússtjórnar.

Launafulltrúinn er í fullu starfi og hefur umsjón með launamálum stofnanna. Launafulltrúinn sér fyrst og fremst um launabókhaldið og uppgjör launa. Tölvukerfið H-laun er notað við útreikning launanna. Starfsmenn sjúkrahúss, heilsugæslu og Sogns eru að jafnaði um 200 þó talsvert fleiri yfir sumartímam. Auk hefðbundinna starfa vegna launa sér hann um færslu fjárhagsbókhaldsins eftir merkingum, ef þörf krefur.

Tafla 9.20 Upplýsingar um starfsmenn árin 1992 - 1994

Starfsmannamál	1992	1993	1994
Stöðugildi á skrifstofu	2,5	3,0	3,0
Fjöldi starfsmanna allra stofnana 1. janúar	194	203	204
Setin stöðugildi allra stofnana 1. janúar	136,28	139,59	141,98

Skrifstofumaður er í 30% starfi. Starfið felst einkum í skráningu og útskrift reikninga vegna matarsölu frá sjúkrahúsinu til bæjarins og vegna annarra sértekna sjúkrahússins s.s. vegna stoðdeilda.

Tafla 9.21 Skrifstofu- og upplýsingakostnaður árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Laun	5.699	6.203	7.347
Annar skrifstofukostnaður	1.884	1.622	1.060
Skrifstofu- og upplýsingakostnaður	7.583	7.825	8.407

Skrifstofu- og upplýsingakostnaður hefur aukist um 824 þúsund krónur á árinu 1994 í samanburði við árið 1992 eða sem svarar til 9,6% að raunvirði. Skýringanna er einkum að leita í auknum launagjöldum en stöðugildum á skrifstofu var fjölgað um hálf þegar vistheimilið Sogn hóf starfsemi sína í septembermánuði 1992 auk þess sem starfsmenn á skrifstofu fengu fasta yfirvinnutíma á hverjum mánuði vegna aukinna verkefna. Þá var á árinu 1994 var greidd leiðrétting vegna greiðslna í lífeyrissjóð framkvæmdastjóra auk þess sem honum var greitt ótekið sumarorlof. Þessar greiðslur námu alls 920 þúsundum króna. Sé tekið tillit til þessa námu regluleg launagjöld ársins 6.427 þúsundum króna og hækkuðu lítilega frá árinu 1993. Lækkun annars skrifstofukostnaðar skýrist einkum af tölvukaupum ársins 1993.

Tafla 9.22 Rekstur skrifstofu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Skrifstofukostnaður	7.583	7.825	8.407
Velta sjúkrahúss	247.484	261.652	262.535
Velta heilsugæslu	35.030	36.433	35.444
Velta vistheimilis að Sogni	0	72.150	76.229
Velta alls	282.514	370.235	374.208
Skrifstofukostnaður í % af veltu	2,68%	2,114%	2,25%

Hagkvæmni þess að reka eina skrifstofu fyrir þrjár stofnanir er augljós eins og fram kemur í töflunni hér að ofan. Þar sést að skrifstofukostnaður sem hlutfall af veltu stofnanna hefur lækkað nokkuð frá árinu 1992 þegar skrifstofuhald var sameiginlegt fyrir sjúkrahús og heilsugæslu til ársins 1994, þegar vistheimilið að Sogni bætist við.

Rekstraráætlanir eru hvorki gerðar fyrir sjúkrahúsið í heild né einstaka rekstrareiningar innan þess. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að koma á virkri rekstraráætlanagerð fyrir Sjúkrahús Suðurlands og þjónustudeildir þess sem er skipt niður á mánuði þannig að forsvarsmenn sjúkrahússins svo og yfirmenn þjónustudeilda geti fylgst með hvort að reksturinn sé í samræmi við áætlanir. Þá telur Ríkisendurskoðun að koma þurfi á þeirri verklagsreglu að yfirmenn þjónustudeilda samþykki

reikninga áður en að til greiðslu kemur og kanni jafnframt að þeir séu merktir á rétta kostnaðarstaði. Slíkt leiðir til þess að áætlanagerð verður markvissari og samanburður við þær raunhæfari.

9.6.2 Eldhús

Í eldhúsinu vinna þrettán starfsmenn í 8,54 stöðugildum. Matráðsmaðurinn er einn í fullu starfi en aðrir starfsmenn eldhússins eru í hlutastörfum. Morgunvaktin er frá kl. 7 til kl. 15. Starfsmenn morgunvaktarinnar undirbúa og framleiða morgunmat og hádegisverð. Þá er kvöldmaturinn handa sjúklingum og starfsfólki undirbúinn. Kvöldvaktin er frá kl. 15 til kl. 20 og sér um framreiðslu á kvöldmat.

Í eldhúsinu eru bakaðar allar kökur en yfirleitt er allt brauð aðkeypt. Yfirleitt úrbeinar kokkurinn sjálfur allt kjöt en með tilkomu stærri kjötvinnslufyrirtækja hefur hagurinn af því að vinna kjötið sjálfur farið minnkandi. Nóg rými er í eldhúsinu og er það vel tækjum búið.

Nokkur tími fer í það að leita og afla hagstæðra tilboða. Síðastliðið eitt og hálf ár hefur kokkurinn fengið reglulega útskrift úr bókhaldi stofnunarinnar yfir rekstur eldhússins. Með þessu móti er honum gert kleift að fylgjast náið með kostnaðinum og hvort mistök hafa verið gerð í innkaupum þann mánuðinn. Eins og fram kom hér að framan kvittar kokkurinn fyrir móttöku allra aðfanga og gengur úr skugga um að verð og magn sé rétt. Öðrum sameiginlegum kostnaði s.s. síma, rafmagni o.þ.h. er skipt á deildirnar.

Fjöldi matarskammta er breytilegur en er þó að jafnaði á bilinu 100-130 skammtar sem skiptast þannig að jafnaði:

Sjúkrahús, sjúklingar	30 skammtar
Ljósheimar, sjúklingar	26 skammtar
Ellilífeyrisþegar, sent heim	30 skammtar
Ellilífeyrisþegar, koma í mötuneyti	6 skammtar
Sjúkrahús, starfsmenn	30 skammtar

Matur er sendur á deildir, þ.e. A- og B-deild og Ljósheima. Skammtað er á bakka eftir lista sem berst eldhúsinu á hverjum morgni. Þá er skammtað á bakka fyrir þá ellilífeyrisþega sem vilja njóta þessarar þjónustu og sér félagsmálastofnun Selfoskaupstaðar um heimsendingarþjónustuna. Bakkarnir eru í eigu Selfoskaupstaðar en eru þrífir á eldhúsinu. Sjúkrahúsið kostar þau einnota ílát sem nýtt eru við framreiðsluna.

Allt starfsfólk annað en kokkurinn og það starfsfólk sem er á næturvakt greiðir fyrir matinn. Starfsfólk í eldhúsi greiðir þó einungis hálf tölur og er það tekið af launum þeirra í hverjum mánuði. Starfsfólk kaupir matarmiða og skilar í elhúsi. Matarmiðar eru taldar í lok hvers dags. Hver eining er 55 krónur og er matarverð til starfsfólks eftirfarandi:

Máltíð	Fjöldi eininga	Heildarverð
Fiskmáltíð	4 einingar	220 krónur
Kjötmáltíð	5 einingar	275 krónur
Kaffi/morgunmatur ein sneið	1 eining	55 krónur
Kaffi/morgunmatur fleiri sneiðar	2 einingar	110 krónur

Matarverð til ellilífeyrisþega var ákvarðað 75% hærra en verð til starfsfólksins og eru greiddar 400 krónur fyrir fiskmáltíð og 500 krónur fyrir kjötmáltíð.

Skipting tekna og gjalda eldhússins síðustu þrjú ár var eftirfarandi á verðlagi ársins 1994:

Tafla 9.23 Kostnaður við rekstur eldhúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Tekjur:			
Starfsmannamötuneyti	2.850	2.601	2.570
Útselt fæði	3.113	3.197	3.157
Aðrar tekjur	72	0	23
Samtals	6.035	5.797	5.751
Kostnaður:			
Hráefni	16.018	16.648	16.386
Laun	12.992	13.016	12.783
Annar kostnaður	3.248	3.293	3.124
Samtals	32.258	32.958	32.293
Gjöld umfram tekjur	26.223	27.160	26.542

Tekjur af matarsölu sjúkrahússins hafa lækkað um 284 þúsundir króna eða um 4,7% að raunvirði. Lækkunin skýrist einkum af minni tekjum af matarsölu til starfsmanna enda hefur miðaverð verið óbreytt síðastliðin þrjú ár. Tekjur af matarsölu til Selfoskaupstaðar hafa verið nokkuð stöðugar árin 1992 til 1994. Kostnaður við matargerðina hefur verið svo til óbreyttur síðastliðin þrjú ár.

Tafla 9.24 Rekstur eldhúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Velta sjúkrahúss	247.484	261.652	262.532
Rekstur eldhúss	26.223	27.160	26.542
Rekstur eldhúss í % af veltu sjúkrahúss	10,6%	10,4%	10,1%
Legudagar almennir	19.892	20.228	21.209
Rekstur eldhúss á legudag í kr.	1.318	1.343	1.251
Setin stöðugildi í eldhúsi	8,00	8,05	8,54
Fjöldi máltíða á stöðugildi í eldhúsi	7.006	7.188	7.036
Kostnaður við matargerð	32.258	32.958	32.293
Fjöldi máltíða	78.348	79.191	82.163
Meðalkostnaðarverð máltíðar	412	416	393
Fæðissala til starfsmanna	2.850	2.601	2.570
Setin stöðugildi alls	113,78	112,52	114,19
Fæðissala til starfsmanna á stöðugildi í kr.	25.048	23.116	22.506
Fæðissala til starfsmanna í % af hráefniskostn.	17,8%	15,6%	15,7%

Rekstrarkostnaður eldhúss að frádregnum tekjum sem hlutfall af heildargjöldum sjúkrahússins hefur farið heldur lækkandi undanfarin þrjú ár. Hlutfallið var 10,6% árið 1992 en 10,1% á árinu 1994.

Legudögum hefur fjölgað nokkuð síðastliðin þrjú ár. Kostnaður á legudag að frádregnum tekjum nam 1.251 krónum árið 1994 og hefur lækkað nokkuð frá árinu 1992 er hann nam 1.318 krónum.

Ríkisendurskoðun kannaði hvert væri meðalkostnaðarverð máltíðar hjá Sjúkrahúsi Suðurlands. Upplýsingar lágu fyrir hjá sjúkrahúsinu um fjölda máltíða sem framleiddar voru fyrir sjúklinga, starfsmenn og aðra utan sjúkrahússins á þessu árabili og eru þær upplýsingar notaðar. Miðað við þær forsendur var meðalkostnaðarverð hvernar máltíðar hjá sjúkrahúsinu 393 krónur á árinu 1994 og hefur það lækkað nokkuð frá árinu 1992 er það nam 412 krónum. Fjöldi legudaga jókst umtalsvert á árinu 1994 miðað við árin 1992 og 1993.

Tekjur af matarsölunni til Selfoskaupstaðar námu 9,8% af heildarkostnaði við matargerð á árinu 1994 en fjöldi máltíða til þeirra nam 7,4% af heildarfjölda framleiddra máltíða. Eins og fram kemur að ofan er meðalkostnaðarverð máltíðar 393 krónur en verð útseldrar máltíðar til ellilífeyrisþega nam 400-500 krónum. Af þessu er ljóst að verðlagning máltíða til Selfoskaupstaðar er vel yfir kostnaðarverði.

Tekjur af fæðissölu á hvert stöðugildi á sjúkrahúsinu hafa lækkað á undanförunum þremur árum en þær námu 25.785 krónum árið 1994 en 28.875 krónum árið 1992. Tekjur af seldum mat til starfsmanna sjúkrahússins og heilsugæslunnar hafa því rýrnað nokkuð að raunvirði á þessu árabili.

Tekjur af fæðissölu til starfsmanna námu 8,0% af heildarkostnaði við matargerð árið 1994 en fjöldi framleiddra máltíða fyrir starfsmenn nam hins vegar 19,5% af heildarfjöldi framleiddra máltíða. Verðlagning máltíða til starfsmanna er þannig nokkuð niðurgreidd eins og tíðkast hjá stofnunum ríkisins en sú vinnuregla hefur gilt að verð á máltíðum byggðist á hráefniskostnaði vegna þeirra þ.e. starfsmenn greiddu sem svaraði hráefni eingöngu. Hlutfall tekna af fæðissölu til starfsmanna af hráefniskostnaði nam 15,7% en hlutfallið ætti að vera samkvæmt ofangreindu 19,5%. Að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegt að verð matarmiða til starfsmanna sé hækkað til samræmis við raunverulegan hráefniskostnað máltíðanna.

Nokkuð tíðkast að tekið sé á móti gestum á sjúkrahúsinu af ýmsum ástæðum s.s. vegna gjafa félagasamtaka, heimsóknar hjúkrunarnema o.þ.h. Við þau tækifæri sér starfsfólk eldhússins um veitingarnar og sá kostnaður sem af því hlýst færast á eldhúsið sem að mati matráðsmannsins er óviðunandi. Ríkisendurskoðun telur að kostnaður af slíkum móttökum sem að ofan eru nefndar eigi að færast á eldhúsið en á móti kaupum yfirstjórn sjúkrahússins þessa þjónustu af eldhúsinu á raunvirði og færi sem risnu.

9.6.3 Umsjón og viðhald eigna

Tveir starfsmenn sjá um umsjón og viðhald eigna sjúkrahússins og heilsugæslunnar. Annar þeirra er rafvirki og rafvélavirki og hinn er trésmiður. Tæknimennirnir hafa umsjón með öllu viðhaldi á húseignunum hvort sem er innan húss eða utan svo og á tækjum og bifreiðum stofnananna þriggja.

Tæknimennirnir sinna viðhaldi á eftirtöldum eignum:

- Sjúkrahúsinu Árvegi
- Heilsugæslustöðinni Árvegi
- Heilsugæslustöðunum Eyrarbakka og Stokkseyri
- Vistheimilinu að Sogni
- Fjórum íbúðum í eigu sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar

Tæknimennirnir hafa umsjón með öllu viðhaldi á húsunum og sinna því yfirleitt alfarið sjálfir. Meiriháttar viðhaldsverkefni s.s. pípulögn eða utanhússklæðing eru þó unnin af verktökum en skipulag og umsjón er á hendi tæknimannanna. Hönnun á breytingum og endurbótum á húsnæði er unnið af tæknimönnunum í samráði við það starfsfólk sem vinna á í aðstöðunni. Allt tréverk og innréttingar úr viði eða öðrum efnum eru unnar af smiðnum svo og endurbætur á húsnæðinu sjálfu. Hann veitir enn fremur þeim verkefnum forstöðu sem unnin eru af verktökum og leitar tilboða í þau efni sem notuð eru.

Rafvirkinn sér um viðhald á tækjum stofnanna s.s. tækjum í þvottahúsi, lækningatækjum s.s. kviðsjá, röntgen- og rannsóknatækjum. Hann aflar einnig tilboða í þau rafmagnstæki sem endurnýja á hjá sjúkrahúsinu. Rafeindavirkinn annast enn fremur nánast allar viðgerðir og viðhald á þremur bifreiðum stofnananna. Sjúkraflutningar á vegum sjúkrahússins eru á könnu rafvirkjans, en bifreið til flutninganna var gefin sjúkrahúsinu fyrir áratug. Hann er svo til alltaf á bakvakt og fær greidda 40 fasta tíma í yfirvinnu vegna þess.

Framlög vegna viðhalds og leigutekjur af húsnæði voru eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 9.25 Framlög vegna viðhalds og leigutekjur árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Framlög v/viðhalds	4.058	5.975	0
Tekjur af húsaleigu	1.531	1.253	0
Samtals	5.589	7.228	0

Framlög til viðhaldsverkefna voru engin á árinu 1994. Það sama á við húsaleigutekjur sem nú fara í viðhaldsjóð heilbrigðisráðuneytis.

Kostnaður vegna viðhalds og umsjónar á fasteignum og tækjum sjúkrahúss, heilsugæslu og þeirra íbúða sem leigðar eru út til starfsmanna var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 9.26 Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Laun	3.630	3.372	4.640
Gjöld af húsaleigu	744	583	88
Rekstur og viðhald eigna og tækja	7.781	9.432	9.707

Meiriháttar viðhaldskostnaður	6.449	8.168	0
Samtals	18.604	21.555	14.435

Kostnaður við viðhald og rekstur fasteigna og tækja hefur lækkað um 4,2 milljónir króna milli árunna 1992 og 1994 eins og taflan hér að framan ber með sér. Á árunum 1992 og 1993 hefur Sjúkrahús Suðurlands fengið 8,3 milljónir króna til klæðingar sjúkrahússbyggingarinnar að utan en eignin var mjög illa farin vegna steypuskemmda samkvæmt mati Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Enginn fékkst þó til að bera ábyrgð vegna skemmdanna. Klæðingunni var að fullu lokið á árinu 1993 og nam kostnaður við verkið 14,6 milljónum króna árin 1992 og 1993. Fóru framkvæmdir þannig 6,3 milljónir króna fram úr fjárveitingum. Verkið var unnið af verktaka en núverandi smiður sjúkrahússins veitti verkinu forstöðu. Tilboða í efni vegna klæðingarinnar var aflað af rafeindavirkjanum og var það flutt inn af sjúkrahúsinu. Að þeirra mati nam kostnaðurinn við klæðinguna einungis um þriðjungi af því sem hún kostar almennt eða milli 6 og 7 þúsundir króna fermetrinn.

Allir reikningar vegna efniskaupa eru yfirfarnir af tæknimönnum og skrifa þeir upp á þá og merkja þá því verki sem þeir tilheyra. Áætlanir eru gerðar um hvern verkþátt og fylgt eftir að áætlanir standist. Þeir fá hins vegar ekki útskrift úr bókhaldi um þann kostnað sem færður er á tæknideildina og er að mati Ríkisendurskoðunar nauðsynlegt að bætt sé úr því.

Sjúkrahúsið á tvær tveggja herbergja íbúðir í fjölbýlishúsi Fossheiði. Heildarfermetrafjöldi þeirra tveggja íbúða sem sjúkrahúsið hefur yfir að ráða nemur 103,8 m² og er brunabótamat þeirra samtals 8.218 þúsund krónur. Heilsugæslan ræður yfir tveimur íbúðum, annarri tveggja herbergja og hinni fjögurra herbergja, samtals 140,3 m². Brunabótamat þeirra er 11.912 þúsund krónur.

Tafla 9.27 Eignir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar

Verðlag hvers árs	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Fjöldi íbúða	4	4	4
Fermetrafjöldi	244,1	244,1	244,1
Brunabótamat	19.286	19.471	20.130

Sjúkrahúsið leigði fram til ársins 1994 nokkrar íbúðir sem það endurleigði starfsmönnum sínum. Á árinu 1992 leigði það 4 íbúðir og nam fermetrafjöldi þeirra alls 352 m². Leigugjöld vegna þessara íbúða

voru 745 þúsundir króna. Á árinu 1993 leigði sjúkrahúsið 4 íbúðir alls 332 m² og námu leigugjöld vegna þeirra 584 þúsundum króna.

Tafla 9.28 Leigðar íbúðir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar

ársins 1994	1992	1993	1994
Verðlag Fjárhæðir í þ.kr.			
Fjöldi leigðra íbúða	4	4	0
Fermetrafjöldi	352	332	0
Leigugjöld	744	583	88
Leigugjöld á fermetra í kr. á mánuði	176	147	0

Sjúkrahúsið endurleigði að jafnaði 7 íbúðir árið 1992 samtals 506,1m² og 6 íbúðir á árinu 1993 samtals 406,1m² og til starfsmanna sinna. Á móti innheimti sjúkrahúsið leigu að upphæð 1.531 þúsund króna á árinu 1992 og 1.253 þúsundir króna á árinu 1993 vegna allra íbúða sinna, bæði þeirra sem sjúkrahúsið hafði umráð yfir og eru í ríkiseign og þeirra sem það hafði á leigu. Á árinu 1994 runnu hins vegar leigutekjur af íbúðum sjúkrahússins og heilsugæslunnar í viðhaldssjóð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem samkvæmt reglugerð nr. 480/1992 yfirtók umsjón og viðhald á starfsmannaíbúðum sjúkrahúsa á landsbygginni.

Tafla 9.29 Leigutekjur

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í þ.kr.			
Fjöldi leigðra íbúða	7	6	0
Fermetrafjöldi	506,1	406,1	0
Leigutekjur	1.531	1.253	0
Leigutekjur á fermetra í kr. á mánuði	252	257	0

Íbúðirnar hafa fyrst og fremst verið nýttar af hjúkrunarfræðingum en þær hafa einnig verið notaðar af afleysingalæknum yfir sumartímann. Leigugjöld af leigðum íbúðum sjúkrahússins voru í samræmi við þá leigu er stofnunin greiddi. Þó niðurgreiddi sjúkrahúsið leigu til nýrra starfsmanna um 50% af leigugjöldum fyrstu fjóra mánuðina eftir að þeir hófu störf. Leigugjöld af eigin íbúðum sjúkrahússins og heilsugæslunnar voru ákvörðuð sem 5/100 af brunabótamati eignanna. Við útleigu íbúðanna var fylgt reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setti um innheimtu leigu fyrir afnot og hafa þau mál því verið í góðu lagi. Að mati framkvæmdastjóra var því ástæðulaust að færa umsjón með íbúðunum til ráðuneytisins.

Í þessu sambandi vill Ríkisendurskoðun ítreka það álit sitt að eðlilegra sé að rekstur og viðhald á eignum sjúkrahúsanna sé alfarið í

höndum stjórnenda þeirra eins og aðrir þættir í starfsemi sjúkrahússins þannig að heildarkostnaður við starfsemina sé ljós.

Kostnaður vegna umsjónar og viðhalds eigna og tækja að frátöldum framlögum til viðhaldsverkefna var eftirfarandi árin 1992-1994:

Tafla 9.30 Umsjón og viðhald eigna og tækja

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í þ.kr.	1992	1993	1994
Velta sjúkrahúss og heilsugæslu	282.514	298.085	297.976
Umsjón og viðhald	13.802	15.001	14.347
Umsjón og viðhald í hlutfalli af veltu	4,9%	5,0%	4,8%
Fermetrafjöldi sjúkrahúss og heilsugæslu	4.557,9	4.617,9	4.617,9
Fermetrafjöldi eigin íbúða	244,1	244,1	0
Fermetrafjöldi alls	4.802,0	4.862,0	4.617,9
Umsjón og viðhald á m ² í kr.	2.874	3.085	3.107

Kostnaður við umsjón og almennt rekstrarviðhald eigna og tækja sjúkrahússins nam 4,8% af heildargjöldum sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á árinu 1994. Á árinu 1992 nam sami kostnaður 4,9%. Á árinu 1994 var umsjónar- og viðhaldskostnaður 3.107 krónur á hvern fermetra ef miðað er við samanlagðan fermetrafjölda sjúkrahúss og heilsugæslu og hefur hækkað um 8,1% að raunvirði frá árinu 1992. Skýringanna er einkum að leita í auknum launagjöldum vegna ráðningar smíðsins á árinu 1994.

9.6.4 Þvottahús

Í þvottahúsinu vinna níu starfsmenn í 4,92 stöðugildum. Setnum stöðugildum hefur fækkað um 0,58 frá árinu 1992. Af þessum tæpum fimm stöðugildum mun saumaskapur nema 0,5 stöðugildum. Hjúkrunarforstjóri sér alfarið um útvegum á líni.

Þvottahúsið annast þvotta fyrir sjúkrahúsið, heilsugæslustöðina, Ljósheima og vistheimilið að Sogni. Þvottur er ekki viktaður nema sá sem kemur frá Sogni. Skilað er uppgjóri um þvott til skrifstofunnar á þriggja mánaðar fresti og er þá útbúinn reikningur á Sogn. Heilsugæslan greiðir einnig fyrir þjónustu þvottahússins og er kostnaður vegna þessa áætlaður og gjaldfærður í árslok. Þvotturinn fyrir heilsugæsluna er reyndar mjög lítil einkum handklæði, koddaver og sloppar fyrir starfsfólk

Vélar þvottahússins eru flestar nokkuð gamlar en vel viðhaldið og í ágætu standi. Þvotturinn er ekki flokkaður á deildunum. Ástæður þess eru einkum þær að stofnkostnaður við þokaflokkunarkerfi er nokkuð hár þ.e. í körfum og pokum og þær vélar sem sjúkrahúsið hefur yfir að ráða eru ekki gerðar fyrir slíkt kerfi. Flutningar á fæði og þvotti milli Ljósheima og sjúkrahússins eru boðnir út en staðarhaldari á Sogni annast flutninga á þvotti meðferðarheimilisins. Starfsstúlkur á skoli koma með þvott af deildum og sækja hann aftur. Allt starfsfólk annað en lækna sækir fatnað sinn í þvottahúsið. Fjöldi starfsmanna í þvottahúsi er því í lágmarki.

Tafla 9.31 Kostnaður og tekjur af þvottahúsi árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Laun	5.803	5.838	6.036
Annar kostnaður	1.076	731	667
Samtals	6.879	6.569	6.703
Tekjur	(162)	(313)	(295)
Kostnaður - tekjur	6.717	6.256	6.408

Af töflunni hér að framan má greina nokkra aukningu við launaútgjöld í þvottahúsi þrátt fyrir fækkun setinna stöðugild um hálf. Aukningin hlýtur því að skýrast af aukinni yfirvinnu þeirra starfsmanna sem eftir eru. Þannig virðist hagkvæmara fyrir þvottahúsið að fjölga föstum stöðugildum í stað þess að auka yfirvinnu starfsfólks.

Tekjur af þvotti nema um 4,4% af heildarkostnaði sem sjúkrahúsið hefur af rekstri þvottahússins á árinu 1994 og 4,8% árið 1993.

Heilsugæslan greiddi 105 þúsundir króna fyrir þvottinn á árinu 1992 og 115 þúsundir króna hvort árið 1993 og 1994. Eins og áður kom fram er þvotturinn ekki viktaður heldur áætlaður en viktun átti sér stað í tiltekinn tíma sem tekið var mið af þegar fyrst var áætlað. Þvottur fyrir Sogn var viktaður árin 1993 og 1994 en talinn í stykkjum árið 1992. Á árinu 1993 voru þvegin 2.084 kíló frá Sogni og 1.978 kíló árið 1994. Sogn greiddi 180 þúsundir króna fyrir þvottin á árinu 1994 eða 82,88 á hvert kíló.

Tafla 9.32 Rekstur þvottahúss árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994	1992	1993	1994
Fjárhæðir í kr.			
Velta sjúkrahúss	247.484	261.652	262.532
Rekstur þvottahúss	6.717	6.256	6.408
Rekstur þvottahúss í % af veltu	2,7%	2,4%	2,4%
Stöðugildi í þvottahúsi	5,50	4,90	4,92
Legudagar alls	20.691	20.944	22.238
Rekstur þvottahúss á legudag	325	299	288

Kostnaður við þvotta nam 2,4% af heildarkostnaði sjúkrahússins á árinu 1994 eða um 288 krónur á hvern legudag. Kostnaður þvottahússins hefur lækkað nokkuð frá árinu 1992 til ársins 1994 sem hlutfall af heildargjöldum sjúkrahússins og á hvern legudag.

Ríkisendurskoðun leggur til að allur þvottur sem þvegin er í þvottahúsinu verði viktaður fyrir hverja stofnun fyrir sig og kannað hvað hver magneiningin kostar. Með því móti er starfsfólki gert kleift að fylgjast með breytingum á magni frá einu tímabili til annars auk þess að fylgjast með breytingum á kostnaði við þvottinn. Þá er slík viktun og flokkun þvotts á hverja stofnun fyrir sig forsenda þess að þvottur fyrir vistheimilið Sogn og heilsugæslustöðina sé verðlagður í samræmi við kostnað. Þá telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að stjórnendur sjúkrahússins kanni hver kostnaður er við að taka upp flokkunarkerfi á taui ásamt endurnýjun véla og meti væntanlegan ávinning af slíkri breytingu.

9.6.5 Ræsting

Við ræstingu á sjúkrahúsinu og á Ljósheimum starfa tíu manns í 5,97 stöðugildum. Setnum stöðugildum hefur fjölgað um 0,47 frá árinu 1992. Að auki starfa tveir við ræstingar á heilsugæslunni í 1,17 stöðugildum.

Ræstingastjóri sér um og skipuleggur ræstingu sjúkrahússins að eldhúsinu undanskyldu. Að jafnaði er unnið frá kl. 8 á morgnana til kl. 14 á daginn en einn starfsmaður sér um þrif á skurðstofu og vinnur seinni hluta dags. Ræstingastjóri sér um ráðningu starfsfólks í samráði við hjúkrunarforstjóra og innkaup á ýmsum rekstrarvörum fyrir sjúkrahúsið, þvottahúsið og ræstinguna. Kvittað er fyrir móttöku varanna auk þess sem reikningar eru yfirfarnir en kostnaðurinn er ekki sundurliðaður á deildir.

Umfang ræstingarinnar hefur ekki verið mælt upp en ræstingastjóri á Landakoti hefur aðstoðað við skipulagningu starfsins.

Tafla 9.33 Kostnaður við ræstingu árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Laun	7.821	8.070	8.125
Annar kostnaður	933	1.013	1.606
Samtals	8.755	9.083	9.731

Kostnaður við ræstingu hefur aukist um tæpa milljón frá árinu 1992 til ársins 1994 eða sem svarar til 11,1%. Nokkur kostnaðarauking hefur orðið í launagjöldum og er það í samræmi við fjölgun stöðugilda við ræstingu. Kostnaðaraukning skýrist þannig einkum af aukningu rekstrargjalda vegna meiri notkunar hreinslætisvara af einu eða öðru tagi en það skýrist af aukinni starfsemi sjúkrahússins síðastliðið ár.

Tafla 9.34 Rekstur ræstingar árin 1992 - 1994

Verðlag ársins 1994 Fjárhæðir í kr.	1992	1993	1994
Velta sjúkrahúss	247.484	261.652	262.532
Ræstingakostnaður	8.755	9.083	9.731
Ræstingakostnaður á veltu	3,5%	3,5%	3,7%
Stöðugildi við ræstingu	5,50	5,90	5,97
Ræstir m ² á sjúkrahúsi	4.075	4.135	4.135
Ræsting á m ² í kr.	2.148	2.197	2.353

Kostnaður á hvern ræstan fermetra hefur hækkað um 9,5% á árinu 1994 miðað við árið 1992 sem er heldur lægra er aukning ræstingarkostnaðar milli sömu ára. Á árinu 1993 var skrifstofan færð í sérstakt hús á lóð sjúkrahússins og skýrir það aukningu á fermetrafjölda sjúkrahússins.